# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

206. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 2. SEPTEMBER 2017




# Það er verið að dæma fólk til einangrunar

**Margrét Helga Jóhannsdóttir** leikkona segir ólíðandi að eldra fólki sé bannað að vinna og það dæmt til einangrunar í einnota umbúða þjóðfélagi dagsins í dag.

➜ 32

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Algengast á Íslandi

Sigurdís rannsakar Lynch-heilkennið. ➜ 48



## Fylla lestir og torg

Rúmlega tvö þúsund Íslendingar eru í Finnlandi. ➜ 30

## Arpaio og Ísland

Lögreglustjórinn kom við sögu í íslensku dómsmáli. ➜ 12




PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA ● ENSKI BOLTINN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


**Sýndu hvað í þér býr**

Við hvetjum þig til að taka stærri skref og nýta þá hæfileika sem í þér búa.



**Ókeypis kynningartími**
**6. september kl. 20.00**

dale.is/ungtfolk

Dale Carnegie

SMÁRALIND

ALLT SEM ÞARF OG GOTT BETUR



OPIÐ TIL 18 ALLA HELGINA

## Veður




Í dag verða sunnan 5 til 13 metrar á sekúndu, rigning og hiti 10 til 14 stig. Á Austurlandi verður þurrt framan af degi og hitinn gæti náð í 20 stig, en síðan mun fara að rigna þar og kólna. SJÁ SÍÐU 46

# Fimm stjórnarskrár til sýnis í fyrsta sinn



Upprunalegar útgáfur, afrit og uppköst af fimm íslenskum stjórnarskrám eru nú til sýnis opinberlega í fyrsta skipti. Þær eru hluti af listasýningunni Cycle í Gerðarsafni og verða þar út mánuðinn. Verkið „Stjórnarskrá er ferli“ er eftir listamennina Libiu Castro og Ólaf Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Hitamet slegið á Egilsstöðum

**VEÐUR** „Þetta var næstum því eins og á Jamaíka,“ segir Kristinn Kristmundsson, betur þekktur sem Kiddi Vídjófluga, íbúi á Egilsstöðum, um hitametið sem slegið var í bænum í gær.

Hitinn mældist 26,4 gráður og aldrei áður hefur svo hár hiti mælst á landinu í septembermánuði. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var gamla metið sett á Dalatanga þann 12. september árið 1949. Mældust þá 26 gráður á Celsíus.

„Ég ætlaði út úr bænum en tímdi ekki að fara því veðrið var svo gott. Þetta var mjög óvænt að fá svona. Þó ég sé kannski ekki voðalega gamall, eða jæja, ég er rúmlega sextugur, man ég í fljótu bragði ekki eftir svona svakalega miklum hita. Þetta var óstjórnlega gott veður,“ segir Kiddi.

Heitur loftmassi er yfir landinu. Þá mælist einnig mikill hiti á hálendinu norður af Vatnajökli þar sem jörðin er dökk á lit og hlýnar í sólinni. Hlýja loftið berst svo þaðan austur á Hérað.

Áfram er spáð miklum hlýindum á Austfjörðum og um hádegi í dag er útlit fyrir sautján stiga hita, skýjað með köflum og sól. Á sunnudag gæti hitinn náð nítján stigum.

„Nú er bara að njóta þess að vera meira úti enda ekki oft sem maður getur notið þess að vera í svona góðu veðri,“ segir Kiddi Vídjófluga. **– hg**



**Kiddi Vídjófluga, íbúi á Egilsstöðum.**

## Togarasjómaður ákærður fyrir að berja kokkinn

**DÓMSMÁL** Skipverji á frystitogaranum Sigurbjörgu ÓF hefur verið ákærður fyrir líkamsárás, með því að hafa í stakkageymslu togarans slegið annan skipverja hnefahöggi í andlitið með alvarlegum afleiðingum.

Í ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra er því lýst að andlit fórnarlambsins, sem starfaði sem kokkur um borð, hafi verið nokkuð illa leikið eftir atvikið, sem átti sér stað á síðasta ári í einni veiðiferð togarans.

Er hinum ákærða gert að sök að hafa slegið hann í andlitið „með þeim afleiðingum að hann mölbrotnaði framan til, utanvert og aftanvert í hægri kinnskútu“.

Einnig brotnaði hægri augntóft með verulegri tilfærslu en gera þurfti aðgerð á brotaþola. **– sa**

# Tíundi hver ætlar ekki í verslunarferð í Costco

**Um 8,3 prósent landsmanna, eða næstum tíundi hver, ætla ekki að versla við Costco. Næstum tveir af hverjum þremur hafa nú þegar lagt leið sína í Kauptún í Garðabæ. SVÞ telja bagalegt að ekkert sé vitað um áhrifin á aðrar verslanir.**

**VERSLUN** Rétt tæplega tveir af hverjum þremur Íslendingum hafa verslað í Costco, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Niðurstöðurnar sýna að rúm 63 prósent hafa verslað þar, rúm 28 prósent gætu hugsað sér að gera það en átta prósent hafa ekki farið í Costco og ætla ekki að versla þar.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir niðurstöðurnar í takti við sölu áskriftarkorta fyrirtækisins.

„Við vitum hvað þeir eru komnir með í áskrifendum, um 90 þúsund áskrifendur, og það eru um 120 til 130 þúsund heimili í landinu. Þannig að þetta er verulegur hluti heimila í landinu sem er kominn með áskrift þarna,“ segir Andrés.

Fréttablaðið greindi frá því í byrjun júní að veltan í Costco hefði verið 32 prósent af heildarveltunni á dagvörumarkaði á fyrstu dögum eftir opnun verslunarinnar. Á sama tíma var hlutdeild allra Bónusverslana landsins 28 prósent. Þessar tölur um markaðshlutdeild voru byggðar á upplýsingum Meniga um greiðslukortanotkun. Nýrri upplýsingar hafa ekki verið birtar.

Andrés segir að það vanti nákvæma mælingu á áhrifum Costco á samkeppnisaðilana.

„Það er búið að kippa smásöluvísitölunni úr sambandi. Hagar eru hættir að gefa upplýsingar og Costco gefur ekki upplýsingar. Þetta er bagalegt og menn vita ekki hvernig þróunin er frá mánuði til mánaðar. Menn eru bara að leita leiða til að bregðast við því en engin niðurstaða er komin í það ennþá,“ segir Andrés.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er yngra fólk mun líklegra til að hafa verslað í Costco en þeir sem eldri eru. Þannig hafa 68,5 prósent þeirra sem eru í aldurshópnum 18-49 ára verslað í Costco, en 56 prósent þeirra sem eru 50 ára og eldri. Þá eru konur líka líklegri til að hafa farið í Costco en karlar, en tæplega 68 prósent kvenna sem svöruðu segjast hafa farið en einungis rúmlega 59 prósent karla.

Könnun Fréttablaðsins var gerð þannig að hringt var í 1.063 manns í Reykjavík þar til náðist í 791 samkvæmt lagskiptu úrtaki þann 28. og 29. ágúst. Svarhlutfallið var 74,4 prósent og tóku rúm 97 prósent afstöðu til spurningarinnar.

jonhakon@frettabladid.is



Verslunin var opnuð í maí og er vel sótt alla daga vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Rúm 63% heimsótt Costco**




NÝ OG BETRI VERSLUN Í HAGKAUP SKEIFUNNI!

prooptik gleraugu

KRINGLUNNI 2. HÆÐ - HAGKAUPSHÚSINU, SKEIFUNNI
SPÖNGINNI, GRAFARVOGI

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# ÓTRÚLEGT ÚRVAL

# ÚTSALA

## HÚSASMIÐJUNNAR & BLÓMAVALS

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



Háþrýstidæla, 105 bör

**9.995kr**

~~15.995kr~~

**Háþrýstidæla** C 105C7-5
105 bör, 440 ltr./klst. Sjálvirk gagnsetning og stöðvun með Click & Clean kerfi.
5254201

37% afsláttur



48% afsláttur

Eikarplanki

**1.195kr/m²**

~~2.289kr/m²~~

**Harðparket**
Kaindl, 8 mm, eikarplanki, bandsagaður.
147071



40% afsláttur

Matarstell, 40 stk.

**6.594kr**

~~10.990kr~~

**Matarstell**
Aida Café, 40 stk.
2007572



Frystikista, 103 ltr.

**29.990kr**

~~35.990kr~~

**Frystikista**
G115, 103 ltr. A+.
1805483



30% afsláttur

STANLEY

**15.995kr**

~~22.995kr~~

**Hleðsluborél 18V**
Stanley.
5159443



3 stk.

Erikurnar eru komnar

**999kr**

HREINLÆTISTÆKI 25-40% • STIGAR OG TRÖPPUR 25% • GARÐVERKFÆRI 30% • PARKET OG FYLGIHLUTIR 30-45%
VERKFÆRATÖSKUR 30% • BLACK & DECKER RAFMAGNSVERKFÆRI 30% • HILLUREKKAR 30%
HITACHI OG DEWALT VERKFÆRI 20% (VELTISAGIR 15%) • STANLEY LOFTPRESSUR 25% • HANDVERKFÆRI 30%
HÁÞRÝSTIDÆLUR 30% • HNÍFAPÖR OG ELDHÚSÁHÖLD 30% • MATARSTELL OG GLÖS 30% • POTTAR OG PÖNNUR 30%
BÖKUNARVÖRUR 20% • HREINLÆTISVÖRUR 25% • PLASTKÖRFUR OG BOX 25% • STRAUBRETTI 25%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-50% • VINNUFATNAÐUR 20% • NORDLUX LJÓS 70% • CADAC FERÐAGRILL 40%
BROIL KING GRILL 25% • GRILLÁHÖLD BROIL KING / GRILLPRO 35% • GARÐHÚSGÖGN 35% • FERÐAHÚSGÖGN 35%
FERÐAVÖRUR 40% • GARÐLEIKFÖNG 40% • FLÍSAR 30% • INNIHURÐIR JELD-WEN 25-40% • LOFT-OG VEGGÞILJUR 20%
ELDAVÉLAR 20% • OFNAR 20% • HELLUBORÐ 20% • HÁFAR OG VIFTUR 20% • ELECTROLUX SMÁRAFTÆKI 30%
ELECTROLUX RYKSUGUR 30% • POTTAPLÖNTUR 20-50% • GJAFAVARA 20-50% • KERTI 20% • LUKTIR 20%
GARÐÁLFAR 50% • REIÐHJÓL OG FYLGIHLUTIR 30-50%

...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum - Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**Byggjum á betra verði**

husa.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 27.08.2017 TIL 02.09.2017

**206%**

aukning hefur orðið á veltu bílgreina á sjö árum.



**80%**

Íslendinga eru hlynnt því að settar verði frekari **skorður við kaupum útlendinga á jörðum** hér á landi.

**12,7%**



er lækkun úrvalsvísitölu Kauphallarinnar frá því í byrjun maí.



**466.100**

voru gistinætur á hótelum í júlí sem er **2% aukning** miðað við júlí 2016. Um 53% allra gistinátta voru á höfuðborgarsvæðinu, eða 246.600.

**1,2 milljarðar**

króna er ásett verð á 1.200 hektara jörð í Biskupstungum sem kínverskir fjárfestar hafa sýnt áhuga.



**40**

**eftirlitsmyndavélum** hefur verið komið fyrir á 31 stað í miðborg Reykjavíkur. Í janúar voru myndavélar á 15 stöðum í miðborginni.

## Þrjú í fréttum
### Box, æra og eignarréttur

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir**
*þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður allsherjar- og menntamálanefndar*



auglýsti eftir slóð á ólöglegt streymi af bardaga McGregors og Mayweathers í hnefaleikum. Það gerði hún í tísti á Twitter. Undir nefndina heyra meðal annars málefni fjölmiðla og starfsumhverfi þeirra. Stöð 2 Sport hafði keypt réttinn að bardaganum. Síminn seldi jafnframt aðgang að honum.

**Bergur Þór Ingólfsson**
*faðir stúlku sem Robert Downey braut gegn*



kom fyrir allsherjar- og menntamálanefnd á opnum fundi um uppreist æru. „Okkur finnst eins og hann hafi sannað sakleysi sitt með uppreist æru," sagði Bergur meðal annars. Á fundinum gerði dómsmálaráðherra grein fyrir fyrirhuguðu brottfalli ákvæða um uppreist æru úr almennum hegningarlögum.

**Lilja Alfreðsdóttir**
*þingmaður Framsóknarflokksins*



sagði nauðsynlegt að ráðast í heildarendurskoðun laga á sviði eignarréttar og afnotaréttar fasteigna til að takmarka eignarhald erlendra aðila á landi hérlendis. Kínverskir fjárfestar hafa augastað á jörðinni Neðri-Dal í Biskupstungum.

# Skelfilegt að höfuðstöðvar OR hafi verið látnar grotna niður

**Alfreð Þorsteinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, segir að það verði að grafast almennilega fyrir um hvers vegna höfuðstöðvarnar hafi fengið að liggja undir skemmdum um árabil. Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins vill opinbera rannsókn þar sem allt ferlið frá upphafi verði gegnumlýst.**

**REYKJAVÍK** „Það stóð ekkert annað til en að byggja bara mjög gott hús," segir Alfreð Þorsteinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur (OR), um ástandið á höfuðstöðvum fyrirtækisins í dag. Hið hripleka vesturhús fyrirtækisins er ónothæft og heilsuspillandi vegna rakaskemmda og myglu og ljóst er að það mun kosta á annan milljarð að gera nauðsynlegar úrbætur líkt og fjallað hefur verið um.

Alfreð hefur í gegnum tíðina verið einhvers konar samnefnari fyrir hinar umdeildu höfuðstöðvar enda leiddi hann sameiningu Orkuveitunnar í eitt fyrirtæki og byggingu höfuðstöðvanna sem stjórnarformaður um árabil. Alfreð gegndi stöðunni til ársins 2006.

„Mér finnst athyglisvert að menn rýni ekki betur í það, þegar ljóst er fyrir mörgum árum að það var einhver galli þarna, að menn skuli ekki hafa grafist almennilega fyrir um það og húsið látið grotna svona niður. Það er auðvitað alveg skelfilegt."

Vísar Alfreð þarna í ummæli Guðmundar Þóroddssonar, fyrrverandi forstjóra OR, sem sagði í samtali við RÚV að rekja mætti ástand hússins til skorts á viðhaldi vegna sparnaðaraðgerða eftir hrun. Guðmundur fullyrti að menn hefðu vitað að húsið lak árið 2009 og þá hefði verið farið strax í að þétta það að einhverju leyti. En ekkert fé hafi verið til, til að halda því verki áfram.

Alfreð segir líkt og Guðmundur að aldrei hafi staðið annað til en að byggja gott hús. Farið hafi verið eftir öllum reglum, allt boðið út og landslið verkfræðinga og hönnuða fengist



**Alfreð Þorsteinsson, fyrrverandi borgarfulltrúi og stjórnarformaður OR til ársins 2006.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

við það. Alfreð kveðst að öðru leyti ekki ætla að tjá sig frekar um málið að svo stöddu.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, mun á næsta borgarstjórnarfundi leggja til að fram fari opinber rannsókn á tjóni höfuðstöðvanna. Vill Kjartan að rannsakaðir verði allir þættir, allt frá aðdraganda til byggingar, framúrkeyrslu í kostnaði og viðhalds frá upphafi.

„Mikilvægt er að fjallað verði um pólitíska ábyrgð í málinu, til dæmis



**Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi**

með hvaða hætti ákvarðanir voru teknar um bygginguna á sínum tíma og hvernig staðið var að framkvæmdum. Ljóst er að sú ábyrgð liggur hjá þáverandi borgarstjórnarmeirihluta Samfylkingar, Framsóknarflokks og Vinstri grænna. Eini borgarfulltrúinn úr þeim meirihluta sem enn situr í borgarstjórn er Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Meðan á byggingu Orkuveituhússins stóð gekk Dagur fram fyrir skjöldu til að verja þau vinnubrögð, sem áttu sér stað hjá Orkuveitunni, og hélt því meðal annars fram að skuldir fyrirtækisins væru „einhverjar eftirsóttustu skuldir landsins"," segir Kjartan.

**mikael@frettabladid.is**




# VIÐ FÖGNUM 30 ÁRA AFMÆLI

## OG BJÓÐUM FRÁBÆR

# SPARIÐ ALLT AÐ 60%

30 ára



**KODDI FULLT VERÐ: 9.995**

**3.995**

Netgíró

Downafresh

NOMITE

DÖNSK GÆÐAVARA

**60% afsláttur**

**90% MOSKUSDÚNN**

**SÆNG FULLT VERÐ: 34.990**

**13.990**

30 ára AFMÆLISTILBOÐ 1987-2017

**PREMIUM MOSKUSDÚNSÆNG**

Einstök heilsárssæng fyllt með moskusdúni sem minnir á besta dún í heimi, æðardún. Létt og skemmtileg sæng sem mun ylja þér í mörg ár. Sængin er dönsk gæðaframleiðsla þar sem ýtrustu gæðakröfum er fylgt. Sængin hentar fólki með ofnæmi. Burðargeta 11. Fylling: 600 gr. 90% evrópskur moskusdúnn og 10% evrópskar smáfjaðir. Áklæði 100% bómullarléreft. Þolir þvott við 60°C. Stærð: B135 x 200 sm. Koddi stærð: 50 x70 sm. Vnr. 401-40400, 403-40400



**TOP STORE PLASTKASSI**

Með smelltu loki. Stærð: 32 lítra. Vnr. 2383

**32 LÍTRA**

**50% afsláttur**

**FULLT VERÐ: 1.495**

**745**

30 ára



Mjúk / Meðalstíf / Stíf – Stífleiki

Svæðaskipt

Smáir BONELL gormar

40°

Svampur

Pokagormar

Yfirdýna

2 ára áklæði Ábyrgð

15 ára dýnu Ábyrgð

Skandinavísk framleiðsla

**50% afsláttur**

DREAMZONE

PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI

Netgíró

**FULLT VERÐ: 59.950**

**29.950**

**PLUS B30 SKANDINAVÍSK DÝNA**

Mjög góð miðlungsstíf dýna með 3 þægindasvæðum. 250 pokagormar pr. $m^2$. í efra lagi og í neðra lagi eru 150 MINI-BONELL gormar pr. $m^2$. Með dýnunni fylgir þykk og góð yfirdýna með 30 mm. svampkjarna. Stærð: 90 x 200 sm. Fætur verð frá: **6.995** *Verð án fóta*. Vnr. 3240032

VIÐ **GEFUM 10X**

**30.000 KR.**

**GJAFABRÉF** Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR 2. OG 3. SEPTEMBER



**50% afsláttur**

30 ára AFMÆLISTILBOÐ 1987-2017

KRONBORG® OF DENMARK

PLUS

**FULLT VERÐ: 2.695**

**1.345**

**LISA SÆNGURVERASETT**

Efni: 100% bómullarkrep. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm. Lokað með rennilás. Vnr. 1362480

**RÚMFATA LAGERINN**

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR TIL 06.09**

# Skellt í lás hjá verksmiðju United Silicon í Helguvík

**UMHVERFISMÁL** Starfsemi kísilvers United Silicon í Helguvík verður stöðvuð á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun tilkynnti fyrirtækinu þessa ákvörðun sína með bréfi í gærkvöldi.

Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir rekstraraðila verða að taka næstu skref. Umhverfisstofnun hafi sett fram ítarlegar kröfur um úrbætur.

„Það er ljóst að rekstraraðilar þurfa skriflega heimild frá stofnuninni að loknum fullnægjandi endurbótum og ítarlegu mati á þeim til þess að mega hefja starfsemi að nýju,“ segir Kristín.



Umhverfisstofnun tilkynnti áform sín um að stöðva starfsemina þann 23. ágúst síðastliðinn og var rekstraraðila veittur frestur til 30. ágúst til að skila athugasemdum við áformin og hann fékk síðan viðbótarfrest til 31. ágúst. Í bréfi sem United Silicon sendi Umhverfisstofnun segir að vegna skamms tíma til andsvara hafi tímasett úrbótaáætlun ekki verið endanlega tilbúin. **– þea**

# Afkoma Heklu helmingi lakari

**VIÐSKIPTI** Bílaumboðið Hekla var rekið með 280 milljóna króna hagnaði í fyrra og var afkoman þá 339 milljónum lægri en árið á undan.

Tekjur fyrirtækisins jukust milli ára úr 13,9 milljörðum í rétt tæpa sextán milljarða. Rekstrargjöld hækkuðu einnig, eða úr 11,3 milljörðum í 13,4 milljarða. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) var í fyrra 326 milljónir samanborið við 627 árið 2015.

Hekla er í eigu Riftúns ehf. og Semler Group A/S. Það fyrrnefnda er í eigu forstjórans Friðberts Friðbertssonar en Volkswagen í Danmörku á Semler Group. **– hg**

# Forseti Kenía virðir ógildingu

**KENÍA** Uhuru Kenyatta, sitjandi forseti Kenía og sigurvegari nýafstaðinna en ógildra forsetakosninga, sagðist í gær virða niðurstöðu hæstaréttar landsins um að ógilda kosningarnar. Hæstiréttur kvað upp þann dóm sinn í gær að framkvæmd kosninganna hefði ekki staðist stjórnarskrá.

Raila Odinga, sem laut í lægra haldi fyrir Kenyatta í kosningunum ógildu, sagði í gær að hann hefði unnið kosningarnar og myndi vinna þær næstu, sem haldnar verða innan tveggja mánaða. „Það er ljóst að raunverulegar niðurstöður kosninganna voru aldrei birtar almenningi, einhver verður að axla ábyrgð,“ sagði Odinga. **– þea**





Dómkórinn getur bætt við söngfólki í allar raddir, sér í lagi karlaröddum

Spennandi verkefni framundan:
Requiem eftir Maurice Duruflé og Gabriel Fauré, Jólatónleikar, utanlandsferð í vor (kórakeppni) og margt fleira
Inntökupróf fara fram í Dómkirkjunni 4. og 5. september kl. 18 - 20
Skráning fer fram á netfanginu organisti@domkirkjan.is
Nánari upplýsingar hjá kórstjóra Kára Þormar í síma 891 6934



AMRIT YOGA · The Posture of Consciousness ·

SUÐRÆN SVEIFLA



Suðræn sveifla er skemmtileg líkamsrækt fyrir konur á öllum aldri. Námskeiðið byggist upp á mjúkri upphitun, latin dönsum eins og Cha Cha, Jive, Salsa og fl., kviðæfingum og nidra slökun.

Hver tími er 60 mínútur og kennt er tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30 í leikfimissal Hvassaleitisskóla. Námskeiðið er tólf vikur.

Kennari er Birgitta Sveinbjörnsdóttir danskennari.

Skráning er hafin á námskeiðið sem hefst þriðjudaginn 12. september kl. 17.30.

Upplýsingar og skráning í síma: 899-8669.


## RÉTTAÐ YFIR THOMASI OLSEN



**Hanna Lára Helgadóttir, réttargæslumaður foreldra Birnu, og Kolbrún Benediktsdóttir ræða saman.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rannsókn og lögsaga afstýri 18 ára fangelsi

**Sækjandi telur átján ára fangelsi hæfilega refsingu handa Thomasi Møller Olsen. Verjandi segir lögregluna ekki hafa kannað málið ofan í kjölinn og handtöku hans ólögmæta. Niðurstaða dómara málsins er væntanleg innan fjögurra vikna.**

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli Thomasar Møller Olsen lauk í gær og er niðurstöðu um framtíð hans að vænta innan fjögurra vikna. Ákæruvaldið telur að átján ára fangelsi sé hæfilegt verði hann fundinn sekur.

Fyrstur til skýrslugjafar var þýski réttarmeinafræðingurinn Sebastian Kunz. Í vitnisburði sínum fór hann meðal annars yfir niðurstöður krufningar sinnar á líki brotaþola. Sökum þess, og að verjandi Olsens hefði boðað persónulegar spurningar um heilsufar hinnar látnu, ákvað Kristinn Halldórsson dómsformaður að loka þinghaldi á meðan skýrslutaka yfir Kunz fór fram.

Næst var hringt til Þýskalands, að menn héldu. Dómtúlkur og vitni ræddu saman en áttu í basli með að skilja hvor annan enda talaði túlkurinn þýsku en vitnið svaraði á dönsku.

„Þetta er vont mál því dönskukunnátta mín er ekki sú besta,“ sagði dómtúlkurinn Magnús Diðrik Baldursson, sem einnig er skrifstofustjóri Háskóla Íslands. Viðstaddir skelltu síðan upp úr þegar vitnið svaraði á íslensku. Var þar á ferðinni færeyski skipverjinn Niels Heinesen en ekki dr. Mario Darok líkt og menn héldu.

„Það gekk í sjálfu sér mjög vel að tala við Thomas allt þar til hann losnaði úr einangrun og fór í opna gæslu. Þá varð ég var við nokkra paranoju,“ sagði Sigurður Páll Pálsson geðlæknir. Hann var dómkvaddur til að meta geðheilsu hins ákærða. Var það mat hans að Thomas væri sakhæfur en haldinn persónuleikaveilu sem hefði það í för með sér að hann neitaði að horfast í augu við galla í fari sínu.

Meðal annarra í vitnastúku í gær má nefna Grím Grímsson, yfirmann miðlægrar rannsóknardeildar LRH, og barþjón á English Pub sem þekkti vel til Nikolajs Olsen. Að skýrslutökum loknum hófst munnlegur málflutningur.

„Algjör lágmarksrefsing, sé aðeins horft til dómaframkvæmdar, er átján ára fangelsi,“ sagði Kolbrún Benediktsdóttir aðstoðarhéraðssaksóknari í ræðu sinni. Vísaði hún til þess að yrði hann sakfelldur fyrir manndrápið þýddi það sextán ára fangelsi. Þó væru uppi atvik í málinu sem gætu réttlætt þyngri refsingu. Þá bætti hún við að þumalputtareglan fyrir kíló af kannabisefnum væri mánaðarfangelsi. Hér væru kílóin rúmlega 23 og því væri unnt að smyrja tveimur árum á dóminn.

Sagði hún að framburður Thomasar hefði sífellt tekið breytingum. Á rannsóknarstigi hefði hann ítrekað aðlagað sögu sína þeim gögnum sem honum voru kynnt. Fyrir dómi hefði framburður hans síðan umturnast án nokkurrar sýnilegrar ástæðu. „Það er ekki hægt að byggja á framburði hjá dómi eða lögreglu. Hann er einfaldlega ekki að segja satt,“ sagði Kolbrún.

Thomas hefur ávallt haldið fram sakleysi sínu í málinu. Verjandi hans, Páll Rúnar M. Kristjánsson, telur að vísa beri málinu frá eða sýkna hann ella. Frávísunarkrafan er reist á þeim grunni að svo margar gloppur séu í málinu að í ákæruskjalinu sé ákæruvaldið að geta í eyðurnar. „Það er nær ómögulegt að taka til varna gegn ákæru sem er orðuð á þennan veg,“ sagði Páll.

Sýknukrafan er studd þeim rökum að rannsókn málsins hafi verið svo áfátt að uppi sé réttmætur vafi um það hvort Thomas hafi ráðið Birnu bana eður ei. Þá sé einnig vafi uppi um hvort handtaka sérsveitarmanna og Landhelgisgæslunnar um borð í Polar Nanoq hafi brotið gegn hafréttarsamningum.

„Að mati ákærða fólu aðgerðirnar í sér brot gegn þjóðréttarlegum skuldbindingum og Mannréttindasáttmála Evrópu. [...] Engin skrifleg heimild er um samþykki fánaríkisins fyrir handtöku um borð í skipinu í efnahagslögsögunni,“ sagði Páll. Það væri síðan dómaranna að ákveða hvaða áhrif þessi ólögmæta handtaka ætti að hafa.

Dóms í málinu er að vænta innan fjögurra vikna.

**johannoli@frettabladid.is**

### Bogi reyndist vera Jón



Dómarar í málinu eru alls þrír. Kristinn Halldórsson er dómsformaður og er áhugavert að fylgjast með svipbrigðum hans á meðan spurningar standa yfir. Hefur hann átt það til að vera kíminn á svip yfir nokkrum spurningum og svörum.

Við hlið hans sitja Ástríður Grímsdóttir og Jón Höskuldsson. Leið mistök höfðu það í för með sér að í umfjöllunum var Jón ítrekað kallaður Bogi Hjálmtýsson en Bogi kom að málinu á fyrri stigum. Jón hafði setið þögull öll réttarhöldin en mælti í fyrsta sinni í gær.

„Það er Jón Höskuldsson dómari sem spyr,“ sagði Jón áður en hann spurði Sigurð Pál Pálsson hvort sálfræðipróf, sem hann óskaði eftir, hefði verið nauðsynlegur þáttur í mati hans. Vaknaði þá fjölmiðlafólk upp við vondan draum enda hét Jón ekki Bogi. Beðist er afsökunar á rangnefni.

> **Þegar hann lendir í að þurfa að segja já við einhverju sem hann vill ekki kannast við, þá man hann ekki. [...] Hann er óeðlilega eðlilegur.**
>
> Sigurður Páll Pálsson geðlæknir



> **Hann hafði orð á [slæmri meðferð] við lögreglufulltrúa. Hann kvartaði ekki beint yfir meðferð heldur hvernig var talað við hann.**
>
> Grímur Grímsson, yfirmaður í rannsóknardeild LRH



# STEINBAKAÐ

## EFTIR ALDARGAMALLI FRANSKRI HEFÐ, DEIGIÐ ER LÁTIÐ HEFAST Í 24 TÍMA FYRIR BAKSTUR

BAK
ARÍ
IÐ



Parísar Baguette, Súrdeigsbrauð, Súrdeigsbrauð með kúmeni, Noixbrauð með trönuberjum & valhnetum, Bastillubrauð, Rivolibrauð, Ólífu & ostabrauð og Tómat & ostabrauð.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Kyrjurnar

Kvennakórinn Kyrjurnar getur bætt við sig nýjum röddum!
Látið drauminn rætast!

Starfið hefst miðvikudaginn 13. september kl. 19:30
í Friðrikskapellu við Valsheimilið að Hlíðarenda.

Lagaval er fjölbreytt og skemmtilegt. Söngferð erlendis framundan!

Kórstjóri er Sigurbjörg Hvanndal Magnúsdóttir, söngkennari og söngkona.

Upplýsingar veita Sigurbjörg gsm. 865 55 03 og Petra gsm. 897 53 23.

ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ BÓKA Á NETINU • BORGARLEIKHUS.IS






Fyrirtæki með mikla möguleika

Gamalgróið fjölskyldufyrirtæki með verslun og heildverslun á besta stað í Reykjavík er til sölu. Afkoma er góð með um 80 milljóna kr. ársveltu og ágætan hagnað.

Mikill eigin innflutningur sem gefur töluverða möguleika á veltuaukningu bæði í verslun, heildverslun og verktöku.

Tilvalið fyrirtæki fyrir hugmyndaríkt fólk eða samhenta fjölskyldu.

ATVINNUHÚS EHF

Atvinnuhús ehf • Atli Vagnsson hdl., lögg. fasteignasali
Hverfisgata 4 • 101 Reykjavík • Sími: 561 4433 / 698 4611
atli@atvinnuhus.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT



Meðferðarheimilið Háholt í Skagafirði var opnað árið 1999 og var rekið með þjónustusamningi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ráðherra ætlar ekki að stöðva lokun Háholts

**Félagsmálaráðherra ætlar að leyfa ákvörðun Barnaverndarstofu varðandi þjónustusamning við Háholt í Skagafirði að standa. Starfsmenn og sveitarstjórn vilja reka heimilið áfram. Þingmaður vill að fundað verði um málið í velferðarnefnd.**

**STJÓRNSÝSLA** Þorsteinn Víglundsson félagsmálaráðherra ætlar ekki að grípa fram fyrir hendurnar á Barnaverndarstofu vegna meðferðarheimilisins Háholts. Héraðsfréttavefurinn Feykir greindi frá því að þjónustusamningur Barnaverndarstofu við rekstraraðila heimilisins hafi runnið út um mánaðamótin en starfsemin lagðist af í lok júní.

Vilji er fyrir því meðal sveitarfélagsins og fyrrverandi starfsmanna að halda rekstrinum áfram. Fyrrverandi forstöðumenn eru aftur á móti horfnir til annarra starfa.

Steinunn Þóra Árnadóttir, þingmaður VG, hefur farið fram á fund í velferðarnefnd Alþingis vegna málefna Háholts og vill að fundinn verði boðaður Þorsteinn Víglundsson félagsmálaráðherra, fulltrúi Barnaverndarstofu og starfsmenn Háholts.

„Það er Barnaverndarstofu að tryggja rekstur þeirra úrræða sem hún telur þörf á hverju sinni í tengslum við þennan mikilvæga málaflokk,“ segir Þorsteinn Víglundsson.

> **Það er Barnaverndarstofu að tryggja rekstur þeirra úrræða sem hún telur þörf á hverju sinni í tengslum við þennan mikilvæga málaflokk.**
>
> Þorsteinn Víglundsson, velferðarráðherra



Ráðherrann segir að afstaða Barnaverndarstofu í málinu hafi verið skýr og ráðuneytinu verið gerð grein fyrir því að sú starfsemi sem rekin væri í Háholti nýttist Barnaverndarstofu ekki sem skyldi og réttlætti ekki árlegan rekstrarkostnað heimilisins. „Þetta væri liður í áralangri þróun þar sem aukin áhersla hefur verið lögð á það af hálfu barnaverndaryfirvalda að veita þjónustu nær heimilum viðkomandi einstaklinga,“ segir Þorsteinn. Stefnan sé að reyna að forðast vistunarúrræði í lengstu lög og í öðru lagi, ef vistunar er algjörlega þörf, séu þau nálægt heimili viðkomandi.

„Ég hef hitt fulltrúa sveitarfélagsins og hef sagt það alveg skýrt að málið væri hjá Barnaverndarstofu og rök Barnaverndarstofu fyrir lokun þess virðast vera skýr og greinargóð og ég hef ekki í hyggju að grípa inn í það ferli,“ segir Þorsteinn. Það sé ekki góð stjórnsýsla að ráðherra grípi inn í einstaka rekstrartengdar ákvarðanir Barnaverndarstofu eða annarra stofnana sem undir ráðuneytið heyra. Hins vegar muni hann ræða málið á fundi velferðarnefndar, verði þess óskað.

Árið 2014 samdi þáverandi velferðarráðherra, Eygló Harðardóttir, um áframhaldandi rekstur Háholts, þótt Barnaverndarstofa hefði þá þegar komist að þeirri niðurstöðu að úrræðið nýttist ekki.

jonhakon@frettabladid.is

# Vissi ekki af gjafagjörningi Benedikts

**STJÓRNSÝSLA** „Um þennan gjörning veit ég ekkert,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður fjárlaganefndar, um afhendingu fjármálaráðherra á íþróttamannvirkjum við Laugarvatn til sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, sem sagt var frá í fréttum Stöðvar 2 í gær.

„Nei, ég skrollaði bara yfir fréttirnar í morgun og sá að hann var að undirrita einhvern gjörning við sveitarfélagið þarna,“ segir Haraldur.

Samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar verður eignum ríkisins ekki ráðstafað nema með lagaheimild. Aðspurður segist Haraldur ekki muna hvort heimild til ráðstöfunar þessara eigna hafi verið veitt í fjárlögum, en segir ekki óþekkt að slík heimild sé veitt eftir á og þá í fjáraukalögum.

„Það er langur vegur frá því að það sé hefðbundið að sækja svona heimild í fjáraukalögum, ég er ekki einu sinni viss um að það standist,“ segir Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður og fulltrúi VG í fjárlaganefnd Alþingis.

Í 5. gr. fjárlaga fyrir 2017 er fjármála- og efnahagsráðherra veitt heimild til að „selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar, og þykja ekki henta til skólahalds, og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins“.



Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra gaf Bláskógabyggð íþróttamannvirki við Laugarvatn sem voru í eigu ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL MAGNÚS SKÚLASON



Haraldur Benediktsson, formaður fjárlaganefndar.

„Þetta er með fyrirvara um samþykki Alþingis og verður væntanlega borið upp í fjáraukalögum í haust,“ segir Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra.

Ráðherra segir ekki óalgengt að samþykkis Alþingis sé aflað eftir á í svona tilvikum. „Reglan er að svona heimildir eru settar inn með fjárlögum og eru þá með í fjárlögum oft árum saman,“ segir Benedikt og bætir við: „Bara svona heimild sem einhverjum dettur í hug að setja inn, ef ske kynni.“

Ráðherra segir að þó málið hafi ekki verið rætt formlega við fjárlaganefnd hafi nokkrir nefndarmenn vitað af málinu, enda hafi það tvívegis verið kynnt í ríkisstjórn.

Um verðmat eignanna segir ráðherra erfitt að segja. Þá sé viðhaldsþörf orðin mikil á þessum húsum og samningurinn því í raun mjög hagstæður fyrir báða aðila. – aá




**Aukahlutapakki að verðmæti 728.000 kr. fylgir Land Cruiser 150 Black:**
GoodYear heilsársdekk, 18" BLACK álfelgur, hliðarlistar með krómi, hlíf á afturstuðara, krómhlíf á spegla, toppgrindarbogar, húddhlíf, krómlisti á afturhlera, gluggavindhlífar og krómstútur á púst.

Á stórsýningu Toyota þann 2. september gerir svart vart við sig með látum þegar við frumsýnum skuggalega svalan Land Cruiser 150 Black. Hinn margrómaði töffari er nú flottari en nokkru sinni, krómaður í bak og fyrir og prýddur svakalegum, svörtum 18" álfelgum. Ekki hverfa í skuggann. Láttu sjá þig og reynsluaktu, nú er tíminn til að gera frábær kaup á nýrri Toyotu.




**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ | FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Black-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Vill setja sjúklinginn í bílstjórasætið

**Heilbrigðisráðherra vill bættan stuðning við sjúklinga í krabbameinsmeðferð. Veita þeim betri upplýsingar og ráðgjöf. Einnig sé brýn þörf á að bæta þjónustu við geðsjúka. Hann vill sérstaklega huga að aldurshópnum átján til þrjátíu ára sem standi höllum fæti.**



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

**VIÐTAL** Brátt hefst vinna við krabbameinsáætlun sem birt var tillaga að í sumar. Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra segist taka inn í vinnu við áætlunina beinskeytta gagnrýni sjúklinga á kerfið, til að mynda Láru Jóhönnudóttur sem greindi í viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins í sumar frá háum, duldum kostnaði við meðferð, brýnni þörf á stuðningi og ráðgjöf og því að þjónustan sé samfelld og samræmd.

**Taka mið af reynslu veikra**

„Kostnaður sjúklinga hefur verið eitt af meginverkefnum heilbrigðiskerfisins undanfarið. Það er eitt stærsta verkefni okkar á þessu ári að innleiða nýtt greiðsluþátttökukerfi sem tók gildi í maí og hefur mjög mikil áhrif á greiðsluþátttöku þeirra sjúklinga sem eiga við erfiða og langvinna sjúkdóma að etja. Þegar það var verið að undirbúa þá kerfisbreytingu, sem var gert þverpólitískt með þátttöku allra á þingi, var verið að horfa sérstaklega á reynslu krabbameinssjúklinga og þeirra sem þurftu að borga háar upphæðir.

Nýja greiðsluþátttökukerfið gengur ekki síst út á að koma í veg fyrir þetta. Þetta er auðvitað stór kerfisbreyting og þessa fyrstu mánuði erum við ánægð með hvað kerfið virðist virka vel. En það þarf að fylgjast vel með því hvernig það reynist,“ segir Óttarr.

**Skref í áttina**

„Grunnhugsunin var að taka sérstaklega á mesta óréttlætinu í kerfinu, sem var gríðarlega há kostnaðarþátttaka þeirra sem áttu við rammastan reip að draga fyrir. Það er mikilvægt að það komi fram að þetta er bara skref í áttina að því að lækka kostnaðarþátttöku almennings almennt í heilbrigðiskerfinu. Það er gert ráð fyrir fjármunum til þess í fjármálaáætlun sem var samþykkt í vor og er til fimm ára. Það er reyndar ekki búið að útfæra hvernig við nýtum þá fjármuni. Við viljum sjá hver reynslan verður af kerfisbreytingunni áður.“

**Vill sjúklinga í bílstjórasætið**

Lára nefndi þörfina á ráðgjöf í gegnum heilbrigðiskerfið og stakk upp á sérstökum krabbameinsráðgjöfum.

„Það er talsverð ráðgjöf í boði fyrir sjúklinga. Það starfa tugir félagsráðgjafa á Landspítalanum við að hjálpa fólki við svona lagað. En heilbrigðiskerfið er í eðli sínu flókið og flókna meðferð getur verið erfitt að skilja. Það er verkefni sem við tökum mjög alvarlega að halda áfram að gera aðgengi að upplýsingum betra. Að sumu leyti lýðræðisvæða og setja sjúklinginn í bílstjórasætið.“

*En var það ekki það sem Lára kvartaði yfir, það væri nóg af upplýsingum fyrir sjúklinga að taka á móti. Þeir fengju þær í fangið og villtust svo í kerfinu?* „Jú en það skiptir líka máli að sjúklingurinn hafi upplýsingar. Viti að hverju hann á að leita og hafi eitthvað um það að segja hvað er verið að bjóða honum. Ég er ekki að varpa ábyrgðinni á meðferðinni á sjúklinga.“

*En það er þó það, að púsla þessu öllu saman og sækja þjónustuna, sem reynist sjúklingum erfitt?* „Já, það þarf að einfalda og ég tek undir að það þurfi að vera meiri ráðgjöf. Ég vil líka taka það fram að það er ekki eins og við séum að byrja á byrjunarpunkti. Það er full ástæða til að bæta úr þessu.“



Óttarr segir nýtt greiðsluþátttökukerfi aðeins skref í áttina að því að lækka kostnað veikra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Úr drögum að krabbameinsáætlun:**

**Einstaklingum með krabbamein og aðstandendum þeirra skal boðinn aðgangur að lokaðri, gagnvirkri vefsíðu sem tengist sjúkraskrá sjúklings þar sem fram fer einstaklingsmiðuð upplýsingaveita, stuðningur og ráðgjöf.**

**Meiri stuðningur**

*Lára nefndi einnig mikilvægt atriði sem er að þeir sem veikist af krabbameini fái ekki tíma til að ná fullum bata. Um leið og dýrri meðferð ljúki neyðist þeir aftur á vinnumarkað. Það gæti jafnvel aukið líkur á að fólk veikist hreinlega aftur. Hún stakk upp á bataorlofi, kemur það til greina?* „Ég styð hugmyndir um að útfæra bættan stuðning til þeirra, sem veikjast af langvinnum og erfiðum sjúkdómum, eftir meðferð og styrkja endurhæfingu,“ segir Óttarr.

**Húsnæðið verður bætt**

*Geðheilbrigðismál hafa verið í deiglunni undanfarið. Mikil áhersla hefur verið á forvarnir og aukna sálfræðiþjónustu. En hvað með þá slæmu stöðu sem hefur orðið ljós á geðdeildum Landspítalans, er í forgangi að bæta hana?* „Það má segja að það sé margt í forgangi. Það er meðal annars verið að vinna í því að styrkja húsnæði geðsviðs. Deildir hafa setið eftir þegar kemur að húsnæðinu, það skiptir miklu máli. Það þarf að styrkja þessa þjónustu.“

*En þarf ekki fleira starfsfólk á geðsviðið? Er það ekki ljóst?* „Sem ráðherra er ég ekki að skipuleggja mönnun á deildum. En við vinnum þétt með stjórnendum spítalans að því að styrkja geðsviðið.“

*Afar hörð gagnrýni hefur verið frá sjúklingum á skertan opnunartíma. Hins vegar hefur opnunartíminn verið varinn af stjórnendum spítalans. Hvað finnst þér um það?* „Stjórnendur spítalans skipuleggja hans starf. Það verður hins vegar að vera skýrt hvert fólk í vanda geti leitað. Þetta er eitt af mörgu sem við höfum verið að ræða við stjórnendur spítalans, hvernig megi þróa það til betri vegar,“ segir Óttarr og segir unnið í takt við geðheilbrigðisáætlunina.

„Við höfum gengið lengra en áætlunin segir til um, sérstaklega í grunnþjónustu í heilsugæslunni og sér í lagi gagnvart börnum og ungmennum. En við höldum áfram af krafti og þá hugsum við líka um þá sem eldri eru, aldurshópinn átján til þrjátíu ára, sem er ljóst að er líka viðkvæmur. Það höfum við séð hér alveg eins og í nágrannalöndunum. Það þarf að huga að þjónustu fyrir þennan hóp, það gerum við í gegnum heilsugæsluna en þurfum líka að styrkja starf inni í skólunum en líka félaga- og sjúklingasamtökum,“ segir Óttarr og nefnir Hugarafl, Bataskólann og Geðhjálp sem dæmi.

**Landspítalinn leiði**

*Og enn um umdeild viðfangsefni í heilbrigðiskerfinu. Hvaða skoðun hefur þú á nýtingu erfðaupplýsinga í einstaklingsmiðuðum forvörnum, til dæmis þegar BRCA er annars vegar?* „Þetta eru áhugaverðir tímar og miklar byltingar að verða í heilbrigðistækni. Þær munu áfram vekja siðferðisspurningar um það hversu langt eigi að ganga. Að hve miklu marki í raun og veru tæknin eigi að stýra meðferð einstaklinga. Það er mjög mikilvægt að við nýtum og njótum þeirrar tækni sem er í boði.“

*Finnst þér að einkaaðilar á borð við Klíníkina eigi að verða leiðandi í fyrirbyggjandi lækningum, til dæmis með BRCA?* „Nei, Landspítali háskólasjúkrahús á að vera leiðandi þegar kemur að flóknum aðgerðum og meðferð. Að einhverju leyti eru einkaaðilar að þjónusta fólk og það er líka mikilvægur hluti íslensks heilbrigðiskerfis og á að vera það áfram.“

*En frá málefnum ráðuneytisins að hræringum í pólitík. Það hefur verið umrót í flokknum og deilt um afstöðu þingmanna til þingsins og fleira. Hvernig er andinn í flokknum?* „Ég er nú ánægður með stemninguna í Bjartri framtíð. Ég upplifi það auðvitað að við erum ungur flokkur og það eru skin og skúrir allra handa í pólitíkinni. Við vorum í fyrsta skipti í haust í þeirri aðstöðu að vera í viðræðum og aðstöðu til að taka þátt í ríkisstjórn. Að hafa áhrif í stjórnmálum á borði en ekki bara í orði. Það er ákveðin tilhneiging í pólitík til að orðræðan stjórni. Það getur verið dálítið auðvelt að teikna upp stefnuna þegar maður fer ekki með ábyrgðina.“

**Þjónustustarf**

„Nú þegar við erum í annarri stöðu er mikilvægt og gott að við höldum áfram að þróa það hvernig við vinnum og viljum vinna í stjórnmálum.

Við erum alltaf að reyna að finna leiðir til að breyta og bæta stjórnmálamenninguna. Þegar við stofnuðum Bjarta framtíð þá gerðum við það út frá þeirri heimspeki að stjórnmál séu þjónustustarf. Starf í stjórnmálum sé í þágu almennings. Stjórnmálamenn séu fulltrúar almennings í landinu og eigi að starfa eftir því. Ég hef það að viðmiði,“ segir Óttarr.

**Það er verkefni sem við tökum mjög alvarlega að halda áfram að gera aðgengi að upplýsingum betra. Að sumu leyti lýðræðisvæða og setja sjúklinginn í bílstjórasætið**

Óttarr Proppé, heilbrigðisráðherra

## Þreklaust fólk á milli stofnana

Lára Guðrún Jóhönnudóttir ræddi um þjónustu við krabbameinsveika í viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins í júlí. Hún greindi í skýru máli frá því hvernig sjúklingar beri háan og dulinn kostnað og þurfi að ganga á milli stofnana og glíma við skrifræðið.

Lára stakk upp á því að hver og einn krabbameinsveikur fengi ráðgjafa frá upphafi sem aðstoðaði við meðferðina, greiddi veginn. „Fólk er í lélegri samningsstöðu þegar það er með krabbamein. Það er veikt og hefur ekki þrek til að miðla þekkingu sinni um kerfið og þarfir til breytinga og bóta. Það er enginn sem kemur og er með uppskrift að krabbameinsferli, þetta er einnig svo einstaklingsbundinn sjúkdómur. Það eru auðvitað starfandi félagsráðgjafar en þeirra starfssvið er takmarkað.“

Þá rökstuddi hún nauðsyn þess að krabbameinsveikum stæði til boða orlof eftir meðferð. „Eftir meðferð ætti að taka við orlof, sem mætti líkja við fæðingarorlof. Því þú ert að byggja þig upp aftur til þess að funkera fyrir þig og fólkið þitt. Orlof þar sem þú safnar kröftum að læknisráði. Þess í stað er fólk í fjárhagskröggum og í stöðugri baráttu við kerfið,“ benti Lára á.



Lára Guðrún Jóhönnudóttir

## Skömmin er þingmanna

Gunnar Hrafn Jónsson, þingmaður Pírata, ræddi um upplifun sína af geðdeild í helgarblaði Fréttablaðsins í mars. Þar ræddi hann opinskátt um sjálfsvíg og aðgerðaleysi yfirvalda í málaflokknum.

„Að meðaltali fyrirfer sér allt að einn Íslendingur á viku og ákveðinn hluti þeirra lífa verður að skrifast á áralangt aðgerðaleysi yfirvalda í geðheilbrigðismálum – ég get ekki og vil ekki hafa fleiri slík mannslíf á samviskunni,“ sagði Gunnar Hrafn og spurði hvað ætti að bíða lengi eftir aðgerðum. „Hvað eigum við að segja við aðstandendur þeirra sem deyja í millitíðinni? Að við höfum haft of mikið að gera í pólitísku rifrildi á Alþingi til að huga að geðheilsu og lífi fólks í landinu?“ spurði Gunnar Hrafn og krafðist þess fyrir hönd geðsjúkra að þingmenn og ráðherra bættu ráð sitt hvað þennan málaflokk varðar. „Þangað til er skömmin okkar þingmanna og við eigum hana skilið.“



Gunnar Hrafn Jónsson




Við stöndum með strákunum okkar

The Power to Surprise

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Arpaio lykilmaður í íslensku dómsmáli

**Bandaríkjaforseti hefur ákveðið að náða umdeildan lögreglustjóra. Sá lýsir sér sem harðasta lögreglustjóra Bandaríkjanna og hefur verið sakaður um kynþáttafordóma. Kröfu um framsal hjóna frá Íslandi til Bandaríkjanna var hafnað vegna orðspors Arpaios.**

Þorgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Þann 25. ágúst síðastliðinn tók Donald Trump Bandaríkjaforseti þá afar umdeildu ákvörðun að náða lögreglustjórann Joe Arpaio. Í tilkynningu frá forsetaembættinu sagði að Arpaio hefði þjónað þjóð sinni af mikilli dyggð. Hann væri því verðugur náðunar.

Trump kallaði Arpaio í kjölfarið „sannan föðurlandsvin“ á Twitter-reikningi sínum. Sagði hann jafnframt að Arpaio hefði þjónað lykilhlutverki í að halda „íbúum Arizona öruggum“.

En þeir sem eru náðaðir þurfa að hafa brotið af sér, eða að minnsta kosti vera grunaðir um ólöglegt athæfi.

Í júlí var Arpaio dæmdur fyrir að neita að hlýða tilskipun dómara um að hætta að hneppa ólöglega innflytjendur í varðhald. Arpaio hefur aflað sér þess orðspors undanfarin ár og áratugi að vera eindreginn harðlínumaður þegar kemur að ólöglegum innflytjendum.

**Harðasti lögreglustjórinn**

Arpaio varð lögreglustjóri Maricopasýslu í Arizona árið 1993 og gegndi hann þeirri stöðu þar til 2016. Lýsir hann sjálfum sér sem harðasta lögreglustjóra Bandaríkjanna.

Segja má að andstæðingar Arpaios séu sammála honum um titilinn „harðasti lögreglustjóri Bandaríkjanna“. Þeir leggja þó eflaust aðra merkingu í þau orð. Umdeildir starfshættir hans leiddu til þess að dómsmálaráðuneytið lýsti því yfir árið 2011 að embætti Arpaios hefði brotið á mannréttindum rómansk-amerísks fólks. Hefði embættið mismunað vegna kynþáttar.

Sjálfur sagði Arpaio árið 2009 að hann hefði þá handtekið að minnsta kosti 30.000 ólöglega innflytjendur á undanförnum fimm árum. Meirihluti þeirra kom frá Rómönsku-Ameríku.

**Umdeild ákvörðun**

Ákvörðun Bandaríkjaforseta um að náða Arpaio er umdeild eins og áður segir. Í könnun NBC og SurveyMonkey kemur fram að 60 prósentum aðspurðra fannst ákvörðunin röng samanborið við 34 prósent sem töldu hana rétta.

John McCain, öldungadeildarþingmaður Repúblikana og harður gagnrýnandi forsetans, sagði í kjölfar tilkynningarinnar að náðunin væri í raun stuðningsyfirlýsing við kynþáttahatur gagnvart fólki af rómansk-amerískum uppruna.

Á fimmtudag fjölluðu bandarískir fjölmiðlar hins vegar um að ekki væri víst að náðun forsetans næði að ganga í gegn. Hafði Susan Bolton, dómari í máli Arpaios, þá frestað dómsuppkvaðningu í máli hans en ekki vísað málinu frá. Sagði Bolton að hún þyrfti að fara yfir málsgögn áður en hún felldi sakfellingu Arpaios niður.

**Íslandsvinurinn Arpaio**

Joe Arpaio skipar athyglisverðan sess í íslenskri réttarsögu en hann lék lykilhlutverk í máli sem rekið var fyrir íslenskum dómstólum árið 1997. Málið varðaði kröfu bandarískra stjórnvalda um framsal hjónanna Connie Jean og Donalds Hanes sem dvöldu hér á landi. Þeim var gefið að sök að hafa numið barnabarn sitt á brott með ólöglegum hætti og höfðu ákærur verið gefnar út í Bandaríkjunum vegna þeirra sakargifta. Þegar hér var komið sögu hafði barnið þegar verið tekið úr umsjá hjónanna og komið í hendur móður sinnar í Bandaríkjunum. Mál hjónanna hlaut mikla athygli bæði hér á landi og vestanhafs. Voru því meðal annars gerð skil í þætti af Unsolved Mysteries.

Hjónin voru sannfærð um að þau myndu hvorki njóta mannúðlegrar meðferðar né réttlátrar málsmeðferðar yrðu þau framseld til Bandaríkjanna. Helsta ástæða þessa ótta hjónanna var sjálfur Joseph M. Arpaio, lögreglustjóri Maricopa-sýslu í Arizona. Hjónin höfðu ítrekað boðist til að gefa sig fram gegn skilyrðum um mannúðlega og réttláta meðferð við komu til Bandaríkjanna en fengu ekki svar.

**Hræddust slæma meðferð**

Í úrskurði héraðsdóms eru ítarlegar lýsingar á hörmulegri meðferð á föngum í fangelsum í Maricopa-sýslu. Fyrir lá að ef framsalið yrði heimilað myndu löggæsluyfirvöld í Arizona taka við hjónunum við komuna til Bandaríkjanna og flytja þau til Arizona. Fyrirkomulag og framkvæmd flutningsins yrði í höndum Arpaios lögreglustjóra og yrði ómannúðlegt og vanvirðandi.

Meðal gagna málsins var ársgamalt bréf mannréttindadeildar bandaríska dómsmálaráðuneytisins, sem ritað var í kjölfar rannsóknar ráðuneytisins á ætlaðri óhóflegri valdbeitingu gagnvart föngum og skorti á heilbrigðisþjónustu við þá í fangelsum Maricopa-sýslu. Í bréfinu eru gerðar mjög alvarlegar athugasemdir við aðstæður og meðferð fanga í fangelsunum, þar sem hjónin yrðu vistuð meðan meðferð refsimálsins í Bandaríkjunum stæði yfir. Lýsingar eru ítarlegar í úrskurði héraðsdóms og þar er einnig vísað til fjölda blaðagreina sem fjalla um slæman og ómannsæmandi aðbúnað í fangelsum undir stjórn Arpaios. Tekið er fram að ekkert liggi fyrir um að ástandið hafi batnað.

Í niðurstöðu héraðsdóms er því slegið föstu að meðferð fanga í fangelsum Maricopa-sýslu brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu um bann við pyndingum og ómannúðlegri meðferð. Í niðurstöðunni segir meðal annars:


Dökk mynd dregin upp af framtíð Hanes-hjónanna í varnargreinargerð fyrir Héraðsdómi
Mannúðarástæður sagðar mæla gegn framsali
Stjórnvöld gættu ekki meðalhófs í meðferð valdheimilda
Hanes-hjónin verða ekki framseld
Lögmaður Haneshjónanna segir Bandaríkjamenn hafa leikið tveimur skjöldum:
Haneshjónin munu sækja um hæli hér
– Joe Arpaio, lögreglustjóri í Maricopasýslu í Arizona, ákærður fyrir illa meðferð á föngum

**Mikið var fjallað um mál Hanes-hjóna í íslenskum fjölmiðlum.** MYNDIR/SKJÁSKOT

„Þykja vera komin fram nægileg gögn í málinu sem ekki hafa verið hrakin af ákæruvaldinu, að hætt sé við, að þar muni bíða þeirra ómannúðleg meðferð. Þegar þetta er virt þykja ekki vera lagaskilyrði til að framselja varnaraðila til Bandaríkja Norður-Ameríku.“

Úrskurður héraðsdóms var staðfestur í Hæstarétti, meðal annars á þeim forsendum að íslensk stjórnvöld hefðu ekki gætt meðalhófs við meðferð málsins. Hjónin hefðu frá upphafi lýst sig reiðubúin til að fara til ættlands síns og standa þar ábyrg gerða sinna og lýst árangurslausum tilraunum sínum til að ná samkomulagi við bandarísk stjórnvöld um eðlilega og mannúðlega framkomu. Afstaða þeirra hafi gefið íslenskum stjórnvöldum skýrt til kynna að ná mætti því markmiði að fá þau leidd fyrir dóm í Bandaríkjunum, án þess þau þyrftu að þola þau óþægindi af handtöku sem áður var lýst og hefði óhjákvæmilega leitt af skilyrðislausu framsali. „Bar íslenskum stjórnvöldum við þessar aðstæður og í ljósi ríkra hagsmuna varnaraðila í málinu að ganga til móts við réttmæt sjónarmið þeirra.“

**Fór út og fékk vægan dóm**

Connie dvaldi á Íslandi alla tíð eftir niðurstöðu Hæstaréttar. Hún er nýlega látin. Donald Hanes fór sjálfviljugur til Bandaríkjanna eftir niðurstöðu Hæstaréttar. Þar var hann handtekinn og fluttur í fangelsi í Maricopa-sýslu og sat inni meðan mál hans var rekið fyrir dómstólum. Hann fékk vægan dóm, ekki síst vegna þess að hann gaf sig sjálfviljugur fram og var látinn laus strax eftir að dómur féll.

## Dómsmál sem tengjast Arpaio

- Árið 1999 setti Arpaio bann við því að fangar hefðu klám undir höndum eftir að kvenkyns fangaverðir kvörtuðu yfir því að fangarnir snertu sig fyrir framan þær. Bannið var kært á grundvelli fyrsta viðauka stjórnarskrár Bandaríkjanna en áfrýjunardómstóll felldi kæruna niður.
- Á árunum 2004 til 2007 var Arpaio kærður 2.150 sinnum fyrir illa meðferð fanga í fangelsum Maricopa-sýslu.
- Maricopa-sýsla hefur þurft að greiða fjölskyldum fanga sem dóu í fangelsum sýslunnar undir stjórn Arpaios 43 milljónir Bandaríkjadala í bætur.
- Í tilfelli Brians Crenshaw, sem lést í fangelsi eftir að fangaverðir réðust á hann árið 2003, var lögreglustjóraembættinu gert að greiða tvær milljónir Bandaríkjadala í bætur. Saksóknari hélt því fram að embætti Arpaios hefði eyðilagt sönnunargögn í málinu.
- Lögreglustjóraembættið þurfti að greiða Richard Post, hreyfihömluðum fanga sem fangaverðir hálsbrutu, 800.000 Bandaríkjadali í bætur árið 1996.
- Embættið þurfti að greiða tveimur blaðamönnum Phoenix New Times 3,75 milljónir Bandaríkjadala í bætur eftir ólögmæta handtöku þeirra. Var blaðamönnunum gefið að sök að hafa birt dómsskjöl sem þeir máttu ekki birta. Um var að ræða stefnu frá lögreglustjóraembættinu vegna fréttar þar sem heimilisfang Arpaios var birt.



**Joe Arpaio var hress þegar hann kom fram á stuðningsmannafundi fyrir Donald Trump í kosningabaráttunni í fyrra.** NORDICPHOTOS/AFP




brimborg
Öruggur staður til að vera á
Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík
Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri
mazda.is




**Notalegheit ofar öllu**
Fátt er skemmtilegra en að kanna framandi slóðir með vinum. Ævintýrin bíða í erlendri stórborg með nýjum veitingahúsum, verslunum og skemmtistöðum. Njótið samverunnar alla leið – það er alltaf kósíkvöld um borð hjá okkur.

+ www.icelandair.is



Þú hefur aðgang að persónulegu
afþreyingarkerfi á öllum flugleiðum.

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 83727

# Tekin í bólinu



**Kristín Þorsteinsdóttir**
kristin@frettabladid.is

Einkareknir fjölmiðlar sigla ekki lygnan sjó. Heimurinn minnkar og samkeppnin um takmarkaðar tekjur kemur úr öllum áttum. Á sama tíma hygla yfirvöld Ríkisútvarpinu, sem aldrei fyrr.

Samkvæmt fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er ekki von á breytingu. Framlög til „fjölmiðlunar“ eiga að hækka um allt að fjórðung á árunum 2018 til 2022. Hækkunin rennur óskipt til Ríkisútvarpsins, því ekki er öðrum til að dreifa. Ríkisfyrirtækið nýtir þetta forskot til yfirboða á markaði með tæplega 6 milljarða króna árlegri meðgjöf.

Þrátt fyrir tal um afmarkað hlutverk hefur Ríkisútvarpið flækst inn á umráðasvæði einkamiðla og látið samkeppnissjónarmið ráða rekstrinum. Sennilega er það óhjákvæmilegur fylgifiskur þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði. Til að freista auglýsenda, keppir RÚV við einkaaðila um hvers kyns afþreyingu.

Afleiðingin er ekki bara minni auglýsingapottur fyrir einkamiðlana, heldur þurfa þeir í ofanálag að kyngja hærra verði á dagskrárefni vegna yfirboða RÚV.

Sjónarmiðið, að jafnvægi þurfi að ríkja á fjölmiðlamarkaði, er hunsað. Sjálfstætt starfandi fjölmiðlum eru ekki sköpuð réttlát skilyrði. Ríkisrisi á ekki að þrengja að einkamiðlum. Ríkisútvarpið þarf að skerpa sérstöðu sína og skilgreint hlutverk, í orði og á borði.

Samkeppni við ríkisrisa sem getur endalaust sótt í almannasjóði verður aldrei heilbrigð nema skýrar reglur séu virtar.

Engu er líkara en stjórnarherrarnir átti sig ekki á þessu. Þeir bregðast einkareknum fjölmiðlum æ ofan í æ með dekri sínu við Ríkisútvarpið – þvert á fyrirheit margra þeirra um að standa vörð um frjálsa fjölmiðlun, til viðhalds lýðræðinu eins og sagt er á tyllidögum. Þetta er afleitt því þróttmiklir og fjölbreyttir fjölmiðlar tryggja lýðræðið. Um þá ber löggjafanum að standa vörð.

Í því ljósi setti Illugi Gunnarsson, fyrrverandi menntamálaráðherra, á fót nefnd, sem átti að jafna leikinn. Nefndin átti að skila tillögum fyrir langalöngu. Ekkert bólar á tillögunum. Af svörum að dæma er óvíst hvenær eða yfirhöfuð hvort búast má við niðurstöðu frá nefndinni.

Með líku lagi endurspeglast andvaraleysið í því að formaður Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, sem hefur það hlutverk að fjalla um stöðu fjölmiðla, skuli tísta og óska eftir vefslóð að ólöglegu streymi að boxbardaga Conors McGregor og Floyds Mayweather – dagskrárefni sem Stöð 2 hafði keypt einkarétt á dýrum dómum.

Í mörgum löndum hefði þingmaður þurft að taka pokann sinn eftir að hafa orðið uppvís að slíku. En samkvæmt frétt hér í blaðinu sér hún ekki mikla sök hjá sjálfri sér, enda hefði hún beðist afsökunar.

Manneskja í hennar stöðu getur ekki skýlt sér bak við orð eins og hugsunarleysi eða hvatvísi, líkt og hún gerði. Henni hlýtur að hafa verið ljóst hvað hún má og hvað hún má ekki. Formaður sjálfrar þingnefndarinnar sem fjallar um stöðu og hlutverk fjölmiðla. Oft hefur verið talað um trúnaðarbrest af minna tilefni.

Hún lét einfaldlega taka sig í bólinu.

> **Henni hlýtur að hafa verið ljóst hvað hún má og hvað hún má ekki.**

## Gunnar




## Mín skoðun Logi Bergmann



# Hugsum í lausnum

Um daginn sá ég viðtal við leigubílstjóra sem var algjörlega brjálaður (og ég held að það verði enginn jafn brjálaður og pirraður leigubílstjóri) yfir því að borgin byggði ekki upphituð skýli fyrir fólk sem væri að bíða eftir leigubíl. Eins og það væri ekki nóg, þá áttu líka að vera þar öryggisverðir svo hægt væri að hafa hemil á drukknu fólki, fjúkandi í haustlægðunum að bíða eftir að röðin kæmi að því.

Leigubílstjóranum finnst fullkomlega eðlilegt að til þess að fá að kaupa þessa þjónustu eigum við öll að troða okkur á sama stað og bíða og bíða. Eins og það fari stórkostlega vel í alla sem hafa kannski verið aðeins of lengi að hitta mennina.

Hvernig væri bara að byrja á vandanum sjálfum – skorti á leigubílum. Og mig, sem hef reyndar aldrei keyrt leigubíl, langar til að koma með mitt innlegg í þessa umræðu. Leyfum Uber.

### Allt á borðinu

Fyrir þá sem ekki þekkja þá er Uber app sem fólk notar til að panta bíl og fá tilboð í ferðina. Það sér hvernig bíl það er að fá (sem er til dæmis frábært ef mann langar ekki til að mæta á árshátíð í Suzuki Jimny), sér hver er bílstjóri og hvaða einkunn hann hefur fengið hjá öðrum farþegum. Hann mætir svo til þín, þar sem þú ert og þú þarft ekki einu sinni að taka upp kort eða peninga því það er gengið frá því rafrænt þegar þú samþykkir farið.

Einhver myndi segja að þetta snúist um öryggi. En ég myndi halda að Uber væri öruggari. Öll viðskipti eru skráð. Leigubílstjórar eru ekki með pening í bílnum því allt fer í gegnum kort og Paypal. Leigubílstjórar og farþegar fá einkunn og því er hægt að forðast lélega bílstjóra. Til dæmis bílstjóra sem reykja hálfan pakka á dag í bílnum og halda að enginn fatti neitt af því að þeir opna gluggann aðeins. Eða þá sem virðast ekki geta komið bílnum af stað án þess að botna Útvarp Sögu. Á sama hátt geta leigubílstjórar forðast gubbandi fólk á krónísku trúnaðarstigi.

### Einföldum lífið

Það eru fleiri kostir sem fylgja þessu. Allt verður einfaldara. Það þarf ekki margar rándýrar græjur til að tengja sig við stöðina, finna réttu leiðina, posa og allt hitt. Hjá Uber og öðrum sambærilegum leigubílakerfum er nóg að hafa einn síma. Þar er allt sem leigubílstjórinn þarf fyrir viðskiptavininn. Já, eða viðskiptavinina, því það er meira að segja hægt að deila bíl, svona til að gleðja þá sem vilja minnka umferðina.

Þegar þetta er rætt er alltaf talað við leigubílstjóra. Og getiði hvað: Þeim finnst þetta glötuð hugmynd. Og það er svo sem skiljanlegt. Þetta er starfið þeirra og þeir hafa lagt sig fram við að sinna því vel, jafnvel árum saman.

Góðir leigubílstjórar ættu samt ekki að þurfa að óttast neitt. Fólk vill fara með þeim og það er jafnvel hægt að panta uppáhaldsbílstjórann sinn. Leigubílastöðvar myndu ekki hverfa, frekar en annars staðar þar sem þjónusta eins og Uber hefur skotið rótum. Margir vilja frekar panta bíl með gamla laginu og kunna kannski ekki alveg á svona nýmóðins öpp. En við myndum fá samkeppni í þennan bransa, sem hlýtur bara að vera góð hugmynd. Og svona kerfi eru mjög ferðamannavæn þannig að við myndum ekki þurfa að horfa á vesalings útlendingana rogast með töskurnar sínar út um allt, bara af því að þeir hafa ekki heyrt auglýsinguna með Flosa Ólafs.

Því miður er ég ekki viss um að við séum tilbúin fyrir svona frjálslyndi. Kannski að hluta til vegna þess að leigubílstjórar hafa í gegnum tíðina sýnt að þeir eru merkilega öflugur þrýstihópur. Ef til vill óttast stjórnmálamenn hreinlega að lenda á grautfúlum leigubílstjóra. En kannski er ástæðan einfaldlega sú að það er frekar ólíklegt að rekast á pólitíkus um miðja nótt í leigubílaröðinni.




FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



KRÓNAN
Bænda markaður
Hjá bónda í gær hjá okkur í dag!
249 kr. kg
Íslenskt hvítkál
579 kr. kg
Íslenskt blómkál og spergilkál
249 kr. pk.
Íslenskir kirsuberjatómatar, 250 g



Tryggvi Snær Hlinason með Jóni Arnóri Stefánssyni sem átti hvað stærstan þátt í að koma Bárðdælingnum til Valencia á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Gaman að fá smjörþefinn

**Tryggvi Snær Hlinason hefur slegið í gegn í sumar og margir eru á því að forráðamenn Valencia hafi heldur betur dottið í lukkupottinn þegar þeir treystu góðum ráðum frá Jóni Arnóri Stefánssyni og sömdu við íslenska sveitastrákinn fyrir þetta sumar. Jón Arnór er efnilegur umboðsmaður að mati Tryggva.**

**KÖRFUBOLTI** Miðherjinn Tryggvi Snær Hlinason hefur vakið heimsathygli fyrir frammistöðu sína með íslensku landsliðunum í sumar. Hann var meðal annars valinn í úrvalslið EM 20 ára liða í júlí og skoraði 19 stig á móti NBA-miðherja Litháens í ágúst. Miðherjinn efnilegi er kominn inn á borð NBA-njósnara og spekúlanta sem sjá hann margir fyrir sér í NBA-deildinni í framtíðinni.

Það er gott að eiga góða að þegar þú ert að stíga fyrstu skrefin í atvinnumennsku og Jón Arnór Stefánsson gefur ekki bara stoðsendingar á Tryggva inni á vellinum. Hann átti eina frábæra stoðsendingu á Bárðdælinginn þegar hann kom honum inn á borð hjá spænska stórliðinu Valencia.

„Hann var tæknilega séð auglýsingin mín. Hann kom með nafnið mitt þangað inn á borðið, vann í þessu ferli og svo var ég allt í einu kominn þangað,“ segir Tryggvi. Eftir frábært sumar hefur áhugi á stráknum aukist og Valencia-menn gætu ekki verið ánægðari með samninginn við Tryggva.

„Þeir eru mjög sáttir við sumarið hjá mér og að sjá hvað ég er búinn að breytast mikið síðustu mánuði. Það er geggjað að fá athyglina. Ég var að tala við þá fyrir tveimur dögum og þá voru þeir að segja til hamingju með allt sumarið og hvað er búið að ganga vel,“ segir Tryggvi.

### Umboðsmaðurinn Jón Arnór

Jón Arnór Stefánsson fékk nefnilega aðeins að kynnast mögulegu framtíðarstarfi sínu í sumar þegar hann hafði milligöngu um að efnilegasti körfuboltamaður landsins endaði í spænska úrvalsdeildarliðinu Valencia.

„Þeir eru mjög spenntir að fá hann, ég veit það. Þeir fylgjast rosalega vel með honum og ég fæ reglulega símtöl og skilaboð um hann,“ segir Jón Arnór sem ætti að geta gefið Tryggva dýrmæt ráð.

„Það eru spennandi tímar fram undan hjá honum en mikil og hörð vinna líka, fyrst og fremst sem hann þarf að tileinka sér til að ná langt í þessu. Þetta er bara byrjunin á þessu öllu saman og hann þarf að vera duglegur,“ segir Jón Arnór. En er hann sjálfur að detta inn í umboðsmannastarfið á næstunni?

„Þú þarft að vera mjög óeigingjarn til að taka að þér svoleiðis starf. Ég er ennþá bara að spila en ég hefði alveg áhuga á því að stíga skrefið í átt að einhvers konar umboðsmennsku eftir að ferlinum lýkur,“ segir Jón Arnór en það gæti leynst umboðsmaður í honum.

„Það var gaman að fá smjörþefinn af því með Tryggva. Ég hjálpaði honum og kom honum í samband við mína umboðsmenn á stórri umboðsskrifstofu í þessum bransa, sem er mikilvægt að hafa. Þetta er ákvörðunartaka allan tímann og þú tekur annaðhvort réttar eða rangar ákvarðanir og það getur mótað það algjörlega hvert þú ferð og hvernig ferillinn mun líta út,“ segir Jón.

### Ég var lánsamur

Jón Arnór á að baki flottan atvinnumannsferil en er nú kominn heim og spilar með KR. Á hans síðasta tímabili úti í Evrópu spilaði hann með Valencia veturinn 2015-16. Síðasta tímabilið var hans fjórtánda í annaðhvort Evrópu eða NBA og alls lék hann í fimm löndum á þessum tíma.

„Ég var lánsamur að taka réttar ákvarðanir og það væri æðislegt að geta hjálpað einhverjum öðrum að gera slíkt hið sama,“ segir Jón.

Tryggvi hefur trú á því að Jón geti fundið sig vel í þessu umboðsmannastarfi í framtíðinni. „Ég myndi segja að hann væri besti Íslendingurinn í það í dag. Ég þekki umboðsheiminn samt svo lítið að ég þori ekki að gefa neina almennilega skýrslu um það. Hann er með mjög flottan og stígandi feril eins og maður vill hafa. Ferill hans hefur líka verið frekar stöðugur,“ segir Tryggvi.

Ísland mætir Póllandi í dag og Frakklandi á morgun á Evrópumótinu í Helsinki. Þetta eru mjög sterkir mótherjar en fyrir fram eygja menn aðeins meiri möguleika á móti Póllandi í dag. **ooj@frettabladid.is**

## Ætlum að reyna að sækja hratt á þá



Baráttuhundurinn Hlynur Bæringsson er klár í leikinn gegn Pólverjum í dag og löngu búinn að hrista af sér vonbrigðin gegn Grikkjum.

„Pólverjarnir eru með öðruvísi lið. Ekki eins sterkt lið og Grikkir þó svo þeir séu mjög góðir. Við ætlum að reyna að sækja hratt á þá. Koma sumum leikmönnum þeirra í vandræði með því að keyra upp hraðann,“ segir Hlynur en að sama skapi verður íslenska liðið að þétta varnarleikinn.

„Við megum alls ekki fá mikið af stigum á okkur úr hraðaupphlaupum. Við verðum að passa það. Þetta pólska lið hentar okkur ágætlega. Þetta eru miklir íþróttamenn í bland við hæga stóra menn. Við förum nokkuð brattir í þennan leik og fullir sjálfstrausts.“

> Hann kom með nafnið mitt þangað inn á borðið, vann í þessu ferli og svo var ég allt í einu kominn þangað.
>
> Tryggvi Snær Hlinason

## EM í körfubolta



Spánverjar hófu titilvörnina á EM með því að rústa Svartfellingum, 99-60 í C-riðli. Willy Hernangomez var atkvæðamestur Spánverja með 18 stig og níu fráköst og Gasol-bræðurnir, Pau og Marc, skoruðu samtals 19 stig. Spænska liðið var með lygilega þriggja stiga nýtingu í leiknum í gær, eða 64,7%.

### Úrslit

**C-riðill**

| | |
|---|---|
| Spánn - Svartfjallal. | 99-60 |
| Rúmenía - Tékkland | 68-83 |
| Ungverjal. - Króatía | 58-67 |

**D-riðill**

| | |
|---|---|
| Belgía - Bretland | 103-90 |
| Serbía - Lettland | 92-82 |
| Tyrkland - Rússland | 73-76 |

ÓLAFÍA KOMST ÁFRAM

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir komst í gegnum niðurskurðinn á Cambia Portland Classic-mótinu sem er hluti af LPGA-mótaröðinni. Ólafía lék annan hringinn á pari vallarins en hún var á tveimur höggum undir pari eftir fyrsta daginn. Ólafía byrjaði ekki vel og fékk skramba á 4. holu. Hún var hins vegar fljót að rétta sig af með þremur fuglum í röð. Ólafía fékk alls fjóra fugla, tvo skolla, einn skramba og 11 pör á hringnum í gær. Keppni heldur áfram á morgun.



### Helgin

**Laugardagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 08.55 | F1: Æfing | Sport |
| 11.50 | F1: Tímataka | Sport |
| 15.50 | Georgía - Írland | Sport |
| 15.50 | Albanía - Liechten. | Sport 3 |
| 15.50 | Serbía - Moldóva | Sport 2 |
| 18.35 | Úkraína - Tyrkland | Sport 2 |
| 18.35 | Króatía - Kósóvó | Sport 3 |
| 18.35 | Spánn - Ítalía | Sport |
| 19.00 | UFC Fight Night | Sport 4 |
| 19.00 | Dell Championsh. | Golfst. |
| 20.45 | HM markasyrpa | Sport |
| 22.00 | Finnland - Ísland | Sport |
| 22.30 | Cambia Classic | Golfst. |

**Sunnudagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 11.30 | F1: Keppni | Sport |
| 15.50 | Færeyjar - Andorra | Sport 3 |
| 15.50 | H-Rússland - Svíþjóð | Sport 2 |
| 15.50 | Holland - Búlgaría | Sport |
| 17.00 | Dell Championsh. | Golfst. |
| 18.35 | Ungverjal. - Portúgal | Sport 2 |
| 18.35 | Grikkland - Belgía | Sport 3 |
| 18.35 | Frakkland - Lúxemb. | Sport |
| 20.45 | HM markasyrpa | Sport |
| 21.00 | Cambia Classic | Golfst. |




ENNEMM / SÍA / NM83722 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

**Nýr Hyundai Tucson** er einstaklega fallegur, sjálfskiptur, framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Tucson með fimm ára ábyrgð. **Hyundai Tucson - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 4.990.000 kr.**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestafl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

# Þurfum að byrja betur og sækja hraðar

**Ísland verður að vinna Finnland í dag til að eiga möguleika á að komast á HM í Rússlandi næsta sumar. Þetta eru þjálfarar og leikmenn íslenska liðsins sammála um. Leikurinn ytra fer fram í Tampere í dag.**



Gylfi Þór Sigurðsson var einbeitingin uppmáluð á æfingu íslenska liðsins í Tampere í gær. Ísland vann Finnland á Laugardalsvellinum fyrir ári og þarf að endurtaka leikinn í dag til að halda í vonina um að komast á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Við þurfum að byrja af krafti og skora fyrsta markið. Ef þeir byrja eins og síðast og ná að skora, þá verður þetta erfitt.
>
> Gylfi Þór Sigurðsson

**FÓTBOLTI** Eftir frækinn sigur á Króatíu í byrjun sumars standa strákarnir okkar vel að vígi í baráttunni um sæti á HM í Rússlandi næsta sumar. Ísland og Króatía eru jöfn að stigum í efsta sæti riðilsins en sigurvegari hans fer beint til Rússlands. Líklegt er að annað sæti riðilsins dugi til að komast í umspilsleiki í nóvember.

Landsliðið hefur verið saman í Finnlandi síðan á mánudag. Fyrstu dagana æfði það í Helsinki en hélt svo til Tampere á fimmtudag, þar sem leikurinn fer fram klukkan 16.00 í dag. Finnar eru í sárum eftir slæmt gengi í riðlinum en þeir eru með aðeins eitt stig að loknum sex leikjum. Það hefur allt gengið á afturfótunum og líklega er sárast tapið gegn Íslandi á Laugardalsvelli í fyrra, er Finnar misstu niður 2-1 forystu á lokamínútunum og fengu á sig afar umdeilt sigurmark.

Heimir Hallgrímsson segir þó að það sé annar bragur á íslenska liðinu í dag en fyrir ári, er strákarnir okkar voru enn að ná áttum eftir magnað sumar og frábært gengi á EM í Frakklandi.

„Það er höfuðverkur að velja liðið núna. Hópurinn er jafnari en áður og margir sem gera tilkall til þess að spila. Það góða er að margir hafa verið að spila vel með sínum félagsliðum. Þetta er því góður hausverkur,“ sagði Heimir Hallgrímsson við íþróttadeild í gær.

**Betri en fyrir ári**

Finnska liðið leyfði íslenska liðinu að vera með boltann í fyrri leik liðanna og beitti skyndisóknum með góðum árangri. „Þeir voru með fimm manna vörn og var erfitt að brjóta þá niður. Þeir gáfu okkur líka tíma með boltann og var Ísland með boltann í 70 prósent tímans í landsleik, sem hefur líklega ekki gerst áður. Við kunnum ekki að fara með það.“

Hann segir að það sé annar bragur á finnska liðinu nú en fyrir ári. Það var skipt um landsliðsþjálfara í desember og eins og Heimir bendir á eru yngri og frískari menn í liðinu. „Þeir hafa engu að tapa og verða mun ákveðnari fram á við en þeir voru í leiknum á Íslandi. Við verðum því að vera við öllu búnir,“ segir hann.

Aron Einar Gunnarsson landsliðsfyrirliði reiknar með baráttuleik. Það sé mikill hugur í Finnum þrátt fyrir erfiða stöðu í riðlinum. „Þeir eru skipulagðir og þéttir til baka þegar þeir vilja það. Þeir eru betri nú en fyrir ári og munu ekki gefa okkur neitt eftir,“ segir hann.

**Verðum að skora fyrst**

Gylfi Þór Sigurðsson segir eins og allir í íslenska liðinu að það ætli sér sigur í dag, enda markmiðið að fara til Rússlands næsta sumar. Minnugur leiksins í fyrra sé ljóst að strákarnir þurfi að vera á tánum í dag.

„Við þurfum að byrja af krafti og skora fyrsta markið. Ef þeir byrja eins og síðast og ná að skora, þá verður þetta erfitt. Þeir munu falla í vörn og leggja ofurkapp á að verjast. Markmiðið hjá okkur er því að spila betri sóknarleik en síðast og byrja leikinn mun betur.“

Síðar í kvöld tekur Króatía á móti Kósóvó í sama riðli og Úkraína mætir Tyrklandi í hálfgerðum úrslitaleik um hvort liðið ætli að blanda sér í toppbaráttu riðilsins á lokasprettinum. eirikur@365.is



# GÆÐI SKIPTA OKKUR HÖFUÐMÁLI

**Ölgerðin harmar þau atvik sem upp hafa komið vegna yfirþrýstings sem myndast hefur í Floridana ávaxtasöfum í plastflöskum og undirstrikar að málið er tekið mjög alvarlega.** Ljóst er að slysahætta getur verið af Floridana safa í plastflöskum og hvetur Ölgerðin neytendur sem hafa slíkar umbúðir undir höndum að kanna hvort að flaskan sé með yfirþrýstingi. Það er nægilegt að kreista flöskuna í því skyni – ef hún er hörð ber að fara varlega við opnun.

Farið var í allsherjarinnköllun á vörunni, Heilbrigðiseftirlitið upplýst um stöðuna og öllum steinum er snúið í ítarlegri greiningu á því hvað veldur því að tilfelli sem þessi komi upp. Haft hefur verið samband við erlendan framleiðanda umbúða og tækjabúnaður og framleiðsluferli er grandskoðað, svo eitthvað sé nefnt.

---

Þá hefur verið ákveðið að stækka leiðbeiningar á miðum Floridana ávaxtasafa og minna á að þetta er viðkvæm kælivara sem ber að meðhöndla sem slíka, en yfirþrýstingur sem þessi myndast þegar varan er ekki geymd við réttar aðstæður.

---

**Þeir sem eru með Floridana plastflöskur heima hjá sér eru velkomnir í Ölgerðina, Grjóthálsi 7-11 til að skila vörunni og fá nýjan Floridana safa í fernum.**

---

**Gæði skipta okkur höfuðmáli og Ölgerðin mun aldrei gefa eftir í þeim efnum.**

**Það er okkar loforð.**

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON




## AIR
Borðstofuborð. Hvítt með svörtum löppum eða svart Linoleum með viðarlitum löppum. Stærð: 100 x 205 x 75 cm.

**89.990 kr.** ~~139.990 kr.~~



## STORY
Borðstofustóll, svört eða grá skel og fætur og grátt áklæði í setu.

**9.990 kr.** ~~13.990 kr.~~






## BELINA
Borðstofuborð, viður/hvítt.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**79.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

**1.** RikkiTikki fílar, margar gerðir og stærðir. Verð frá (5 cm) **1.490 kr.** **2.** Veggrósettur með klassísku mynstri frá Sophia, margar stærðir og litir. Verð frá **3.990 kr.** **3.** VanillaFly hauskúpa úr járni, svört **16.990 kr.** **4.** Hugsuðurinn, frá Sophia, nokkrir litir **11.990 kr.** **5.** VanillaFly járnhestur 23 x 18 cm **12.990 kr.** **6.** Broste nordic sea tebolli og undirskál **2.190 kr.**



## CAZAR
Skemmtilegur hægindastóll.
Svart PU-leður.

**16.990 kr.** ~~19.990 kr.~~



## SPAN
Grænt eða svart leður. Eikar lappir.
Til svartur með svörtum löppum

**99.990 kr.** ~~159.990 kr.~~



## FRIDAY
Nettur sjónvarpssófi með kósíhorni.
Hægri eða vinstri. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 325 × 185 × 90 cm

**179.990 kr.** ~~259.990 kr.~~



## OSAKA
Bakborð með tveimur skúffum.
Grind úr eik. Hvít plata og skúffur.
Stærð: 117 x 40 H: 76 cm.

**29.990 kr.** ~~49.990 kr.~~



## GANIC
Sófaborðasett. Tvö borð.
Svart með hvítri plötu.
Stærð: 130 x 73 H:45 cm

**49.990 kr.** ~~59.990 kr.~~




# Ævintýralegt haust í Höllinni

## Skoðaðu úrvalið í blaðinu okkar



### CITY BUTTERFLY

Einstakur hægindastóll. Koníaks-brúnt leður og svört stálgrind.

**39.990 kr.** ~~49.990 kr.~~

### DC 6000

Sérlega vandaður leður-sófi. Svart áferðarfallegt Savoy split leður.

2,5 sæta: 193 × 99 × 83 cm

**239.990 kr.**

~~299.990 kr.~~

3ja sæta: 229 × 99 × 83 cm

**269.990 kr.**

~~339.990 kr.~~




### CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 231 × 140 × 81 cm

**89.990 kr.** ~~119.990 kr.~~







**Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is**

HÚSGAGNA HÖLLIN




Stuðningslið Martins Hermannssonar, með Margréti fyrir miðju, tekur dágott pláss á áhorfendapöllunum í Helsinki. Margir fjölskyldumeðlimir eru mættir til borgarinnar. Frá vinstri: Martin og Margrét, Hergeir, Stína, Elías, Anna María kærasta Martins, Hertha tengdamamma hans, Hörður, Anna Margrét systir Martins, og Hermann faðir Martins, Arnór og Rósa. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Íslendingar áberandi í Helsinki

Í dag fara á annað þúsund Íslendinga beint af körfuboltaleik á EM í Helsinki á landsleik í fótbolta gegn Finnum í Tampere. Þeir troðfylla lestina þangað. Landsliðsmenn og stuðningsfólk vekja mjög mikla athygli í Helsinki.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Þetta verður langur og strangur dagur í dag," segir Margrét Elíasdóttir, ritari hjá KSÍ og móðir Martins Hermannssonar í körfuboltalandsliðinu sem nú keppir á EM í Helsinki í Finnlandi. Rúmlega tvö þúsund Íslendingar eru staddir þar í landi, bæði til að styðja körfuboltalandsliðið og karlalandsliðið í fótbolta sem etur kappi við finnska landsliðið í dag.

Margrét og stuðningslið munu mæta snemma á leikvanginn. „Við mætum tímanlega, það er gaman að vera komin í höllina til að byggja upp stemningu. Svo er stefnan að fara beint á fótboltaleikinn. Ég þarf líka að útrétta sem starfsmaður KSÍ, svo þetta verður lengra og strangara fyrir vikið," segir hún.

Í miðborg Helsinki er vel greinanlegt að Íslendingar eru mættir. „Um það bil 1.200 Íslendingar fara beint af körfuboltaleiknum á landsleikinn í fótbolta frá Helsinki til Tampere. Átta hundruð Íslendingar fylla lestina til Tampere, það er bara orðið uppselt," segir hún og hlær.

Íslendingarnir eru áberandi í Helsinki að sögn Margrétar. „Ég var á gangi um miðborgina og það eru Íslendingar á hverju horni. Þeir setja svo sannarlega svip sinn á Helsinki þessa dagana. Strákarnir í körfuboltalandsliðinu fóru að versla í gær og vöktu mikla athygli. Þeir voru myndaðir í bak og fyrir," segir hún frá.

> ÉG VAR Á GANGI UM MIÐBORGINA OG ÞAÐ ERU ÍSLENDINGAR Á HVERJU HORNI.

Margrét hefur verið á ferð og flugi, bæði sem starfsmaður KSÍ og sem móðir í stuðningshlutverki. „Nú er ég reynslunni ríkari eftir að hafa verið í Hollandi í sumar með stelpunum og í Frakklandi í fyrra. Þetta er svo gaman, það myndast alltaf einstök stemning. Allir glaðir og í sama gírnum. Jafnvel þótt leikirnir fari ekki alltaf eins og maður vill. Þetta er einstakt að finna, hvað við getum verið samheldin þegar á reynir," segir Margrét.

## Um helgina, af hverju ekki að …

### VERA PLASTLAUS

Nú er hafið átakið: Plastlaus september. Sleppum innkaupapokum úr plasti og notum eingöngu margnota poka. Þá er ekki slæmt ef hægt er að styrkja gott málefni í leiðinni. Félagasamtökin Tau frá Tógó styrkja heimili fyrir munaðarlaus börn í Tógó með sölu á tauinnkaupapoka sem er seldur í Melabúðinni án álagningar.



### SKRIFAR MEISTARARITGERÐ

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks, verður einbeitt alla helgina. „Ég verð uppi á skrifstofu að vinna í meistararitgerðinni minni í lögfræði alla helgina," segir þingmaðurinn.





### AÐ HITTA CLAES BANG

Í kvöld verður frumsýnd kvikmyndin The Square í leikstjórn Rubens Östlund í Bíó Paradís. Myndin skartar Claes Bang í aðalhlutverki og verður hann viðstaddur frumsýninguna.

### MÖMMUHÓPUR OG VINNA Á SUNNUDEGI

„Ég ætla að hitta mömmuhópinn minn í dag. Á sunnudag verð ég að vinna því ég er að fá nýjar vörur frá Maybelline og L'Oréal," segir Erna Hrund Hermannsdóttir hjá Ölgerðinni.










**Laugavegur 77**
Glæsilegt skrifstofuhúsnæði í alfaraleið

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði til leigu á besta stað í miðbænum, á Laugavegi 77. Vandað hús með stigagangi og lyftu. Öll fjórða hæðin er til leigu (956 $m^2$) en einnig er mögulegt að leigja hálfa hæðina (570 $m^2$). Möguleiki er að Reitir endurinnrétti hæðina eða breyti þannig að skipulag henti nýjum leigjanda.

# TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á **www.reitir.is** og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR
*Velkomin til starfa*

# Markvisst niðurbrot á fólki

**Margrét Helga Jóhannsdóttir** á að baki glæstan feril í leikhúsi og kvikmyndum. Hún segist hafa verið hrakfallabálkur alla tíð, að henni hafi tæpast verið ætlað verða leikkona og nú sé svo komið að henni sé meinað að vinna.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Fyrir nokkrum árum byrjaði ég að horfa á fótbolta og heillaðist af heildinni. Af þessu kerfi og samspili þar sem hver hlekkur í keðjunni er jafn mikilvægur og sá næsti og þó svo sá sem skorar markið sé hetjan þá er hann ekkert án meðspilara sinna. Þetta er leikur heildarinnar og samspilsins alveg eins og leikhúsið,“ segir Margét Helga Jóhannsdóttir leikkona sem á að baki magnaðan feril í íslensku leikhúsi og kvikmyndum um áratuga skeið.

Þessi áhugi Margrétar Helgu á fótbolta og samanburðurinn við leikhúsið lýsir líka vel bæði henni og hugmyndum hennar um listina, enda minnir hún blaðamanninn á eitt atriði að viðtalinu loknu: „Þú verður bara að gæta þess að það sé ekkert sjálfhól í þessu, ég þoli ekki slíkt. Það hafa margir miklu betri leikarar en ég komið og farið úr leikhúsinu án þess að fá sanngjörn tækifæri. Ég hef verið heppin og þetta hefur komið til mín þó svo að fyrstu árin hafi þetta ekki átt að verða.“

**Hrakfallabálkur**

Margrét Helga byrjaði að leika strax í barnaskóla og þá þótti henni skrýtið hvað hún var alltaf stressuð að leika fyrir framan fólk andstætt hinum krökkunum. Seinna lá leiðin í Leikfélag Mosfellsbæjar þar sem hún lék þrjú stór hlutverk á jafn mörgum árum og í framhaldinu ákvað hún að þreyta inntökupróf í Þjóðleikhússkólann.

„Þegar ég var búin að undirbúa mig fyrir það þá datt ég niður stiga og braut hitt og þetta, ég er nefnilega hrakfallabálkur, þannig að það stoppaði mig af. En svo fór ég inn tveimur árum seinna en þá varð ég ófrísk og hætti í sex ár. Þannig að ég átti aldrei að verða leikari. Enda ætlaði ég að hætta á þessum tíma þegar ég var heima með börnin og ég er bara þannig að ég var mjög upptekin af hreiðurgerðinni. Á þeim tíma ætlaði ég að fara að verða eins og annað fólk en það hefur nú alltaf mistekist í hvert skipti sem ég hef reynt það.

En þarna var ég búin með fyrsta bekk í skólanum og svo fór ég í píanótíma og eins í útvarpið og var þar að velja lög í þátt sem hét Þetta vil ég heyra. Þá sá ég á göngunum fullt af þessum krökkum sem voru í skólanum, þau voru að leika í útvarpsleikriti, og þá bara hugsaði ég með mér: Þau eru ekkert betri en ég. Þannig að ég keyrði beint út á Mela til Guðlaugs Rósinkranz og spurði hvort það væri möguleiki að þreyta próf upp í þriðja bekk því í millitíðinni var búið að lengja þetta um eitt ár. Hann var svo ljúfur og það var haldinn fundur með kennurunum og ég hafði svo sem heilmikið þroskast á þessum tíma og var búin að fást við ýmislegt. En Guðlaugur gerði þetta fyrir mig og ég kom inn með nýjum hóp sem var hörkuduglegur.

Þannig var þetta, það komu alltaf einhverjar girðingar en ég hélt áfram. Átti samt aldrei von á því að ég fengi eitthvað að gera enda var ég orðin 27 ára þriggja barna móðir þegar ég útskrifaðist og alltaf var ég nervus við að fara á svið. Það breyttist ekkert.

Ég gat bara ekki hugsað mér að segja þessa setningu sem ég hafði heyrt svo marga segja: Ef ég hefði klárað þetta. Ef ég hefði gert þetta. Og svo finnst jafnvel börnum þessara einstaklinga að þau beri ábyrgð á því að hafa stoppað ferilinn eða eitthvað slíkt og það vildi ég ekki. Þannig að númer eitt var að klára þetta og ég fékk strax eitthvað að gera sem kom mér satt best að segja á óvart.

En svo ætlaði ég að hætta fjórum árum seinna, var þá uppi í Þjóðleikhúsi og andinn þannig þá að ég varð fyrir vonbrigðum, svo ég var búin að skrá mig í sjúkraliðann. En þá hringdi Sveinn Einarsson í mig og bauð mér Uglu í Atómstöðinni. Ég hafði lesið þessa bók þegar hún kom út, þá var ég átta ára, og mundi enn eftir kápunni. Mér fannst ég hafa fengið Ólympíuverðlaun, að fá að leika Uglu. Þá hvarf allt annað.“

**ÉG GAT BARA EKKI HUGSAÐ MÉR AÐ SEGJA ÞESSA SETNINGU SEM ÉG HAFÐI HEYRT SVO MARGA SEGJA: EF ÉG HEFÐI KLÁRAÐ ÞETTA.**

**Horfir alltaf fram á við**

Margrét Helga segir að í framhaldinu hafi hún verið áfram niðri í Iðnó en það hafi þó liðið einhver ár áður en hún fékk samning. „Ég þurfti því alltaf að fá mér vinnu á sumrin og svo var þetta mjög illa launað á þessum tíma.

Það rifjast nú stundum upp fyrir mér þegar unga fólkið er að kvarta undan því hvað það er þreytt að þegar maður var búinn að leika á kvöldin fór maður á næturvakt og hugsaði um lamað fólk og svaf svo á meðan börnin voru í skólanum. En um helgar var stokkið á stað eftir leiksýningar og brunað í Austurbæjarbíó til þess að leika miðnætursýningarnar sem við stóðum fyrir til þess að safna fyrir nýju leikhúsi.

Stundum var tæpt að ná á milli og ég man sérstaklega eftir einni sýningu en þá sat ég aftur í leigubílnum á leiðinni en Soffía Jakobsdóttir í framsætinu og ég sá um að festa á hana hárkolluna. Þannig að það gekk oft mikið á en maður var alsæll. Fékk að vera í leikhúsinu með þessu stórkostlega fólki enda ofboðslega heppin með fólkið sem tók á móti mér í Iðnó og ég vann með þar í mörg ár.“

Margét Helga segir að hún hafi aldrei horft mikið um öxl eftir þetta eða séð eftir því að hafa helgað starfsævi sína leikhúsinu. „Nei, ekki frekar en öðrum misviturlegum ákvörðunum sem ég hef tekið í lífinu,“ segir Margrét Helga og skellihlær og bætir við: „Það sem er búið, það er búið. ➡



Margrét Helga Jóhannsdóttir leikkona segir að ef ekki hefði orðið af leiklistarferlinum hefði hún viljað starfa við umönnunarstörf því að hún vilji fara í vinnu til þess að gera eitthvert gagn og sjá árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MÉR FANNST ÉG HAFA FENGIÐ ÓLYMPÍUVERÐLAUN, AÐ FÁ AÐ LEIKA UGLU. ÞÁ HVARF ALLT ANNAÐ.**



# í öllum litum regnbogans

## Komdu í sunnudagaskólann!

**Við byrjum 3. september, nema annað sé tilgreint.**

**Nánar á barnatrú.is**

### Reykjavík, Kópavogur

**ÁRBÆJARKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.arbaejarkirkja.is

**ÁSKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.askirkja.is

**BREIÐHOLTSKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.breidholtskirkja.is

**BÚSTAÐAKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.kirkja.is

**DIGRANESKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.digraneskirkja.is

**DÓMKIRKJAN**
alla sunnudaga kl. 11
Nánar á domkirkjan.is

**FELLA – OG HÓLAKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
www.fellaogholakirkja.is

**GRAFARVOGSKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.grafarvogskirkja.is

**GUÐRÍÐARKIRKJA GRAFARHOLTI**
alla sunnudaga kl. 11:00 frá **10. sept.**
Nánar á www.gudridarkirkja.is

**GRENSÁSKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.kirkjan.is/grensaskirkja

**HALLGRÍMSKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.hallgrímskirkja.is

**HÁTEIGSKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00 frá **10. sept.**
Nánar á www.hateigskirkja.is

**HJALLAKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.hjallakirkja.is

**KÓPAVOGSKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00 frá **10. sept.**
Nánar á www.kopavogskirkja.is

**LAUGARNESKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.laugarneskirkja.is

**LANGHOLTSKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.langholtskirkja.is

**LINDAKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.lindakirkja.is

**NESKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.neskirkja.is

**ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN**
Annan og fjórða sunnudag
hvers mán. kl. 14:00
Nánar á www.ohadisofnudurinn.is

**SELJAKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.seljakirkja.is

### Garðabær og Hafnarfjörður

**ÁSTJARNARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á astjarnarkirkja.is

**BESSASTAÐAKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
í Brekkuskógum 1, 1. sunnudag
hvers mán. í kirkjunni
Nánar á www.bessastadasokn.is

**VÍDALÍNSKIRKJA GARÐABÆ**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.gardasokn.is

**FRÍKIRKJAN HAFNARFIRÐI**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.frikirkja.is

**HAFNARFJARÐARKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is

**VÍÐISTAÐAKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00 frá **10. sept.**
Nánar á www.vidistadakirkja.is

### Mosfellsbær og Seltjarnarnes

**LÁGAFELLSKIRKJA**
Alla sunnudaga  kl. 13:00
Nánar á www.lagafellskirkja.is

**SELTJARNARNESKIRKJA**
alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.seltjarnarneskirkja.is

## Barnastarf kirkjunnar



**Margrét Helga segir að við séum að verða soldið rotin sem þjóðfélag og að hér sé alltaf talað um peninga en aldrei um velferð eða mannúð.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það sem er gert, það er gert. Þannig að ég horfi bara fram á við enda man ég alveg skammarlega lítið. Man vart eftir börnunum mínum litlum því þar er eitthvað í mínu eðli sem gerir það að ég horfi alltaf fram á við. Ég hugsa að mitt uppeldi og mín æska hafi líka átt sinn þátt í því þar sem ég ólst upp mikið á flækingi og var lítið hjá mínu fólki. En samt er ég lítið fyrir að skipuleggja mikið fram í tímann. Þú átt bara daginn í dag. Þetta er það sem maður lærir í dag og kallast núvitund.“ Margrét Helga dokar við og hugsar sitt og bætir svo við: „En ekki þar fyrir að mér er búið að hundleiðast undanfarin ár svona af og til. Ég verð að segja það alveg satt.“

Margrét Helga viðurkennir fúslega að hún hafi stundum hugsað um að gera eitthvað annað og að þá hefði hún kosið að fara í einhvers konar umönnunarstörf. „Ég vil fara í vinnu til þess að gera eitthvert gagn og sjá einhvern árangur. Ég gæti aldrei verið í einhverri svona tölvuvinnu eða slíku sem bara rennur frá mér. Einu sinni var ég þrjár vikur í einhverri verksmiðju með svona spólum og það var ekkert betra ástandið á heilanum á mér en þessu blessaða spólukerfi,“ segir Margrét og brosir út í annað. „Ég bara gat þetta ekki.“

### Grét og straujaði

Þegar talið berst að ferlinum segir Margrét Helga að þar hafi Laxness óneitanlega verið stór áhrifavaldur og sitthvað þaðan sem henni þyki ákaflega vænt um. „Mér þykir til að mynda óhemju vænt um Sigurlínu og eins samleik okkar Gunnu Gísla, það er ein mín dásamlegasta minning.“

Aðspurð hvort það hafi ekki verið sérstakt að vinna í Iðnó þar sem sýningarnar í því litla húsi voru margar hverjar fádæma minnisverðar, eins og Dagur vonar til að mynda, þá segir Margrét Helga að það hafi vissulega verið eftirminnilegt. „Það var ótrúlegt að vinna í því verki. Ég hef unnið töluvert mikið með Stefáni Baldurssyni og hann hefur boðið mér frábær hlutverk en vinnan í Degi vonar er einhver mesta alvöru vinna sem ég hef tekist á við í leikhúsi og er af mörgu góðu að taka. Þetta var erfitt verkefni en stórkostlegt.

Eins var dásamlegt að vinna með Bríeti Héðinsdóttur, vinkonu minni, hún var fádæma klár og skemmtileg kona. Svo minnist ég Abigails Party í leikstjórn Hilmis Snæs Guðnasonar sem var líka eitt af þessum ógleymanlegu æfingatímabilum því það var svo gaman hjá okkur að við gátum vart unnið fyrir hlátri. En í raun eru hlutverkin og árin of mörg til þess að það sé sanngjarnt að taka svona út stök verk.“

> **ÞAÐ KOSTAR AÐ FARA Í VINNU, ÞAÐ KOSTAR AÐ HALDA SÉR Í GÓÐU FORMI TIL AÐ GETA UNNIÐ, OG SVO Á MAÐUR AÐ BORGA MEÐ SÉR FYRIR AÐ FÁ AÐ VINNA. ÞETTA ER GALIÐ. ÉG GET EKKI FARIÐ Á FJÓRA FÆTUR.**

Margrét Helga segir að líf hennar hafi allt markast af sjö ára tímabilum og í einu slíku hafi komið að því að henni hafi fundist hún vera farin að japla í sírópinu. „Ég var alltaf að leika hvunndagshetjur. Ég grét, straujaði og bakaði brauð í öllum leikritum. Ég hafði alltaf haldið því fram að ég gæti líka verið fyndin og farið í falleg föt. Þannig að ég var að reyna að punta mig á frumsýningum til þess að leikstjórarnir gætu séð mig í fallegum fötum en það rauk alveg fram hjá þeim,“ segir Margrét Helga kankvís en heldur ótrauð áfram:

„En svo kom að því að ég fór alein til London, hafði aldrei komið þangað. Þar sá ég 22 leiksýningar á 21 degi. Þetta var eftir að ég fékk borgað fyrir kvikmyndina Kristnihald undir jökli og svo fékk ég líka einhverja viðurkenningarstyrki og ég fór með alla þessa peninga til London og keypti fyrir þá leikhúsmiða og var alveg eins og fjósakonan sem fór út í heim. Þetta var áður en við fórum í Borgarleikhúsið og ég gerði þetta vegna þess að mér fannst að fyrir flutningana þyrfti ég að upplifa þessi stóru leikhús. Fór í National Theatre að sjá stórar Peter Hall sýningar með loftfimleikum og alls konar heillandi leikhús.

Þarna hitti ég konu sem var sýningarstjóri og hún hnippti í mig og sagði: „Það er leikrit hérna sem þú átt að leika.“ Þetta var Shirley Valentine og ég keypti leikritið þó svo það væri ekki í sýningu. En það vildi enginn hlusta á mig þegar ég kom heim. Hver ætti svo sem að nenna að hlusta á einhverja eina kerlingu í tvo og hálfan tíma? Þannig að ég fór til Þrándar Thoroddsen með minn varasjóð og fékk hann til þess að þýða verkið. Byrjaði svo bara ein að læra þetta inni á herbergi, þetta eru einhverjar tæplega 80 síður, þéttskrifað, ansi mikill texti. Hanna Maja tók svo að sér að leikstýra, það var gott að fá hana því við erum ákveðnar andstæður leiklistarlega og svo er hún líka mjög smekkleg og með mikla máltilfinningu. Mér bauðst að fara með þetta upp í Gerðuberg en þá vantaði sýningu í Borgarleikhúsinu og þar var þetta sett upp fyrir smápeninga og ég lék 28 sýningar um vorið, fimm á viku og svo fór þetta aftur upp um haustið og gekk heilar 119 sýningar alls.

Þetta er það sem ég trúi á. Ég er leidd áfram og með því að stökkva á svona tækifæri þá var ég heppin með að það var þörf fyrir mig og þarna fékk ég að vera fyndin og skemmtileg og ekki bara strauja og gráta. Þetta er dásamlegt verk og hún Sigrún Ástrós er þvílíkt skemmtileg kona – ef maður gæti nú verið svona skemmtilegur.“ Því er við að bæta að lesendum er óhætt að taka þau orð blaðamanns trúanleg að leikkonan gefur persónunni ekkert eftir í skemmtilegheitum.

### Þetta geri ég ekki

Eftir farsælan feril í leikhúsi og kvikmyndum er Margrét Helga enn með hugann við framtíðina og segir að hún hafi ekki verið farin að taka lífeyri fyrr en hún var orðin 72 ára en verið að vinna á fullu fram að því. „Eftir það hefur mér boðist vinna í leikhúsinu en bæði hefur það rekist á við annað og svo kemur líka fleira til. Þannig að ég ætla ekkert að gera neitt núna nema að mig langi virkilega til þess því ég er er orðin svo sjálfselsk. Enda verð ég að vera sjálfselsk, það er affarasælast,“ segir Margrét Helga og er óræð á svipinn.

En það sem Margrét Helga hefur verið hvað mest hugsi yfir síðustu misserin er sú staða sem lífeyrisþegar með fulla starfsgetu eru settir í á Íslandi. Hún bendir á að á síðasta ári hafi hún mátt vinna fyrir 109.000 krónum á mánuði eða samtals 1.300 þúsundum yfir árið. „Núna er búið að skerða þetta um heila milljón. Þannig að þú mátt ekki vinna nema fyrir 300.000 yfir árið eða 25.000 á mánuði, það er hálfur dagur ef þú ætlar að fá smið, en eftir það er farið að taka af þér krónu á móti krónu og þá ertu farinn að borga með þér í vinnuna. Það kostar að fara í vinnu, það kostar að halda sér í góðu formi til að geta unnið, og svo á maður að borga með sér fyrir að fá að vinna. Þetta er galið. Ég get ekki farið á fjóra fætur. Ég get það ekki því ég er það stéttvís að ég sætti mig ekki við þetta.“

Margrét Helga segist vera hugsi yfir þessari stöðu lífeyrisþega. „Það er enginn sem græðir. Allir tapa. Af hverju má maður ekki vinna og borga 40 prósent í tekjuskatt? Það er fullt af fólki sem vill halda sjálfsvirðingu en ekki láta segja sér að það sé orðið gamalt og ónýtt. Fullt af fólki sem hefur gaman af því að fara í vinnu á morgnana, sama hver vinnan er, og leggjast á koddann á kvöldin búið að skila sínu dagsverki. Ég er viss um að þetta mundi minnka lyfjanotkun og niðurbrot á fólki og það vantar alls staðar fólk. Mér finnst það sorglegt að fólk sem hefur skilað veglegu lífshlaupi sé að betla svarta vinnu á lágu kaupi af því að það langar til þess að fara á fætur á morgnana og fara til vinnu. Vera þarft.“

### Lætur sig dreyma

Margréti Helgu er mikið niðri fyrir með þetta mál og hún bendir á að þetta sé í raun markvisst niðurbrot á fólki. „Það eru nýjar rannsóknir sem sýna að það er fátt jafn óhollt. Það er auðvitað óhollt að reykja og borða óhollan mat en óhollastur af öllu er einmanaleikinn. Eitt er að þurfa einveru og ég hef mína þörf eins og svo margir fyrir það að vera ein, en það er allt annar hlutur, þarna er verið að dæma fólk til einangrunar. Það er í raun verið að segja manni það opinberlega að maður sé einskis nýtur.

Ég er ekkert að segja að allir eigi að vinna og sumir vilja það ekkert en það á vera val hvers og eins. Það er alltaf talað um peninga en aldrei um velferð eða mannúð. Þetta er afleit þróun og við erum að verða soldið rotin sem samfélag. Í gamla daga var gamalt fólk kallað vitringar og það var litið upp til þess. En hérna erum við eins og H&M þar sem það kemur ný tíska oft ári og þá er öllu öðru hent. Við erum einnota umbúða þjóðfélag.“

Margrét Helga segir að á síðasta ári hafi hún fengið að leika í Föngum og taka laun fyrir það. „Núna er verið að skrifa áframhald og ef til kemur verð ég ekkert í því að óbreyttu og mér finnst það leitt vegna þess að það er gaman að vinna með þessu yndislega fólki.

Af hverju má fólk ekki vinna og vera virkt í samfélaginu? Óttarr Proppé sagði að það þyrfti að vera með fyrirbyggjandi aðgerðir, til þess að fólk yfir áttrætt geti verið eitt heima hjá sér og ég hef velt því fyrir mér hvernig þetta er hugsað. Fyrirgefðu, en ég er úr sveit og mér finnst þetta bara vera eins og sena úr áramótaskaupi.“

Margrét Helga minnir á að það er gaman að láta sig dreyma og það breytist ekkert með aldrinum. „Kannski er þetta eitthvað sem rætist aldrei en það gerir ekkert til. En að taka burtu framtíðina frá fólki og segja því að það sé ónýtt er ekki rétt,“ segir hún og bætir við að það sé allt of margt í samfélagi dagsins í dag sem sé orðið eins og það var árið 2007. „Sjálf er ég alveg á sama stað og ég var þá. Árið 2007 keypti ég ekki neitt. Ég horfði bara á og það var eins og það væri að koma kjarnorkustyrjöld og fólk bara keypti og keypti eins og það væri að fara ofan í jörðina. Núna er þetta alveg eins.

Það er eitthvað mikið að í þessu þjóðfélagi. Við lærum aldrei af reynslunni. Það er helst að unga fólkið sé hugsandi og meðvitað um umhverfi sitt og samfélag. Ég bind vonir mínar og drauma við það og allt þetta frábæra listafólk sem við Íslendingar eigum. Gott og heilsteypt listafólk sem fyllir mig bjartsýni á framtíðina þrátt fyrir allt.“


Ævintýralegar skíðaferðir til Rúmeníu.
Skíða, kastala og borgarferðir til Rúmeníu í janúar/febrúar 2018. Verð frá 126.000 – 239.000 á mann í tvíbýli. Skíðað verður í Poiana Brasov. Þetta eru vikuferðir þar af einn dagur þar sem höfuðborgin Búkarest verður skoðuð og gist á 4 stjörnu hóteli staðsettu í miðborginni.
Innifalið
Flug og skíðin með
Ferðir til og frá flugvelli
Skoðunarferð í Búkarest og gisting
Ef staðfest er fyrir 20. september fylgir skíðapassi
Áhugaverðir staðir sem gaman er að skoða
Dracula kastalinn 22 km
Miðaldaborgin Brasov 12 km
Griðasvæði skógarbjarna 6 km
Verðlag í Rúmeníu er eitt það besta í Evrópu.
Eftirtaldar dagsetningar eru í boði.
21. janúar - 28. janúar
28. janúar - 04. febrúar
04. febrúar - 11. febrúar
11. febrúar - 18. febrúar
Verð frá
126.000 - 239.000
á mann í tvíbýli
Sjá nánar á heimasíðu. www.rumeniuferdir.ro og á Facebook, Rúmeníu ferðir. Öllum fyrirspurnum svarað á
jonvalur@rumeniuferdir.ro / sigrun@rumeniuferdir.ro
Rúmeníu Ferðir
ROSSIGNOL



# Leyndarmál hinna skipulögðu

Rútínan er skollin á með tilheyrandi púsluspili. Húsverkin bíða eftir langan vinnudag, nemendur kikna undan álagi, skutlið er eilíf bölvun sem hvílir á barnafjölskyldum og hvenær á eiginlega að fara í ræktina?

Dr. Ólafur Ævarsson geðlæknir segir mikilvægt að áður en lagst er í skipulagningu á daglegu lífi þurfi fólk að greina álagsþætti í sínu lífi. „Stundum er álag ekki endilega tengt tímapressu. Álagspunktarnir geta verið lúmskir og jafnvel tengst einhverju sem er jákvætt. Fólk þarf bara að auka meðvitund um eigin líðan. Hvernig okkur líður og hvernig við bregðumst við. Sumir fresta öllu. Sumir taka allt að sér. Sumum finnst þeir ekki eiga að leita sér stuðnings og sumir hafa áhyggjur af hlutum sem þeir geta ekki breytt. Öll höfum við ákveðið hegðunarmynstur sem við þurfum að greina hjá okkur til þess að verja okkur streitu,“ segir Ólafur.

Hann minnir á að streita sé eðlilegt viðbragð en fólk þurfi að varast sjúklega streitu og þekkja merki hennar. Hafa innsýn í eigin hegðunarmynstur.

**Í of háum gír**

Hann segir marga bregðast við streitu með því að gera óþarflega mikið. „Þá fer fólk í ofvirkni, í einhvern dugnað sem því er ekki hollur. Gerir of mikið í ræktinni, tekur að sér of mörg verkefni, drekkur of mikið. Allt í of háum gír,“ segir Ólafur og tekur dæmi af tveimur ólíkum einstaklingum. „Hann Gunnar getur ekki klofað yfir óreiðuna í forstofunni án þess að laga til. Eftir það fer hann beint í þvottahúsið og stingur í vél. Verkefnalistinn lengist bara hjá Gunnari og það er löng leiðin fyrir hann að hvílast. En svo er það hún Sigga sem klofar yfir óreiðuna, kveikir á kerti og dimmir ljósin.“

**Að klofa yfir draslið**

Ef við hvílum okkur ekki, klofum ekki yfir draslið stundum, þá lendum við í óheppilegum mynstrum, bendir Ólafur á. „Fólk þarf að hvílast. Ef fólk fær ekki hvíld þá hættir heilinn að starfa rétt. Þá hættir fólk að geta einbeitt sér, verður dapurt, kvíðið og skapvont. Besta leiðin er að venja sig á að liggja í leti, gæta þess að fá nægan svefn. Fólk getur tekið fleiri pásur yfir daginn í vinnu. En svo er reyndar góð hvíld í því að hreyfa sig og gera eitthvað skemmtilegt,“ segir Ólafur og bendir á að hvíld sé bæði líkama og huga nauðsynleg. Það þurfi fólk að taka með í reikninginn þegar það skipuleggur rútínu vetrarins.

**Allt smálegt afgreitt strax**

Snorri Stefánsson lögfræðingur er fjögurra barna faðir, unnusta hans er Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar. Þau búa í Vesturbænum og skipta gróft á milli sín verkefnum og ábyrgð. „Það eina sem er virkilega fast er þrifin og eldamennskan. Við þrífum alltaf á sunnudagsmorgnum klukkan 10 og ég elda nánast öll kvöld. Annars er byggt á grófri skiptingu verkefna og ábyrgðar. Mér finnst skipta máli að framkvæma allt smálegt strax. Það gerir allt annað einfaldara,“ segir Snorri.

Skutlið hefur ekki yfirtekið líf fjölskyldunnar þar sem starfsfólk frístundaheimilisins fylgir börnunum í KR í íþróttir. „Enn sem komið er dugar það frekar vel,“ segir Snorri.

Öll börnin eru í fæði í skólanum svo nestisundirbúningur er í lágmarki. Það reynir helst á skipulagsgáfuna að hafa til fatnað á leikskóla í byrjun viku en um tíma voru þrjú börn þeirra öll á sama tíma í leikskóla. „Það var frekar óskemmtilegt að vera með þrjú börn á leikskóla, það kallaði á heilmikla fataflutninga sem þurftu að útfærast á sunnudagskvöldum. Iðulega gleymdist eitthvað. Nú er skólinn svo stutt frá að þetta gengur yfirleitt mjög vel.“

Snorra finnst betra að sjá alfarið um eldamennskuna. Það einfaldi málin. „Það er betra að hafa þetta á einni hendi svo innkaupin og skipulagið fari ekki í rugl. Mér finnst best að elda yfir sexfréttunum svo ég þurfi ekki að horfa á sjónvarpsfréttir.“



Sigrún Ingibjörg Gísladóttir lögfræðingur lærði í Harvard.



Snorri Stefánsson segir þrif og eldamennsku í föstum skorðum.



Ólafur Ævarsson geðlæknir segir fólk þurfa að greina vel álagsþætti.

**Fer snemma í ræktina**

Snorra reynist vel að stunda líkamsrækt snemma á morgnana til þess að missa ekki úr. „Ég fer hálfsjö tvisvar í viku. Það truflar engan nema mig sem þarf að fara aðeins fyrr að sofa. Mér finnst aðalmálið vera að hafa fastan tíma og gefa sér aldrei frí. Svo reyni ég að stela hálftíma eða svo eftir vinnu eða um helgar til þess að fara út að hlaupa. Það er nú samt eiginlega fyrst þegar börnin eru hætt að vera smábörn sem ég hef átt möguleika á að ná árangri í ræktinni. Ef árangur skyldi kalla.“

**Gæði eru betri en magn í námi**

Sigrún Ingibjörg Gísladóttir lögfræðingur starfar hjá Rétti lögfræðistofu og lærði í Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. „Ég held það skipti mestu máli að setja sér raunhæf markmið og ekki ætla sér að læra allan sólarhringinn. Gæði eru betri en magn í mínum huga þegar kemur að lærdómi, þótt auðvitað taki mislangan tíma að meðtaka efni sem er útgangspunkturinn. Maður græðir voða takmarkað á því að sitja tímunum saman og stara á bækurnar ef einbeitingin er ekki til staðar. Þá er betra að sinna áhugamálum og leyfa sér að hugsa ekkert um lærdóm á meðan og mæta svo af fullum hug í lærdóminn þess á milli. Síðan, þegar vel liggur á manni þarf að nýta þann tíma til hins ýtrasta og vinna sér í haginn. Og umfram allt ef planið gengur ekki eftir; þá þarf að aðlaga það!“

**Ekki lært utanbókar í Harvard**

Sigrún Ingibjörg segir að í Harvard hafi verið minna um utanbókarlærdóm. Það hafi verið hvetjandi. „Þess í stað skipti öllu máli að skilja efnið og geta rökrætt það frá mörgum hliðum. Það vill enginn gera sig að fífli í tíma svo ég fór ósjálfrátt að lesa efnið öðruvísi, hugsa út í hverja staðhæfingu og velta fyrir mér hvort ég væri sammála henni, hver rökin væru gegn henni og svo framvegis, ekki bara „læra hana“ utan að eins og ég hafði ef til vill gert of mikið af áður. Síðan komst maður ekki hjá því að ræða efnið í þaula í tímum og fyrir vikið skildi ég efnið betur og mundi það til lengri tíma,“ segir Sigrún Ingibjörg.

**Gott að fækka skrefunum**

Ragnheiður Þórðardóttir, sálfræðingur og líkamsræktarþjálfari, lumar á mörgum þjóðþrifaráðum þegar kemur að því að skipuleggja hollan lífsstíl. Eins og Ólafur Ævarsson nefnir þá er mikilvægt að sleppa ekki hreyfingunni. Ráð Ragnhildar, eða Röggu nagla eins og hún er jafnan kölluð, miða að því að auðvelda holla hætti í hreyfingu og mataræði.

„Þegar við erum stressuð, pirruð og þreytt í hungurörvæntingu eftir langan vinnudag er viljinn til að útbúa hollan snæðing frá grunni langt niðri í tojlettinu. Þú gerir það sem er auðveldast sem oftar en ekki er teikavei eða örbylgjupizza. Hannaðu umhverfið þitt þannig að heilsuhegðun verði aðgengileg og fljótleg. Byrjaðu á að fækka skrefunum í átt að góðum venjum eins og hollri máltíð,“ segir Ragga og segir best að elda mikið magn tvisvar í viku.

„Eldaðu mikið magn á sunnudögum og aftur á miðvikudögum og heilsumelurinn innra með þér verður þér ævinlega þakklátur eftir langan vinnudag.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

## Ráð í eldamennsku frá Röggu nagla

- Hentu haug af krydduðum eða marineruðum kjúlla, svíni, nauti, kalkún á grillið, á pönnuna eða í ofn. Þá áttu tilbúið kjötmeti fyrir snarholla máltíð sem má skreyta með alls konar gúmmulaði meðlæti. Eins má frysta eldað kjöt og snara út um morguninn fyrir kvöldmatinn.
- Steikja og krydda 1-2 pakka af mögru nautahakki. Þá þarf bara að steikja grænmeti, slurka tómatpúrru og gómsætt bolognese er klárt. Eða elda heilan pott af gómsætri hakkgrýtu. Hvort tveggja hentar vel til frystingar.
- Hægelda 1-2 kg af nautainnralæri og þú átt roast beef í bunkum.
- Ef þú ert grænkeri geturðu eldað stóran pott af gómsætum bauna- eða grænmetisrétti til að eiga fyrir næstu daga. Eins er Oumph! sojakjöt fljótlegast í heimi. 1-2 mínútur á pönnu og máltíðin klár.



- Sjóða haug af hrísgrjónum, kínóa, byggi, cous cous og geyma í ísskáp. Til dæmis villt hrísgrjónablanda frá Himneskri hollustu. Þá hendirðu einfaldlega grjónum á disk, inn í örra og málið er dautt. Má einnig frysta.
- Baka, sjóða eða grilla haug af kartöflum/sætum kartöflum í einu. Geymast í 3-4 daga í ísskáp. Eru fínar kaldar eða upphitaðar. Má krydda eftir „smag og behag“.
- Enga stund tekur að búa til túnfisksalat sem má svo geyma í Sistema nestisboxi í vinnunni. Svo slurkarðu vænum skammti ofan á hrökkbrauð, hrísköku, gróft brauð og voila, fín millimáltíð með prótínum og kolvetnum.
- Eyddu tveimur mínútum á kvöldin í að setja haframjöl í pott ásamt salti, kanil, ávöxtum, hnetum, sírópi, bragðdropum og öllu sem kitlar pinnann. Svo slurkarðu bara vatni út í morguninn eftir og grautur er klár á 5 mínútum.
- Ertu tímabundnari en kanslari Þýskalands? Eldaðu grautinn á kvöldin eða búðu til næturgraut eða grautartriffli.

*Fjölmargar gómsætar hafragrautaruppskriftir á www.ragganagli.com. Það eina sem þú þarft í morgunsárið er að opna ísskápinn vopnaður skeið.*







# LEGSTEINAR

## Í MIKLU ÚRVALI

**20% AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM LEGSTEINUM
Í SEPTEMBER














GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

# Lynch-heilkenni meðal Íslendinga




**Lynch- stökkbreyting Íslendinga**

**Birtist með þrennum hætti í genum Íslendinga MSH6 og PMS2. Hún kemur til vegna stökkbreytingar í geni sem leiðréttir villur í niturbösum kjarnsýra.**

**36%**

**LÍKUR Á KRABBAMEINI Í RISTLI EÐA ENDAÞARMI HJÁ KÖRLUM MÁ REKJA TIL LYNCH.**

# 226 Einn af hverjum Íslendingum með Lynch-heilkenni

Fyrsta rannsókn sinnar tegundar á Íslandi varpar ljósi á algengi arfgengrar stökkbreytingar sem eykur líkur á nokkrum tegundum krabbameins. Niðurstaðan er mesta algengi sem hefur verið lýst eða 0,442% af íslensku þjóðinni.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



Fjölþjóðlegur hópur vísindamanna hefur í fyrsta skipti varpað ljósi á algengi Lynch-heilkennis á Íslandi. Rannsóknin, sem byggir á ítarlegum erfða- og ættfræðiupplýsingum sem eru til staðar á Íslandi, er doktorsverkefni Sigurdísar Haraldsdóttur, aðstoðarprófessors í læknisfræði við Stanford-háskóla í Kaliforníu.



**Sigurdís kynnti niðurstöður sínar fyrr á þessu ári. Hér er hún við doktorsvörn sína í Háskóla Íslands.** MYND/KRISTINN INGVARSSON

Rannsóknarniðurstöðurnar eru þær að algengi heilkennisins á Íslandi er það mesta sem fundist hefur, eða 1 af hverjum 226. Þetta eru 0,442 prósent íslensku þjóðarinnar. „Þetta kom okkur á óvart," segir Sigurdís. Hún bendir á að í vestrænum ríkjum er áætlað algengi 1 af 370 til 1 af 2.000. „Ég hafði aldrei heyrt um þetta heilkenni á Íslandi og það kom raunar í ljós að Lynch-heilkenni hafði ekki greinst í neinum áður en við fórum af stað með þessa rannsókn."

**Sögulegar niðurstöður**

Í samstarfi við lækna á Íslandi, Háskóla Íslands, Landspítala og Íslenska erfðagreiningu voru öll ristil- og endaþarmskrabbamein sem greinst hafa á tíu ára tímabili tekin til rannsóknar þar sem leitað var að mispörunarpróteinum (MMR) með litun, en vöntun á þessum próteinum í æxlum gefa vísbendingu um að Lynch-heilkenni geti verið til staðar. Einstaklingur með heilkennið fæðist með stökkbreytingu í MMR-geni sem sér um að leiðrétta villur í niturbösum sem mynda DNA þegar frumur skipta sér.

Heilkennið eykur mjög líkurnar á ristil-, endaþarms- og legbolskrabbameini, en heilkennið er einnig tengt öðrum tegundum krabbameins, á borð við krabbamein í eggjastokkum, smáþörmum og heila. Lynch-heilkenni veldur 2-3 prósent allra tilfella krabbameins í ristli eða endaþarmi.

Hópurinn fann þrjár landnemastökkbreytingar í tveimur af fjórum mispörunargenum sem tengd eru við Lynch-heilkenni. Þetta eru genin MSH6 og PMS2. Í öðrum löndum er þessu öfugt farið, þar sem stökkbreytingar eru algengastar í genunum MLH1 og MSH2 og eru enn líklegri til að valda krabbameini en íslensku stökkbreytingarnar. „Í sjálfu sér er þetta hagstætt. Þetta þýðir að fólk með Lynch-heilkenni á Íslandi hefur ekki jafn miklar líkur á að fá krabbamein á lífsleiðinni eins og fólk með sama heilkenni í Bandaríkjunum."

Þegar þessar þrjár stökkbreytingar voru skoðaðar út frá áhættu kom í ljós að þær fela í sér nokkuð breytilegar líkur á að einstaklingur með Lynch-heilkenni fái krabbamein, en þó sterk tengsl við krabbamein í ristli, endaþarmi og legbol. Stökkbreytingin í MSH6 er tengd við tæplega 50 prósent líkur á legbolskrabbameini. Sama stökkbreyting var tengd við 36 prósent og 25 prósent líkur á krabbameini í ristli og endaþarmi hjá körlum og konum hvorum um sig.

**Heilkenni kortlagt hjá heilli þjóð**

Sýni úr æxlisvef 1.182 einstaklinga, sem greindust á árunum 2000 til 2009, voru notuð í rannsókninni. Magnús Karl Magnússon, prófessor við læknadeild HÍ, segir að ákveðnar hugmyndir hafi verið á lofti um tíðni heilkennisins á Íslandi. „En það sem gerir verk Sigurdísar svona gott er að þarna er kortlagt hjá heilli þjóð bæði arfgerðir og afdrif þessara einstaklinga," segir Magnús Karl. Hann tekur fram að mikilvægt sé að nota þessar niðurstöður og þá erfðaþekkingu sem er til staðar á Íslandi. „Þessar niðurstöður vekja okkur til umhugsunar um að nýta þessar erfðaupplýsingar í fyrirbyggjandi læknisfræði."

Sigurdís tekur í sama streng: „Algjörlega, það er mjög mikilvægt. Við viljum auðvitað koma þessum upplýsingum út og erum að vinna að klínískum leiðbeiningum í sambandi við hvernig eigi að skima einstaklinga með Lynch-heilkenni." Mögulega mætti koma í veg fyrir krabbamein hjá einstaklingum með Lynch-heilkenni með því að framkvæma reglulega ristilspeglanir og skima fyrir legbolskrabbmeinum.

Stökkbreytingarnar þrjár sem nefndar voru hér að ofan eru svokallaðar landnemastökkbreytingar. Stökkbreyting í PMS2 er algengust en hún er talin hafa komið að utan. Hinar landnemabreytingarnar, ein í MSH6 og önnur PMS2, eru yngri. Þá síðarnefndu má rekja aftur til einstaklinga sem voru uppi á árunum 1700 til 1800. „Þetta eru stökkbreytingar sem hafa ekki fundist víða. Þannig að það er möguleiki að þær hafi komið upp í einhverjum einstaklingi á Íslandi fyrir löngu."

Ísland er með eindæmum heppilegur staður fyrir slíka rannsókn enda er hér að finna gríðarlegt magn af erfða- og ættfræðiupplýsingum. Þar á meðal er krabbameinsskrá sem haldin hefur verið síðan 1955 og ættfræðiupplýsingar rúmlega 800 þúsund einstaklinga sem finna má í Íslendingabók. Enn fremur hafa Íslendingar verið viljugir til að gefa erfðaefni sitt til rannsókna og greiningar. Þannig geymir Íslensk erfðagreining erfðaefni 150 þúsund Íslendinga og hefur að fullu raðgreint erfðamengi 8.453 einstaklinga.

**Vísindasamfélagið launi greiðann**

„Það er hægt að gera þessar yfirgripsmiklu rannsóknir sem aðrar þjóðir geta ekki gert." segir Sigurdís. „Með þessari rannsókn höfum við í raun og veru kortlagt Lynch-heilkenni hjá heilli þjóð í einni rannsókn. Það hefur ekki verið gert áður."

Fólk sem telur sig vera með Lynch-heilkenni, t.d. út frá fjölskyldusögu, getur leitað á erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala. Eftir umræðu síðustu ára um aðrar landnemastökkbreytingar eins og BRCA (ættgengt brjóstakrabbamein) og MYBPC3 (algengasti hjartasjúkdómurinn) hefur fyrirspurnum þangað fjölgað mjög. Talið er að erfðaupplýsingar eigi eftir að verða fyrirferðarmeiri í heilbrigðisþjónustunni á næstu árum. „Það er ekki spurning," segir Sigurdís. „Íslenska þjóðin hefur lagt svo mikið til vísindasamfélagsins og hjálpað okkur að skilja ákveðna sjúkdóma betur. Núna held ég að sé kominn tími til að vísindasamfélagið komi á framfæri upplýsingum sem gætu hjálpað þjóðinni. Við viljum koma í veg fyrir alvarlega sjúkdóma."

FORVARNIR  STREITUSKÓLINN

# Álag á starfsfólki í heilbrigðisþjónustu

Málþing um heilsu og forvarnir á **Hótel Reykjavík Natura**

## 7. september 2017

## Dagskrá

**08:00-08:30** **Skráning og morgunkaffi** (Kaffi og meðlæti)

**Fundarstjóri:** Högni Óskarsson, geðlæknir

**08:30-09:00** **Setning málþings**
Ólafur Þór Ævarsson býður gesti velkomna.
**Mannauður ársins 2017**
Viðurkenning veitt fyrir faglega og árangursríka sálfélagslega vinnuvernd.

**09:00-09:45** **Áhrif streitu á heilsu og heila**
Ólafur Þór Ævarsson, Ph.D., geðlæknir. Forvarnir.

**09:45-10:30** **Streita í starfi**
Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir, M.S., vinnusálfræði. Forvarnir

**10:30-11:00** **Kaffi**

**11:00-11:45** **Hreyfing og heilinn**
Ass Prófessor Agneta Lindegård-Andersson, Ph.D. Institutet för stressmedicin, Gautaborg.

**11:45-12:30** **Sálfræðileg meðferð og endurhæfing gegn sjúklegri streitu**
Susanne Ellbin sálfræðingur. Psykiatrisk mottagning för utmattningssyndrom, Gautaborg.

**12:30-13:30** **Hádegisverður**

**13:30-15:30** **Málstofur með sérfræðingum** (Þátttakendur velja málstofu við skráningu)
Málþingið fer fram á íslensku og ensku.

**Stofa 1)** **Sálfélagslegt áhættumat** - Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir
**Stofa 2)** **Að vera sérfræðingur í heilbrigðisfræðum og verða stjórnandi á vinnustað** - Elín K. Guðmundsdóttir
**Stofa 3)** **Áhættu- og álagsþættir keðjuverkandi streitu** - Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir og Erna Stefánsdóttir
**Stofa 4)** **Streituskólinn** - Ólafur Þór Ævarsson

---

**Þátttökugjald er 35.000 kr.**

*Innifalið í gjaldinu eru ráðstefnugögn, hádegisverður og kaffiveitingar á meðan á ráðstefnu stendur.*

Nánari upplýsingar er að finna á **www.stress.is**

# Löggurnar borða á Hlemmi

Mathöllin á Hlemmi hefur vakið eftirtekt. Þangað streymir fólk til að grípa sér bita og inni á milli sitja strætófarþegar með rjúkandi kaffibolla að bíða eftir strætó. Líkast til er Mathöllin eitt öruggasta svæði borgarinnar í hádeginu því kaupmenn segja lögreglumenn góða kúnna. Eitt er víst, að töluvert meira líf hefur færst í miðju borgarinnar.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Það er þriðjudagshádegi, klukkan er rétt rúmlega ellefu. Hádegisönnin er nýhafin og inni í Mathöllinni á Hlemmi er strax orðið margt um manninn.

Á bekkjum inni í Höllinni sitja saman strætófarþegar, ferðamenn, mæður með börn, vinir í mat og pör á hádegisstefnumóti.

Matarangan slæðist úr hverju horni. Hlemmur er gjörbreyttur. Þar sem áður var sjoppa sem seldi smurð rúnstykki og majónessamlokur, sælgæti og sígarettur er veitingastaðurinn Kröst. Grill og vínbar sem rekinn er af matreiðslumanninum Böðvari Lemacks. Það er mikið að gera. Vinsælasti réttur staðarins er svokallaður Kröstí-hamborgari Hann er gerður úr feitu rib-eye kjöti, bæði hægeldaður og grillaður. Með hamborgaranum mælir starfsfólkið með Drappier kampavíni. Réttur sem er töluvert langt frá smurðu rúnstykki og kókómjólk.



Ágúst Einþórsson og Maríanna Magnúsdóttir raða snúðum og pítsum í ofna Brauð&Co. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Eins og að vera í útlöndum

Vinkonurnar Kristín Ólafsdóttir, Valgerður Björk Pálsdóttir og Kristrún Kristinsdóttir eru á meðal gesta sem sitja á bekkjum og gæða sér á hádegismat. Kristín og Valgerður fengu sér samloku frá Bánh mi en Kristrún er að gæða sér á tómatsúpu frá Rabbar barnum með ferskri basilíku. „Súpan er ofboðslega góð og fersk. Ég fékk að klippa ferska basilíku út á súpuna, segir Kristrún. Þær Kristín og Valgerður eru líka ánægðar með samlokurnar. „Það var allt dautt hér á Hlemmi,“ segir Valgerður Björk og Kristín tekur undir. „Þetta er mikilvægur liður í að bæta miðborgina, það er búið að umbreyta andanum hér.“

„Ég held að breytingarnar á Hlemmi skipti máli í stærra samhengi. Nú verður tengingin við Hverfisgötu sterkari, efsti hluti miðborgarinnar lifnar við,“ segir Valgerður Björk. „Þetta er eins og að vera í útlöndum, þessir spennandi evrópsku markaðir sem er svo gaman að sækja. Nú eigum við einn lítinn slíkan,“ segir Kristín. „En svo er eitt sem ég verð að nefna, ísinn hjá Ísleifi heppna. Hann er sá trylltasti sem ég hef smakkað,“ segir Valgerður Björk. „Mig langaði eiginlega að fá mér hann bara í hádegismat,“ segir hún.



Kristín, Valgerður Björk og Kristrún gæða sér á veitingum í Mathöllinni.



Rakel Eva á Borðinu í undirbúningi.

**ÞETTA ER EINS OG AÐ VERA Í ÚTLÖNDUM.**

Kristín Ólafsdóttir



RIb-eye hamborgarar á Kröst í undirbúningi.

### Vinsælast hjá börnum

Þetta eru góð meðmæli sem ísbúðin fær. Þar stendur vaktina Gunnar Logi Málmkvist Einarsson, rekstrarstjóri og matreiðslumaður. „Ég er að frysta ís með fljótandi köfnunarefni. Það sem gerir okkar ís sérstakan er að við gerum allt á staðnum og notum bara úrvalshráefni. Þegar þú frystir ís með köfnunarefni þá verður áferðin þéttari og ísinn loftminni. Þetta er mjúkur og góður ís. Þetta er talin vera besta aðferðin til að frysta ís. Þú kemur bara og pantar einn skammt af ís og við búum hann til. Börnum finnst skemmtilegt að horfa á, nefnir hann. Hér er eitthvað fyrir alla.

### Snúðar og kaffi

Í einu horninu er útibú af Brauði & Co. þar sem vinsælustu snúðar borgarinnar eru bakaðir, þar við hliðina geta gestir og strætófarþegar fengið sér heitt kaffi hjá Te og Kaffi. Maríanna Magnúsdóttir og Ágúst Einþórsson bakarameistari standa við bakaraofnana og baka pítsur og snúða. Anna Ingólfsdóttir stendur vaktina í afgreiðslunni. „Viðtökurnar hafa verið frábærar. Maður finnur að fólk er að fatta þetta. Snúðarnir okkar eru alltaf vinsælastir og strætófarþegar versla mikið hjá okkur. Þeir koma við á morgnana og líka þegar líður á daginn,“ segir Anna.



Ís á vöfflu frá Ísleifi heppna.




Davíð á Bánh mí segir lögregluna fjölmenna í hádeginu.



Bryndís Sveinsdóttir rekur Rabbar barinn og selur ferskt grænmeti beint frá bónda.



Georg Jónasson beið eftir strætisvagni og finnst Mathöllin mega bæta sig.

Veitingastaðurinn Borðið sem er á Ægisíðu rekur glæsilegt útibú á Hlemmi. Rakel Eva Sævarsdóttir, einn eigenda, undirbýr hádegisösina. „Þetta er smækkuð útgáfa af veitingastaðnum okkar á Ægisíðu. Við erum með fleiri smárétti hér, erum með kjötáleggin okkar sem við skerum niður fersk hér, áleggsplatta með grilluðu og pikkluðu grænmeti, osta og fleira góðgæti sem gestir okkar þekkja. Fullkomið til að deila og fá sér gott vín eða bjórglas með, segir Rakel. „Hádegin eru annasöm. Strætófarþegar versla líka hér. Í gær kom einstaklingur sem var að bíða eftir strætó, hann fékk sér smárétt og rauðvínsglas áður og sat og las í bók áður en hann náði vagninum. Svo kemur líka mikið af fólki á milli sex og sjö og fær sér kvöldmat.“

### Fáir í mötuneyti lögreglu

Við innganginn á móti lögreglustöðinni er víetnamski staðurinn Bánh mi. Þar er boðið upp á víetnamskar samlokur. Davíð Davíðsson stendur vaktina. „Það er búið að vera mjög mikið að gera og góð stemning. Í hádeginu koma margir starfsmenn fyrirtækja úr nágrenninu og lögreglumenn. Þeir versla mikið hér,“ segir Davíð og telur líklegt að í mötuneyti lögreglumanna á Hverfisgötu sé fámennt þessa dagana.

### Að kaupa það sem þarf

Í einu horninu rekur Bryndís Sveinsdóttir Rabbar barinn þar sem má kaupa ferskt íslenskt grænmeti, humarlokur og súpur. „Íslenskir grænmetisbændur senda grænmetið beint til mín. Ég sel það í lausasölu og því getur fólk komið og keypt sér akkúrat það sem það vantar,“ segir Bryndís og segir hugmyndina að vekja fólk til þess að kaupa það sem það þarf, jafnvel í umbúðum sem það kemur með sjálft. „Við bjóðum líka upp á súpur á hverjum degi og humarlokur sem eru vinsælar svo eitthvað sé nefnt,“ segir hún.

### Blómabúðin á Hlemmi

Bryndís hefur búið töluvert erlendis, í Danmörku og Svíþjóð og athygli vekur að hún selur einnig blóm og pottaplöntur. „Við erum blómabúðin á Hlemmi. Ég er búin að búa erlendis, sex ár í Danmörku og fjögur ár í Svíþjóð, og er alin upp í því núna að fara á markaðinn og kippa blómi með og hjóla með það heim í körfunni. Blóm gleðja, mér finnst þetta ómissandi,“ segir Bryndís.

Fyrir utan Mathöllina situr Georg Jónasson myndlistarnemi og bíður eftir strætisvagni. Hann er ekki jafnhrifinn. „Ég varð fyrir vonbrigðum og átti von á meira lífi en minni kaupmennsku.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

# Enski boltinn

LAUGARDAGUR 2. SEPTEMBER 2017



NORDICPHOTOS/GETTY



# Getur Gylfi komið Everton upp í næstu tröppu?

Everton galopnaði veskið til að fá Gylfa Þór Sigurðsson á Goodison Park. Hann stimplaði sig inn með glæsilegu marki í fyrsta byrjunarliðsleiknum. Gylfi á að hjálpa Everton að komast í fremstu röð.

Ingvi Þór Sæmundsson
ingvithor@365.is



Framhaldssögunni um félagaskipti Gylfa Þórs Sigurðssonar lauk loks 16. ágúst þegar hann var kynntur sem nýr leikmaður Everton. Talið er að Everton hafi borgað Swansea City um 45 milljónir punda fyrir Gylfa sem gerir hann að dýrasta leikmanni í sögu bláa liðsins í Liverpool. Þá er hann langdýrasti íslenski fótboltamaðurinn frá upphafi.

Gylfi brosti breitt eftir að hafa skrifað undir fimm ára samning við Everton. Ronald Koeman, knattspyrnustjóri liðsins, var einnig alsæll með að hafa landað íslenska landsliðsmanninum sem hann hefur lengi haft augastað á.

„Allt frá upphafi var hann einn af þeim leikmönnum sem ég vildi fá til Everton. Fyrst og fremst út af því hversu góður hann er og vegna reynslu hans úr ensku úrvaldsdeildinni sem hann býr yfir. Að mínu mati er hann einn af bestu leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar í sinni stöðu,“ sagði Koeman um Gylfa.

Íslenski landsliðsmaðurinn kom inn á sem varamaður í 1-1 jafntefli gegn Manchester City í 2. umferð ensku úrvalsdeildarinnar mánudaginn 21. ágúst. Þremur dögum síðar var hann í byrjunarliðinu í seinni leiknum gegn Hajduk Split í umspili um sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar. Í upphafi seinni hálfleiks skoraði hann sitt fyrsta mark fyrir Everton sem stuðningsmenn liðsins eru eflaust búnir að horfa 100 sinnum á. Gylfi skoraði þá með óvæntu skoti yfir markvörð Hajduk, nánast frá miðju. Stórkostlegt mark sem létti eflaust smá pressu af Gylfa sem er sem áður sagði dýrasti leikmaður í sögu Everton.

Koeman á sér stóra drauma og vill koma Everton í fremstu röð. Þessi hugsunarháttur Hollendingsins virðist hafa höfðað til Gylfa ef marka má orð hans eftir að félagaskiptin frá Swansea gengu í gegn.

„Hann [Koeman] var frábær leikmaður og einn sá besti á sínum tíma. Nú er hann góður stjóri og framtíðarsýn hans hjá Everton er skýr. Það skipti miklu máli fyrir mig að hann væri stjórinn. Það er bæði draumur minn og allra hjá félaginu að vinna titla með Everton,“ sagði Gylfi.

Það verður þó enginn hægðarleikur fyrir Everton að komast í hóp þeirra bestu. Koeman hefur verið duglegur á félagaskiptamarkaðinum í sumar og fékk meðal annars Wayne Rooney aftur heim á Goodison Park. En það er vandséð að Koeman hafi fyllt skarðið sem Romelu Lukaku skildi eftir sig. Belginn öflugi skoraði 25 mörk í fyrra og Everton þarf að finna þessi mörk einhvers staðar.

Rooney og Gylfi munu skora sín mörk en þeir þyrftu helst að njóta aðstoðar alvöru framherja. Miðað við frammistöðuna í 2-0 tapinu fyrir Chelsea um síðustu helgi er Sandro Ramírez ekki í þeim flokki. Í þeim leik vantaði Everton sárlega einhvern til að hlaupa aftur fyrir vörn Chelsea. Hinn ungi og efnilegi Dominic Calvert-Lewin er mjög fljótur og býður upp á þann möguleika. En hann hefur bara skorað tvö mörk fyrir Everton síðan hann kom til liðsins og býr yfir lítilli reynslu.

Hvað svo sem gerist hjá Everton í vetur, þá verður alltaf gaman að fylgjast með Gylfa. Hann er í stóru hlutverki í stóru liði og þar á bæ búast menn við miklu af honum. Annars hefðu þeir ekki borgað 45 milljónir punda fyrir íslenska landsliðsmanninn sem átti stærstan þátt í því að Swansea hélt sér í ensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili. En nú stendur Gylfi frammi fyrir nýrri áskorun sem hann mun eflaust standast með stæl.


Gylfi hefur farið vel af stað með Everton og er þegar búinn að opna markareikning sinn með félaginu. NORDICPHOTOS/GETTY

ÍÞRÓTTAFÉLAG FATLAÐRA REYKJAVÍK
STOFNAÐ 30. 5. 1974

Getrtaunanúmerið er

121

Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík

## Mikið að gera á skrifstofunni

Everton var aðsópsmikið á félagaskiptamarkaðinum og keypti alls níu leikmenn. Félagið seldi líka nokkra leikmenn, þ. á m. Romelu Lukaku til Manchester United fyrir 76,2 milljónir punda. Ross Barkley endaði þó á því að vera áfram hjá Everton.

Í heildina keypti Ronald Koeman, stjóri Everton, eftirtalda leikmenn fyrir samtals 142,5 milljónir punda:

- **Gylfi Þór Sigurðsson** keyptur frá Swansea á 44,5 milljónir punda.
- **Wayne Rooney** á frjálsri sölu frá Man. Utd.
- **Michael Keane** keyptur frá Burnley á 25,7 milljónir punda.
- **Jordan Pickford** keyptur frá Sunderland á 25,7 milljónir punda.
- **Davy Klaassen** keyptur frá Ajax á 24,3 milljónir punda.
- **Nikola Vlasic** keyptur frá Hajduk Split á 9,7 milljónir punda.
- **Sandro Ramírez** keyptur frá Málaga á 5,4 milljónir punda.
- **Cuco Martina** á frjálsri sölu frá Southampton.
- **Henry Onyekuru** keyptur frá Eupen á 7,2 milljónir punda. Lánaður til Anderlecht.



Wayne Rooney er kominn aftur heim til Everton. NORDICPHOTOS/GETTY

UMSJÓNARMAÐUR EFNIS Ingvi Þór Sæmundsson ingvithor@365.is

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is

VERTU Á STAÐNUM OG FÁÐU STEMNINGUNA BEINT Í ÆÐ!

# GAMAN Í BOLTANUM!



## ARSENAL - BRIGHTON




*Verð frá:* **99.900 kr.**

29. september - 2. október '17 / 3 nætur.
Verð á mann miðað við 2 saman í herbergi. Innifalið er flug, 20 kg taska, gisting á Hilton Euston í London með morgunverði og miði á leikinn.

## CHELSEA - SOUTHAMPTON



*Verð frá:* **109.900 kr.**

15. - 18. desember '17 / 3 nætur.
Verð á mann miðað við 2 saman í herbergi. Innifalið er flug, 20 kg taska, gisting á Hilton Euston með morgunverði, drykkur í Delta Lounge fyrir leik, 3 rétta máltíð á Stamford Bridge, leikskrá og miði á langhlið.

## LIVERPOOL - WEST HAM




*Verð frá:* **109.900 kr.**

23. - 26. febrúar '18 / 3 nætur.
Verð á mann miðað við 2 í herbergi. Innifalið er flug, 12 kg handfarangur, gisting á Days Inn með morgunverði, leikskrá leiksins, aðgangur að sérstökum bar á Anfield og miði á langhlið vallarins (Main Stand).

## TOTTENHAM - BOURNEMOUTH



*Verð frá:* **99.900 kr.**

13. - 16. október '17 / 3 nætur.
Verð á mann miðað við 2 saman í herbergi. Innifalið er flug, 20 kg taska, gisting á Hilton Euston með morgunverði, Club Wembley miði í block 204, drykkir í hálfleik & leikskrá.

## MAN UTD - BRIGHTON




*Verð frá:* **109.900 kr.**

24. - 27. nóvember '17 / 3 nætur.
Verð miðað við 2 saman í herbergi. Innifalið er flug, 12 kg handfarangur, gisting á The Principal Hotel með morgunverði, leikskrá, aðgangur að The Kit Room Sportbar á Old Trafford og miði í block NW3435.

## EVERTON - HUDDERSFIELD




*Verð frá:* **89.900 kr.**

1. - 4. desember '17 / 3 nætur.
Verð á mann miðað við 2 saman í herbergi. Innifalið er flug, 12 kg handfarangur, gisting á hóteli í Liverpool með morgunverði, máltíð fyrir leik og miði í Park End Stand Block.

Bæjarhraun 14, sími 560 2000 / gaman.is / gaman@gaman.is / Gaman Ferðir fljúga með WOW air

Gaman Ferðir

# Hið erfiða annað ár

**Landsliðsmaðurinn Jóhann Berg Guðmundsson mætir aftur til leiks með Burnley í ensku úrvalsdeildinni í vetur. Meiðsli gerðu honum erfitt fyrir í fyrra en hann hefur byrjað tímabilið í ár af krafti.**

Jóhann Berg Guðmundsson er á sínu öðru tímabili hjá Burnley sem freistar þess að endurtaka leikinn frá því í fyrra og halda sæti sínu í ensku úrvalsdeildinni. Það gerðist síðast á miðjum 8. áratugnum að Burnley náði að leika þrjú tímabil í röð í efstu deild.

Meiðsli settu strik í reikninginn hjá Jóhanni Berg á síðasta tímabili. Hann byrjaði á bekknum í fjórum af fyrstu fimm deildarleikjum Burnley en Sean Dyche, knattspyrnustjóri liðsins, setti hann í byrjunarliðið fyrir leik gegn Watford á heimavelli í lok september. Íslenski landsliðsmaðurinn spilaði allan tímann í 2-0 sigri og hélt sæti sínu í byrjunarliðinu í næstu sjö leikjum.

Jóhann Berg spilaði sinn besta leik fyrir Burnley þegar liðið vann 3-2 heimasigur á Crystal Palace 5. nóvember. Hann skoraði og lagði upp mark í 3-2 sigri sem kom Burnley upp í 9. sæti deildarinnar.

Burnley steinlá fyrir West Brom í næstu umferð og í leiknum þar á eftir, gegn Manchester City, meiddist Jóhann Berg aftan í læri og var frá í mánuð. Meiðsli héldu áfram að plaga íslenska landsliðsmanninn og hann var aðeins einu sinni í byrjunarliðinu í ensku úrvalsdeildinni það sem eftir lifði tímabils. Hann lék alls 20 deildarleiki á síðasta tímabili, skoraði eitt mark og gaf tvær stoðsendingar. Auk þess lék hann samtals fjóra leiki í ensku bikar- og deildarbikarkeppninni.

**» Burnley náði í 33 stig á heimavelli á síðasta tímabili en aðeins sjö á útivelli.**

Jóhann Berg virðist hafa nýtt undirbúningstímabilið vel því hann nýtur nú trausts Dyche og byrjaði alla þrjá leiki Burnley í ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili.

Stærsta ástæðan fyrir því að Burnley hélt sér örugglega í deildinni á síðasta tímabili var frábær árangur á heimavelli. Alls fékk Burnley 33 stig á Turf Moor sem var eins gott því uppskeran í 19 útileikjum var aðeins sjö stig.

Í upphafi þessa tímabils hefur þessu verið öfugt farið. Burnley gerði sér lítið fyrir og vann 2-3 útisigur á Englandsmeisturum Chelsea í 1. umferð ensku úrvalsdeildarinnar. Jóhann Berg og félagar töpuðu því næst fyrir West Brom á Turf Moor en náðu svo í gott stig gegn Tottenham á Wembley. Fjögur stig úr útileikjum gegn tveimur efstu liðum deildarinnar í fyrra verður að teljast afar góður árangur fyrir lið sem vann aðeins einn útileik í fyrra.



Jóhann Berg hefur byrjað alla þrjá leiki Burnley í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Burnley missti tvo af sínum bestu mönnum í sumar; Michael Keane og Andre Gray. Í staðinn náði Dyche í menn með reynslu úr ensku úrvalsdeildinni. Jack Cork, Jonathan Walters og Phil Bardsley eru ekki mest spennandi leikmenn í heimi en þeir eru traustir liðsmenn og eiga samtals 640 leiki í ensku úrvalsdeildinni. Þá keypti Burnley Chris Wood, markahæsta leikmann ensku B-deildarinnar á síðasta tímabili, á metverði frá Leeds. Nýsjálendingurinn minnti strax á sig og skoraði jöfnunarmarkið gegn Tottenham í sínum fyrsta leik fyrir Burnley.

Annað árið hefur oft reynst liðum sem koma upp í ensku úrvalsdeildina erfitt. Burnley virðist hins vegar ágætlega í stakk búið til að halda sæti sínu í deildinni. Stjórinn er fær í sínu starfi, leikmannahópurinn nokkuð þéttur og liðið þekkir sín takmörk.




Nestlé®
BRJÓTTU UPP DAGINN
MEÐ KITKAT
Nestlé
KitKat

# Nýjasta Skyttan í vopnabúri Arsenal

**Alexandre Lacazette**
**26 ÁRA**
**FRAMHERJI**

**Landsleikir fyrir Frakkland:** 11
**Mark fyrir Frakkland:** 1
Keyptur á 47,7 milljónir punda frá Lyon

Fyrir nokkrum mánuðum benti flest til þess að Alexandre Lacazette væri á leið til Atlético Madrid. En Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, nýtti tækifærið þegar Atlético var dæmt í félagaskiptabann og fékk Lacazette til Emirates fyrir metverð.

Þegar tölfræði Lacazettes með Lyon er skoðuð er ekki skrítið að Arsenal hafi verið tilbúið að borga tæplega 50 milljónir fyrir franska framherjann. Lacazette skoraði ekki mikið fyrstu árin sín hjá Lyon en síðustu fjögur tímabil sín hjá liðinu skoraði hann 91 mark í 133 leikjum í frönsku úrvalsdeildinni. Á síðasta tímabili skoraði Lacazette mark á 86 mínútna fresti í frönsku deildinni.

**» Lacazette skoraði mark á 86 mínútna fresti fyrir Lyon í frönsku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili.**

Það tók Lacazette aðeins 94 sekúndur að skora sitt fyrsta deildarmark fyrir Arsenal. Hann skallaði þá fyrirgjöf Mohameds Elneny framhjá Kasper Schmeichel, markverði Leicester City, í upphafsleik tímabilsins í ensku úrvalsdeildinni sem Arsenal vann 4-3. Auk þess að skora var Lacazette mjög ógnandi og vinnusamur í leiknum gegn Leicester. Hann fann sig ekki í 1-0 tapinu fyrir Stoke City í 2. umferðinni og byrjaði svo á bekknum þegar Arsenal steinlá fyrir Liverpool, 4-0, um síðustu helgi.

Lacazette hefur hæfileikana til að blómstra í ensku úrvalsdeildinni en spurningin er hvort hann nær að fullnýta þá í liði Arsenal sem er ekki á góðum stað.



Alexandre Lacazette var aðeins 94 sekúndur að skora sitt fyrsta deildarmark fyrir Arsenal.

# Belginn strax byrjaður að borga til baka

**Romelu Lukaku**
**24 ÁRA**
**FRAMHERJI**

**Landsleikir fyrir Belgíu:** 59
**Mörk fyrir Belgíu:** 23
Keyptur á 76,2 milljónir punda frá Everton

Romelu Lukaku þurfti ekki neinn aðlögunartíma hjá Manchester United eftir félagaskiptin frá Everton. Belginn stóri og stæðilegi skoraði í sínum fyrsta keppnisleik fyrir United; gegn Real Madrid í Ofurbikar Evrópu. Lukaku fylgdi því eftir með því að skora tvö mörk í 4-0 sigrinum á West Ham í 1. umferð í ensku úrvalsdeildinni. Hann varð þar með fjórði leikmaður United sem skorar tvö mörk í fyrsta úrvalsdeildarleik sínum fyrir United. Lukaku skoraði svo eitt marka United í 0-4 sigrinum á Swansea City.

Lukaku var keyptur til United til að skora mörk og hann er strax byrjaður að gera það. Honum hefur verið legið á hálsi fyrir að skora aðallega gegn minni liðum í ensku úrvalsdeildinni. En það var nákvæmlega það sem vantaði hjá United á síðasta tímabili. Liðið tapaði allt of mörgum stigum gegn liðum í neðri helmingnum og mörkin voru of fá. United skoraði aðeins 54 mörk á síðasta tímabili en er strax komið með 10 mörk í aðeins þremur leikjum á þessu tímabili. Það er mikil framför.



**» Aðeins Sergio Agüero og Harry Kane hafa skorað meira í ensku úrvalsdeildinni síðustu fjögur tímabil en Lukaku.**

Lukaku kann á ensku úrvalsdeildina. Hann hefur skorað 88 mörk í 189 leikjum og varnarmenn deildarinnar ráða illa við hraðann, styrkinn og kraftinn sem hann býr yfir.

Svo er Lukaku aðeins 24 ára gamall. Það er því ekki skrítið að United hafi borgað veglega upphæð fyrir framherjann öfluga.

# Dýrasti varnarmaður fótboltasögunnar

**Benjamin Mendy**
**23 ÁRA**
**VINSTRI BAKVÖRÐUR**

**Landsleikir fyrir Frakkland:** 4
**Ekkert mark fyrir Frakkland**
Keyptur á 51,75 milljónir punda frá Monaco

Pep Guardiola var greinilega ekki nógu ánægður með frammistöðu bakvarða Manchester City á síðasta tímabili því hann lét alla fjóra bakverði liðsins fara í sumar. Bacary Sagna, Pablo Zabaleta, Gaël Clichy og Aleksandar Kolarov eru allir komnir yfir þrítugt og Guardiola vildi fá ferskari lappir til að hlaupa fram og aftur kantana hjá City.

Spánverjinn keypti bakverði fyrir um 125 milljónir punda í sumar. Dýrastur þeirra var Benjamin Mendy en hann kostaði 51,8 milljónir punda. Hann er jafnframt dýrasti varnarmaður sögunnar, hvorki meira né minna.

Mendy, sem er 23 ára gamall, sló í gegn með Monaco á síðasta tímabili. Þetta stórskemmtilega lið rauf einokun Paris Saint-Germain á franska meistaratitlinum og komst auk þess alla leið í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu.




**» Manchester City keypti bakverði fyrir um 125 milljónir punda í sumar.**

Mendy er stór og sterkur og býr yfir endalausri orku. Hann er einnig með fínar fyrirgjafir og lagði upp fimm mörk í frönsku úrvalsdeildinni í fyrra og fjögur í Meistaradeildinni. Mendy hefur því nánast allt sem góður bakvörður í nútíma fótbolta þarf að hafa. Og þessi heildarpakki heillaði Guardiola.

Mendy vann sér einnig sæti í franska landsliðinu fyrr á þessu ári og hefur leikið fjóra A-landsleiki. Þeim á eflaust eftir að fjölga á næstu árum.

Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 2. SEPTEMBER 2017



Stúlkurnar í Tógó fóru alla leið í túlkun sinni, spiluðu sungu og dönsuðu. MYND/ALDA LÓA LEIFSDÓTTIR



**Nú er rétti tíminn til að huga að garðinum fyrir veturinn.**

helgin →6

# Stelpur rokka í Tógó

Rokksumarbúðir Stelpur rokka! hafa notið mikilla vinsælda á Íslandi. Margir sjálfboðaliðar starfa í búðunum og hafa safnað dágóðri reynslu sem þeir nýta nú til að breiða út boðskapinn í öðrum löndum. Þær Íris Ellenberger og Auður Viðarsdóttir héldu í rokkbúðir til Tógó í Afríku í sumar.




**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Stelpur rokka! eru sjálfboðaliðarekin samtök sem starfa af femínískri hugsjón við að efla ungar stelpur og transkrakka í gegnum tónlistarsköpun. Kjarninn í starfinu eru rokksumarbúðir, þar sem þátttakendur læra á hljóðfæri, spila saman í hljómsveit, kynnast farsælum tónlistarkonum, fræðast um ýmsar hliðar tónlistar og jafnréttisbaráttu og koma fram á lokatónleikum. „Upphafskona þessa verkefnis hér á landi er Áslaug Einarsdóttir en hún bjó um tíma í Bandaríkjunum þar sem hún kynntist svona rokkbúðum,“ segir Íris en fyrstu búðirnar voru haldnar sumarið 2013. Síðan þá hafa 400 stelpur, konur, trans og kynsegin einstaklingar tekið þátt í rokkbúðum Stelpur rokka! og myndað yfir 80 hljómsveitir.

Íris hefur verið með í verkefninu frá upphafi en fjölmargir sjálfboðaliðar koma að starfinu. „Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel. Fyrsta sumarið voru einar rokkbúðir fyrir 12 til 16 ára stelpur, en í ár voru haldnar sex búðir á Íslandi auk vinnusmiðja í haust.“

## Öðlast sjálfstæði og sjálfstraust

Rokkbúðirnar eru alþjóðlegt fyrirbrigði sem hefur verið til í um 15 ár, og finnast því slíkar búðir víða um veröld. Hróður verkefnisins berst víða, til dæmis vakti verkefnið áhuga Mirlindu Kuakuvi frá Tógó sem ákvað að efna til rokkbúða þar í landi í fyrsta sinn í fyrrasumar. „Mig langaði til að gefa stúlkum frá Tógó tækifæri til að upplifa slíkar búðir því ég tel að með þeim geti þær öðlast aukið sjálfstraust, frumkvæði og þor,“ segir Mirlinda sem kom til Íslands í sumar til að taka þátt og upplifa íslenskar rokkbúðir. „Mig langaði að safna reynslu og fá hugmyndir frá kennurunum hér á Íslandi sem ég gæti nýtt úti. Í raun er ekki mikill munur á búðunum hér og í Tógó, en þó eru stelpurnar í Tógó kannski örlítið kraftmeiri,“ segir Mirlinda sem stefnir ótrauð á að halda fleiri rokkbúðir þar á landi í framtíðinni. „Ég tel að þær geti haft veruleg áhrif í Tógó.“

## Söfnuðu 500 kílóum af hljóðfærum

Nokkuð hefur verið um samstarf á milli rokkbúða í ólíkum löndum. „Fólk reynir að hjálpast að og sér í lagi styðja þá sem eru að byrja,“ lýsir Íris. Þar sem nokkur reynsla hefur safnast upp hjá sjálfboðaliðunum íslensku eru þeir nú farnir að veita stuðning út fyrir landsteinana. Þannig komst til dæmis á samstarf milli íslensku búðanna og þeirra sem Mirlinda stofnaði í Tógó.

„Þar sem erfiðlega gekk að útvega hljóðfæri þar í landi var ákveðið að safna þeim hér á landi og flytja út,“ segir Íris og gekk átakið ótrúlega vel. Stelpur Rokka! í samstarfið við Sól í Tógó, samtök sem hafa stutt

Framhald á síðu 2 →



Sjálfboðaliðar frá Sól í Tógó og Stelpur rokka! söfnuðu 500 kílóum af hljóðfærum fyrir fyrstu rokkbúðirnar í Tógó. Fremst á myndinni er Deborah bassakennari. MYND/ALDA LÓA LEIFSDÓTTIR




**Framhald af forsíðu**

við mannúðarstarf í Tógó frá árinu 2008, safnaði um 500 kílóum af hljóðfærum sem flutt voru til Tógó, en tónlistarbúðirnar 2016 voru fjármagnaðar af Sól í Tógó og styrk frá utanríkisráðuneytinu.

„Við Auður fórum síðan sem sjálfboðaliðar í búðirnar í Tógó í sumar og komum með hljómborð, mixera og ýmislegt fleira gagnlegt,“ segir Íris.

Þess má geta að Sól í Tógó tók á leigu húsnæði í Lome undir hljóðfærin frá Íslandi og stofnaði ásamt Mirlindu tónlistarskóla fyrir stúlkur sem er starfræktur á sama stað, en þetta er fyrsti starfandi tónlistarskólinn í Tógó.

> **Þar sem erfiðlega gekk að útvega hljóðfæri þar í landi var ákveðið að safna þeim hér á landi og flytja út.**
>
> Íris Ellenberger

### Ófeimnar stúlkur í Tógó

Íris segir heilmikla upplifun að koma til Tógó en þær Auður ferðuðust þangað ásamt tveimur konum á vegum Sól í Tógó, þeim Öldu Lóu Leifsdóttur og Rut Sigurðardóttur.

„Uppbygging búðanna er svipuð. Stelpurnar byrja á að kynnast hljóðfærunum og læra byrjunaratriði í hljóðfæraleik. Svo mynda þær hljómsveitir, æfa lög og ljúka svo vikunni með lokatónleikum,“ segir Íris sem kemur alltaf á óvart hve miklum árangri stelpurnar í búðunum ná á einni viku. „Maður er himinlifandi með alla lokatónleika og það skemmtilega við tónleikana í Tógó var hversu kraftmiklar stelpurnar voru á sviði. Þær voru alveg ófeimnar, sungu ekki bara og spiluðu heldur dönsuðu líka, svo þetta varð heilmikil sýning og kraftmikil.“




Mirlinda, rokkbúðarstjórinn í Tógó, heimsótti íslenskar rokkbúðir í sumar. MYND/ALDA LÓA LEIFSDÓTTIR



Sjálfboðaliðarnir sem stjórnuðu rokkbúðunum í Tógó í sumar. Frá vinstri eru Íris, Mirlinda, Auður, Cici, Esse, Mother, Regine og Alda Lóa frá Sól í Tógó.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Frábær virkni af Bio-Kult

Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Ragna Lóa Stefánsdóttir hefur góða reynslu af Bio-Kult. Hún náði sér af magakveisu með hjálp þess og finnst meltingin vera orðin betri.

Þegar Ragna Lóa Stefánsdóttir kom heim frá Marokkó var hún með slæma magakveisu og leið illa. Hún fór til læknis sem gaf henni lyf við kveisunni. „En það var eins og ég næði mér ekki alveg af magakveisunni og ákvað því að prófa Bio-Kult Original þar sem ég hafði heyrt svo gott af því áður,“ segir Ragna Lóa.

### Mælir með Bio-Kult

Árangurinn lét ekki á sér standa og Ragna Lóa fann ótrúlega fljótt mun eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga.

„Ég hef fundið að með aldrinum þá verð ég viðkvæmari í maganum og það er ekki sama hvað ég borða, ég þarf að passa betur upp á mataræðið til að halda meltingunni í lagi. Bio-Kult Original kemur þar sterkt inn fyrir mig því mér finnst að meltingin sé betri og ég finn að það gerir mér gott,“ lýsir hún og bætir við að það eigi sérstaklega við þegar fólk sé undir álagi því þá eflir Bio-Kult varnir líkamans. „Ég mæli með Bio-Kult Original, það hefur reynst mér mjög vel.“

### Gott fyrir meltinguna

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar. Ég mæli heilshugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract og með Bio-Kult Original, báðar tegundir hafa reynst mér vel,“ segir Margrét.

### Bio-Kult fyrir alla

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn.

Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar.



Ragna Lóa fann ótrúlega fljótt mun á sér eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. MYND/STEFÁN




> „Bio-Kult Original kemur sterkt inn fyrir mig því mér finnst að meltingin sé betri og ég finn að það gerir mér gott.
>
> Ragna Lóa Stefánsdóttir

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

# Active Liver virkar fyrir mig

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin, þar á meðal lifrina.

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruefnin í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“ Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

### Nýtur þú lífsins of mikið?

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins. Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. „Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætiþistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósystein.



> Jóna er afar sátt við virkni Active Liver og fann fljótt mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd.“




### New Nordic Active Liver:

Inniheldur kólín sem stuðlar að:

- Eðlilegum fituefnaskiptum.
- Viðhaldi eðlilegrar starfsemi lifrarinnar.
- Eðlilegum efnaskiptum að því er varða amínósýruna hómósystein.
- Inniheldur mjólkurþistil og ætiþistil sem talið er að stuðli að eðlilegri starfsemi lifrar og galls.
- Inniheldur túrmerik og svartan pipar.

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

# Minni verkir – meiri liðleiki

**Nutrilenk vörurnar hafa reynst fjölda fólks vel við að draga úr stirðleika og verkjum í liðum. Gold getur hjálpað gegn brjóskvefsrýrnun, Active smyr stirða liði og gelið er kælandi og bólgueyðandi.**

Nutrilenk Gold og Active eru liðbætiefni sem þarf vart að kynna en þúsundir Íslendinga hafa notað þau gegn eymslum og stirðleika í liðum með góðum árangri daglega og hafa gert í mörg ár. „Nutrilenk hefur verið eitt mest selda liðbætiefnið hér á landi lengi og það fjölgar stöðugt í hópi þeirra sem dásama virknina og eru tilbúnir að deila því með öðrum,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan. „Nú eru Nutrilenk liðbætiefnin orðin þrjú en nýjasta varan er Nutrilenk gel sem hefur rækilega slegið í gegn. Gelið er bæði fyrir liði og vöðva og má nota samhliða öðrum liðbætiefnum eða bara eitt og sér.“

## Notar allar Nutrilenk vörurnar

Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir er ein af þeim sem þekkja vel til Nutrilenk varanna. Hún er 64 ára sérkennari, sem situr mikið í starfi sínu og vinnur mikið á tölvu. Hún hefur stundað hestamennsku af lífi og sál í 30 ár.

„Ég hef tekið Nutrilenk Gold í um það bil 15 ár. Ég byrjaði eftir að hafa lent í slysi og upphandleggs- og ökklabrotnað. Sjúkraþjálfarinn minn ráðlagði mér að taka Nutrilenk Gold því hann taldi að ökklinn myndi endast betur þannig. Þessi ár hef ég lengst af tekið 2 töflur á dag en jók dagskammtinn í 4 töflur fyrir ári. Ég veit ekki hvernig þróunin hefði verið ef ég hefði ekki tekið Nutrilenk Gold en ökklinn hefur staðið sig vel og ég hef ekki fundið til í stóru liðunum.“

## Finn ekki til í höndum og stirðleikinn er minni

Fyrir 12 árum greindist Bergljót síðan með Sjögrens sjúkdóminn sem er sjálfsofnæmis- og gigtarsjúkdómur.

„Áður en greiningin kom var ég farin að finna töluvert til í höndunum, sérstaklega á veturna þegar tölvuvinnan jókst. Það voru bólgur í liðum á fingrum sem mér gekk illa að vinna á. Fyrir um það bil þremur árum fór ég svo að finna fyrir verkjum í hryggnum og þá sérstaklega í hryggsúlunni (slitgigt). Samfara því fann ég fyrir stirðleika í líkamanum. Þetta olli mér mikilli vanlíðan og ég var ég sífellt þreytt og leið mjög illa. Þá ákvað ég að prófa Nutrilenk Active, 2 töflur á dag. Eftir um það bil mánuð hurfu verkirnir, ég finn ekki til í höndunum og stirðleikinn er mun minni. Fyrir ári prófaði ég að sleppa 2 mánuðum úr og sjá hvað myndi gerast. Verkirnir komu aftur og ég hélt þá áfram að taka Nutrilenk Active ásamt Nutrilenk Gold.“

**Gelið inniheldur**

**engiferþykkni og eucalyptus ilmkjarnaolíu sem notuð hafa verið í náttúrulækningum í aldaraðir. Það er kælandi og bólgueyðandi og er hugsað fyrir bæði liði og vöðva.**




**Nú eru Nutrilenk liðbætiefnin orðin þrjú. Nýjasta varan er Nutrilenk Gel sem hefur rækilega slegið í gegn.**



**Gelið er bæði fyrir liði og vöðva og má nota samhliða öðrum liðbætiefnum. eða bara eitt og sér.“**

## Kælandi og bólgueyðandi Nutrilenk gel

Í september í fyrra keypti Bergljót svo Nutrilenk kaupaukatilboð þar sem ókeypis túpa af Nutrilenk geli fylgdi með. „Mér finnst það virka mjög vel á mig því það er kælandi og bólgueyðandi. Til þessa hef ég prófað ýmis bólgueyðandi hita- og kæligel sem og olíur en af þeim finnst mér Nutrilenk gelið virka best á mig. Það er fljótt að virka en það er kælandi, dregur úr verkjum og smýgur vel inn í húðina. Gelið er sérstaklega mjög gott eftir heitan bakstur eða bað,“ segir Bergljót.



> **Eftir um það bil mánuð hurfu verkirnir, ég finn ekki til í höndunum og stirðleikinn er mun minni.**
>
> Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir

Að sögn Hrannar virðist Nutrilenk gelið henta nánast öllum og við hinum ýmsu kvillum. „Íþróttafólk ber því vel söguna ekki síður en þeir sem eru að kljást við slitgigt og eymsli í liðum og eru gríðarlega margir sem nota það eins og handáburð til að draga úr verkjum og bólgu í fingrum.“

**Magnesíum flögur**

*Frábært í baðið og fótabaðið*

Fyrir svefninn og við fótaóeirð

Fyrir alla

Fyrir íþróttafólk og þá sem stunda mikla hreyfingu




Alltaf opið
lindex.is
LINDEX

# Haustverkin í garðinum

**Á haustin er að ýmsu að huga fyrir veturinn og garðurinn er þar engin undantekning. Ágústa Erlingsdóttir garðyrkjufræðingur mælir með að setja niður haustlaukana og raka lauf af grasflötinni. Hún segir að ekki eigi að klippa tré fyrr en eftir áramótin.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is





Unga kynslóðin getur látið til sín taka við haustverkin í garðinum. MYND/GETTY

Núna er einmitt rétti tíminn til að setja haustlaukana niður því það er enn hlýtt í veðri og þá ná þeir að róta sig vel. Þeir ná því ekki þegar komið er frost í jörðu. Laukarnir blómstra svo snemma í vor. Vetrargosar koma upp í mars-apríl en túlípanar aðeins seinna,“ segir Ágústa Erlingsdóttir, skrúðgarðyrkjumeistari og námsbrautarstjóri skrúðgarðyrkju við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Auðvelt er að gróðursetja haustlauka en reglan er sú að dýptin í moldinni samsvari tvisvar til þrisvar sinnum þykkt lauksins en þeir geta verið misstórir eftir tegundum. Bilið á milli þeirra á að vera svipað og betra er að planta þeim saman í litlar grúppur í stað þess að setja einn og einn á víð og dreif um garðinn.

Ágústa segir þennan árstíma einnig tilvalinn til að planta út og gróðursetja runna og tré. „Yfirleitt er rakt í veðri og trén fá því ágætistíma til að róta sig fyrir veturinn. Ekki þarf að hafa miklar áhyggjur af vökvun, nema það komi óvænt þurrkatímabil.“

## Laufin falla

Á næstu dögum og vikum fara laufin að falla af trjánum og dreifast yfir gróður og grasflatir. Ágústa mælir með að raka laufin af grasflötinni svo hún komi vel undan vetri. „Laufin má gjarnan raka saman, mylja niður og setja í beðin því þau brotna hratt niður og þau eru góður áburður. Það má líka nota þau til að hlífa viðkvæmum gróðri. Grasflötina sjálfa er gott að slá fyrir veturinn en þó ekki of snöggt, heldur skilja eftir 4-8 cm gras. Ef ætlunin er að ráðast gegn mosa í grasflötinni er ágætt að dreifa þunni lagi af sandi yfir hana, hvort sem er að hausti til eða vori. Sandurinn síast niður í jarðveginn og þá kemur meira loft í hann sem minnkar líkurnar á mosa,“ segir hún og bætir við að mosi vaxi vel þar sem jarðvegur er blautur eða rakur. „Mosinn er eilífðarverkefni og sandurinn eyðir honum ekki en fрískar vel upp á grasflötina.“

## Ekki klippa trén

Ágústa segir að ekki eigi að klippa trjágróður á þessum árstíma heldur bíða með það fram yfir áramótin. „Þessa dagana freistast margir til að snyrta trjágróður svo limgerðin séu bein og falleg fyrir veturinn. Það ætti hins vegar ekki að gera. Ástæðan er sú að á þessum árstíma er yfirleitt rakt í veðri og sveppagró og ýmis óværa á ferðinni og meiri líkur eru á smiti ef trén eru nýklippt. Limgerði og runna á ekki að klippa fyrr en búið er að frysta, til dæmis eftir áramótin eða snemma næsta vor, fyrir laufgun. Stærri runna og tré er svo best að klippa snemmsumars, eftir laufgun og fram undir miðjan júlí.“

Ef fólk er með einhverjar sérstakar eða viðkvæmar plöntur sem eru mögulega á mörkum þess að þrífast hér á landi er skynsamlegt að skýla þeim til að milda áhrif frosts og vinda í vetur, að sögn Ágústu. „Ýmis útbúnaður til að skýla plöntum fæst í helstu garðyrkjuverslunum landsins og er þá helst notast við litla staura og striga til að tjalda umhverfis plönturnar sem á að skýla. Þetta getur gert gæfumuninn hvað varðar heilbrigði og vöxt viðkvæmari tegunda í görðum.“

## Áburður að vori

Þar sem uppskerutíminn stendur nú sem hæst segir Ágústa að gott sé að skilja kálblöð og stöngla eftir í matjurtabeðum. „Það er fínt að tæta þetta saman við jarðveginn og láta liggja yfir veturinn. Nema þá helst ef einhverjir sjúkdómar hafa gert vart við sig í kálplöntunum í sumar. Rabarbarablöð má einnig smækka því þau eru svo stór og blanda saman við jarðveginn.“

En er gott að bera áburð á til dæmis rabarbara fyrir veturinn? „Nei, það er ekki sniðugt að bera áburð á neinn gróður fyrir veturinn. Í rauninni eru gróðurinn byrjaður að undirbúa sig fyrir dvala í vetur. Um leið og við setjum áburð á gróður erum við að hvetja hann áfram í að vaxa og það viljum við ekki.“

Loks nefnir Ágústa að hægt sé að nota síðustu þurrkadaga haustsins til að bera á pallinn, hafi það gleymst í sumar. „Pallaolían þarf að ná að þorna vel. Það stefnir í ágætishita um helgina og fínt að rumpa því af fyrir veturinn.“



Ágústa segir að núna sé ekki rétti tíminn til að klippa runna og tré því sveppagró og önnur óværa sé á ferðinni og auknar líkur á smiti. MYND/EYÞÓR

> **Þessa dagana freistast margir til að snyrta trjágróður svo limgerðin séu bein og falleg fyrir veturinn. Það ætti hins vegar ekki að gera. Ástæðan er sú að á þessum árstíma er yfirleitt rakt í veðri og sveppagró og ýmis óværa á ferðinni og meiri líkur eru á smiti ef trén eru nýklippt.**



Sölufulltrúar

Hrannar Helgason, hrannar@365.is 512 5441

Viðar Ingi Pétursson, vip@365.is 512 5426


## Tannlæknastofa

Aðstoðarmaður tannlæknis óskast til starfa í afleysingar á tannlæknastofunni Vegmúla 2. Um er að ræða fullt starf til eins árs. Vinnutíminn er til 17 virka daga. Þarf að geta hafið störf 1. okt. 2017.

**Umsóknir og ferilskrá sendist á vegmuli2@gmail.com, fyrir 15. september.**

Jafnréttisstofa

## Starf lögfræðings á Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings í fullt starf. Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga á sviði jafnréttis- og mannréttindamála þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Jafnréttisstofa starfar samkvæmt lögum nr. 10/2008 og er staðsett á Akureyri. Stofnunin annast stjórnsýslu á sviði jafnréttismála og stuðlar að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla m.a. með fræðslu, upplýsingagjöf og ráðgjöf auk eftirlits með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þ.m.t. með innköllun jafnréttisáætlana og framkvæmd jafnlaunavottunar.
Meðal verkefna er að koma á framfæri ábendingum og tillögum til að ná fram auknu jafnrétti, fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu og á alþjóðavettvangi, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum, vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samvinnu við hlutaðeigandi stjórnvöld og samtök.

Helstu verkefni lögfræðings á Jafnréttisstofu eru ritun lögfræðilegra álita, leiðbeiningar og undirbúningur stjórnvaldsákvarðana á sviði jafnréttismála í samstarfi við velferðarráðuneytið, fræðsla og aðstoð við atvinnurekendur um gerð jafnréttisáætlana og framkvæmd jafnlaunavottunar, gerð jafnréttismats á grundvelli laga og ritun umsagna við frumvörp og þingsályktanartillögur.

Gerð er krafa um kandídatspróf eða grunnpróf auk meistaraprófs í lögfræði ásamt góðri færni í íslensku í ræðu og riti sem og færni í verkefnastjórnun og mannlegum samskiptum.

**Aðrar hæfniskröfur:**

- Þekking á jafnréttislögum og reynsla af starfi á sviði jafnréttismála.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu og stjórnsýslurétti.
- Mjög góð kunnátta í ensku og vald á einu Norðurlandamáli.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og greiningar- og skipulagshæfni.
- Hæfni í að miðla upplýsingum með skipulögðum og skýrum hætti.

Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi ríkisins við BHM.

Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

**Umsóknarfrestur er til 1. október nk.** og skulu umsóknir berast Jafnréttisstofu, Borgum, 600 Akureyri eða í tölvupósti á póstfangið jafnretti@jafnretti.is.
Upplýsingar í síma 4606200.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Jafnréttisstofu, 28. ágúst 2017.*

## ARKI TEKT

Við leitum að skapandi og metnaðarfullum arkitekt til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum á starfsstöð okkar í Reykjavík.

Framtíðarmöguleikar fyrir rétta aðila.

Teiknistofa arkitekta er alhliða ráðgjafafyrirtæki á sviði hönnunar, skipulags og mannvirkja.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið johann@teikna.is **fyrir 14. sept. 2017**. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Jóhann E. Jónsson í ofangreint netfang og í síma 695 2826.

Frekari upplýsingar um teiknistofuna er að finna á **www.teikna.is**



**TEIKNISTOFA ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí




**Vegna aukinna verkefna innanlands og utan óskum við eftir að ráða í eftirfarandi störf:**

### Forritari

**Helstu verkefni**
- Hönnun vinnsluvéla
- Forritun vinnsluvéla
- Skjákerfi fyrir vinnsluvélar

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Menntun á rafmagnssviði
- Reynsla af forritun PLC véla
- Geta tileinkað sér nýja tækni hratt
- Fylgjast með tækninýjungum og finnast spennandi að prófa nýja hluti
- Sjálfstæði, en geta jafnframt unnið í hóp
- Góð kunnátta í lestri rafmagnsteikninga nauðsynleg
- Starfið krefst mikils metnaðar og agaðra vinnubragða
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er kostur

### Tölvunarfræðingur/hugbúnaðarverkfræðingur

**Helstu verkefni**
- Forritun vinnsluvéla
- Skjákerfi fyrir vinnsluvélar
- Gagnagrunnar
- Netkerfi
- Hugbúnaðargerð

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Menntun á PC tölvusviði
- Reynsla af forritun PC véla (visual studio c#)
- Góð kunnátta í gagnagrunnum (SQL)
- Geta tileinkað sér nýja tækni hratt
- Fylgjast með tækninýjungum og finnast spennandi að prófa nýja hluti
- Sjálfstæði, en geta jafnframt unnið í hóp
- Starfið krefst mikils metnaðar og agaðra vinnubragða
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er kostur

### Rafmagnshönnuður

**Helstu verkefni**
- Forritun vinnsluvéla
- Skjákerfi fyrir vinnsluvélar
- Hönnun vinnsluvéla

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Menntun á rafmagnssviði
- Reynsla af forritun PLC véla æskileg
- Þekking á AutoCad Electrical góður kostur
- Góð kunnátta í lestri rafmagnsteikninga nauðsynleg
- Geta tileinkað sér nýja tækni hratt
- Fylgjast með tækninýjungum og finnast spennandi að prófa nýja hluti
- Sjálfstæði, en geta jafnframt unnið í hóp
- Starfið krefst mikils metnaðar og agaðra vinnubragða
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er kostur

**Nánari upplýsingar veitir Gísli Gunnar Pétursson gisli@skaginn3x.com**
**Umsóknir sendist á job@skaginn3x.com**
**Umsóknarfrestur er til og með 15. september**

SKAGINN 3X
www.skaginn3x.com

Systurfyrirtækin Skaginn hf., Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi og 3X Technology ehf. á Ísafirði mynda saman Skaginn 3X. Fyrirtækin framleiða og selja sérsniðnar hátæknilausnir fyrir matvælaiðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavinina að finna víðsvegar um heiminn. Tæknistigið er hátt og starfsmenn eru rúmlega 200 talsins í starfsstöðvum sem eru um 14.000 m². Starfsemin hefur vaxið mjög síðustu misseri en frumkvöðla- og nýsköpunarandinn hefur viðhaldist allt frá fyrsta degi. Áhersla er lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum og umhverfinu verulegan ávinning. **Skaginn 3X hlaut nýlega Útflutningsverðlaun forseta Íslands og Nýsköpunarverðlaun Íslands.**

ráðum
ráðningarstofa

## Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

## Forstöðumaður íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

Velferðarsvið Kópavogsbæjar leitar að áhugasömum einstaklingi til að sjá um að skipuleggja og leiða starfsemi í íbúðakjarna í Dimmuhvarfi.

**Starfshlutfall og ráðningartími**

Um er að ræða 100% starf, til eins árs.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði þroskaþjálfa eða mennta- og félagsvísinda
- Starfs- og stjórnunarreynsla í málefnum fatlaðs fólks skilyrði.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, ábyrgðarkennd og frumkvæði.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Ber ábyrgð á rekstri heimilisins í samræmi við fjárhagsáætlun.
- Stýrir faglegu starfi og þróar innra starf í samræmi við stefnu bæjarins.
- Sér um starfsmannamál og skipulag vakta.
- Vinnur að gerð þjónustuáætlana og annast samskipti við aðstandendur og aðra aðila um málefni íbúanna.
- Vinnur eftir starfsmannastefnu Kópavogsbæjar.

**Frekari upplýsingar**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.

Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá velferðarsviði Kópavogs þurfa að skila sérstöku sakavottorði eða veita heimild til að leitað sé upplýsinga af sakaskrá.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk.**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðlaug Ósk Gísladóttir í síma 441-000 og einnig í netfangið **gudlaugo@kopavogur.is**.

**Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.**

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

## HANDKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS (HSÍ) ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA MARKAÐSSTJÓRA TIL STARFA.

### STARFIÐ FELUR Í SÉR UMSJÓN OG ÁBYRGÐ Á MARKAÐS-, FJÁRÖFLUNAR- OG KYNNINGARMÁLUM HSÍ.

### STARFSSVIÐ

- Umjón með markaðs-, fjáröflunar- og kynningarmálum
- Samræming fjáröflunaraðgerða
- Viðburðastjórnun
- Ímyndarmál
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Innri upplýsingamiðlun og kynning verkefna
- Samskipti við aðildarfélög, styrktaraðila, stuðningsmenn, auglýsingastofur og fjölmiðla
- Ábyrgð á vefsíðu og samfélagsmiðlum sambandsins
- Önnur tilfallandi störf

### HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af markaðs- og fjáröflunarmálum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Hugmyndaauðgi
- Góðir samskiptahæfileikar, jákvætt viðmót og hæfni til að leiða teymisvinnu
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

**HANDKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS ER EITT STÆRSTA SÉRSAMBAND INNAN ÍSÍ OG ERU STARFSMENN Á SKRIFSTOFU ÞESS NÚ FJÓRIR.**
Vinsamlegast sendið umsóknir á framkvæmdastjóra HSÍ,
Róbert Geir Gíslason, robert@hsi.is fyrir 11. september nk.
Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá.
Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri HSÍ,
Róbert Geir Gíslason, robert@hsi.is.

HSÍ

Grundarfjarðarbær

## Tímabundið starf skipulags- og byggingafulltrúa

Grundarfjarðarbær auglýsir eftir starfmanni í tímabundið starf skipulags- og byggingafulltrúa. Um er að ræða afleysingu í þrjá mánuði frá 12. september 2017. Hlutastarf kemur til greina. Skipulags- og byggingafulltrúi ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, úttektum, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku og skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa.

**Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar, www.grundarfjordur.is**

Flísabúðin

## SÖLUMAÐUR Í VERSLUN

***Óskum eftir að ráða kraftmikinn sölumann í verslun okkar að Stórhöfða 21, 110 Reykjavík.***
Vinnutími er frá kl. 9-18 alla virka daga og á laugardögum frá 10-14. Frá 01.06 - 01.09 er lokað á laugardögum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

**Helstu verkefni sölumanns eru:**

- Sala og framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini verslunarinnar.
- Áfyllingar, framstillingar, móttaka á vörum, afgreiðsla af lager og á kassa.
- Önnur almenn verslunarstörf.

**Kröfur um hæfni og reynslu:**

- Reynsla af sölu- og verslunarstörfum.
- Framúrskarandi þjónustulund og áhugi á sölustörfum.
- Sjálfstæði, dugnaður og frumkvæði í starfi.
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi.
- Góð samskiptahæfni, kurteisi og jákvæðni.
- Lyftarapróf æskilegt

**Nánari upplýsingar um starfið veitir. Þórður Magnússon flis@flis.is**

## Kvöld- og helgarvinna

Seljakjör, Seljabraut 54, 109 Reykjavík

- Starfsfólk óskast í kvöld og helgarvinnu
- Almenn verslunarstörf, afgreiðsla og áfyllingar.

Æskilegt að viðkomandi sé **18 ára eða eldri** og geti hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sendi inn umsókn á: **seljakjor@seljakjor.is**

Umsóknarfrestur til og með **6. september n.k.**

Nánari upplýsingar veitir Valdís Sigurðardóttir verslunarstjóri á staðnum eða í síma: 777-1618.

**SELJAKJÖR**
– KAUPMAÐURINN Á HORNINU –

Heilsuver
Suðurlandsbraut 22 | www.heilsuver.is

**Heilsuver Suðurlandsbraut 22 óskar eftir starfsmanni**

Heilsuver er sérverslun með heilsuvörur og í starfinu felst m.a. almenn umsjón með búðinni, afgreiðsla, ráðgjöf, kynningar o.fl.
Viðkomandi þarf að hafa góða menntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði næringarfræði auk brennandi áhuga á heilsuvörum.
**Umsóknarfrestur er til 10.september.**
Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn, sími 533-6103 eða alli@lyfjaver.is

# SÖLUMAÐUR

Sónar ehf. óskar að **ráða til starfa sölumann** siglinga- og fjarskiptalausna auk annarra verkefna.

Um er að ræða **fjölbreytt og skemmtilegt starf** hjá framúrskarandi innflutnings- og þjónustufyrirtæki.

Umsækjandi þarf að vera **skipulagður og sjálfstæður** í vinnubrögðum. Reynsla af siglinga- og fjarskiptatækjum er kostur en ekki nauðsyn.

Ef þú hefur áhuga á fjölbreytilegri vinnu **á lifandi og skemmtilegum vinnustað** þá endilega hafðu samband. **Góð laun og framtíðarvinna** er í boði fyrir réttan aðila.

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið **sonar@sonar.is — fyrir 15. september.**

Fyllsta trúnaðar verður gætt og **öllum umsóknum verður svarað**.

www.godverk.is

SÓNAR HEILDARLAUSN Í SIGLINGATÆKJUM

Sónar ehf. er eitt af leiðandi fyrirtækjum landsins í innflutningi, sölu og þjónustu á siglinga- og fjarskiptatækjum í skip og báta. Fyrirtækið hefur verið valið „Framúrskarandi fyrirtæki“ undanfarin fimm ár.

» Ráðningarþjónusta

# Verkfræðingur/Tæknifræðingur

Gamalgróin meðalstór verkfræðistofa á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða byggingaverkfræðing/tæknifræðing til starfa. Um fullt starf er að ræða.

Starfið felst í hönnun burðarvirkis, og eða lagna og loftræstingar ásamt eftirliti.

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

*Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.*



Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is

# Hagstofa Íslands

**Hagstofa Íslands óskar eftir því að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til starfa.**

## Deildarstjóri á félagsmálasviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða deildarstjóra á félagsmálasvið. Í starfinu felst dagleg stjórnun deildar, stefnumótun, skipulagning verkefna og mannaforráð. Um er að ræða lykilstarf sem felur í sér faglega forystu á innlendum og erlendum vettvangi í úrvinnslu úrtaksrannsókna og ábyrgð á tölfræði um fjölbreytt efni á sviði félagsmálatölfræði svo sem um mannfjölda, vinnumarkað, lífskjör, velferðarmál, heilbrigðismál, félagsvernd, jafnrétti og kosningar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Góð tölfræðiþekking
- Stjórnunarfærni og leiðtogahæfileikar
- Reynsla af samstarfi, skipulagningu og stjórnun verkefna
- Geta til að eiga árangursrík samskipti
- Reynsla af tölulegri greiningu og gagnavinnslu
- Góð þekking á úrtaksrannsóknum
- Þekking á félagsmálatölfræði er kostur
- Þrautseigja og álagsþol
- Frumkvæði og lausnarmiðuð hugsun
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með **11. september** næstkomandi og skulu umsóknir berast til Hagstofa Íslands, Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

**Nánari upplýsingar um starfið veita Ólafur Arnar Þórðarson og Hrafnhildur Arnkelsdóttir í síma 528 1000.**

Húnaþing vestra

# Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

HÚNAÞING VESTRA

Húnaþing vestra auglýsir lausa stöðu sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með rekstri skrifstofu sveitarfélagsins á Hvammstanga. Skrifstofan fer með stjórnsýslu sveitarfélagsins, sér um móttöku og afgreiðslu erinda og er leiðbeinandi við íbúa, nefndarmenn og aðra. Sviðsstjóri situr í framkvæmdaráði sveitarfélagsins, heyrir beint undir sveitarstjóra og er staðgengill í hans fjarveru. Á fjármála- og stjórnsýslusviði starfa 5 starfsmenn.

Umsóknarfrestur
**18. september**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5609**

Helstu viðfangsefni:
- Fagleg ábyrgð á starfsemi sviðsins og yfirumsjón með rekstri skrifstofu sveitarfélagsins.
- Ábyrgð á fjárhagsáætlunum.
- Ábyrgð á fjárreiðum og bókhaldi.
- Yfirumsjón með innkaupum.
- Umsjón tölvumála og heimasíðu sveitarfélagsins.
- Fundarseta með byggðarráði og sveitarstjórn og ritun fundargerða.
- Annað sem sveitarstjóri felur sviðsstjóra.

Menntun, hæfni og reynsla:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi.
- Reynsla á sviði reikningshalds, uppgjöra, áætlanagerðar og greiningarvinnu.
- Reynsla og þekking á bókhaldskerfinu Microsoft Dynamics NAV er kostur.
- Reynsla af stjórnsýslu sveitarfélaga er kostur.
- Leiðtogahæfni, metnaður og jákvætt viðmót.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, sjálfstæði og nákvæmni.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði og enskukunnátta er kostur.

Hvammstangi í Húnaþingi vestra er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 600 íbúa en íbúar í Húnaþingi vestra eru 1.180. Hvammstangi er í alfaraleið, aðeins 6 km. frá þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Í Húnaþingi vestra er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþrótta, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnaþing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

VERNE GLOBAL

DATA CENTERS FOR FORWARD THINKERS

Verne Global is a multinational company which offers data center space with an affordable 100% carbon neutral power solution that has unparalleled pricing predictability; a range of server density options; and efficiency without extra expense by using natural cooling.

# Controller

Verne Global is looking for a vibrant employee who is analytical, accurate and highly motivated. This is an exciting role with global responsibility for companies in the US, UK and Germany in addition to companies in Iceland. Verne Global is based in Reykjanesbær.

**Job description:**

- Responsible with the Finance Manager for the hands on, day to day responsibilities of the accounting function
- Responsible for a timely and accurate monthly close including the reconciliation of all general ledger accounts
- Bank reconciliations
- Preparation of monthly, quarterly and annual consolidated financial statements prepared on an IFRS basis. Research IFRS issues as they arise
- Preparation of management reporting
- Coordination of VAT filings
- Ownership of the Accounts Payable Function

**Job qualifications:**

- Relevant educational background
- Accounting experience preferably public accounting and global experience
- Good organizational, time management, customer service and problem-solving skills
- Ability to work well independently
- Strong written and verbal communication skills
- The ability to write and speak fluent English
- The ability to read Icelandic is also required
- Broad general knowledge in basic Office programs. NAV experience a plus

**For more information contact:**

**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is

**Inga S. Arnardóttir**
inga@hagvangur.is

**Please fill out application on hagvangur.is**

**Application deadline: September 12**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Landsvirkjun

## Við óskum eftir **sérfræðingi** með framúrskarandi greiningarhæfileika

Í starfinu felst margvísleg greining á samkeppnishæfni Landsvirkjunar og Íslands í alþjóðlegu samhengi. Um er að ræða greiningu á fjölbreyttum viðskiptatækifærum á innlendum og erlendum orku-, hrávöru- og gagnaversmörkuðum ásamt mati á áhrifum alþjóðlegra loftslagsaðgerða á þróun orkumarkaða á heimsvísu. Viðkomandi mun auk þess veita almenna ráðgjöf innanhúss, vinna að framsetningu gagna til notkunar innan- og utanhúss og taka þátt í samningaviðræðum og samskiptum við greiningaraðila og viðskiptavini.

- Háskólamenntun í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða öðrum fögum sem nýtast í greiningarstarfi
- Framúrskarandi greiningarhæfileikar
- Reynsla af greiningu ásamt úrvinnslu og framsetningu gagna
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku

Sótt er um starfið á vef Capacent. Nánari upplýsingar veitir Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is). Umsóknarfrestur er til og með 13. september 2017.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlauna-úttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



UN bókhald ehf

**UN bókhald ehf óskar eftir að ráða bókara í 60% starf**

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af bókhaldsstörfum
Þekking á DK bókhaldskerfi
Exelkunnátta kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 9. september n.k.**
Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið
**unbokhald@unbókhald.is**

## NEED A JOB?

### AÞ-Þrif is looking for people – full time and part time jobs

AÞ-Þrif is looking for people to hire, both for full time job and part time job.
Preferably between 20–40 years of age, icelandic and/or english speaking with driving license.
Clean criminal record required.

**Please apply via www.ath-thrif.is or send email: gerda@ath-thrif.is**

PROFESSIONALISM
GOOD SERVICE
HONESTY

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS



## Bókbindari eða vanur aðstoðarmaður í bókband

Pixel prentþjónusta óskar eftir að ráða til sín starfsfólk í frágangsdeild.

Fullt starf eða hlutastarf er í boði.

Umsóknum skal skilað á netfangið hlynur@pixel.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. sept.

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA
pixel prentþjónusta

Reginn FASTEIGNAFÉLAG

Reginn hf. er íslenskt fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði. Fasteignasafn Regins telur 118 fasteignir og er heildarstærð safnsins um 313 þúsund fermetrar. Félagið er hlutafélag í dreifðu eignarhaldi og skráð í Kauphöll Íslands.

# Smáralind – Forstöðumaður markaðsmála

Smáralind er verslunarmiðstöð í eigu Regins fasteignafélags og er verðmætasta eign félagsins. Stjórnendur Smáralindar hafa sett sér þau markmið að verslunarmiðstöðin verði leiðandi í verslun, þjónustu og afþreyingu á höfuðborgarsvæðinu.

Smáralind leitar nú að kraftmiklum og metnaðarfullum aðila til að stýra og hafa umsjón með mótun, uppbyggingu og eftirfylgni markaðsmála Smáralindar og tengdra verkefna á sviði verslunar og þjónustu. Einnig verður þessi aðili virkur þátttakandi í umbreytingu og endurskipulagningu verkefna á þessu sviði s.s. að leita nýrra tækifæra og kynna húsið út á við fyrir nýjum rekstraraðilum.

**Helstu verkefni:**

- Leiðir stefnumótun, framkvæmd og eftirfylgni markaðsmála
- Stýrir og samræmir samráðsvettvang rekstraraðila í húsinu hvað varðar skipulagningu og undirbúning viðburða sem og samstarfi við kaupmenn og rekstraraðila í húsinu
- Virk þátttaka í skipulagningu og stefnumótunarvinnu annarra tengdra verkefna á sviði verslunar og þjónustu t.a.m. Hafnartorginu
- Samskipti við leigutaka, viðskiptavini og þjónustuaðila
- Önnur tilfallandi verkefni tengd daglegum rekstri

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræða, meistarapróf æskilegt
- Starfsreynsla og yfirgripsmikil þekking á markaðsmálum og notkun samfélagsmiðla
- Framúrskarandi þekking og áhugi á verslun, þjónustu, tísku og afþreyingu sem og almennu viðskiptaumhverfi verslunarmiðstöðva
- Reynsla af verkefnastjórn þ.m.t. áætlanagerð og eftirfylgni verkefna
- Góð samskiptafærni, tölvukunnátta, íslensku- og enskukunnátta

# Reginn – Sérfræðingur í útleiguteymi

Reginn hf. hefur náð miklum og góðum árangri í útleigu atvinnuhúsnæðis til fjölmargra viðskiptavina sinna. Á ári hverju eru leigðir út þúsundir fermetra af nýjum leigurýmum. Leiguteymi Regins er þar í lykilhlutverki en Reginn leitar nú að kraftmiklu og hugmyndaríku starfsfólki í útleiguteymi félagsins.

**Helstu verkefni:**

- Greina tækifæri og verkefni í eignum félagsins
- Vinna, móta og þróa kynningarefni um eignasafnið
- Greina, móta og þróa valkosti í leigurýmum í samvinnu við núverandi og framtíðar viðskiptavini
- Samskipti við verktaka, þjónustuaðila og viðskiptavini þ.m.t. þátttaka í gerð leigusamninga
- Önnur tilfallandi verkefni tengd daglegum rekstri sem útleiguteymi fæst við

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, byggingartækni eða verkfræði
- Þekking og reynsla tengd fasteignum og fasteignaviðskiptum
- Reynsla og þekking á markaðsmálum og notkun samfélagsmiðla
- Góð samskiptafærni, tölvukunnátta, íslensku- og enskukunnátta

**Upplýsingar veita:**
**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is
**Inga S. Arnardóttir**
inga@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 12. september nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Vélamaður Borgarnesi

VEGAGERÐIN

*FAGMENNSKA ÖRYGGI FRAMSÝNI*

Vélamaður óskast til starfa á starfsstöð Vegagerðarinnar í Borgarnesi. Um 100% starf er að ræða. Starfið felst annars vegar í viðgerðum á bundnum slitlögum um land allt með sérútbúnum viðgerðarbíl. Hins vegar er um að ræða vinnu við viðhald og viðgerðir á vélum og tækjum í starfsstöð í Borgarnesi.

Starfssvið
- Viðgerðir á holum og öðrum skemmdum á bundnu slitlagi vega
- Umsjón með slitlagsviðgerðarbíl Vegagerðarinnar
- Vinna við viðhald og viðgerðir véla á vélaverkstæði Vegagerðarinnar í Borgarnesi
- Önnur tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meirapróf bifreiðastjóra
- Vinnuvélaréttindi
- Iðnmenntun sem bifvélavirki eða vélvirki er kostur
- Góð reynsla og hæfni í umhirðu og viðhaldi véla er krafa
- Góð kunnátta til að vinna við skráningu í tölvu
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til 18. september. Umsóknin berist Vegagerðinni á netfang starf@vegagerdin.is.
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt starfsferilskrá og upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir.
Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Erlendur Breiðfjörð verkstæðisformaður vélaverkstæðis í Borgarnesi í síma 522-1550.
Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

# Vélamenn og verkamenn óskast.

Háfell ehf. jarðvinnuverktaki, óskar eftir vélamönnum og verkamönnum til starfa.

**Áhugasamir sendi umsókn sína ásamt ferilskrá á netfangið skarphedinn@hafell.is**

háfell **Við lifum á jörðinni!**

Gæða BAKSTUR SÍÐAN 1993 — ÖMMUBAKSTUR

## Pökkun / Tiltekt

**Gæðabakstur / Ömmubakstur óskar eftir starfsmanni við pökkun og tiltekt á framleiðsluvörum fyrirtækisins.**

**Starfsvið:**
Um er að ræða fullt starf í framleiðslusal fyrirtækisins við pökkun á framleiðsluvörum, tiltekt pantana, frágang og undirbúning á framleiðsluvörum fyrirtækisins ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.
Vinnutími er annarsvegar frá kl 07:00-15:00 eða 09:00-17:00
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og vera eldri en 20 ára.

**Hæfniskröfur:**
- Stundvísi og reglusemi
- Snyrtimennska og skipulagsfærni
- Góð mannleg samskipti
- Skilja og tala ensku
- Hreint sakarvottorð

Gæðabakstur / Ömmubakstur er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á kornvörum s.s. brauðum, kökum, smábrauðum, súrdeigsbrauðum o.fl. Fyrirtækið er byggt á sterkum grunni og hefur hlotið viðurkenninguna framúrskarandi fyrirtæki 4 ár í röð.

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@gaedabakstur.is fyrir 5. september.**

ráðum ráðningarstofa

# Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

## **INNKAUPAFULLTRÚI** Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Isavia leitar að öflugum og skipulögðum innkaupafulltrúa. Starfið felst í samskiptum við innlenda og erlenda birgja og þjónustuaðila, aðstoð við áætlunargerð og eftirfylgni, umsjón með útgáfu innkaupapantana, aðstoð og þjálfun í notkun innkaupabeiðna, umsjón og undirbúningur verðfyrirspurna og útboða auk aðstoðar við þróun og innleiðingu innkaupaferla og kerfa.

**Hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum
- Þekking á innkaupahluta Navision er kostur
- Þekking á opinberum innkaupareglum er kostur

Upplýsingar um starfið veitir Sævar Garðarsson, deildarstjóri eignaumsýsludeildar, í netfanginu **saevar.gardarsson@isavia.is**.

Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC árlega frá 2015. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.



**Sif** er flugumferðarstjóri í flugturninum á Keflavíkurflugvelli. Hún er hluti af góðu ferðalagi.

STARFSSTÖÐ: **KEFLAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR: **17. SEPTEMBER 2017**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia



# CARE TO JOIN US?

Are you dynamic, enthusiastic, open-minded, and flexible, and older than 22 years old? These are the qualities we are seeking in the individuals who will staff our new luxury hotel and spa. As a service representative at the Retreat at Blue Lagoon Iceland, you will become part of a team that thrives on warmth and sophistication—creating the conditions for extraordinary guest experiences.

## Host

Each host facilitates unforgettable guest experiences throughout the Retreat. The host becomes an integral part of each guest's journey—greeting them, guiding them, and advising them for the duration of their stay.

Qualifications:
- Prior experience in a customer-focused environment
- Excellent people and communication skills

## Guest Relations

A guest relations representative is the initial contact person and advisor for guests who will be coming to the Retreat. They confer with the guest before their arrival, both providing and gathering information—data that the host will then use to create an itinerary for the guest's upcoming journey.

Qualifications:
- Prior experience in a customer-focused environment
- Excellent organization and communication skills

## Guest Agent

The guest agent arranges for airport transportation, welcomes the guest, provides valet service, delivers luggage to the guest's room, and gives ongoing guest support.

Qualifications:
- Prior experience in a customer-focused environment
- Excellent people skills
- Valid Icelandic driver's license

## Spa Supervisor

The spa supervisor is ultimately responsible for coordinating the spa's daily operations. This individual serves as both a leader and a role model—setting high standards for appearance, work ethic, and dedication.

Qualifications:
- At least one year of experience in a supervisory role in hospitality
- Excellent leadership skills
- Excellent organization and communication skills

## Spa Host

The spa host facilitates unforgettable guest wellness experiences at the Retreat spa. The host becomes an integral part of each guest's spa journey—greeting them, advising them, and introducing them to the spa's many possibilities for radiance and wellbeing.

Qualifications:
- Prior experience in a customer-focused environment
- Excellent people and communication skills

## Housekeeper

A housekeeper ensures the cleanliness and order of all suites at the Retreat.

Qualifications:
- Extremely detail oriented
- Previous experience in housekeeping or cleaning

## Cleaner

Each cleaner ensures that all public areas at the Retreat are tidy, spotless, and immaculate.

Qualifications:
- Extremely detail oriented
- Previous experience in housekeeping or cleaning

## Lifeguard

Each lifeguard ensures the safety of all guests at the Retreat spa. A position that demands extreme focus, the lifeguard must be alert and intrinsically proactive at all times.

Qualifications:
- Attentive and observant
- Excellent swimmer

For more info and applications go to **careers.bluelagoon.com.** Application deadline is **10 September**.

Great team spirit | Good benefits | Training provided | Bus rides to and from work | 2-2-3 shift

BLUE LAGOON
ICELAND



# Ritari ráðherra

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskar eftir því að ráða ritara ráðherra. Starfið er mjög fjölþætt og felst í almennum ritarastörfum ásamt sérhæfðari verkefnum. Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun sem hefur góða reynslu er nýtist í starfi. Gerð er krafa um góða íslensku- og enskukunnáttu og góða almenna tölvukunnáttu. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu og áhuga á málefnum samfélagsins, geta sýnt frumkvæði, vera ábyrgur, vandvirkur, hafa mikla þjónustulund, jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum.

## Helstu verkefni:

- Verkefnastjórn einstakra verkefna
- Skipulag dagbókar ráðherra, utanumhald og undirbúningur funda
- Halda utan um fyrirspurnir og svör til Alþingis
- Samskipti við önnur ráðuneyti og stofnanir
- Bréfaskriftir, skjalavarsla og upplýsingaöflun
- Umsjón með ferðum ráðherra
- Önnur almenn ritarastörf

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðara starfsmanna stjórnarráðsins við fjármálaráðherra. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf.

**Nánari upplýsingar veitir Guðný E. Ingadóttir mannauðsstjóri í síma 545 8200.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Umsóknarfrestur er til 18. september nk.** Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið **starf@SRN.is**. Umsókn skal fylgja ítarlegt kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur á færni viðkomandi í starfið. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
Sími 545-8200

SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

---

## Skaftárhreppur

### Laus störf í Skaftárhreppi

### Skipulags- og byggingarfulltrúi í Skaftárhreppi

Laust er starf skipulags- og byggingarfulltrúa í Skaftárhreppi sem er annað landstærsta sveitarfélag á Íslandi. Leitað er eftir öflugum og hæfum einstaklingi sem hefur metnað og áhuga á að byggja upp og þróa starfið.

Skipulags- og byggingarfulltrúi fer með framkvæmd skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögum og sinnir verkefnum í samstarfi við sveitarstjórn og skipulagsnefnd sveitarfélagsins ásamt því að vinna náið með sveitarstjóra.

**Helstu verkefni;**

- móttaka skipulags- og byggingarerinda
- undirbúningur og eftirfylgni funda skipulagsnefndar
- úttektir, mælingar og vettvangsathuganir
- útgáfa byggingarleyfa, framkvæmdaleyfa og stöðuleyfa.
- Umsagnir vegna útgáfu rekstrar og/eða starfsleyfa yfirferð uppdrátta
- skráning fasteigna og stofnun lóða.
- áætlanagerð vegna verklegra framkvæmda á vegum sveitarfélagsins.
- Umsjón með skjalavistun er varðar skipulags og byggingarmál og tryggja virkni gæðakerfis stjórnkerfis byggingarfulltrúa.

**Umsækjendur skulu fullnægja menntunar- og hæfniskröfum 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.**

**Þekking og reynsla af skipulags- og byggingarmálum og opinberri stjórnsýslu er mikilvæg, einnig að viðkomandi hafi iðnmenntun sem bakgrunn.**

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Umsóknir ásamt fylgigögnum skal senda á netfangið sveitarstjori@klaustur.is. Umsóknarfrestur er til 15. september n.k.**

---

COCA-COLA EUROPEAN PARTNERS

## SÉRFRÆÐINGUR Á FJÁRMÁLASVIÐI

Ef þú vilt taka þátt í breytingatímum hjá Coca-Cola á Íslandi og hjálpa okkur við að byggja upp frábæran vinnustað til lengri tíma, hvetjum við þig til að slá til!

Um er að ræða nýtt starf í alþjóðlegu umhverfi.

**Helstu verkefni**

- Áætlanir og eftirlit með kostnaði vörustjórnunarsviðs
- Ábyrgð á fjárhagslegum lykilmælikvörðum fyrir vörustjórnunarsvið
- Stjórnendaskýrslur og upplýsingagjöf til erlendra samstarfsaðila
- Gagnaöflun og útreikningar fyrir nýjar viðskiptahugmyndir og fjárfestingar

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða verkfræði
- Reynsla af greiningarvinnu og viðskiptagreind
- Góður skilningur á rekstri fyrirtækja
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Viðkomandi þarf að vera skipulagður, áreiðanlegur, hafa frumkvæði og geta unnið undir álagi



Allir einstaklingar sem uppfylla hæfniskröfur auglýstra starfa eru hvattir til að sækja um störf, óháð kyni, trúarbrögðum, litarhætti, uppruna, kynhneigð, aldri eða fötlun.

Tekið er við umsóknum á vefsíðu okkar ccep.is/mannaudur/laus-storf

Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi.

Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.

Nánari upplýsingar veitir
Anna Regína Björnsdóttir,
forstöðumaður á fjármálasviði
annaregina@ccep.is

COCA-COLA EUROPEAN PARTNERS

Coca-Cola European Partners Ísland ehf.
Stuðlaháls 1, 110 Reykjavík
525 2500, Info@ccep.is

Við bjóðum spennandi vinnustað í alþjóðlegu umhverfi þar sem við erum í sífelldum breytingum og umbótavinnu að mæta þörfum viðskiptavina. Viðskiptavinahópur okkar er fjölbreyttur og við viljum að starfsmenn okkar endurspegli þá fjölbreytni. Coca-Cola á Íslandi starfar eftir virkri jafnréttisstefnu og stjórnendur gera sér grein fyrir því að aukinn fjölbreytileiki í hópi starfsmanna skilar sér í auknum árangri fyrirtækisins. Við trúum því að með því að styrkja fjölbreytni og jafnrétti innan fyrirtækisins, búum við til góðan vinnustað sem laðar að sér gott starfsfólk.

Coca-Cola á Íslandi (áður Vífilfell) hefur djúpar rætur í íslensku samfélagi og hefur verið starfrækt síðan 1942. Fyrirtækið hefur síðan 29. júlí 2016 verið hluti af af Coca Cola European Partners sem er stærsta átöppunarfyrirtæki Coca-Cola í heiminum. Coca-Cola European Partners starfar á 13 mörkuðum í Evrópu með 25.000 starfsmenn og býður neytendum og viðskiptavinum fjölbreytt úrval drykkja undir merkjum þekktustu vörumerkja í heimi.

---

Thrifty Bílaleiga

## FRAMTÍÐARSTARF

# ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í BÍLALEIGU Í REYKJAVÍK

**Thrifty Car Rental, bílaleiga Brimborgar, leitar að röskum og jákvæðum starfsmanni í framtíðarstarf þjónustufulltrúa á starfsstöð í Reykjavík.**

**Stutt lýsing á starfi:**

- Afhending bíla til erlendra sem innlendra viðskiptavina og móttaka við leiguskil
- Samskipti við innlenda sem erlenda söluaðila
- Upplýsingagjöf, sala þjónustu og skráning bókana

**Hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf og/eða reynsla af sambærilegu starfi
- Hæfni í tölvunotkun
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Unnið er á vöktum frá 07:00-17:00 (2,2,3).
Nánari upplýsingar um starfið má finna á **www.brimborg.is (laus störf)**

**Umsóknarfrestur er til 7. september 2017.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*



## Starfsfólk í afgreiðslu óskast

Í boði eru vaktir bæði fyrir og eftir hádegi.
Framtíðarstarf.

Áhugasamir sæki um á netfangið
*bjornsbakari@bjornsbakari.is* merkt **ATVINNA**

BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433

## ÖRYGGISVÖRÐUR
## SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til og með **8. september 2017.** Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/

JAFNRÉTTISSTAÐA: Sendiráð Bandaríkjanna veitir jafnrétti í atvinnu til allra án tillits til kynþáttar, litar, trúarbragða, kyns, þjóðernis, aldurs, fötlunar, pólitískrar tengslar, hjúskaparstöðu eða kynhneigðar

---

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this postion is **September 8, 2017.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

EQUAL EMPLOYMENT OPPORTUNITY: The U.S. Mission provides equal opportunity and fair and equitable treatment in employment to all people without regard to race, color, religion, sex, national origin, age, disability, political affiliation, marital status, or sexual orientation

# Framúrskarandi söluráðgjafi

Við leitum eftir metnaðarfullum söluráðgjafa fyrir Lexus sem hefur áhuga að starfa í glæsilegu umhverfi og sinna framúrskarandi sölu og þjónustu til viðskiptavina okkar.
Lexus er einn af fremstu lúxusbílaframleiðendum heims þar sem fáguð hönnun og nærgætni við umhverfið spilar stórt hlutverk og sameinar einstaka upplifun til viðskiptavina.

### Starfssvið

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Leita nýrra tækifæra í sölu og eftirfylgni
- Tilboðs- og samningagerð
- Frágangur á sölu

### Hæfniskröfur

- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Reynsla af sölumennsku skilyrði
- Mikil þjónustulund og sveigjanleiki
- Drifkraftur, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 10. september. Sækið um starfið á ráðningarvef www.toyota.is/storf
Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfanginu fanny@lexus.is



Lexus Ísland
Kauptúni 6, sími 570 5400
lexus@lexus.is

LEXUS

# Deildarstjóri reikningshalds

**Borgun leitar að reyndum og öflugum einstaklingi í starf deildarstjóra reikningshalds á fjármálasviði fyrirtækisins.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda inn umsókn á **borgun.is**. Umsóknarfrestur er til og með **17. september nk**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Davíð Þór Jónsson, forstöðumaður fjármálasviðs, í síma 560-1600 eða í gegnum netfangið *dj@borgun.is*.

### Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með daglegu bókhaldi
- Annast reikningshald og mánaðarleg uppgjör
- Samskipti við ytri endurskoðendur félagsins og aðra hlutaðeigandi aðila
- Aðstoð við gerð fjárhagsáætlunar félagsins
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf með áherslu á fjármál og/eða endurskoðun
- Þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)
- Reynsla úr fjármálageiranum kostur
- Reynsla af stjórnunarstörfum kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi

BORGUN



# Embætti átta héraðsdómara laus til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laus til umsóknar embætti átta héraðsdómara. Um er að ræða eitt embætti dómara sem hafa mun starfsstöð við héraðsdóm Vestfjarða en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólaráðs og jafnframt vera dómstjóri í héraðsdómi Vestfjarða, eitt embætti dómara sem hafa mun starfsstöð við héraðsdóm Reykjavíkur en sinna störfum við alla héraðsdómstólana og embætti sex dómara með fast sæti við héraðsdóm Reykjavíkur. Miðað er við að skipað verði í embætti dómara með starfsstöð við héraðsdóm Vestfjarða hið fyrsta eftir að nefnd um hæfni dómara hefur lokið starfi sínu en skipað verði í önnur embætti frá og með 1. janúar 2018. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 18. september nk.
Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

*Dómsmálaráðuneytinu,*
*1. september 2017.*

Dómsmálaráðuneytið

---

# Óskum eftir járniðnaðarmanni til starfa á verkstæði.

Gæti t.d. hentað vel fyrir nema í málmiðnaði.

**Upplýsingar veitir Árni í síma: 843-8282**

Járnsmiðja Árna H. Jónssonar
Sími: 894-4082
Email: jarnih@simnet.is

---

# Rekstrarvörur leitar eftir að ráða sölumann í verslun sína að Réttarhálsi 2.

Rekstrarvörur sérhæfa sig í sölu-og dreifingu á hreinlætisvörum, hjúkrunar-og rekstrarvörum.

Í starfinu felst sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini, áfyllingar á hillur og annað sem tilheyrir starfinu.

Verslunin er opin alla virka daga frá klukkan 8:00-18:00, unnið er á 9 klst vöktum mánudaga-fimmtudaga og 8 klst á föstudögum. Um er að ræða framtíðarstarf.

Auk þess er verslunin opin á laugardögum kl 10:00-16:00. Æskilegt er að starfsmaður geti unnið annan hvern laugardag.

**Hæfniskröfur:**
- Áhugi
- Stundvísi
- Góð þjónustulund
- 20 ára eða eldri
- Íslenskukunnátta
- Reynsla af sölustörfum æskileg
- Þarf að geta hafið störf fljótlega

Umjón með ráðningu hefur Sigurlaug Þóra Kristjánsdóttir, starfsmannastjóri RV. Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd skulu sendast til sigurlaug@rv.is

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

---




# HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STARFA VIÐ RANNSÓKN Á HEIMSVÍSU?

Auglýst er eftir náttúrufræðingi/lífeindafræðingi í 100% starf við Læknadeild Háskóla Íslands í tengslum við vísindarannsóknina Blóðskimun til bjargar – Þjóðarátak gegn mergæxlum. Markmið hennar er að rannsaka árangur skimunar fyrir góðkynja einstofna mótefnahækkun (MGUS) sem er forstig mergæxlis. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, Landspítala, Krabbameinsfélag Íslands, Binding Site í Bretlandi og Memorial Sloan Kettering krabbameinsmiðstöðina í New York. Skimað verður fyrir forstigi mergæxlis með blóðprufu og þeim einstaklingum sem greinast með forstig mergæxlis verður fylgt eftir í klínískri tilraun.

## NÁTTÚRUFRÆÐINGUR/LÍFEINDAFRÆÐINGUR

**Helstu verkefni:**
- Einangrun fruma úr beinmerg og greining með frumuflæðisjá (flow cytometer)
- Meðferð, flokkun og skráning sýna
- Umsjón með rannsóknum í frumuflæðisjá á sýnum úr beinmerg og blóði
- Einangrun plasmafruma úr beinmerg
- Aðkoma að lífsýnasafni

**Helstu menntunar- og hæfniskröfur:**
- B.Sc. gráða á sviði lífeindafræði, líffræði eða lífefnafræði
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfinu er æskileg
- Reynsla af vinnu við vísindaverkefni er æskileg
- Reynsla af störfum á rannsóknastofu er æskileg
- Reynsla af því að vinna í teymi

Hægt er að sækja um störfin og fá allar nánari upplýsingar á heimasíðu HÍ: **http://www.hi.is/laus_storf**

**Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2017**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

---

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Flataskóli**
- Leiðbeinandi á tómstundaheimili

**Garðaskóli**
- Íslenskukennari í námsveri

**Hofsstaðaskóli**
- Umsjónarkennari
- Leiðbeinandi á tómstundaheimili

**Bæjarból**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

**Holtakot**
- Leikskólakennari

**Sunnuhvoll**
- Leikskólakennari – 50% staða

**Ægisgrund – heimili fyrir fatlaða**
- Starfsmaður – möguleiki á hlutastarfi

**Vatnsveita Garðabæjar**
- Pípulagningarmaður

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# Sérfræðingur í mannauðsmálum

GRUND DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI · MÖRK HJÚKRUNARHEIMILI · ÁS DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI

**Grund leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sérfræðings í mannauðsmálum fyrir hjúkrunarheimili Grundar og tengd félög.**

**Starfssvið:**
- Ráðningar í samvinnu við stjórnendur
- Gerð mannauðsferla og mælikvarða
- Stuðningur og aðstoð við launavinnslu
- Fræðsla og stuðningur við stjórnendur
- Gerð og uppfærsla starfslýsinga
- Þátttaka í gæðastarfi tengd mannauðsmálum
- Þátttaka í innleiðingu jafnlaunastaðals
- Þátttaka í innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði mannauðsstjórnunar eða sambærilegt
- Haldbær reynsla á sviði mannauðsmála
- Afburðarhæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Þekking á kjarasamningum ríkisins kostur

Sótt er um starfið á heimasíðu Grundar, www.grund.is. Umsóknum skal fylgja ítarleg starsfsferilskrá og kynningarbréf.

**Umsóknarfrestur er til 12 september.**

Nánari upplýsingar veitir Karl Óttar Einarsson fjármálastjóri karl.ottar@grund.is eða í síma 530-6100

**Grund hjúkrunarheimili er elsta hjúkrunarheimili á Íslandi, stofnað 1922. Á vegum Grundar eru rekin þrjú hjúkrunarheimili, Grund og Mörk í Reykjavík og Ás í Hveragerði. Auk þess rekur Grund þvottahús og fasteignafélög. Starfsmenn fyrirtækja Grundar eru í dag um 700.**

# ER FRAMTÍÐ ÞÍN HJÁ OKKUR?



## SENSORX SÉRFRÆÐINGUR

**Marel leitar að sérfræðingi til liðs við vörustjórnunarteymi SensorX röntgenlausna. SensorX er leiðandi vara á sínu sviði í gæðaskoðun á kjúklingi, kjöti og fiski. Starfið felur í sér náið samstarf við vöruþróun og sölunet Marel auk ferðalaga til viðskiptavina og samstarfsaðila erlendis. Leitað er að kraftmiklum og fjölhæfum aðila með þekkingu á sviði vörustjórnunar, viðskipta- og tækniráðgjafar.**

**Starfssvið:**
- Almenn ráðgjöf til viðskiptavina um SensorX röntgenkerfi
- Vinnslu- og tækniráðgjöf fyrir sölunet
- Greina framtíðarmöguleika og viðskiptatækifæri
- Vinna að og framfylgja markaðsáætlun fyrir SensorX
- Þátttaka í stefnumótun fyrir SensorX vörulínuna
- Gerð stuðningsefnis fyrir sölunet

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði
- Reynsla af vörustjórnun er kostur
- Jákvætt viðhorf og hæfni til að vinna í hópi
- Þekking á matvælaiðnaði er kostur
- Reynsla af stefnumótun er kostur

Nánari upplýsingar veitir Pálmi Freyr Bárðarson, Product Manager - X-ray solutions, Palmi.Bardarson@marel.com eða í síma 563-8000.

## SALESFORCE FORRITARI

**Marel leitar að öflugum einstaklingi í stöðu Salesforce forritara. Starfið felur í sér þátttöku í alþjóðlegum verkefnum, afgreiðslu breytingarbeiðna og almenna þjónustu við notendur. Áherslusvið tengjast SAAS skýjalausnum innan forrita sem tengjast force.com (salesforce.com og servicemax.com).**

**Starfssvið:**
- Forritun kóða í force.com og REST
- Þarfagreiningar og samvinna við stjórn þjónustumála innan Marel
- Stillingar innan kerfa í samræmi við þjónustuferla Marel

**Hæfniskröfur:**
- Gráða í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt
- Þekking á HTML, REST, SOAP, SQL
- Góð þekking á Java er kostur
- Reynsla af Force.com umhverfinu æskileg
- Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Reynsla af vinnu í alþjóðlegu umhverfi er kostur
- Hæfni til að vinna vel í hóp sem og sjálfstætt
- Lausnamiðað og jákvætt viðhorf

Nánari upplýsingar veitir Loftur Loftsson, IT Manager, Loftur.Loftsson@marel.com eða í síma 563-8000.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. september. Sótt er um störfin rafrænt á heimasíðu Marel, www.marel.is/störf.**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífið gott, lögð er áhersla á heilsueflingu starfsfólks m.a. með góðu mötuneyti og framúrskarandi íþróttaaðstöðu.

marel

# Verkfræðingur á hönnunardeild

VEGAGERÐIN

*FAGMENNSKA ÖRYGGI FRAMSÝNI*

Vegagerðin auglýsir eftir byggingarverkfræðingi á hönnunardeild í Reykjavík. Um er að ræða fullt starf við hönnun brúa. Á hönnunardeild vinna um 18 manns við ýmis hönnunar-, þróunar- og rannsóknarverkefni, sem tengjast umferðarmannvirkjum.
Við erum að leita eftir verkfræðingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi verkefni á sínu fagsviði frá frumstigum hönnunar til framkvæmda. Um er að ræða spennandi starf við hönnun brúa.

Starfssvið
- Vinna við hönnun brúa
- Vinna við verkefnastjórn hönnunar
- Verkefni tengd viðhaldi brúa
- Þátttaka í rannsóknarverkefnum tengdum brúarmannvirkjum

Menntunar- og hæfniskröfur
- Masterspróf í byggingarverkfræði, með áherslu á burðarvirki
- Þekking og reynsla í notkun teikni- og hönnunarforrita s.s. AutoCad, Revit, SAP2000,CSI Bridge
- Þekking og reynsla við hönnun brúa er æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- Kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2017. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is. Umsókninni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Valur Guðmundsson, forstöðumaður hönnunardeildar (gudmundur.v.gudmundsson@vegagerdin.is) í síma 522 1000 og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vallaskóli

*Virðing - þekking - lífsgleði*

## Vallaskóli auglýsir eftir þroskaþjálfa, sérkennara og stuðningsfulltrúa

Laus er til umsóknar 100% staða þroskaþjálfa og 100% staða stuðningsfulltrúa á yngsta stigi við Vallaskóla á Selfossi. Ennfremur er laus tímabundin 100% staða sérkennara vegna afleysinga skólaárið 2017-2018. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Þroskaþjálfi og sérkennari

Leitað er að einstaklingum með menntun á sviði þroskaþjálfa annars vegar og sérkennslu hins vegar. Umsækjandi þarf að hafa góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

### Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi

Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð í skólanum og á skólavistun. Leitað er að einstaklingi með ríka samstarfs- og samskiptahæfileika. Uppeldismenntun sem nýtist í starfinu er kostur.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist á Þorvald H. Gunnarsson skólastjóra á netfangið thorvaldur@vallaskoli.is.

# *FÍLAR ÞÚ* **FJÓLUBLÁAN?**

Við leitum nú að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingum sem vilja verða hluti af okkar frábæra hópi flugliða fyrir árið 2018.

Áhugasamir þurfa að hafa hreint sakavottorð, bílpróf, vera heilsuhraustir og fæddir eigi síðar en árið 1996. Kröfur eru gerðar um stúdentspróf eða sambærilega iðngráðu og að viðkomandi hafi áhuga á að veita framúrskarandi þjónustu í splunkunýju flugvélunum okkar þar sem öryggi er ávallt í fyrirrúmi. Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði. Önnur tungumálakunnátta kemur sér einnig vel. Því fleiri tungumál, því betra!

*Umsóknarfrestur er til miðnættis 25. september 2017. Vinsamlegast athugið að þeir sem hafa áður sent inn umsókn um starf hjá WOW air eru beðnir um að endurnýja umsóknir sínar.*

SJÁ NÁNAR Á **WOWAIR.IS /STARF**



WOW air

bfo.is bfo@bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

## BIFVÉLAVIRKI

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar óskar eftir að ráða öflugan bifvélavirkja eða vanan bílaviðgerðum á fólksbílaverkstæði okkar að Smiðjuvegi 22 í Kópavogi.

Vinnutími kl. 8.00-17.00 og föstudaga 8.00-16.00.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsókn skal senda á lilja@bfo.is.**
**Nánari uppl. veittar á staðnum eða í síma 567-7360**

# Píparar

Aflmót byggingafélag ehf. óskar eftir að ráða öfluga aðila í pípulagningadeild fyrirtækisins. Verkefnastaðan er góð og þörf fyrir að bæta við hæfu fólki.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í pípulögnum skilyrði, meistararéttindi eru kostur.
- Getur unnið sjálfstætt og er stundvís.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Atli Freyr Bergsson, verkefnastjóri lagnadeildar, í síma 775-5086. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið aflmot@aflmot.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað. **Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2017.**

AFLMÓT ehf BYGGINGAFÉLAG

HÓPBÍLAR
Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599-6000

**Hópbílar óska eftir að ráða bifreiðastjóra í akstur hjá ferðaþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra á höfuðborgarsvæðinu**

**Starfshlutfall:** fullt starf / hlutastarf.
**Dagsetning ráðningar:** Sem fyrst.
**Vinnutími:** Eftir samkomulagi.

**Hæfniskröfur:** Rúturéttindi (ökuréttindaflokkur D eða D1).
Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti. Hreint sakavottorð.

**HVETJUM KONUR JAFNT SEM KARLA TIL AÐ SÆKJA UM**

Hægt er að senda inn umsóknir á gusti@hopbilar.is eða palmar@hopbilar.is. Einnig hægt að hafa samband við Ágúst í síma 8220073.

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Fulltrúi á skrifstofu | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Reykjavík | 201709/1419 |
| Embætti héraðsdómara | Dómsmálaráðuneytið | Reykjavík | 201708/1418 |
| Kórstjóri | Menntaskólinn við Hamrahlíð | Reykjavík | 201708/1417 |
| Lögreglufulltrúar | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201708/1416 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201708/1415 |
| Geislafræðingur, afleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201708/1414 |
| Geislafræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201708/1413 |
| Ljósmóðir | Heilsugæslan Mjódd | Reykjavík | 201708/1412 |
| Sérfræðingur í heimilislækningum | Heilsugæslan Grafarvogi | Reykjavík | 201708/1411 |
| Almennur læknir | Heilsugæslan Grafarvogi | Reykjavík | 201708/1410 |
| Hjúkrunarfræðingur, heimahjúkrun | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201708/1409 |
| Hjúkrunarfræðingar/ljósmæður | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201708/1408 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, blóðlækningadeild | Reykjavík | 201708/1407 |
| Skrifstofumaður | Landspítali, meinafræðideild | Reykjavík | 201708/1406 |
| Sérhæfður starfsmaður | Landspítali, meinafræðideild | Reykjavík | 201708/1405 |
| Sjúkraliði/sótthreinsitæknir | Landspítali, skurðstofur | Reykjavík | 201708/1404 |
| Félagsráðgjafi | Landspítali, bráðageðdeild | Reykjavík | 201708/1403 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, móttökugeðdeild | Reykjavík | 201708/1402 |
| Sérfræðingur | Ríkisskattstjóri | Egilsstaðir | 201708/1401 |
| Trésmiður | Háskóli Íslands, framkv.-/tæknisvið | Reykjavík | 201708/1400 |
| Eftirlitsdýralæknir | Matvælastofnun | Reykjavík | 201708/1399 |
| Sérfræðingur/forritari | Landmælingar Íslands | Akranes | 201708/1398 |
| Sérfræðingur við launarannsókn | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201708/1397 |
| Stuðningsfulltrúi | Flensborgarskólinn | Hafnarfjörður | 201708/1396 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Fjallabyggð | 201708/1395 |
| Lögreglufulltrúi | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra | Akureyri | 201708/1394 |
| Hjúkrunarfræðingur, afleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201708/1393 |
| Hjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri, bráðamóttaka | Akureyri | 201708/1392 |
| Yfirlæknir | Sjúkrahúsið á Akureyri, meinafræðid. | Akureyri | 201708/1391 |
| Sjúkraliði | Landspítali, dag-/göngudeild Landakoti | Reykjavík | 201708/1390 |
| Sjúkraliði | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201708/1389 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201708/1388 |
| Leikskólakennari/leiðbeinandi | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201708/1387 |
| Skrifstofustjóri | Landsréttur | Reykjavík | 201708/1386 |
| Náttúru- eða lífeindafræðingur | Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201708/1385 |
| Lögfræðingur | Jafnréttisstofa | Akureyri | 201708/1384 |
| Ritari ráðherra | Samgöngu- og sveitarstj.ráðuneytið | Reykjavík | 201708/1383 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, vöknun við Hringbraut | Reykjavík | 201708/1382 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, gjörgæsla við Hringbraut | Reykjavík | 201708/1381 |
| Sérfræðilæknar | Landspítali, svæfinga-/gjörgæslulækn. | Reykjavík | 201708/1380 |
| Eftirlitsdýralæknir | Matvælastofnun | Selfoss | 201708/1379 |
| Læknir | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Borgarnes | 201708/1378 |
| Deildarstjóri tæknideildar | Vegagerðin | Akureyri | 201708/1377 |

**365 miðlar leita að íþróttafréttamönnum**

# VILTU STARFA VIÐ ÁHUGAMÁLIÐ?

**Íþróttadeild 365 óskar eftir áhugasömum aðilum til að sinna umfjöllun um leiki í fótbolta, handbolta og körfubolta sem og almennum íþróttafréttaskrifum í hlutastarfi.**

Viðkomandi þarf fyrst og fremst að hafa brennandi áhuga á íþróttum sem og góð tök á á bæði töluðu og rituðu máli.

**Áhugasamir hafi samband við**
Eirík Stefán Ásgeirsson, aðstoðarritstjóra íþrótta (eirikur@365.is).

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 400 manns.

365




# RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Mazda, Citroën og Peugeot að Bíldshöfða 8 í Reykjavík

## STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef

## HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun eða reynsla sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími kl. 7.45-17.00 virka daga.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 7. september næstkomandi.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

MOSFELLSBÆR



# Verkefnastjóri á umhverfissvið

### MOSFELLSBÆR LEITAR AÐ ÖFLUGUM VERKEFNASTJÓRA Á UMHVERFISSVIÐ

Umhverfissvið annast allar verklegar framkvæmdir, rekstur og viðhald fasteigna Mosfellsbæjar og rekstur og viðhald gatnakerfis og veitna. Verkefnastjóri umhverfissviðs annast umsýslu fasteigna í eigu bæjarfélagsins og ber ábyrgð á að framkvæmdir séu innan heimilda gildandi fjárhagsáætlunar. Helstu verkefni eru að hafa umsjón með hönnun og eftirlit með verklegum framkvæmdum, umsjón útboða, útgáfa verkbeiðna og eftirfylgni verka. Ráðgjöf vegna hönnunar og búnaðarkaupa.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Prófgráða í verkfræði, tæknifræði, arkitektúr eða byggingarfræði skilyrði
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af hönnun og verklegum framkvæmdum
- Reynsla af verkefnastjórnun verklegra framkvæmda
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikar eru nauðsynlegir
- Hæfni til að tjá sig í rituðu og töluðu máli

**Umsóknarfrestur er til og með 13. september 2017.**
Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs, í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Utanríkisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti skrifstofustjóra rekstrar- og þjónustuskrifstofu á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

**Helstu verkefni skrifstofunnar eru:**

- Fjárlagagerð og fimm ára fjármálaáætlun fyrir utanríkismál samkvæmt lögum um opinber fjármál.
- Rekstraráætlanir og eftirlit með þeim, þ.á.m. fyrir sendiskrifstofur Íslands erlendis.
- Fjármál þróunarsamvinnu.
- Húsnæðismál og öryggismál utanríkisþjónustunnar á Íslandi og erlendis.
- Mötuneyti og móttaka aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins.
- Eftirlit með og stjórn á innkaupum utanríkisþjónustunnar.
- Tölvu- og upplýsingatækni í allri utanríkisþjónustunni.
- Þátttaka í norrænu samstarfi um rekstur utanríkisþjónusta.

Hlutverk skrifstofustjóra er að leiða starf skrifstofunnar undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra. Skrifstofustjóri ber ábyrgð á stefnumótun og því að framfylgja markmiðum og stýra daglegum störfum skrifstofunnar að öðru leyti. Hann stuðlar að faglegri og metnaðarfullri starfsemi í almannaþágu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf á sviði viðskipta- og/eða hagfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Víðtæk þekking og reynsla á sviði fjármálaáætlana og rekstrar.
- Stjórnunarreynsla.
- Reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar, þekking á utanríkisþjónustunni er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, kunnátta í Norðurlandamáli kostur.
- Góð reynsla og færni í notkun töflureikna (Excel) og hæfni til að greina og setja fram tölulegar upplýsingar með skilmerkilegum hætti.
- Forystu-, samskipta- og skipulagshæfni.
- Frumkvæði, samskiptalipurð, hæfni í teymisvinnu og geta til að vinna undir álagi.
- Hæfni til að setja fram mál og upplýsingar í ræðu og riti.

Að auki skulu umsækjendur fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

**Framlengdur umsóknarfrestur er til og með 13. september nk.**

Umsóknir ásamt ferilskrám og kynningarbréfi skal senda til Capacent: capacent.is/s/5523
Í kynningarbréfi skulu umsækjendur m.a. lýsa hvernig þeir uppfylla menntunar- og hæfniskröfur.

Í samræmi við 19. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands verður skipuð ráðgefandi hæfnisnefnd til að mæta hæfni umsækjenda, sbr. einnig reglur nr. 393/2012.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru í samræmi við kjarasamninga ríkisins og FHSS. Skipað er í embættið til 5 ára.

**Nánari upplýsingar veitir Auður Bjarnadóttir hjá Capacent, audur.bjarnadottir@capacent.is, s: 540-1000.**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT

# Sérfræðingar í úttektum á stjórnkerfisstöðlum

bsi.

**BSI á Íslandi ehf. auglýsir eftir sérfræðingum í úttektum á stjórnkerfum samkvæmt kröfum ISO stjórnkerfisstaðla.**
**Viðkomandi mun hljóta þjálfun hjá BSI í aðferðafræði úttekta og öðlast alþjóðleg réttindi.**
**Um er að ræða starf á Íslandi en í alþjóðlegu umhverfi.**

**Viðkomandi sérfræðingur þarf að:**

- Hafa brennandi áhuga á stjórnkerfum og tengdum málefnum - gæðastjórnun, umhverfi, heilsu og öryggi.
- Framkvæma úttektir með tilliti til krafna.
- Undirbúa skýrslur m.a. á ensku og skila niðurstöðum.
- Bjóða þjónustu BSI til viðskiptavina til að bæta enn frekar rekstur, stýra áhættu og auka árangur þeirra.
- Stuðla að góðum samskiptum við viðskiptavini BSI - viðhalda ánægju þeirra með þjónustu BSI.
- Veita skjótar upplýsingar um þjónustu BSI - sérfræðiaðstoð um staðla og námskeið.
- Þjálfa samstarfsmenn og aðstoða við innleiðingu og þjálfun nýrra samstarfsmanna eftir því sem við á.
- Viðhalda og þróa eigin færni og þekkingu á stjórnkerfum.

Vera fulltrúi BSI
Það er að starfa siðferðislega, fylgja reglum fyrirtækisins meðal annars um hlutleysi og trúnað ásamt því að bjóða þjónustu BSI samkvæmt bestu aðferðum til viðskiptavina svo að þeir geti hámarkað árangur sinn.

**Umsókn sendist á info@bsiaislandi.is merkt „BSI Sérfræðingur“.**
**Ráðning fer fram eftir samkomulagi**

**Hæfniskröfur starfs:**

- Starfsreynslu í vottuðu stjórnkerfi og alhliða þekking á viðskiptaferlum og beitingu gæða- , umhverfis-, upplýsingaöryggis- og/eða heilsu- og öryggisstjórnkerfi.
- Háskólagráða sem nýtist í starfi s.s. í heilbrigðisgeira, verk-, tæknifræði eða raungreinum og geti sýnt fram á getu til faglegra vinnubragða.
- Hafa góða íslensku og ensku kunnáttu – í töluðu og rituðu máli.
- Reynsla af því að miðla þekkingu kostur s.s. með námskeiðum eða fyrirlestrum.
- Þjónustulund og eiga gott með að starfa með öðrum.
- Þekking á t.d. ISO 9001 og ISO 14001, ISO 27001 og/eða OHSAS 18001 stöðlum.
- Þekking á kröfum um CE merkingar er kostur.
- Kunnátta/reynsla í verkefnastjórnun er kostur.
- Góð almenn starfsreynsla í mörgum starfsgreinum og víðtæk reynsla af vinnumarkaði er kostur.
- Almenn tölvukunnátta.

BSI á Íslandi
Faggild skoðunarstofa

Skipholti 50c - 105 Reykjavík
S: 414 4444 - bsiaislandi.is



Landsvirkjun

# Við leitum að kröftugum og vandvirkum ræstitækni á Þjórsársvæði

Starfið felur í sér þrif í stöðvarhúsum og vélasölum. Á Þjórsársvæði eru aflstöðvar Landsvirkjunar við Búrfell, Búðarháls, Sultartanga, Hrauneyjafoss, Sigöldu og Vatnsfell ásamt veitumannvirkjum.

Æskilegt er að umsækjendur búi yfir góðri almennri menntun og hafi reynslu af þrifum við sambærilegar aðstæður. Starfið krefst þess jafnframt að umsækjendur búi yfir almennri tölvuþekkingu og séu sveigjanlegir og liprir í mannlegum samskiptum.

Öll starfsaðstaða er til fyrirmyndar og vinnuumhverfið er metnaðarfullt og faglegt.

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is. Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is). Umsóknarfrestur er til og með 10.september 2017.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



# Svæðisstjóri Borgarnesi

VEGAGERÐIN

FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI

Vegagerðin auglýsir laust til umsóknar starf svæðisstjóra Vestursvæðis með aðsetur í Borgarnesi. Hlutverk svæðisstjóra hjá Vegagerðinni er að hafa yfirumsjón með starfsemi svæðis og framkvæmd á stefnu Vegagerðarinnar þar.

Starfssvið
- Stjórnun á starfsemi og verkefnum svæðis
- Áætlanagerð og fjármál svæðisins
- Yfirumsjón með kaupum á ráðgjöf og útboði verka á svæðisvísu
- Framkvæmd á viðhaldi og þjónustu vegakerfis svæðisins
- Samskipti við opinbera aðila og hagsmunaaðila
- Stefnumótun og seta í framkvæmdastjórn Vegagerðarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistarapróf í verkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Marktæk stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla á sviði mannvirkjagerðar eða í sambærilegum rekstri
- Skipulagshæfni, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli




Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2017. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir.
Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri í síma 522-1000.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

---

S. SAGA ehf VERKFRÆÐISTOFA

S. Saga ehf er verkfræðistofa í Kópavogi sem sérhæfir sig í burðarvirkishönnun og ráðgjöf. Erum með verkefni á Íslandi og Noregi og vegna aukinna umsvifa leitum við starfsfólks í eftirtalin störf

**Óskum við eftir að ráða 2 byggingartækni- eða verkfræðinga í fullt starf. Um framtíðarstarf er að ræða.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Bs í tækni- eða verkfræði skilyrði
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni
- Góð tölvukunnátta á Robot, Femdesign, Revit, Autocad ásamt hefðbundnum Office pakka.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- Almenn hönnun burðavirkis fyrir mannvirki.

Frekari upplýsingar veitir Vignir Jónsson í síma 859 50 90
Áhugasamir sendi umsókn á vignir@ssaga.is

**Umsóknarfrestur er til 15. september.**

---

ÍAV

## PÍPULAGNINGAMENN OG RAFVIRKJAR

*Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðgangagerð og jarðvinnuframkvæmdir bæði hérlendis og erlendis.*

*Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.*

*Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.*

*ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.*

**Vegna aukinna verkefna óskar ÍAV eftir að ráða öfluga rafvirkja og pípara, til starfa.**

Helstu verkefni ÍAV eru á höfuðborgarsvæðinu og suðurnesjum. Verkefnastaða er mjög góð og er um framtíðarráðningu að ræða. ÍAV hefur uppá að bjóða góða aðstöðu og aðbúnað. Einnig er rekið öflugt starfsmannafélag með reglulegum viðburðum

**Rafvirkjar**
Öll verk eru unnin í uppmælingu.

**Píparar**
Góð laun í boði
Uppmæling

Nánari upplýsingar veitir Snæbjörn R. Rafnsson verkefnastjóri pípulagna í síma 660-6201 og Ásgeir Gunnarsson verkefnastjóri rafvirkja í síma 693-4310

Umsóknir óskast lagðar inn í gegnum heimasíðu ÍAV, www.iav.is

***Við breytum vilja í verk***

ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is

---

**Sveitarfélagið Vogar**

**Tómstunda- og félagsmálafræðingur óskast**

Sveitarfélagið Vogar auglýsir laust til umsóknar starf tómstunda og félagsmálafræðings. Um framtíðarstarf er að ræða.

Starfið felur í sér ábyrgð á skipulagningu og umsjón með framkvæmd félags- og menningarstarfs fyrir íbúa sveitarfélagsins. Megin markmiðið er að bjóða bæði eldri og yngri íbúum sveitarfélagsins upp á gæða félags- og menningarstarf í góðu samráði við öldunga- og ungmennaráð.

**Verksvið**
Helstu verkefni felast í skipulagningu og mótun dagskrár félagsstarfs sem uppfyllir þarfir og kröfur notenda þjónustunnar. Framkvæmd viðburða á dagskrá og þátttaka í skipulagningu og framkvæmd stærri viðburða innan sveitarfélagsins. Skipulagning og utanumhald vinnuskólans. Einnig er tómstunda- og félagsmálafræðingur næsti yfirmaður starfsfólks í félagsmiðstöð ungmenna og starfsmanns í Álfagerði.

**Hæfniskröfur**
Háskólamenntun (B.A. gráða hið minnsta) í tómstunda- og félagsmálafræði er skilyrði. Hugmyndaauðgi, góð verkkunnátta og hæfileiki til að vinna sjálfstætt og eiga frumkvæði að þeim verkefnum sem starfinu tilheyra. Lipurð í mannlegum samskiptum og samstarfsvilji. Góð þekking og/eða reynsla af félagsstarfi.

Nánari upplýsingar veitir Stefán Arinbjarnarson í síma 867-8854.
**Umsóknarfrestur er til 16. september 2017.** Umsóknum skal skila á netfangið stefan@vogar.is. Öllum umsóknum verður svarað.

---



## Leitum að öflugum, framtakssömum og ábyrgum einstaklingi í suðu- og samsetningardeild okkar

**Hæfniskröfur:**
- Góð þekking og reynsla af Tig-suðu er skilyrði
- Nauðsynlegt er að geta unnið sjálfstætt út frá teikningum
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Suðupróf verður gert til að athuga kunnáttu.

**Vinnutími:** Mánudaga - fimmtudaga kl. 8-17 og föstudaga til kl. 15 (yfirvinna eftir þörfum)

Hjá Geislatækni ehf. starfa rúmlega 20 starfsmenn við ýmis sérhæfð störf.
Við sérhæfum okkur í þjónustu við fyrirtæki sem vinna við framleiðslu á búnaði fyrir matvælaiðnaðinn.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.
Nánari upplýsingar og umsóknir: sigthor@laser.is

GT LASER | GEISLATÆKNI STAINLESS STEEL SOLUTIONS FOR INDUSTRY

Geislatækni ehf. - Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ - Sími 587 8400
laser@laser.is - www.laser.is

**Brasserie Askur óskar eftir framleiðslufólki eða vönum einstaklingum við þjónustu**

Um er að ræða fullt starf í vetur, unnið er á vöktum 2-2-3. Einnig er hlutastarf í boði. Við leitum að áhugasömum og duglegum einstakling með ríka þjónustulund til að bætast í hóp okkar.

**Nánari upplýsingar veitir María í síma 699-4198 eða á askur@askur.is**

Brasserie ASKUR
Sími: 553 9700

## Yfirvélstjóri óskast á frystitogara

Reyktal þjónusta ehf. Leitar yfirvélstjóra á frystitogara. Góð enskukunnátta nauðsynleg. Um er að ræða langtímastarf hjá traustu erlendu fyrirtæki. Leitað er að vélstjóra með VFIII réttindi (á skip með minna en 3000 kW vélarafl) og reynslu af vélstjórn á togara.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, með tölvupósti til: reyktal@reyktal.is.
Nánari upplýsingar veitir Ólafur Óskarsson í síma 588-7666..

Reyktal þjónusta ehf. er umboðsaðili erlendra útgerða sem tengjast Eistasaltsríkjunum og Danmörku. Aðallega er gert út á rækju í Barentshafi.

# STÖRF Í BOÐI Í RÚMFATALAGERNUM BÍLDSHÖFÐA

NÝ VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 20




**Rúmfatalagerinn Bíldshöfða** óskar eftir að ráða hresst og jákvætt fólk til starfa í **metravörudeild, smávörudeild, baðdeild, fatadeild, húsgagnadeild** og **á kassa**. Bæði fullt starf og hlutastarf í boði. Gott atvinnutækifæri sem býður upp á frábæra framtíðarmöguleika.

**Rúmfatalagerinn Bíldshöfða**
Vinsamlegast sendið ferilskrá á ivar.ivarsson@rfl.is
eða hringið í síma 820-8011 (Ívar)
eða 842-8066 (Margrét)

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# Spennandi störf hjá Húsasmiðjunni



## Vilt þú vera með okkur í liði?

Við leitum eftir fólki sem hefur mikla þjónustulund, góða samskiptahæfni og sýnir frumkvæði í starfi.

Æskilegt er að umsækjendur búi yfir haldgóðri þekkingu á viðkomandi vöruflokkum auk góðrar íslenskukunnáttu.

### Timburráðgjafi í Grafarholti

**Leitum að metnaðarfullum fagaðilum til starfa í Húsasmiðjunni Grafarholti.**

Ábyrgðarsvið
- Ráðgjöf, sala og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

### Helgarstörf í Grafarholti

**Um er að ræða störf í timburráðgjöf auk afgreiðslu í timbursölu.**

Ábyrgðarsvið
- Ráðgjöf, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini

### Sölumaður í nýrri gólfefna- og hreinlætis-tækjadeild í Skútuvogi

**Leitum að metnaðar-fullum aðila í framtíðarstarf.**

Ábyrgðarsvið
- Ráðgjöf, sala og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

### Sölumaður í málningardeild í Skútuvogi

**Viljum ráða öflugan sölumann til framtíðarstarfa.**

Ábyrgðarsvið
- Ráðgjöf, sala og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

Húsasmiðjuna einkennir góður starfsandi og gott og öruggt starfsumhverfi

**Umsóknir berist fyrir 12. september í netfangið atvinna@husa.is**

**Vinsamlega takið fram hvaða starf sótt er um.**



**Byggjum á betra verði**

Reykjavíkurborg
Innri endurskoðun

## Verkefnastjóri – Innri endurskoðun

Innri endurskoðun auglýsir eftir umsóknum um starf verkefnastjóra. Starfið felur m.a. í sér að leiða eða framkvæma stjórnsýslu-, rekstrar-, fjárhags- og reglufylgniúttektir og veita stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf.
Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Reykjavíkurborg í umboði borgarráðs. Með störfum sínum leggur Innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarhátta hjá stofnunum og félögum í meirihlutaeigu borgarinnar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Ber kennsl á og metur lykil áhættuþætti í starfsemi Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar og kemur með tillögur að efni og uppbyggingu innri endurskoðunaráætlunar.
- Framkvæmd viðtala, yfirferð skjala, þróun og framkvæmd kannana, gerð samantekta og vinnuskjala.
- Auðkenning, þróun og skráning endurskoðunaratriða og tillagna til úrbóta á grundvelli sjálfstæðs mats á sviðum sem eru til skoðunar.
- Greina eða aðstoða við að greina stjórnendum og stjórn frá niðurstöðum úttekta og ráðgjafarverkefna með skriflegum og munnlegum skýrslum.
- Kemur fram fyrir hönd Innri endurskoðunar í verkefnisteymum innan Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar, á fundum með stjórnendum og í samskiptum út á við.
- Önnur tilfallandi verkefni sem viðkomandi er falið af innri endurskoðanda.

**Hæfniskröfur:**
- Framhaldsgráða í viðskiptafræði, opinberri stjórnsýslu eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla á sviði innri endurskoðunar, ytri endurskoðunar, reksturs, bókhaldsvinnu, viðskiptagreiningar og/eða áætlunarmats.
- Faggilding á sviði innri endurskoðunar (Certified Internal Auditor – CIA eða önnur faggilding s.s. CGAP, CRMA eða CISA) er kostur.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptun.
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, í síma 411 4601 eða í gegnum tölvupóstfangið hallur.simonarson@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til 18. september nk.**
Umsóknir ásamt fylgiskjölum skulu berast í gegnum vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing





FAST Ráðningar
lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

# Starfsmaður persónutjóna

### Tryggingamiðstöðin óskar eftir að ráða starfsmann í persónutjónadeild félagsins.

Persónutjónadeild hefur það hlutverk að tryggja hraða, faglega og vandaða úrvinnslu líkams- og ferðatjóna viðskiptavina TM. Einstaklingar sem eru jákvæðir og hafa til að bera frumkvæði, kraft og útsjónarsemi ásamt framúrskarandi samskiptahæfileikum eru hvattir til að sækja um starfið.

**Starfssvið:**
- Almenn afgreiðsla í persónutjónum
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini, lögmannsstofur og samstarfsaðila
- Gagnaöflun, útreikningar og greiðsla kostnaðar

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun eða önnur haldbær menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á vátryggingarétti og skaðabótarétti er kostur en ekki skilyrði
- Góð tölvuþekking og tölvulæsi ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu
- Rík þjónustulund
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni til að vinna vel í hópi og undir álagi
- Nákvæmni í starfi og markviss og fagleg vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september n.k. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið með því að senda ferilskrá og kynningarbréf á netfangið starf@tm.is**

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Arna Pálsdóttir, forstöðumaður persónutjóna **(arnap@tm.is)**

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

TM leggur áherslu á jafnréttismál og hefur verið með jafnlaunavottun frá árinu 2014 sem staðfestir að fyrirtækið greiðir konum og körlum sömu laun fyrir jafn verðmæt störf.

**Hjá TM er viðskiptavinurinn og hagsmunir hans okkar megin viðfangsefni.**

Það er markmið okkar að viðskiptavinir upplifi í samskiptum við TM að ekkert tryggingafélag á Íslandi veiti betri vernd gegn áföllum. Að viðskiptavinurinn sé rétt tryggður á hverjum tíma og fái framúrskarandi þjónustu við úrlausn sinna mála hvort heldur við kaup á tryggingum, við tjón, í lánaviðskiptum eða greiðsluþjónustu.

TM hefur staðið efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni í fjórtán skipti af sautján og er það íslenska fyrirtæki sem oftast allra hefur hlotið viðurkenninguna.

**TM // Síðumúla 24 // Sími 515 2000 // tm@tm.is // www.tm.is**

TM

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Menntasvið**
- Starfsmaður á skrifstofu menntasviðs

**Leikskólar**
- Aðstoðarleikskólastjóri, leikskólakennari, deildarstjóri og leikskólasérkennari á Austurkór
- Aðstoðarmatráður og starfsmaður á Læk
- Leikskólakennari á Arnarsmára
- Leikskólakennari á Marbakka
- Leikskólakennari á Sólhvörfum
- Starfsmaður í skilastöðu á Núp
- Þroskaþjálfi, leikskólakennari og aðstoðarmatráður á Efstahjalla

**Grunnskólar**
- Frístundaleiðbeinendur í Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Kópavogsskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Lindaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Smáraskóla
- Frístundaleiðbeinendur og stuðningsfulltrúi í Vatnsendaskóla
- Heimilisfræðikennari, frístundaleiðbeinendur, kennari og stuðningsfulltrúi í Kársnesskóla
- Kennari í Kópavogsskóla
- Matreiðslumaður og frístundaleiðbeinendur í Salaskóla
- Skólaliðar í Álfhólsskóla

**Umhverfissvið**
- Verkamenn hjá Kópavogsbæ

**Velferðarsvið**
- Forstöðumaður á heimili fatlaðra
- Starfsmaður í félagslega þjónustu aldraðra
- Starfsmenn á heimili fyrir fatlaða

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is



# TÆKI.IS
WWW.TAEKI.IS

Óska Eftir Bílstjóra

Viðkomandi þarf að hafa meirapróf, vinnuvélaréttindi getað bjargað sér í smáviðgerðum og hafa ríka þjónustulund, 25 ára eða eldri, hreint sakavottorð, reglusamur og stundvís skilyrði.

Um 100% starf er að ræða og þarf viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Umsókn skal send fyrir 10. sept á netfangið info@taeki.is



# Viltu vinna skemmtilegt frístundastarf með börnum?

**Laus störf frístundaleiðbeinenda í grunnskólum Kópavogs**

Í dægradvölum grunnskóla Kópavogs er boðið upp á frístundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur fyrir börn í fyrsta til fjórða bekk. Frístundin er hluti af starfi grunnskólanna og þar er lögð áhersla á frjálsan leik og óformlegt nám barna með virkri þátttöku í tómstundastarfi í öruggu umhverfi. Starf frístundaleiðbeinanda er lifandi og skemmtilegt. Unnið er í hópastarfi og öðru faglegu starfi samkvæmt starfsáætlun og dagskipulagi. Frístundaleiðbeinendur láta sig varða velferð og vellíðan barna og leiðbeina þeim í samskiptum innan hópsins. Gerð er krafa um að viðkomandi hafi áhuga á að starfa með börnum auk góðs frumkvæðis að leik og viðfangsefnum barna.

**Starf frístundaleiðbeinanda hentar mjög vel samhliða námi.**

Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu Kópavogsbæjar þar sem þau eru auglýst undir nafni viðkomandi skóla. **Eingöngu er hægt að sækja um rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is.**

Kópavogsbær

kopavogur.is



# Bókbindari eða vanur aðstoðarmaður í bókband

Pixel prentþjónusta óskar eftir að ráða til sín starfsfólk í frágangsdeild.

Fullt starf eða hlutastarf er í boði.

Umsóknum skal skilað á netfangið hlynur@pixel.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. sept.

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA · Framúrskarandi fyrirtæki 2016 · pixel prentþjónusta

Brammer er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á iðnaðarrekstrarvöru, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæðavörur og sveigjanlega þjónustu. Framúrskarandi þjónustu okkar ber fyrst og síðast að þakka góðu starfsfólki. Brammer á Íslandi starfrækir vöruhús á svæði Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, verslun og söluskrifstofu í Hafnarfirði og skrifstofu í Kópavogi. Brammer er ört vaxandi fyrirtæki á Íslandi með um 40 starfsmenn hérlendis.

## Brammer Ísland ehf óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan sérfræðing á fjármálasvið til starfa.

# Sérfræðingur á fjármálasviði

### Helstu verkefni

- Afstemmingar á efnahagsliðum, lánadrottnum og fl.
- Umsjón með fyrningaskýrslu og vsk uppgjörum
- Aðstoð við mánaðar- og ársuppgjör
- Innleiðing á nýju bókhaldskerfi og verkferlum
- Samskipti við móðurfélag
- Skýrslugerðir og greiningar
- Aðstoða fjármálastjóra við ýmis önnur sérverkefni



### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða mikil reynsla í bókhaldi og reikningshaldi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Greiningarhæfni, færni í að taka saman upplýsingar og framsetningu þeirra
- Mjög góð kunnátta í Excel
- Reynsla og þekking á helstu bókhaldskerfum
- Mjög góð færni í samskiptum, þjónustulund, jákvæðni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Reynsla af erlendum samskiptum kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Áhugasamir sendi ferilskrá til Brynju Vignisdóttur, mannauðsstjóra á netfangið **brynja.vignisdottir@brammer.biz**
Fyrirspurnir um starfið má senda á Guðbjörgu Magnúsdóttur, fjármálastjóra á netfangið **gudbjorg.magnusdottir@brammer.biz**

Umsóknarfrestur er til og með 10. sept 2017.

BRAMMER

MOSFELLSBÆR · Lágafellsskóli

# Laus störf í Lágafellsskóla

**Lágafellsskóli í Mosfellsbæ leitar að starfsmönnum**

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi? Viltu vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum? Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.
Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin **virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja** eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.
Vegna veikindaforfalla vantar okkur kennara til starfa, tímabundið.

**Umsjónarkennsla** á yngsta stigi. Starfshlutfall 100% frá 5. október í nokkrar vikur.
**Stærðfræði- og náttúrukennsla** á unglingastigi. Starfshlutfall 100% í nokkrar vikur.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax.

**Jafnframt eru lausar stöður:**
- **Skólaliða**
- **Afleysing í eldhús tímabundið í nokkrar vikur**
- **Hlutastörf frístundaleiðbeinenda**

Frekari upplýsingar um störfin má finna á www.mos.is og www.lagafellsskoli.is en þar eru hæfnikröfur

**Umsóknarfrestur er til og með 14. september 2017.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi SNS og viðkomandi stéttarfélags. Upplýsingar um störfin veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525-9200 eða 896-8230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist með tölvupósti á netfangið johannam@lagafellsskoli.is.
Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Reykjavíkurborg
Embætti borgarlögmanns

# Lögmaður

**Embætti borgarlögmanns auglýsir laust starf lögmanns hjá embættinu.**
Í boði er krefjandi og fjölbreytt starf í starfsumhverfi þar sem reynir á góða alhliða þekkingu á flestum réttarsviðum lögfræðinnar. Áhersla er lögð á símenntun og miðlun þekkingar milli starfsmanna. Embætti borgarlögmanns er með aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar eru stöðugildi átta lögmanna auk skrifstofustjóra.

**Helstu verkefni:**
- Lögfræðilegar álitsgerðir og ráðgjöf til borgarstjórnar, borgarráðs, borgarstjóra, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar
- Undirbúningur dómsmála og málflutningur
- Meðferð stjórnsýslukæra
- Samningagerð
- Fyrirsvar vegna skaðabótakrafna sem beint er gegn Reykjavíkurborg
- Uppgjör slysabóta á grundvelli kjarasamninga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættispróf eða meistaragráða í lögfræði
- Málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi
- Talsverð reynsla af málflutningi
- Góð færni til framsetningar máls í ræðu og riti
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Lipurð og færni í samskiptum

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Stéttarfélag lögfræðinga.

Nánari upplýsingar veitir Ebba Schram, staðgengill borgarlögmanns, í síma 411 4100 eða í gegnum tölvupóstfangið ebba.schram@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til 20. september nk.**
Umsóknir ásamt fylgiskjölum skulu berast í gegnum vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



# Lögfræðingur hjá dómsmálaráðuneytinu

Dómsmálaráðuneytið auglýsir eftir reynslumiklum lögfræðingi til starfa á skrifstofu réttinda einstaklinga. Leitað er að einstaklingi sem getur tekið þátt í og leitt víðtækt samráð og samstarf á sviði mannréttinda innanlands sem utan. Starfið felst einkum í vinnu á sviði mannréttindamála, vinnu við mótun frumvarpa og reglna, sem og umsjón og framkvæmd alþjóðasamninga.

- Fullnaðarnám í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi
- Að minnsta kosti þriggja ára starfsreynsla sem lögfræðingur
- Góð þekking og reynsla á réttarsviði mannréttinda
- Þekking og reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar æskileg
- Þekking á starfsemi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins æskileg
- Þekking eða reynsla af stefnumótun æskileg
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög góð enskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekking á einu norðurlandamáli æskileg
- Frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni
- Mjög góð forystu- og samskiptahæfni

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 18. september nk.

Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið starf@DMR.is merkt lögfræðingur.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
Sími 545 9000

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Sölumaður fyrir sérblað / bækling óskast

Óskum eftir aðila sem er vanur sölumennsku. Um er að ræða sölu á blaðaauglýsingum og einnig vinna við viðtöl o.þ.h. sem tilheyrir. Um er að ræða sérblað í ferðaþjónustu fyrir erlenda aðila.

Aðeins aðili sem getur unnið sjálfstætt og getur byrjað strax, með gott frumkvæði og áhuga og er duglegur, kemur til greina. Réttur aðili á möguleika á góðum tekjum, þar sem eingöngu er um að ræða háa árangurstenda þóknun. Vinsamlega sendu okkur þínar upplýsingar á netfangið :
**starf@travelandleisure.is**

TRAVEL & LEISURE

## Hópferðabílstjórar óskast

Teitur Jónasson ehf. óskar eftir hópferðabílstjórum í fullt starf eða hlutastarf.

Umsækjendur þurfa að hafa aukin ökuréttindi (D-réttindi) og framvísa hreinu sakavottorði.

Upplýsingar gefur Jóhanna Gunnarsdóttir.
Sími 515 2726
Netfang: johanna@teitur.is

TEITUR



## Skíðasvæðaöryggisfulltrúi

Akureyrarbær óskar eftir að ráða Skíðasvæðaöryggisfulltrúa til starfa á skíðasvæðið í Hlíðarfjalli. Hlíðarfjall er vinsælasta skíðasvæði Íslands og er árlega heimsótt af tugþúsundum landsmanna til þess að renna sér á skíðum og snjóbrettum. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Helstu verkefni eru:**
- Mat og eftirlit með snjóflóðahættu
- Eftirlit og merkingar á skíðabrekkum
- Sinnir sjúkraflutningum á skíðasvæðinu
- Vinna við snjóframleiðslu
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Level-1 snjóflóðanámskeið nauðsynlegt
- Vettvangshjálp í óbyggðum - WFR æskilegt
- Sterk skíða- eða snjóbrettakunnátta nauðsynleg
- Vilji og geta við að vinna við erfiðar aðstæður
- Grunnþekking á notkun helstu tölvuforrita æskileg
- Ökupróf nauðsynlegt
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. september 2017**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

AUGLÝSING UM
## DEILISKIPULAGS-BREYTINGAR Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á breytingum eftirfarandi deiliskipulagsáætlana í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- **Suðurhraun 1 og 3. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns.** Tillagan gerir ráð fyrir því að grunnflötur húss getur orðið allt að 60 % af stærð lóðar í stað 40 % og að nýtingarhlutfall geti orðið allt að 1 í stað 0,6. Ennfremur er gert ráð fyrir breytingu á grein 2.3. í skilmálum þannig að hægt sé að veita byggingarleyfi fyrir færri bílastæðum á lóð en skilmálar miða við ef sýnt sé fram á hvernig bregðast megi við ef aðstæður breytast sem kalla á fleiri stæði.
- **Hlið. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hliðs.** Tillagan gerir ráð fyrir því að byggingarreitur c færist til norðurs og verður vestan við núverandi íbúðarhús.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 1. september 2017 til og með 16. október 2017. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út 16. október 2017.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

HEILSUGÆSLAN



## Sérfræðingur í heimilislækningum
## Heilsugæslan Grafarvogi

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í heimilislækningum við Heilsugæsluna Grafarvogi. Um er að ræða 100% ótímabundið starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. september 2017**

Á heilsugæslustöðinni eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt sálfræðingi, félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, riturum og aðstoðarmönnum. Hafin er innleiðing heildstæðrar teymisvinnu í sjúklingamóttöku sem byggir á náinni samvinnu fagstétta þar sem samfelld, persónuleg þjónusta við skjólstæðinga er höfð að leiðarljósi. Um er að ræða spennandi vettvang fyrir lækni sem áhuga hefur á nýsköpun og framþróun í heilsugæslu. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

### Nánari upplýsingar

Svava Kristín Þorkelsdóttir - 585 1300
svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is
Ragnar Logi Magnason - 585 7600

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Kennsla nema
- Þátttaka í vísindarannsóknum, gæða- og umbótaverkefnum

### Hæfnikröfur

- Sérfræðimenntun í heimilislækningum
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af teymisvinnu er kostur
- Góð íslenskukunnátta skilyrði

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá ásamt gögnum sem staðfesta menntun, fyrri störf og vísinda- og kennslustörf. Þau gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsókn getur gilt í allt að 6 mánuði. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

*Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun*

# KRAUMAR Í ÞÉR KRAFTUR?

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

**Íslandsstofa leitar að verkefnastjóra á svið Iðnaðar & þjónustu.**
**Starfið felst í að efla og þróa útflutningsþjónustu sviðsins.**

## Starfslýsing

**Samstarf við fyrirtæki um markaðssetningu erlendis**
- Tengslamyndun og öflun þekkingar á fyrirtækjum og lausnum
- Gerð áætlana um kynningu á fyrirtækjum og lausnum erlendis
- Gerð markaðsefnis fyrir hverja atvinnugrein

**Samstarf við samtök, sendiráð og stofnanir**
- Öflun/miðlun upplýsinga um fyrirtæki og fyrirtækjahópa
- Miðlun upplýsinga til fyrirtækja og fyrirtækjahópa
- Öflun upplýsinga um tölfræði og markaði
- Skipulag viðburða erlendis

## Kröfur um menntun og hæfni

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á íslensku atvinnulífi
- Þekking og reynsla af markaðsstarfi erlendis
- Góð tungumálakunnátta
- Áhugi á fólki og íslenskum fyrirtækjum
- Mjög góðir samskiptahæfileikar

Hlutverk sviðs iðnaðar og þjónustu er að auka vitund, áhuga og eftirspurn erlendis eftir vörum, þjónustu og sérfræðiþekkingu íslenskra fyrirtækja. Við styðjum við markaðsstarf og kynnum lausnir þeirra fyrir erlendum aðilum. Við vinnum með fyrirtækjum og hagsmunaaðilum að því að meta þarfir starfsgreinahópa varðandi erlenda markaðssókn og köllum innlenda jafnt sem erlenda sérfræðinga til ráðgjafar. Við söfnum hagnýtum upplýsingum og framleiðum markaðsefni sem eykur trúverðugleika gagnvart erlendum viðskiptavinum.

Lykilþáttur í starfi sviðsins er samvinna við atvinnulífið og stuðningsumhverfið, með aðstoð fagráðs iðnaðar og þjónustu.

Upplýsingar veitir Inga Björg Hjaltadóttir ráðgjafi hjá Attentus mannauður og ráðgjöf, **inga@attentus.is**
Umsóknir óskast fylltar út á **attentus.umsokn.is**
Umsóknarfrestur er til og með **15. september 2017**




# Tannlæknastofa

Aðstoðarmaður tannlæknis óskast til starfa í afleysingar á tannlæknastofunni Vegmúla 2. Um er að ræða fullt starf til eins árs. Vinnutíminn er til 17 virka daga. Þarf að geta hafið störf 1. okt. 2017.

**Umsóknir og ferilskrá sendist á vegmuli2@gmail.com, fyrir 15. september.**

**Faxaflóahafnir sf** Associated Icelandic Ports

Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

## Útboð

Faxaflóahafnir sf. og Veitur ohf. óska eftir tilboðum í verkið:

**Grandagarður 12-14**
**Úrbætur á gönguleiðum**

Verkið felst í endurnýjun yfirborðs fyrir framan Grandagarð 14 ásamt gönguleiðum fyrir framan Grandagarð 12, hafnarvogina, og yfir aðkomu að Bótarbryggju. Verktaki skal einnig annast jarðvinnu, leggja holræsa- og fjarskiptalagnir ásamt því að leggja ídráttarrör.

Umfang verks:

- Upprif 1.500 m$^2$
- Púkkmulningur, 10-20 cm lag, 450 m$^2$
- Malbikun, 8-10 cm þykkt, 620 m$^2$
- Hellu- og steinlögn, 720 m$^2$
- Regn- skólplagnir 45 m
- Lagnaskurðir (fjarskipti og ídráttarrör), 50 m

Útboðsgögnin verða afhent hjá Hnit verkfræðistofu h.f., Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík frá og með **þriðjudeginum 5. september** n.k.

Tilboðum skal skila til Skrifstofu Faxaflóahafna sf. , Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík fyrir **klukkan 11:00, þriðjudaginn 19. september.** Tilboð verða opnuð á sama stað og tíma.

**Verklok eru 15. nóvember 2017.**

HNIT VERKFRÆÐISTOFA

VEITUR

## Landsbankinn auglýsir eftir arkitektum vegna nýbyggingar

**Landsbankinn leitar arkitekta til að hanna nýbyggingu bankans við Austurbakka 2 í Reykjavík.**

Að flatarmáli verður byggingin 14.500 m$^2$ ofanjarðar og um 2.000 m$^2$ í kjallara, auk bílakjallara sem mun nýtast öllu svæðinu við Austurhöfn. Landsbankinn hyggst nýta um 10.000 m$^2$ af húsinu undir eigin starfsemi. Á jarðhæð er gert ráð fyrir rými fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. móttöku og afgreiðslu fyrir bankann. Nánari lýsing er í deiliskipulagi sem er aðgengilegt á vef Reykjavíkurborgar.

Óskað er eftir að arkitektar sem hafa áhuga á að hanna húsið sendi bankanum tölvupóst á neðangreint netfang. Í tölvupóstinum þurfa að koma fram upplýsingar um fyrri verk, árangur í samkeppnum, reynslu og starfsmannafjölda viðkomandi arkitektastofu auk annarra viðeigandi upplýsinga.

Landsbankinn mun í kjölfarið velja 3-5 arkitektastofur eða arkitektateymi til að skila frumtillögum að hönnun hússins. Þeir arkitektar sem valdir verða til þátttöku fá þóknun fyrir tillögu sína. Bankinn leggur í kjölfarið mat á tillögurnar og velur sér samstarfsaðila við endanlega hönnun hússins. Áætlaður skilafrestur á tillögum eftir val á 3-5 arkitektateymum er um tveir mánuðir. Landsbankinn áskilur sér einnig rétt til að hafna öllum tillögum.

Tölvupóstur með fyrrgreindum upplýsingum þarf að hafa borist Landsbankanum á pdf-formi á netfangið **austurbakki@landsbankinn.is** eigi síðar en mánudaginn 18. september nk.

**Landsbankinn** • landsbankinn.is • 410 4000

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Hagaskóli – endurnýjun nemendasalerna,** útboð nr. 14057.
- **Hólabrekkuskóli áfangi 4. Endurnýjun á veðurkápu,** útboð nr. 14058.
- **Brautarholt, Sóltún, Seljavegur. Frágangur gönguleiða,** Útboð 14059.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

FISKISTOFA

## Krabbaveiðar í Faxaflóa

### Leyfi til veiða á kröbbum í innanverðum Faxaflóa fiskveiðiárin 2017/2018 - 2018/2019 - 2019/2020

02.09.2017
Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um 3 leyfi til veiða á kröbbum í Faxaflóa fiskveiðiárin 2017/2018, 2018/2019, 2019/2020 sbr. reglugerð nr. 1070/2015, um veiðar á kröbbum í innanverðum Faxaflóa.

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu í gegnum Ugga, upplýsingagátt Fiskistofu. Skal umsóknum fylgja upplýsingar um fyrri veiðar á kröbbum, hvar veiðar eru fyrirhugaðar og gerð gildra.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. september 2017**

**GRINDAVÍKURBÆR**

**AUGLÝSING UM ÚTGÁFU FRAMKVÆMDALEYFIS OG ÁLIT SKIPULAGSSTOFNUNAR**

## Stapafell
## Efnistaka í Stapafelli í Grindavík

Í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123 frá 2010 veitti Grindavíkurbær, þann 1. september 2017, Ístak hf. framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Stapafelli sem liggur innan sveitarfélagamarka Grindavíkur. Skipulagsnefnd Grindavíkur samþykkti umsókn Ístaks hf. um framkvæmdaleyfið á fundi nefndarinnar þann 21. ágúst 2017 og bæjarstjórn Grindavíkur á fundi sínum þann 29. ágúst 2017.
Álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, skv. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106 frá 2000, liggur fyrir í áliti Skipulagsstofnunar frá 10. júlí 2017. Í álitinu er fjallað um „ Efnistaka Ístaks í Stapafelli, Grindavíkurbæ"
Framkvæmdaleyfið og tengd gögn má nálgast á heimasíðu Grindavíkurbæjar undir vefslóðinni www.grindavik.is eða hjá skipulagsfulltrúa á netfangið armann@grindavik.is eða í síma 4201100

Í samræmi við 4. gr. laga nr. 130 frá 2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, er vakin athygli á því að þeir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta sem og umhverfis- og útivistarsamtök með minnst 30. félaga, enda samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að, geta kært útgáfu leyfisins innan mánaðar frá birtingu auglýsingar í lögbirtingablaðinu sem er fyrirhuguð 3. nóvember nk. til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, sjá nánar heimasíðu nefndarinnar uua.is.

*Grindavík, 2. september 2017.*

*F.h. Grindavíkurbæjar,*
*Ármann Halldórsson*
*Skipulagsfulltrúi*



# Raunfærnimat í hljóðvinnslu

Starfar þú við upptökur, hljóðvinnslu eða mögnum og hefur gert það í nokkur ár?

Kynningarfundur um raunfærnimat í hljóðvinnslu verður á Stórhöfða 27 þriðjudaginn 5. september kl. 17:00.

Markmiðið með raunfærnimati er að meta færni og gefa út staðfestingu á henni.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5256**

# ÓSKAST TIL LEIGU

## Fullbúið skrifstofuhúsnæði óskast til leigu fyrir Dómstólasýslu

20629 – Ríkiskaup f.h. ríkissjóðs óska eftir að taka á leigu húsnæði fyrir Dómstólasýslu.
Umsjónaraðili er Framkvæmdasýsla ríkisins.
Miðað er við að húsnæðið verði tekið á langtímaleigu til 5 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Gerð er krafa um góða staðsetningu, gott aðgengi og næg bílastæði
Æskilegt er að húsnæðið og staðsetning þess gefi möguleika á framleigu um allt að 5 ár í senn og framtíðarmöguleika á leigu skrifstofuhúsnæðis fyrir Dómstólasýslu, umfram núverandi húsrýmisþörf.

Húsrýmisþörf stofnunarinnar er áætluð um 200 fermetrar (brúttó) skrifstofuhúsnæði.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is laugardaginn, 2. september, 2017.

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs, stærð húss og skipulag þess út frá fyrirhugaðri starfsemi, öryggis, afhendingatíma, staðsetningu, aðkomu og bílastæðum.
Fyrirspurnir varðandi verkefni 20629 skulu sendar á netfangið utbod@rikiskaup.is og verða svör birt á vef Ríkiskaupa.

**Fyrirspurnarfrestur rennur út 12. september en svarfrestur er til og með 15. september.**
Leigutilboðum þar sem fram kemur stærð, ástand og staðsetning húsnæðis, ásamt leiguverði, skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 19. september 2017.
Merkja skal tilboðin; **nr. 20629 – Leiga á húsnæði fyrir Dómstólasýslu**
Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup nr. 84/2007, sbr. a. lið 1. mgr. 6a. gr.

**Gögn sem fylgja skulu tilboði þurfa m.a. að innihalda eftirfarandi upplýsingar um**

- Afhendingartíma húsnæðis
- Staðsetningu, stærð húsnæðis og tillöguteikningar
- Fjölda bílastæða, aðkomu að lóð og byggingu,
- Leiguverð per/m2 og heildarleiguverð
- Húsgjöld
- Gildandi deiliskipulag svæðis þ.e. lóðar og aðlægra lóða
- Tilvísun í gildandi aðalskipulag
- Önnur atriði eftir tegund verkefnis

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP




# Styrkur Tónlistarsjóðs Rótarý

Tónlistarsjóður Rótarý á Íslandi auglýsir eftir styrkumsóknum. Sjóðurinn veitir ungu fólki, sem skarað hefur fram úr á einhverju sviði tónlistar og stefna á að gera tónlist að meginstarfi, viðurkenningu í formi fjárstyrks til frekara náms.

Styrkurinn verður veittur í janúar 2018 og er að upphæð **kr. 800.000**.

**Umsóknarfrestur er til 8. október n.k.**

Umsóknum skal skilað til skrifstofu Rótarý á Íslandi, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. rotary@rotary.is.
Sjá nánar á **www.rotary.is**

# Námsleyfi grunnskólakennara og skólastjórnenda skólaárið 2018–2019

Stjórn Námsleyfasjóðs auglýsir eftir umsóknum um námsleyfi grunnskólakennara og skólastjórnenda grunnskóla skólaárið 2018–2019. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að við úthlutun verði sett í forgang nám sem tengist:

- skóla margbreytileikans
- heilsueflandi skólastarfi

Skal allt að 1/3 námsleyfa úthlutað vegna þessa.

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is. Umsóknir á öðru formi verða ekki teknar gildar. Ekki er tekið við viðbótargögnum og því verða allar upplýsingar að koma fram í umsókninni. Umsóknarfrestur er til og með 2. október 2017.

Umsækjandi sem æskir námsleyfis skal að lágmarki fullnægja eftirfarandi skilyrðum, sbr. reglur um Námsleyfasjóð:

a) Hafa, þegar sótt er um námsleyfi, gegnt starfi í 10 ár samtals við kennslu, ráðgjöf eða stjórnun í grunnskóla á Íslandi, í eigi minna en hálfu starfi, og verið samfellt í starfi sl. fjögur ár, enda hafi verið greitt fyrir umsækjanda í sjóðinn.
b) Vera fastráðinn starfsmaður sveitarfélags eða aðila sem stofnað er til með samstarfi sveitarfélaga og taka laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans.
c) Ljúka á námstímanum 60 ECTS eininga háskólanámi, eða jafngildu háskólanámi, miðað við 1/1 námsleyfi, og skal námið miða að því að nýtast viðkomandi í því starfi sem hann er ráðinn til að sinna.

Með umsókn þarf að berast staðfesting sveitarfélags, eða eftir atvikum rekstraraðila skóla, um að skilyrðum a) og b) liðar hér að ofan sé uppfyllt á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Reglur um Námsleyfasjóð og viðmiðunarreglur um laun í námsleyfi er að finna á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér þær.

Við mat á umsóknum er haft til hliðsjónar hversu vel hún er rökstudd, hversu skýr markmið hennar eru, hvernig námið nýtist umsækjanda í núverandi starfi og stofnuninni sem hann vinnur hjá eða skólakerfinu í heild.

Stefnt er að því að svarbréf berist umsækjendum eigi síðar en um miðjan desember 2017.

Nánari upplýsingar veitir Klara E. Finnbogadóttir í síma 515 4900 eða í tölvupósti á klara.e.finnbogadottir@samband.is

ÞINGHOLT
FASTEIGNASALA
Viðar Marinósson
Löggiltur fasteignasali

## VOGALAND 7, REYKJAVÍK




**OPIÐ HÚS MÁNUD. 4. SEPT KL. 17-18 – VERIÐ VELKOMIN.**
Glæsilegt 316 fm. vel skipulagt einbýlishús á 2 hæðum með rúmgóðum bílskúr í Fossvogi. Húsið er í góðu ástandi og hefur verið endurnýjað á glæsilegan hátt. Lóðin í kringum húsið var að öllu leyti endurhönnuð árið 2006. **Verð: 139 m. Uppl. gefur Ísak V. Jóhannsson í s: 822-5588 eða isak@tingholt.is**

Bæjarlind 14 | 201 Kópavogur | 512 3600 | tingholt.is

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun
Baldvin Ómar
Lögg. fasteignasali

## Baldursgarður 3, Keflavík

**Opið hús mánudaginn 4. sept. kl. 17:30 – 18:00**




Um er að ræða fallegt einbýlishús við Baldursgarð í Keflavík. 4 góð svefnherbergi, stór stofa , gott eldhús og borðstofa og stór bílskúr. Húsið er almennt í góðu viðhaldi og fallegur garður og verönd með heitum pott við húsið. Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í s: 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í s: 585-0100

**Suðurlandsbraut 48 • 108 Reykjavík • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is
*Baldvin Ómar Magnússon - Löggiltur fasteignasali*




## Fosshóll Hótel og ferðaþjónusta

**Svona tækifæri bjóðast bara einu sinni!!!**

Höfum fengið í einkasölu einstakt uppbyggingartækifæri í íslenskri ferðaþjónustu, rekstur gistihússins við Goðafoss í Bárðardal.

**Fasteignasala Akureyrar | S. 460 5151 | Arnar Guðmundsson Lögg. Fast.**

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

# BORG

FASTEIGNASALA



**Hraunbær 44** 110 Reykjavík

Íbúð | 2 herbergi | 58.8 fm | Mikið endurnýjuð

**28.800.000**

Frábær fyrstu kaup

**Sigurður Fannar** fasteignasali 897 5930

**Opið hús** mán 2. sep. kl 17:30-18:00



**Flókagata 69** 105 Reykjavík

Íbúð | 4 herbergi | 150 fm | Íbúð í bílskúr

**79.900.000**

Glæsileg sérhæð

**Sigurður Fannar** fasteignasali 897 5930



**Þúfubarð 13** 220 Hafnarfjörður

Íbúð | 2 herbergi | 70.1fm | Góð fyrstu kaup

**29.900.000**

Endaíbúð með suðursvölum

**Sigurður Fannar** fasteignasali 897 5930

**Opið hús** sun 3. sept. kl. 15.00-15.30



**Sólvallagata 66** 101 Reykjavík

Íbúð | 4 herb. | 109,5 fm | Góð staðsetning

**55.900.000**

Glæsileg hæð í Vesturbænum

**Gunnlaugur** fasteignasali 844 6447

**Opið hús** mið. 6. sept. kl. 17.30-18.00



**Barmahlíð 13** 105 Reykjavík

Íbúð | 4 herb. | 111,1 fm | Sér inngangur

**56.400.000**

Mikið endurnýjað hús og íbúð

**Gunnlaugur** fasteignasali 844 6447

**Opið hús** mið. 6. sept. kl 17;30-18:00



**Brávallagata 18** 101 Reykjavík

Íbúð á 1. hæð | 3 herbergi | 80,6 fm | Falleg 3 herbergja íbúð

**42.900.000**

**Úlfar Þór** fasteignasali 897 9030

**Gunnlaugur** fasteignasali 844 6447

**Opið hús** mán. 4. sept. kl 17:30-18



**Laugavegur** 101 Reykjavík

Einbýlishús | 6 herb. | 148,2 fm | 2 íbúðir ásamt bygginareit

Áhugaverð eign í hjarta miðbæjarins.

**Héðinn** fasteignasali 848 4806

**Opið hús** mán 2. sep. kl 17:30-18:00



**Laugarásvegur 23** 104 Reykjavík

Einbýli | 4-5 herbergi | 213 fm | Laust strax

**99.900.000**

Glæsilegt útsýni

**Brandur** fasteignasali 897 1401



**Ránargata 9** 101 Reykjavík

Íbúð | 4 herbergi | 66,1 fm | Falleg miðbæjareign

**37.900.000**

Frábær staðsetning

**Brandur** fasteignasali 897 1401



**Víðimelur 78** 107 Reykjavík

Íbúð á efstu hæð. | 3-4 herbergi | 70 fm | Risherbergi

**39.900.000**

Falleg 3- herbergja íbúð

**Úlfar Þór** fasteignasali 897 9030



**Ljósvallagata 14** 101 Reykjavík

3 íbúðir | 234,2 fm | Tvær 4 herb. og ein 3 herb.

**150.000.000**

Þrjár íbúðir í fallegu húsi á þessum eftirsótta stað

**Úlfar Þór** fasteignasali 897 9030

**Opið hús** sun. 3. sept kl. 14.00-14.30



**Karlagata 10** 105 Reykjavík

Parhús | 6-8 herbergi | 190 fm | Frábær staðsetning

**89.900.000**

Fjölskylduvænt parhús með suðurgarði

**Þóra** fasteignasali 777 2882

## LÁTTU EINS OG HEIMA HJÁ ÞÉR

# 519 5500

SÍÐUMÚLA 23 · 108 REYKJAVÍK · FASTBORG.IS
ÞÓRA BIRGISDÓTTIR, LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

# TIL SÖLU

## FASTEIGN OG REKSTUR












## Hafnargata 9 — Stokkseyri

**Borg fasteignasala** kynnir til sölu fasteign og rekstur Draugasafns og Álfasafnsins ásamt því að rekstur og fasteign á gistiheimilinu Art Hostel.

Heildarstærð á húsnæðinu er 3.107 fermetrar og staðsett á fallegum stað við sjávarkantinn. Húsnæðið er að hluta til endurnýjað.

Fjárfestinga tækifæri í ferða og afþreyingaþjónustu á Stokkseyri.

**Brandur Gunnarsson** fasteignasali — **897 1401**

---

**Opið hús** sun. 3. sept kl 15.00-15.30



**Básbryggja 13** — 110 Reykjavík

Íbúð-2 hæðir | 5 herbergi | 149 fm | Rúmgóðar s-vestur svalir

Glæsileg íbúð á efstu tveimur hæðunum

**57.500.000**

**Þóra** fasteignasali — 777 2882

---

**Opið hús** mið. 6. sept. kl 17.00-17.30



**Njálsgata 79** — 101 Reykjavík

Íbúð | 3 herb. | 86 fm | Björt og falleg miðbæjaríbúð

Glæsilegar stofur og góð lofthæð

**46.900.000**

**Þóra** fasteignasali — 777 2882

---

**Opið hús** mán. 4. sept. kl 17.30-18.00



**Fífumhvammur 25** — 200 Kópavogur

Íbúð | 3 herbergi | 80 fm | Sér inngangur og verönd

Falleg íbúð í tvíbýlishúsi

**32.900.000**

**Þóra** fasteignasali — 777 2882





## Kiðjaberg lóð 24
801 SELFOSS

STÆRÐ: 85,3 fm HEILSÁRSHÚS HERB: 4

Einstakt heilsárshús í 3 mínútna göngufæri við golfskálann í Kiðjabergi. Mjög falleg 10.000 fermetra eignarland með útsýni eftir Hvítá að Selfossi. Leyfi til að byggja 21 fm gestahús.

*Heyrumst*
**Hannes** › 699 5008 **TILBOÐ**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS** › 4. sept 17:30 – 18:00





## Þorláksgeisli 17
113 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 113,3 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Falleg 113,3 fm fjögurra herbergja íbúð í lyftuhúsi við Þorláksgeisla 17 í Grafarholti með stæði í bílgeymslu. Stutt er í alla þjónustu, t.d. skóla og leikskóla og náttúruna í kringum Reynisvatn.

*Heyrumst*
**Sveinn** › 859 5559 **46.900.000 kr**
Hdl, löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS** › 4. sept 17:30 – 18:00





## Langalína 17
210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 155 fm FJÖLBÝLI HERB: 5

Einstaklega falleg og vel skipulögð í lyftuhúsi. Hús byggt árið 2013. Tvennar svalir. Stofa, borðstofa og sjónvarpsstofa, sér fataherbergi. Sér bílastæði í bílakjallara.

*Heyrumst*
**Hannes** › 699 5008 **71.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS** › 4. sept 17:30 – 18:00





## Þorrasalir 17
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 114 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Nýleg og vönduð þriggja herbergja íbúð með sérinngangi að Þorrasölum 17.

*Heyrumst*
**Gunnar** › 699 3702 **48.900.000 kr**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala





## Hlíðarhjalli 54
200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 300,2 fm EINBÝLI HERB: 8

Fallegt og mjög vel staðsett einbýlishús. Húsið hefur fengið gott viðhald. Mjög góð staðsetning (innst í botnlanga), fallegt útsýni, rótgróinn garður og 120 fm verönd.

*Heyrumst*
**Hannes** › 699 5008 **108.600.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS** › 4. sept 18:30 – 19:00





## Ástún 6
200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 96,7 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Björt og falleg þriggja herbergja íbúð í nýlegu fjölbýli ásamt stæði í bílageymslu við Ástún 6 í Kópavogi. Vandaðar innréttingar, granít borðplötur í eldhúsi og sólbekkjum.

*Heyrumst*
**Gunnar** › 699 3702 **47.900.000 kr**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS** › 2. september 17:00 – 18:00






# Álalind 10
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 110-159 fm FJÖLBÝLI HERB: 3-5

LIND fasteignasala kynnir:

Fallegt 11 íbúða lyftuhús á þessum frábæra stað í Lindum í Kópavogi. Bílastæði í upphituðum bílakjallara fylgir öllum íbúðum. Í húsinu eru þriggja, fjögurra og fimm herbergja íbúðir, og eru stórar svalir með öllum íbúðum sem snúa til suðvesturs. Gler handrið verður á svölum og svalalokun er mögulegur. Stutt er í afhendingu.

Allir velkomnir, tilbúnar sýningar íbúðir á staðnum.

Allar nánari upplýsingar veita:

Hannes, lgfs, sími: 699-5008

Kristján, lgfs, sími: 696-1122

Stefán, sölufulltrúi, sími: 892-9966

**Verð frá 58.000.000 kr**



*Heyrumst*
**Kristján Þórir Hauksson**
Löggiltur fasteignasali
› **696 1122**
› **kristjan@fastlind.is**



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› **699 5008**
› **hannes@fastlind.is**




Aðeins **10** íbúðir eftir af 44



## Öryggis- og þjónustuíbúðir

**2-4 herbergja að stærð 76-140 fm**

Aðgengi að þjónustu - heimaþjónusta, heimahjúkrun, félagsstarf, heilsuefling og matur í hádeginu

**Afhending við kaupsamning, íbúðirnar fullbúnar með gólfefnum**

Yfirbyggðar suður svalir

**Eigið bílastæði í upphituðum lokuðum bílakjallara**

Íbúðir fyrir +60 ára sem vilja búa miðsvæðis og aðgang að þjónustu

**OPIÐ HÚS**
sunnudaginn 3.sept. kl.16:00-18:00



Spennandi uppbygging í Sóltúnsþorpinu framundan í þjónustu við aldraða




Fleiri teikningar á :
**www.soltunibudir.is**

**MIKLABORG**

www.miklaborg.is 5697000

Nánari upplýsingar veita:



**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



**Axel Axelsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272
axel@miklaborg.is



**Svan G. Guðlaugsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

| Herbergi | Stærðir frá | Verð frá |
|---|---|---|
| 2 | 78,1 fm | **53,3 millj.** |
| 3 | 96,2 fm | **59,2 millj.** |
| 4 | 111,9 fm | **68,6 millj.** |

---

HELGAFELL
FASTEIGNASALA

s: 566-0000
Stórhöfða 33
www.helgafellfasteignasala.is



Knútur Bjarnason
Lögg. fasteignasali



Rúnar Þór Árnason
Lögg. fasteignasali og lögg. leigumiðlari



Guðbrandur Jónasson
Lögg. fasteignasali



Þuríður Eiríksdóttir
Í námi til lögg.



Hólmar Sigþórsson
Í námi til lögg.




**KYNNUM TIL SÖLU 2JA TIL 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR Í NÝJU FJÖLBÝLISHÚSI MEÐ LYFTU OG BÍLAGEYMSLU**

# VEFARASTRÆTI 16-22 Í MOSFELLSBÆ

## OPIÐ HÚS Á MORGUN, SUNNUDAG, MILLI KL. 13.00 OG 14:00

- Húsið er staðsteypt, klætt báruáli frá Áltak, þar sem arkitektahönnun fær að njóta sín til fulls.
- Innsteypt innfelld lýsing undir svölum.
- Hiti undir steyptri stétt. 41 bílastæði utandyra, 35 stæði í bílageymsluhúsi.
- Rafmagnsopnanir í anddyrum, póstkassar og mynddyrasími.
- Teppa-, og flísalögð sameign. Lýsing frá Lumex í sameign.
- Hljóðplötur í sameign til að dempa hljóð utan íbúðar.
- Ljósleiðaratenging komin inn í smáspennutöflu íbúðar.
- Góð lofthæð.
- Bílageymsluhús í sérflokki og stórar og góðar geymslur.
- Sameign og lóð eru fullfrágengin.

**Í útivistaparadís Mosfellsbæjar stendur eitt glæsilegasta fjölbýlishús landsins**

**Nýir eigendur óska eftir fleiri góðum nágrönnum**

**Allar upplýsingar hjá Helgafell fasteignasölu s: 566-0000 og Helgafellfasteignasala.is**


KAUPAUKI
Fjölnota poki og glæsileg ZikZak flaska fylgir með hverri keyptri úlpu!
Stærðir
36-56
GLÆNÝJAR SÍÐAR ÚLPUR!
Nýjar síðar úlpur fyrir veturinn eru loksins komnar
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
TÚNIKA 6.990kr st.36-52
KJÓLL 6.990kr st.S-XXXL
KJÓLL 5.990kr st.S-XXXL
TÚNIKA 5.990kr st.36-52
KJÓLL 6.990kr st.S-XXXL
TÚNIKA 5.990kr st.36-50
BOLUR 3.990kr st.36-50
KJÓLL 5.990kr st.S-XXXL
Úlpur á FRÁBÆRU verði! 12.990kr stærðir 36-56
Úlpur á FRÁBÆRU verði! 12.990kr stærðir 36-56
Úlpur á FRÁBÆRU verði! 12.990kr stærðir 36-56
2017 úlpurnar eru komnar!
Úlpur á FRÁBÆRU verði! 12.990kr stærðir 36-56
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

# Frábær stemning í stúkunni

**Íslenska karlalandsliðið í körfubolta er aftur mætt til leiks á Eurobasket 2017 en A-riðill er leikinn í Helsinki í Finnlandi. Fjöldi Íslendinga fylgir liðinu til Finnlands og er stemningin í hópnum frábær.**



Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Íslenska karlalandsliðið í körfubolta hóf leik á fimmtudaginn á Eurobasket en liðið leikur í geysisterkum A-riðli sem fer fram í Helsinki. Þetta er í annað skiptið sem liðið kemst í lokaúrslit en síðast kepptu íslensku strákarnir í sannkölluðum dauðariðli í Berlín árið 2015. Stemningin þar meðal stuðningsmanna var einstök enda stóð liðið sig frábærlega þrátt fyrir að hafa tapað öllum leikjunum. Fjöldi Íslendinga er mættur til Finnlands til að fylgjast með liðinu og fram undan eru fjórir leikir, fyrst gegn Póllandi í dag, Frakklandi á morgun og Slóveníu og Finnlandi eftir helgi. Fyrsti leikurinn gegn sterku liði Grikkja tapaðist á fimmtudag.

Einn gallharðra stuðningsmanna íslenska liðsins er Emil Örn Sigurðsson sem að sjálfsögðu er staddur úti í Helsinki. Körfuboltinn hefur fylgt honum lengi en hann hóf að æfa körfubolta níu ára gamall og hefur síðan verið viðloðandi íþróttina, ýmist sem leikmaður, þjálfari eða stjórnarmaður.



Íslensku stuðningsmennirnir vöktu mikla athygli í Berlín 2015. Þeir eru mættir aftur í stúkuna í Helsinki þar sem A-riðill í Eurobasket 2017 fer fram. Fram undan eru fjórir erfiðir leikir. MYNDIR/ERNIR

### Erfið bið

Emil var ekki í Berlín fyrir tveimur árum og segist ekki hafa ætlað að missa af þessu tækifæri. „Ég tók ákvörðun um að fara til Helsinki strax og ljóst var að liðið væri búið að tryggja sig á Eurobasket. Þetta var því ekki spurning um hvort heldur hvenær maður myndi fljúga til Helsinki. Það verður að viðurkennast að þetta hafa verið erfiðir ellefu mánuðir hvað biðina varðar en nú er maður loksins mættur á staðinn ásamt fjölskyldu og vinum.“

Emil segist vilja sjá liðið vinna að minnsta kosti einn leik í Finnlandi. „Við erum komin á Eurobasket í annað sinn og verðum að gera kröfu um sigur að mínu mati. Síðast vorum við að þreifa fyrir okkur en núna erum við búin að stimpla okkur inn á meðal bestu þjóða Evrópu og eðlileg þróun að ætlast til sigurs.“

Hann segist mjög spenntur fyrir því að sjá hinn 2,16 metra háa Tryggva Snæ Hlinason leika en þetta mót er fyrsta stóra mót hans með A-landsliðinu. „Tryggvi hefur sýnt ótrúlegar framfarir síðasta árið. Þótt eldri leikmenn á borð við Jón Arnór og Hlyn Bærings standi alltaf fyrir sínu eru menn eins og Tryggvi, Haukur, Martin og Kristófer einfaldlega að taka yfir og munu leiða þetta lið á komandi árum.“

### Margir góðir leikmenn

Fyrir mótið segist hann hafa verið spenntastur að sjá hinn 22 ára gamla gríska Giannis Antetokounmpo sem leikur með Milwaukee Bucks í NBA-deildinni. Giannis þykir einn efnilegasti leikmaður heims en hann dró sig út úr hópnum á síðustu stundu vegna meiðsla. „Af öðrum má nefna Finnann Lauri Markkanen sem er svakalega efnilegur og svo má ekki gleyma Nando De Colo, Diaw og Fournier hjá Frökkum sem eru flottir leikmenn. Ég er spenntastur fyrir því að sjá Frakka og Finna spila en tel möguleika Íslands vera gegn Póllandi í dag.“

Körfuknattleikssamband Íslands og finnska körfuknattleikssambandið standa fyrir veglegu stuðningsmannasvæði eða svokölluðu „Fanzone“ fyrir alla stuðningsmenn sína og að sjálfsögðu var Emil mættur þangað fyrir fyrsta leik ásamt ferðafélögum sínum. „Stemningin var flott þar og á held ég eftir að verða betri þegar líður á mótið. Einnig var stemningin í stúkunni góð á fyrsta leik og gaman var að sjá hversu margir eru mættir til að styðja liðið.“



Haukur Helgi var besti maður liðsins með 21 stig og 4 fráköst.

### Margt jákvætt

Þrátt fyrir 29 stiga tap í fyrsta leik var margt jákvætt við leikinn að sögn Emils. „Leikurinn var fínn og sér í lagi annar leikhluti. Haukur Helgi bar af og Kristófer Acox átti flotta innkomu sem var að mínu mati kveikjan að þessum flotta kafla. Það hefði verið gaman að sjá strákana fylgja þessum kafla eftir í seinni hálfleik en Grikkir eru bara drulluerfiðir.“

Fyrir utan þá fjóra leiki sem eftir eru hjá Íslandi er Emil ekki enn búinn að ákveða hvaða aðra leiki hann ætlar að sjá. „Ég hef ekki tekið ákvörðun um það ennþá. Svo er auðvitað landsleikur Finnlands og Íslands í fótbolta í dag sem við ætlum að sjálfsögðu ekki að sleppa. Svo er bara að njóta borgarinnar, en ég hef aldrei áður komið hingað. Einnig er planið að nýta tækifærið fyrst maður er svona nálægt Eistlandi og kíkja til Tallinn, höfuðborgar landsins.“




FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

# LÝÐHEILSU GÖNGUR

SEPTEMBER 2017

## LIFUM OG NJÓTUM

**Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands verða alla miðvikudaga í september í flestum sveitarfélögum landsins í tilefni af 90 ára afmæli félagsins. Markmiðið er að hvetja fólk á öllum aldri til útivistar og hreyfingar í góðum félagsskap og efla þar með heilsu sína og lífsgæði.**

- **September 2017**
- **Alla miðvikudaga kl. 18:00**
- **Náttúra, vellíðan, saga og vinátta**
- **Fjölskylduvænar 60-90 mínútna göngur**
- **Í flestum sveitarfélögum**
- **Allir velkomnir - þátttaka ókeypis**

Allar upplýsingar um göngustaði vítt og breitt um landið má nálgast á **www.fi.is/lydheilsa**



## ÞÚ GETUR UNNIÐ !

**Allir sem vilja geta skráð sig í göngur og þar með í lukkupott sem dregið verður úr í lok verkefnisins.**

**Fleiri göngur = meiri vinningslíkur!**

**Skráðu þig á www.fi.is/lydheilsa**

Velferðarráðuneytið

VALITOR

VÍS

HEILSUEFLANDI samfélag

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Vinnuvélar



JLG Skæralyftur til leigu Rafmagns og Diesel Vinnuhæð upp í 18 metra Uppl í síma 8580400 Sigfús



JLG Spjótlyftur til leigu Árgerð 2017, Vinnuhæð upp í 22 metra Uppl.í s 8580400 Sigfús

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir piparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

**GARÐAUMSJÓN**
Greniúðun, sláttur og klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

**Háþrýstiþvottur & Sandblástur**
Alhreinsun/strípun á t.d. stein,múr, stáli osfrv.
Mikil reynsla - öflug tæki.
**S: 860-2130**



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til sölu

**GLUGGA GERÐIN**
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

**LOK Á HEITA POTTA**



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
*www.fjardarbolstrun.is*
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC & ENGLISH F. FOREIGNERS - ENSKA**
ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENGLISH f. Adults/ ENSKA f. Fullorðna: I,II,III. Start/Byrja: 4/9, 2/10, 30/10, 27/11. 2018: 8/1, 5/2, 5/3. Morn/Aftern/Evening. Morgna/ Síðd/Kvölds -4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2 - 5 students/nem. www.iceschool.is - ff@icetrans. is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Gott herbergi til leigu í Kópavogi. Uppl. í síma. 899 7587.

## Húsnæði óskast

Par á þrítugsaldri óskar eftir 2ja herb, íbúð eða stúdio í skemmri tíma. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 692 5686 Egill

## Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI Í BOÐI**

**SÍÐUMÚLI 1,**
rishæð, miðsvæðis í Reykjavík. Félagsheimili, opnar vinnustofur, léttur iðnaður, arkitektar/ verkfræðingar, bókhaldsstofa eða annað, 166 fm. í opnu rými á 3 hæð, Skiptist í dag í tvö samliggjandi rými, 80fm. og 70 fm., + eldhús og salerni. Snyrtilegt húsnæði, hátt til lofts. Hagstætt verð aðeins kr. 1.750 á fm. fyrir langtímasamning. 50 bílastæði. Laust.
**Nánari uppl. veitir Ragnar, s: 861 7227, eða ragnar.s@simnet.is**

## Sumarbústaðir



**SUMARBÚSTAÐUR 38 FERM.**
3 svefnherb. 2.baðherb, sturta, 1.klukkutima frá Reykjavík. magnað útsýni, geggjuð lóð, lækur. Eyrarskógur 301. Sendi myndir.verð 8,5 uppl. 820-5181

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 899 7012 Sólbakki.

## Bílskúr

Bílskúr óskast til leigu undir dót. Uppl á: hreinverk.is og í s. 699 6762 Tómas

# Atvinna

## Atvinna í boði

TMÍ TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í hlutastarf. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt hlutastarf.

**DÝRAATHVARF**
Dýravinur óskast. Þarf að vera röskur, áreiðanlegur, stundvís og reglusamur og hafa getu til að vinna undir álagi.
Starfið er fjölbreytt og gefandi og felst í þrifum, umönnun dýra, afgreiðslu o.fl.
Íslenskukunnátta skilyrði.
Um er að ræða 90% starf (meðtalin helgarvinna) í 2 mánuði og eftir það 67% starfshlutfall.
**Umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum sendist á netfangið halldora@kattholt.is**
**fyrir 15. sept. n.k.**

**FELLABAKRÍ Á EGILSSTÖÐUM**
óskar eftir að ráða duglegan bakara/bakaranema í fullt starf. Leitað er eftir fjölhæfum bakara / nema í brauð og kökugerð. Manni sem getur unnið sjálfstætt og er fær í mannlegum samskiptum.
**Uppl. í s.861 7039 eða fbi@ austurland.is**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT



Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2
VIÐ ERUM AÐ TALA **UM SPORTIÐ**
Kjartan Atli, Gummi Ben, Höddi Magg og fleiri góðir fylgjast grannt með öllu sem viðkemur íþróttaheiminum á Stöð 2 Sport. Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með Stöð 2.
MARGFALT SKEMMTILEGRI 365.is 365



# Þarf að fylla í skarð hins geðstirða Costa

**Álvaro Morata**
**24 ÁRA**
**FRAMHERJI**
**Landsleikir fyrir Spán:** 21
**Mörk fyrir Spán:** 9
Keyptur á 58,5 milljónir punda frá Real Madrid

Það er ekkert smá verkefni sem bíður Álvaros Morata hjá Chelsea; að fylla skarð félaga síns í spænska landsliðinu, Diegos Costa.

Chelsea hefur tvisvar sinnum orðið Englandsmeistari á síðustu þremur árum. Hinn geðstirði Costa átti risastóran þátt í báðum titlunum. Hann skoraði 20 mörk bæði tímabilin sem Chelsea varð meistari og hefur alls skorað 52 mörk í 89 leikjum í ensku úrvalsdeildinni sem er frábær árangur. Costa gerir líka meira en að skora; hann er duglegur, bindur varnir andstæðinganna í fjötra og býr til pláss fyrir aðra leikmenn.

Morata er allt öðruvísi framherji en Costa. Það er ekki sami djöfulgangur í honum og hann hefur ekki sömu áhrif á leikinn. En hann getur skorað. Á síðasta tímabili skoraði Morata t.a.m. 15 mörk fyrir Real Madrid í spænsku úrvalsdeildinni þrátt fyrir að vera aðeins 14 sinnum í byrjunarliðinu.

Þrátt fyrir farsælan feril hefur hinn 24 ára Morata aldrei verið framherji númer eitt hjá sínum félagsliðum, fyrr en núna. Og miðað við fyrstu leikina með Chelsea virðist Morata finna sig vel í því hlutverki. Þegar þrjár umferðir eru búnar af ensku úrvalsdeildinni hefur Morata skorað tvö mörk og lagt upp önnur tvö.

Chelsea vann Englandsmeistaratitilinn á sannfærandi hátt í fyrra. Og ef Morata heldur áfram að spila eins og hann hefur gert í upphafi tímabils á Lundúnaliðið góða möguleika á að endurtaka leikinn.

**» Morata hefur spilað þrjá úrslitaleiki í Meistaradeild Evrópu.**



Álvaro Morata hefur byrjað af krafti í búningi Englandsmeistara Chelsea.

# Framtíðarmaður milli stanganna hjá Everton

**Jordan Pickford**
**23 ÁRA**
**MARKVÖRÐUR**

Enginn landsleikur fyrir England
Keyptur á 25,7 milljónir punda frá Sunderland

Þrátt fyrir að hafa aðeins spilað eitt tímabil í ensku úrvalsdeildinni með fallliði Sunderland ákvað Ronald Koeman, knattspyrnustjóri Everton, að gera Jordan Pickford að dýrasta markverði Bretlandseyja í sumar.

Pickford þurfti að bíða lengi eftir tækifærinu hjá Sunderland. Hann var lánaður til sex liða í neðri deildunum á árunum 2012-16 og byrjaði síðasta tímabil sem varamarkvörður fyrir Vito Mannone. Ítalinn meiddist hins vegar illa í upphafi tímabils, Pickford fékk tækifærið og greip það með báðum höndum.

Honum tókst ekki að koma í veg fyrir að Sunderland félli en frammistaða hans vakti athygli stærri félaga og hann var tilnefndur sem besti ungi leikmaður síðasta tímabils. Þá var hann valinn í enska A-landsliðið. Pickford, sem á fjölda leikja fyrir yngri landslið Englands, á hins vegar enn eftir að leika sinn fyrsta A-landsleik.

Bláa liðið frá Liverpool var í vandræðum með markvörsluna á síðasta tímabili. Maarten Stekelenburg og Joel Robles skiptu markvarðarstöðunni á milli sín en hvorugur þeirra var nógu sannfærandi. Það var því ljóst að Koeman þyrfti að finna nýjan mann á milli stanganna.

Pickford er mjög sjálfsöruggur og hugrakkur að koma út í teiginn og hirða fyrirgjafir. Hann er líka með frábærar spyrnur og fljótur að koma boltanum í leik.

Pickford býr ekki yfir mikilli reynslu og svo þarf hann að venjast nýjum veruleika hjá Everton þar sem hann verður ekki í hlutverki skotskífu eins og hjá Sunderland. En hann hefur hæfileikana og sjálfstraustið til að komast í fremstu röð.



Miklar vonir eru bundnar við Jordan Pickford hjá Everton.

**» Pickford varði næstflest skot allra markvarða í ensku úrvalsdeildinni í fyrra.**

# Hentar fullkomlega fyrir leikstíl Liverpool

**Mohamed Salah**
**25 ÁRA**
**HÆGRI KANTMAÐUR**
**Landsleikir fyrir Egyptaland:** 53
**Mörk fyrir Egyptaland:** 29
Keyptur á 37,8 milljónir punda frá Roma

Þetta er í annað sinn sem lið í ensku úrvalsdeildinni kaupir Mohamed Salah. Hann vonast til að dvölin hjá Liverpool verði ánægjulegri en tíminn sem hann átti hjá Chelsea Salah fékk fá tækifæri hjá José Mourinho, knattspyrnustjóra Chelsea á þessum tíma, og lék aðeins 19 leiki og skoraði tvö mörk fyrir Lundúnaliðið.

Egyptinn var lánaður til Fiorentina seinni hluta tímabilsins 2014-15 og fór svo til Roma eftir það. Þar blómstraði Salah. Hann var góður tímabilið 2015-16 og enn betri tímabilið þar á eftir þegar hann skoraði 15 mörk og gaf 11 stoðsendingar í 31 leik í ítölsku úrvalsdeildinni.

**» Salah lagði upp næstflest mörk í ítölsku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili.**

Salah er eldfljótur, leikinn og afskaplega hættulegur í skyndisóknum. Það eru eiginleikar sem Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, kann að meta.

Salah hefur farið mjög vel af stað með Liverpool. Hann skoraði í 3-3 jafnteflinu við Watford og í 4-2 sigrinum á Hoffenheim í umspili um sæti í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. Egyptinn var svo óstöðvandi þegar Liverpool rúllaði yfir Arsenal, 4-0, um síðustu helgi. Salah skoraði og lagði upp mark og var síógnandi á hægri kantinum. Stuðningsmenn Liverpool vona að frammistaðan í þeim leik sé fyrirboði um það sem koma skal í vetur.



Mohamed Salah skoraði og lagði upp mark í stórsigri Liverpool á Arsenal um síðustu helgi.

# Heavy metallinn hljómar áfram á Anfield

Liverpool hefur farið vel af stað á þriðja tímabilinu undir stjórn Jürgens Klopp. Þjóðverjinn er í miklum metum á Anfield og honum er treyst fyrir því að koma Liverpool aftur í hóp þeirra bestu.

Frammistaðan var fullkomin og úrslit voru afleiðing af frammistöðunni," sagði Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, himinlifandi eftir 4-0 stórsigur liðsins á Arsenal um síðasta sunnudag.

Það er eðlilegt að Klopp hafi verið í skýjunum eftir frammistöðuna gegn Arsenal enda bar hún öll „höfundareinkenni" Þjóðverjans. Liverpool setti leikmenn Arsenal undir stífa pressu og þegar boltinn vannst sótti Rauði herinn hratt og af krafti. Liverpool skoraði þrjú mörk eftir skyndisóknir og þau hefðu getað orðið fleiri. Þetta var sannkallaður „heavy metal" fótbolti eins og Klopp hefur kallað leikstílinn sem hann predikar.

Góð vika átti eftir að verða enn betri því áður en félagaskiptaglugginn lokaðist keypti Liverpool Alex Oxlade-Chamberlain frá Arsenal og Naby Keïta frá RB Leipzig. Sá síðarnefndi gengur þó ekki í raðir Liverpool fyrr en næsta sumar. Bítlaborgarfélagið hélt líka Philippe Coutinho sem hefur verið þrálátlega orðaður við Barcelona í nær allt sumar. Brassinn hefur ekkert spilað með Liverpool það sem af er tímabils en því var borið að hann glímdi við bakmeiðsli. Það verður spennandi að sjá í hvaða hugarástandi hann verður þegar hann snýr aftur til Liverpool eftir landsleikjahléið.

Fyrr í sumar fékk Liverpool Dominic Solanke, ungan og efnilegan framherja frá Chelsea, Andrew Robertson frá Hull City og Mohamed Salah frá Roma. Sá síðastnefndi hefur farið frábærlega af stað í rauða búningnum og Liverpool er ekki árennilegt með Salah og Sadio Mané sinn á hvorum kantinum.

Stuðningsmenn Liverpool geta líka glaðst yfir því að Mané verður með liðinu allt tímabilið, að því gefnu að hann haldist heill. Fjarvera Manés vegna Afríkukeppninnar setti stórt strik í reikninginn hjá Liverpool í fyrra en liðið vann aðeins einn af sjö leikjum sínum á því tímabili.

Sóknarleikurinn verður væntanlega ekki vandamál hjá Liverpool í vetur. Varnarleikurinn er meira spurningarmerki. Liverpool fékk á sig 42 mörk á síðasta tímabili og gamlir draugar létu á sér kræla í 1. umferðinni þar sem Liverpool fékk á sig þrjú mörk gegn Watford. Tvö þeirra komu eftir föst leikatriði sem Rauði herinn hefur átt í miklum vandræðum með að verjast síðan Klopp tók við. Það er eitthvað sem Þjóðverjinn þarf að laga ef hann ætlar að koma Liverpool ofar í töfluna.



Liverpool-menn fagna einu fjögurra marka sinna í stórsigrinum gegn Arsenal. NORDICPHOTOS/GETTY

**» Liverpool fékk 2,03 stig úr leikjunum sem Joël Matip spilaði á síðasta tímabili en aðeins 1,59 stig úr leikjunum sem hann missti af.**

Liverpool tókst ekki að landa Hollendingnum Virgil van Dijk áður en félagaskiptaglugginn lokaðist og breiddin í miðvarðastöðunum er ekki mikil. Joël Matip þarf að haldast heill en hann er einn mikilvægasti leikmaður Liverpool. Á síðasta tímabili fékk liðið 2,03 stig í leikjum sem hann spilaði en aðeins 1,59 stig úr leikjunum sem Kamerúninn missti af.

Liverpool var ekki með í Evrópukeppni á síðasta tímabili en álagið í vetur verður meira þar sem liðið er komið í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. Klopp þarf að nýta leikmannahópinn skynsamlega því leikstíll Liverpool útheimtir mikla orku.

Klopp er í guðatölu hjá Liverpool og svo lengi sem hann verður hjá félaginu hljómar heavy metallinn á Anfield. Þjóðverjinn þarf bara að passa að feilnóturnar verði ekki of margar.





HÁGÆÐA
GASELDAVÉLAR

Við höfum mörg járn í eldinum þegar það kemur að úrvali á gaselávélum því við vitum að ekki elda allir kokkar eins. Hvort sem þú ert ástríðukokkur eða ekki, þá höfum við réttu græjurnar fyrir þig. Ofnarnir okkar eru með fjölda stillinga sem henta ástríðukokkum sem og áhugafólki um matargerð.



ELBA - 106 PX

ELBA Í YFIR 60 ÁR
3ja ára ábyrgð

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

OPIÐ:
Mán. til fimmtudaga kl. 9 -18
Föstudaga kl. 9 - 17
Lokað á laugardögum í sumar




Arsene Wenger er undir gríðarlega mikilli pressu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þungskýjað yfir Emirates

Það er þungskýjað yfir Emirates vellinum þessa dagana. Arsenal steinlá fyrir Liverpool, 4-0, í síðasta leiknum fyrir landsleikjahléið og situr í 16. sæti ensku úrvalsdeildarinnar með þrjú stig eftir þrjá leiki. Aðeins West Ham (10) hefur fengið á sig fleiri mörk en Arsenal (8) í fyrstu þremur umferðunum.

Skytturnar enduðu í 5. sæti ensku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili sem er versti árangur liðsins síðan 1995. Fyrir vikið missti Arsenal af Meistaradeildarsæti í fyrsta sinn í tæpa tvo áratugi. En liðið vann bikarkeppnina í þriðja sinn á síðustu fjórum árum og Arsene Wenger var verðlaunaður með nýjum tveggja ára samningi.

Óánægja stuðningsmanna Arsenal með Wenger var mikil fyrir og hún minnkaði ekkert við þessa vondu byrjun á tímabilinu. Til viðbótar við slæm úrslit missti Arsenal sterka leikmenn undir lok félagaskiptagluggans. Liðið í dag er því veikara en liðið sem hóf tímabilið.

Það versta er svo kannski að Wenger virðist ekki læra af mistökunum eins og sást gegn Liverpool. Metnaðurinn til að spila góðan varnarleik var lítill og þegar boltinn tapaðist var allt opið fyrir Rauða herinn sem skoraði þrjú mörk eftir skyndisóknir í leiknum. Allt þetta hefur sést áður í leikjum Arsenal gegn hinum toppliðunum í ensku úrvalsdeildinni. Samt breytist ekkert.

Það er ólíklegt að Arsenal verði í titilbaráttu í vetur og stefnan verður væntanlega sett á að tryggja sér Meistaradeildarsæti, annaðhvort með því að enda í einu af efstu fjórum sætum ensku úrvalsdeildarinnar eða vinna Evrópudeildina eins og Manchester United gerði í fyrra.

# Fréttir af dauða meistaranna voru stórlega ýktar

Titilvörn Englandsmeistara Chelsea fór eins illa af stað og mögulegt var. Liðið tapaði 2-3 fyrir Burnley á heimavelli og missti tvo leikmenn af velli með rautt spjald.

Meistararnir sýndu hins vegar mikinn styrk þegar þeir unnu 1-2 útisigur á Tottenham með frekar vængbrotið lið. Chelsea vann svo annan sterkan sigur á Everton, 2-0, um síðustu helgi. Krísuástandinu virtist því afstýrt.

Samt sem áður berast reglulega fréttir af óánægju Antonios Conte, knattspyrnustjóra Chelsea, með frammistöðu meistaranna á félagaskiptamarkaðinum. Chelsea gerði lítið framan af sumri en sótti þó Antonio Rüdiger frá Roma, Tiémoué Bakayoko frá Monaco og Álvaro Morata frá Real Madrid. Og á lokadegi félagaskiptagluggans keypti Chelsea Davide Zappacosta og Danny Drinkwater.

Leikmannahópur Chelsea er fyrir vikið aðeins breiðari en það má samt ekki mikið út af bera. Conte komst upp með að spila á fáum mönnum í fyrra enda var Chelsea ekki í Evrópukeppni og slapp vel við meiðsli.

**Chelsea notaði aðeins 23 leikmenn í ensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili.**

Það verður spennandi að sjá hvað Chelsea gerir í Meistaradeild Evrópu undir stjórn Contes. Þrátt fyrir farsælan stjóraferil á hann enn eftir að koma liði langt í Evrópukeppni. Það er ein helsta áskorun hans í vetur.



Antonio Conte virðist hafa tekið gleði sína á nýjan leik.



Sárir og svekktir Tottenham-menn.

## Wembley til vandræða

Tottenham teflir fram svipuðu liði og endaði í 2. sæti í ensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili. Mauricio Pochettino, knattspyrnustjóri Spurs, hélt öllum leikmönnunum sem hann vildi halda og á lokadögum félagaskiptagluggans náði hann í nokkra leikmenn sem ættu að styrkja liðið. Má þar nefna Davinson Sánchez, Serge Aurier og Fernando Llorente.

Nýr heimavöllur Tottenham er í smíðum og því spilar liðið heimaleiki sína á Wembley í vetur. Þjóðarleikvangur Englendinga hefur ekki reynst Spurs gjöfull og byrjunin á þessu tímabili gefur ekki góð fyrirheit. Tottenham tapaði fyrir Englandsmeisturum Chelsea á Wembley í 2. umferð ensku úrvalsdeildarinnar og í 3. umferðinni gerði liðið jafntefli við Burnley á sama velli. Uppskeran úr fyrstu tveimur heimaleikjunum er því aðeins eitt stig.

Tottenham er með þétt og öflugt lið en það er vandamál ef liðið getur ekki unnið heimaleikina sína.



Tony Pulis má vera kátur með sumarkaupin.

## Góður gluggi hjá West Brom

Fá félög gerðu jafn góða hluti á félagaskiptamarkaðinum í sumar og West Brom. Liðið hefur líka byrjað tímabilið vel og er með sjö stig eftir fyrstu þrjár umferðirnar.

Tony Pulis fékk alls sjö leikmenn í glugganum. Einn þeirra, kínverski framherjinn Yuning Zhang, var reyndar lánaður strax til Vitesse í Hollandi. Hinir sex ættu hins vegar að gera West Brom að betra liði.

Pulis fékk reynsluboltann Gareth Barry frá Everton, Kieran Gibbs frá Arsenal, Jay Rodríguez frá Southampton og egypska miðvörðinn Ahmed Hegazy að láni frá Ahly. Þá keypti West Brom skoska ungstirnið Oliver Burke frá RB Leipzig og fékk pólska miðjumanninn Grzegorz Krychowiak að láni frá Paris Saint-Germain. Hann gæti reynst algjör happafengur.

Miðað við sumarkaupin ætti West Brom að verða í efri hluta ensku úrvalsdeildarinnar í vetur.




# Eitthvað verður undan að láta í Manchester

José Mourinho og Pep Guardiola mæta aftur til leiks með Manchester-liðin, United og City, í vetur. Þau stóðu ekki undir væntingum í ensku úrvalsdeildinni í fyrra en í ár er allt lagt undir í baráttunni.



Það fór vel á með þeim Pep Guardiola og José Mourinho á síðasta tímabili og þeir létu vera að skjóta á hvor annan. NORDICPHOTOS/GETTY

Barátta José Mourinho og Pep Guardiola um Manchesterborg síðasta vetur stóð ekki undir væntingum.

Það var afskaplega grunnt á því góða milli Mourinho og Guardiola þegar þeir stýrðu erkifjendunum Real Madrid og Barcelona á Spáni. Mourinho var ráðinn til Madrídarliðsins til að fella Guardiola og Börsungana af stalli sínum. Mourinho beitti öllum brögðum til þess og náði á endanum markmiði sínu. Real Madrid varð spænskur meistari vorið 2012 og Guardiola hætti hjá Barcelona. Ári seinna fór Mourinho sömu leið.

Leiðir þeirra lágu aftur saman í fyrra þegar þeir voru ráðnir knattspyrnustjórar Manchester-liðanna, United og City. Fyrir fram var búist við því að þau myndu berjast um Englandsmeistaratitilinn. En svo fór ekki. Liðin ollu bæði vonbrigðum í ensku úrvalsdeildinni og Mourinho og Guardiola voru stilltir og létu vera að bauna hvor á annan.

Bæði lið byrjuðu vel í fyrra og þá sérstaklega City sem vermdi toppsætið framan af tímabili. En svo kom Chelsea á fullu stími, hirti toppsætið í 12. umferð og lét það ekki af hendi það sem eftir lifði tímabils. City endaði að lokum í 3. sæti, 15 stigum á eftir Chelsea. United hafnaði í 6. sæti deildarinnar, heilum 25 stigum á eftir Antonio Conte og hans mönnum. United vann hins vegar enska deildabikarinn og Evrópudeildina sem hleypti liðinu bakdyramegin inn í Meistaradeild Evrópu.

City spilaði á köflum frábæran fótbolta í fyrra en varnarleikurinn og sérstaklega markvarslan varð liðinu að falli. Guardiola lánaði Joe Hart til Ítalíu og fékk Claudio Bravo í markið. Sílemaðurinn átti góð ár hjá Barcelona en var eins og fiskur á þurru landi í ensku úrvalsdeildinni. Á tímabili virtist það vera nóg fyrir andstæðinga City að hitta markið til að skora því það lak allt inn. Guardiola fór því í markvarðaleit og fann Brasilíumanninn Ederson sem hann gerði að dýrasta markverði sögunnar.

## Sumarkaup Man. City

### Komnir

**Benjamin Mendy**
51,8 milljónir punda

**Kyle Walker**
45,9 milljónir punda

**Bernardo Silva**
45 milljónir punda



**Ederson**
36 milljónir punda

**Danilo**
27 milljónir punda

### Samtals:

**205,7** milljónir punda

## Sumarkaup Man. Utd

### Komnir

**Romelu Lukaku**
76,2 milljónir punda

**Nemanja Matic**
40,2 milljónir punda



**Victor Lindelöf**
31,5 milljónir punda

**Zlatan Ibrahimovic**
frítt

### Samtals:

**147,9** milljónir punda

Guardiola skipti einnig alveg um bakverði. Pablo Zabaleta, Bacary Sagna, Gaël Clichy og Aleksandar Kolarov, sem eru allir komnir yfir þrítugt, voru látnir fara. Í staðinn keypti Spánverjinn Benjamin Mendy, Kyle Walker og Danilo á samtals tæplega 125 milljónir punda. Auk þess keypti City Portúgalann Bernardo Silva frá Monaco.

Vandamál United á síðasta tímabili voru af allt öðrum toga. Liðið skoraði bara 54 mörk í ensku úrvalsdeildinni, aðeins fjórum mörkum meira en Crystal Palace sem endaði í 14. sæti, og gekk bölvanlega að klára leiki. Strákarnir hans Mourinho töpuðu aðeins fimm leikjum á síðasta tímabili en gerðu 15 jafntefli, þar af 10 á Old Trafford.

Til að ráða bót á þessu sótti Mourinho Romelu Lukaku til Everton. Hann hefur stundum verið gagnrýndur fyrir að skora aðallega gegn lakari liðum en það er nákvæmlega það sem United þarf; mörk til að klára leiki gegn minni liðum. Mourinho endurnýjaði einnig kynnin við Nemanja Matic sem hefur byrjað frábærlega í rauða búningnum og gert Paul Pogba kleift að blómstra. Þá keypti United sænska miðvörðinn Victor Lindelöf frá Benfica og samdi aftur við landa hans, Zlatan Ibrahimovic.

Líkt og fyrir síðasta tímabil búast flestir við því að Manchester-liðin berjist um Englandsmeistaratitilinn í vetur. Það virðist þó vera meiri innistæða fyrir þeim spám í ár. Bæði lið eru betur skipuð og betur samansett en í fyrra.

Svo er það staðreynd að bæði Mourinho og Guardiola verða alltaf landsmeistarar á öðru tímabili með sín lið. Það verður því eitthvað undan að láta í Manchester í vetur.






**Dæmi:**

| | |
|---|---|
| Tegund: | Opel Insignia |
| Árgerð: | 2017 |
| Vél: | Dísel / sjálfskiptur |
| Verð áður: | 4.490.000 kr. |
| **Verð nú:** | **3.990.000 kr.** |
| **Afsláttur:** | **500.000 kr.** |

# Frábært dæmi

## **Sérkjör** á sýningarbílum

**Dæmi:**

| | |
|---|---|
| Tegund: | SsangYong Tivoli XLV |
| Árgerð: | 2017 |
| Vél: | Dísel / sjálfskiptur |
| Verð áður: | 4.290.000 kr. |
| **Verð nú:** | **3.990.000 kr.** |
| **Afsláttur:** | **300.000 kr.** |




Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði.




**Dæmi:**

| | |
|---|---|
| Tegund: | Opel Astra Innovation |
| Árgerð: | 2017 |
| Vél: | Dísel / sjálfskiptur |
| Verð áður: | 3.990.000 kr. |
| **Verð nú:** | **3.590.000 kr.** |
| **Afsláttur:** | **400.000 kr.** |

Skoðaðu fleiri frábær dæmi á benni.is

**Mikið úrval af sýningarbílum**
Nánari upplýsingar hjá sölumönnum

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
590 2000

**Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 9
420 3330

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**Laugardaga frá 12 til 16**
**Verið velkomin í reynsluakstur**

**benni.is**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Bann fyrir leikaraskap

Í upphafi tímabilsins voru nýjar og hertar reglur um leikaraskap teknar í gagnið.

Leikmenn sem gerast sekir um leikaraskap gætu verið dæmdir í tveggja leikja bann. Á hverjum mánudegi fer nefnd á vegum enska knattspyrnusambandsins yfir myndbönd af atvikum þar sem grunur leikur á að um leikaraskap hafi verið að ræða. Nefndin er skipuð einum fyrrverandi dómara, einum fyrrverandi þjálfara og einum fyrrverandi leikmanni.

Nú verður einnig hægt að afturkalla gul og rauð spjöld eftir á ef um leikaraskap var að ræða. Leikmenn gætu einnig fengið refsingu fyrir að reyna að plata dómarann með því að gera sér upp meiðsli.

„Ég er hrifinn af þessu og þetta verður fyrirbyggjandi aðferð. Ég vil ekki sjá leikmenn dæmda í bann og ég held, fyrst að þessar reglur eru komnar inn, að við sjáum minna af leikaraskap,“ sagði Dermot Gallagher, fyrrverandi dómari í ensku úrvalsdeildinni, um þessar nýju reglur um leikaraskap.

**» Leikmenn ensku úrvalsdeildarinnar geta fengið tveggja leikja bann fyrir leikaraskap.**



Leikmönnum verður refsað fyrir að gera sér upp meiðsli.



Man. Utd. hefur byrjað af krafti.

## Messað á sunnudögum

Stöð 2 Sport hefur verið og verður áfram heimili enska boltans á Íslandi. Leikjum deildarinnar verða gerð ítarleg skil á öllum miðlum 365 líkt og síðustu ár, ekki aðeins með beinum útsendingum á Stöð 2 Sport, heldur einnig í kvöldfréttum Stöðvar 2, á Vísi, í Fréttablaðinu, Akraborginni á X-inu 977 sem og víðar. Enski boltinn teygir sig víða enda með allra vinsælasta íþróttaefni þjóðarinnar.

Stöð 2 Sport sýnir eins marga leiki í beinni útsendingu og kostur er á. Fyrir síðastliðið tímabil var sú breyting gerð á sýningarrétti enska boltans á Íslandi, sem og í öllum Evrópulöndum, að ekki reyndist heimilt að sýna nema í mesta lagi einn leik á laugardögum klukkan 14.00 (15.00 eftir að vetrartími tekur við). Rétthafar í Bretlandi gripu til þess ráðs í baráttunni við ólöglegt netstreymi, sem er notað purkunarlaust til að brjóta lög um sýningarrétt um allan heim.

Í venjulegri umferð sem nær yfir helgi eru minnst fimm leikir sýndir í beinni útsendingu og stundum fleiri. Þegar umferð fellur á miðja viku má búast við að 2-3 leikir verði sýndir beint.

Þess ber þó að geta að allir leikir sem ekki eru í beinni útsendingu verða frumsýndir skömmu eftir að leik lýkur. Upplýsingar um sýningartíma má finna á heimasíðu Stöðvar 2.

Þá vil ég nota tækifærið og minna á að Messan er komin á nýjan sýningartíma. Messað verður nú á sunnudögum strax eftir síðasta leik og fá því áhorfendur uppgjör um leiki helgarinnar við fyrsta mögulega tækifæri. Í Messunni á Stöð 2 Sport þjóna þeir Guðmundur Benediktsson og Ríkharð Óskar Guðnason til altaris en með þeim verða þaulreyndir sparkspekingar, með þá Hjörvar Hafliðason, Bjarna Guðjónsson og Ríkharð Daðason fremsta í flokki.

Gleðilegan boltavetur!

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
**aðstoðarritstjóri íþrótta**
eirikur@365.is






REYKJAVÍK: Laugalækur 9, Seljavegur 2, Austurstræti 17, Laugavegur 116, Lágmúli 7, Barónsstígur 4, Grímsbær, Héðinshús, Hjarðarhagi 47, Eggertsgata 24, Miklabraut 100, Kleppsvegur, Birkimelur 1, Bústaðavegur 20, Grjótháls 8, Suðurfell 4, Laugavegur 180, Við Vesturlandsveg, Borgartún 26, Bankastræti 11
KÓPAVOGUR: Dalvegur 20, Hagasmári 9
HAFNARFJÖRÐUR: Fjörður 13-15, Staðarberg 2-4, Reykjavíkurvegur 58
GARÐABÆR: Litlatún
REYKJANESBÆR: Hafnargata 55, Flugstöð Leifs Eiríkss., Fitjar
AKUREYRI: Kaupangur
AKRANES: Skagabraut 43

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

**MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI**

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM HELGINA

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

**7 VERSLANIR UM ALLT LAND**

Sjónvörp frá Philips, Panasonic og LG á frábærum verðum
**Whirlpool spansuðu helluborð frá 34.995**
65“ LG 4K snjallsjónvörp frá 149.995
**Örbylgjuofnar frá 6.990, allt að 30% afsláttur**
Vestfrost þvottavélar með íslensku stjórnborði frá 29.995
**Whirlpool bakaraofnar með blæstri frá 29.995**
Philips kaffivélar sem sjóða vatnið með 25% afslætti
**Barkalausir þurrkarar frá 34.995**
Pottar, pönnur og búsáhöld með 30-50% afslætti
**Panasonic þjófavarna- og myndavélakerfi með 40% afslætti**
Soundbar heimabíó í miklu úrvali frá Philips,
LG og Panasonic. Verð frá 14.995
**Whirlpool stál uppþvottavélar frá 49.995**
Philips ryksugur frá 12.995 - allt að 35% afsláttur

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

*Opið alla helgina!*

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA
FRÁ 10-18, LAUGARDAGA 11-16 OG SUNNUDAG 13-17.

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO



Nýliðar Huddersfield eru enn taplausir eftir þrjár umferðir í ensku úrvalsdeildinni og aðeins tveimur stigum frá toppliði Manchester United. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



# Öskubuskuævintýri Huddersfield

**Aðeins eru 12 ár síðan Huddersfield var sett í greiðslustöðvun, eina leiðin virtist niður á við. En nú eru allir kátir í borginni enda komnir í ensku úrvalsdeildina og virðast ekki vera neitt fallbyssufóður.**

Nú þegar fótboltaheimurinn virðist gjörsamlega farinn á hliðina er gott að vita til þess að enn leynast örlítil ævintýri. Huddersfield er eitt af þessum ævintýrum en 12 árum eftir að félagið var við það að lognast út af er það ofar en Manchester City, Chelsea, Tottenham og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni. Vissulega eru bara þrír leikir búnir en félagið fór upp í úrvalsdeildina með neikvæða markatölu, vann báða umspilsleikina í vítaspyrnukeppni þar sem liðið skoraði ekki mark í venjulegum leiktíma. Því var eðlilega spáð að liðið myndi eiga langan vetur fyrir höndum.

Enginn bjóst við að Huddersfield gæti komist upp um deild í fyrra, en þetta er í fyrsta sinn sem liðið er í efstu deild síðan 1972. „Það sem gerðist hér á Wembley er ótrúlegt, þetta er sannkallað ævintýri sem fékk góðan endi,“ sagði stjórinn, David Wagner, eftir vítaspyrnukeppnina gegn Reading eftir að liðið tryggði sér sæti í skemmtilegustu deild í heimi.

Wagner þessi er einn besti vinur Jürgens Klopp, knattspyrnustjóra Liverpool, og var svaramaður í brúðkaupinu hans. Hann þreytti frumraun sína í þýsku deildinni árið 1990 fyrir Eintracht Frankfurt en það var eini leikur hans með liðinu. Hann flakkaði svo um og endaði ferilinn árið 2005. Hann lék átta landsleiki fyrir Bandaríkin en náði ekki að pota inn marki. Faðir hans er Bandaríkjamaður og móðir hans Þjóðverji.

„Ég hef þekkt Jürgen lengur en konuna mína,“ sagði Wagner í viðtali við Guardian fyrir tveimur árum. „Við hittumst hjá Mainz og ég tók stöðuna hans þannig hann þurfti að fara í vörnina. Það var auðveldara fyrir hann,“ sagði kappinn og hló. Þegar rætt er um Klopp við Wagner eða um Wagner við Klopp er yfirleitt stutt í húmorinn. Þeir eru oft bornir saman enda með líkan stíl og ekki bara að þeir séu með derhúfu, gleraugu og hafi mikla ástríðu fyrir sínum leikmönnum. Liðin þeirra hafa svipaðan leikstíl enda er Wagner trúr þungarokksstílnum sem Klopp kynnti.



Jóhannes Karl Guðjónsson spilaði með Huddersfield á sínum tíma.

En á meðan Klopp var nánast orðinn þjálfari áður en hann hætti að spila var þjálfaraferill Wagners lengur að komast á flug. Eftir að hann hætti að spila ákvað hann að taka sér frí frá fótbolta og læra íþróttavísindi við háskólann í Darmstadt. Klopp hvatti hann þó til dáða og svo fór að þeir hittust á ný eftir að Klopp hafði ráðið Wagner til að taka við varaliði Dortmund. Þar var hann fljótur að sýna hvers hann var megnugur. Það gerði honum þó lífið leitt að Klopp tók alltaf bestu leikmenn hans upp í aðalliðið og eftir mikinn meiðslavetur og fall hætti Wagner í nóvember 2015. Flestir héldu að hann myndi setjast við hlið góðvinar síns á Anfield en svo var ekki.

Hann tók við Huddersfield nokkrum dögum síðar af Chris Powell og erfði lið sem sat í 18. sæti. Þrátt fyrir nokkra ágæta leiki og fínustu tilþrif þá endaði liðið í 19. sæti. Wagner fór að taka til og sótti nokkra þýska leikmenn. Christopher Schindler, Michael Hefele og Chris Lowe komu og mynduðu varnarlínuna ásamt vonarstjörnunni Tommy Smith. Wagner vantaði líka markmann og sótti hann til Klopps því að Danny Ward var á milli stanganna.



Dean Hoyle, stjórnarformaður Huddersfield, og knattspyrnustjórinn David Wagner fagna úrvalsdeildarsætinu síðastliðið vor. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Miðjan var einnig endurnýjuð. Aaron Mooy kom að láni frá Manchester City, Elias Kachunga kom frá Þýskalandi og Izzy Brown kom að láni frá Chelsea. Wagner fór með liðið fyrir tímabilið til Svíþjóðar þar sem það dvaldi í einhvers konar eyðibyggð fjarri tækni og tólum. Þar var jafnvel ekki rafmagn. Huddersfield vann átta af fyrstu 11 leikjum sínum og gaf tóninn fyrir komandi baráttu. Þeir héldu ekki alveg út til loka, en komust í umspilið þar sem þeir skoruðu ekki mark, unnu báðar viðureignirnar í vítaspyrnukeppni og komust upp í úrvalsdeildina, ótrúlegt en satt.

Þeir byrjuðu tímabilið af miklum krafti og sendu skýr skilaboð strax í fyrsta leik með því að vinna Crystal Palace 0:3 á útivelli. Næst var það Newcastle, svo Rotherham í bikarnum áður en þeir gerðu jafntefli 0:0 við Southampton. Sjö stig eftir þrjá leiki er draumi líkast. Liðið gæti líka haldið áfram að gera góða hluti því leikirnir í september eru gegn West Ham, Leicester og Burnley áður en liðið fær Tottenham í heimsókn. Það skal þó tekið fram að Huddersfield hefur ekki náð að halda út undir stjórn Wagner. Í fyrra tapaði liðið sex af síðustu 10 deildarleikjum. Það mun ekki ganga í ensku úrvalsdeildinni. „Við erum ekki komnir hingað bara til að segja halló,“ sagði Wagner fyrir tímabilið. Hann er með stuðningsmenn á sínu bandi en hann hefur passað að leikmenn þakki fyrir sig eftir leiki. Hann vann stuðningsmenn á sitt band með því að taka smá slagsmál við Garry Monk, stjóra Leeds en þeir eru erkifjendur félagsins og stuttur þráðurinn þar á milli.

Haldi Huddersfield sér í ensku úrvalsdeildinni eru miklar líkur á því að stærri lið horfi til Wagner. Hann neitaði Wolfsburg í desember en hvað gerist í maí, ef liðið er í öruggu sæti, er ómögulegt að segja. Stærri lið hafa oft tekið kraftaverkamönnum opnum örmum.



## David Wagner, þjálfari Huddersfield Town

Fæddur: 19. október 1971
Hæð: 1,83 m
Spilaði sem framherji

**Leikmannaferill**
*Ár, Lið, Leikir, Mörk*
1990–1991 Eintracht Frankfurt 1 (0)
1991–1995 Mainz 05 94 (19)
1995–1997 Schalke 04 29 (2)
1997–1999 FC Gütersloh 49 (7)
1999 SV Waldhof Mannheim 5 (0)
1999–2002 SV Darmstadt 98 76 (21)
2002–2004 TSG Weinheim

**Huddersfield Town**
Stofnað 15. ágúst 1908
Leikvöllur: John Smith leikvangurinn
Stjórnarmaður: Dean Hoyle
Titlar:
Meistarar: 1923–24, 1924–25, 1925–26
Enski bikarinn: 1922
Samfélagsskjöldurinn: 1922

**Leikmannakaup Huddersfield fyrir tímabilið:**
Steve Mounie (Montpellier), Tom Ince (Derby County), Aaron Mooy (Manchester City), Laurent Depoitre (FC Porto), Scott Malone (Fulham), Mathias Jorgensen (Copenhagen), Danny Williams (Reading), Elias Kachunga (Ingolstadt), Jonas Lossl (Mainz 05), Kasey Palmer (Chelsea)

*Heimild Wikipedia*

# ego dekor

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI!
## 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 260X167cm
~~Verð: 205.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 164.000,-



CANNON HORNSÓFI
Stærð: 265X175cm
~~Verð: 219.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 175.200,-



MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
~~Verð: 236.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 216X163cm - færanleg tunga
~~Verð: 169.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 127.425,-



ORLANDO TUNGUSÓFI
Stærð: 272X165cm
~~Verð: 209.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 177.650,-



ADRIANA STÆKKANLEGT BORÐ
Stærð: 180(240)X100cm
~~Verð: 169.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 118.300,-



CALE STÓLL
~~Verð: 15.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 10.335,-



HUGO STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 14.320,-



TWIST STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 13.425,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is



**Saga til næsta bæjar**

**Stefán Pálsson** skrifar um umdeilda stríðsátyllu.




# Dularfulla sprengingin

Ísumar komst eyjan Gúam í Kyrrahafi óvænt í heimsfréttirnar þegar hún dróst inn í deilur stjórnvalda í Bandaríkjunum og Norður-Kóreu. Gúam, sem lýtur bandarískri stjórn, hefur að geyma mikilvæga herstöð auk þess sem stjórnendur Norður-Kóreu mátu það svo að eldflaugar þeirra gætu drifið alla leið til Gúam.

Yfirráð Bandaríkjanna á Gúam má rekja til stríðs Spánar og Bandaríkjanna, sem stóð í tíu vikur árið 1898 og lauk með fullnaðarsigri þeirra síðarnefndu. Við ósigurinn misstu Spánverjar völd sín á Filippseyjum, Kúbu og nokkrum eyjum í Kyrrahafi og Karíbahafi. Áhrif stríðsins á mannkynssöguna urðu þó enn afdrifaríkari.

Einn atburður er öðrum fremur talinn hafa verið kveikjan að styrjöldinni. Það var mannskæð sprenging í bandaríska herskipinu Maine í höfninni í Havana þann fimmtánda febrúar árið 1898. Margt er þó á huldu um hvað gerðist í raun í höfninni þennan örlagaríka dag og væntanlega fást ekki við því óyggjandi svör úr þessu.

Herskipið USS Maine átti upphaflega að verða öflugasta vígtól bandaríska flotans. Bandaríkin stóðu langt að baki stórþjóðum Evrópu á sviði vígbúnaðar á höfunum og höfðu í raun lítinn áhuga sýnt á að keppa við þær. Árið 1883 komu Brasilíumenn sér hins vegar upp voldugu herskipi, Riachuelo, sem taldist það kröftugasta í Nýja heiminum. Það þótti ráðhöfum í Washington óþolandi tilhugsun og ákveðið var að ráðast í gerð tveggja risaherskipa.

Hönnun og smíði skipanna tók miklu lengri tíma en ráð var fyrir gert, á sama tíma og þróun í herskipatækni var gríðarlega ör. Niðurstaðan varð sú að þegar Maine var loks hleypt af stokkunum árið 1895 var það í raun þegar orðið úrelt og reyndist erfitt að finna því hentugt hlutverk í flotanum.

Í ársbyrjun 1898 fengu stjórnendur herskipsins fyrirmæli um að sigla til Havana á Kúbu og bíða þar átekta. Að nafninu til var um kurteisisheimsókn að ræða, en engum duldist að alvarlegri ástæður lágu að baki.

**Vaxandi spenna**

Á Kúbu ríkti stríðsástand, þar sem heimamenn höfðu eina ferðina enn risið upp gegn spænskum yfirráðum. Í fyrri uppreisnum höfðu Bandaríkjamenn leynt og ljóst dregið taum sjálfstæðissinna, enda yfirlýst stefna þeirra að draga sem mest úr áhrifum gömlu evrópsku nýlenduveldanna í Rómönsku Ameríku.

Árið 1873 hafði raunar mátt litlu muna að atburðir á Kúbu leiddu til stríðs milli Bandaríkjanna og Spánar. Þá höfðu Spánverjar stöðvað bandaríska skipið Virginius, sem leigt hafði verið til að flytja kúbönskum uppreisnarmönnum vopn og vistir. Spánverjar drógu skipverja í skyndi fyrir herrétt, dæmdu þá fyrir sjórán og tóku nokkra tugi þeirra tafarlaust af lífi og svívirtu líkin. Í hópnum voru fjölmargir Bandaríkjamenn og ollu atburðirnir gríðarlegri reiði þar í landi. Að lokum náðust þó samningar um ríflegar bætur til fjölskyldna hinna látnu.

> STÓRU BLAÐARISARNIR NÝTTU SÉR ATBURÐINA Í HAVANA ÚT Í YSTU ÆSAR.

Hrottaskapur Spánverja í Virginius-ar-málinu sat í mörgum og bandarísk dagblöð sögðu margar safaríkar en misáreiðanlegar fréttir af grimmdarverkum þeirra á Kúbu. Ýmsir bandarískir borgarar áttu líka hagsmuna að gæta í borgarastríðinu og töldu margir að með endalokum spænsku landstjórnarinnar myndu opnast mikil tækifæri til fjárfestinga og jafnvel bandarískra yfirráða í landinu.

Æðsti sendifulltrúi Bandaríkjastjórnar á Kúbu kallaði eftir að Maine yrði sent til Havana, ef átök borgarastríðsins leiddu til þess að koma þyrfti bandarískum ríkisborgurum til bjargar. En koma skipsins sendi líka skilaboð í allar áttir. Hana mátti túlka sem áminningu til Spánverja um að Bandaríkin teldu Kúbu til áhrifasvæðis síns og skilaboð til annarra Evrópuríkja um að reyna ekki að blanda sér í leikinn. Hafa Bandaríkin og önnur stórveldi leikið þennan sama leik ótal oft í gegnum tíðina og minnt á styrk sinn með því að senda herskip í „kurteisisheimsóknir“ til landa þar sem stjórnmálaástandið er viðkvæmt.

Eftir þriggja vikna tíðindalausa dvöl í höfninni í Havana riðu ósköpin yfir. Um miðja nótt varð gríðarleg sprenging sem tætti fremri hluta herskipsins í sundur og afgangurinn sökk á skömmum tíma. Sprengiefnageymslur skipsins voru í framhlutanum sem og svefnrými óbreyttu sjóliðanna. Þeir voru flestir í fastasvefni og fórust því 260 manns en rétt um 90 komust lífs af.

**Stríð brýst út**

Hvernig stóð á þessum skelfilega atburði? Og var sprengingin af mannavöldum? Bandarísku dagblöðin voru ekki lengi að sannfærast um að sprengja eða tundurdufl hefði grandað skipinu og skelltu skuldinni á Spánverja. Spænsk yfirvöld hefðu sprengt Maine í loft upp að yfirlögðu ráði. Sá möguleiki var þó einnig viðraður að spænskt tundurdufl hefði fyrir slysni rekið í átt að skipinu og sprungið. Það kæmi þó í sama stað niður, þar sem Spánverjum hefði borið að tryggja öryggi skipsins í höfninni og bæru þeir því ábyrgð á atvikinu.

Stríð selja dagblöð og stóru blaðarisarnir nýttu sér atburðina í Havana út í ystu æsar og var málarinn kunni, Frederick Remington, sendur til Kúbu til að teikna dramatískar fréttamyndir. Í hverri ritstjórnargreininni á eftir annarri var kallað eftir hefndum: að Bandaríkjastjórn refsaði Spánverjum grimmilega.

Bandaríkjastjórn lét ekki segja sér þetta tvisvar og undir lok apríl var Spánverjum sagt stríð á hendur. Í ræðu McKinleys forseta, þar sem Spánarstjórn voru settir úrslitakostir, var ekki vikið sérstaklega að sprengingunni í Maine, en í hugum flestra var hún kornið sem fyllti mælinn.

Bandaríski flotinn lét í skyndingu fara fram rannsókn á atburðunum í höfninni í Havana og voru rannsakendur fljótir að komast að þeirri niðurstöðu að utanaðkomandi sprengja hefði grandað skipinu. Rúmum áratug síðar, þegar skipsflakið var flutt úr höfninni og sökkt á opnu hafi, var önnur rannsóknarnefnd skipuð sem komst að svipuðum niðurstöðum.

Ýmsir hafa þó dregið þá túlkun í efa. Nokkrar ítarlegar rannsóknir hafa farið fram í seinni tíð með hjálp nýrrar tækni. Niðurstöður þeirra hafa verið misvísandi. Sumir rannsóknaraðilar hallast að utanaðkomandi sprengju, en aðrir benda á að kyndiklefi skipsins hafi verið við hliðina á sprengiefnageymslunni. Lítið hefði þurft til að eldur í kolageymslunni bærist yfir í sprengiefnið með fyrirsjáanlegum afleiðingum. Raunar hafði það gerst nokkrum sinnum á þessum árum að eldur kæmi upp í eldsneytisgeymslum herskipa, en stjórnendur flotans hafi lítið viljað ræða slík atvik af ótta við að beina athyglinni að eigin mistökum og slæmri hönnun.

**Hver hagnaðist?**

Hafi sprengingin verið af mannavöldum er alls ekki ljóst hver þar hefði átt að vera að verki. Þótt skuldinni væri skellt á Spánverja er erfitt að sjá hver tilgangurinn ætti að vera. Spánverjar vildu síst af öllu gefa Bandaríkjamönnum átyllu til að blanda sér í stríðið með beinum hætti. Engar heimildir í spænskum skjalasöfnum benda til að ákvörðunin hafi verið tekin í Madrid og bent hefur verið á að stærsta herskip spænska flotans hafi verið á leið til hafnar í Bandaríkjunum þegar sprengingin varð, svo tímasetningin kom sér alls ekki vel.

Aðrir möguleikar koma til greina. Þannig mætti hugsa sér að kúbanskir stuðningsmenn spænskra yfirvalda hefðu gripið til þessa bragðs til að hefna sín á Bandaríkjamönnum fyrir stuðning þeirra við uppreisnarmenn. Eins mætti hugsa sér að uppreisnarmenn sjálfir hafi verið að verki, til að skella skuldinni á Spánverja og draga Bandaríkin þannig inn í styrjöldina. Ein samsæriskenningin gengur meira að segja út á að Bandaríkjastjórn hafi sjálf sprengt upp skipið til að réttlæta stríðsþátttöku. Er sú túlkun hin opinbera afstaða kommúnistastjórnarinnar á Kúbu í dag.

Líklegast verður þó að teljast að sprengingin um borð í Maine hafi verið slys og Spænsk-bandaríska stríðið árið 1898 hafi því brotist út, nánast fyrir misskilning. Stríðið reyndist þó afdrifaríkt. Með því tóku Bandaríkjamenn að seilast til áhrifa í Austur-Asíu, sem að lokum leiddi til árekstra við Japani í síðari heimsstyrjöldinni. Skjótur sigurinn kom ráðamönnum í Washington líka á bragðið og markaði brotthvarf frá þeirri einangrunarstefnu sem einkennt hafði utanríkispólitík landsins áratugina á undan. Þess í stað tóku Bandaríkin að blanda sér í átök víða um lönd, með beinum og óbeinum hætti. Afleiðinga þeirrar stefnubreytingar gætir enn í dag.

OKKAR SÉRSVIÐ ER
Háræðaslitsmeðferðir
HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA


PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098
Snyrtistofan Hafblik
Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

# HELGARTILBOÐ!

tl.is

## OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI



acer

ACER 15,6" INTEL FARTÖLVA

ACE-NXGNTED014

### 128GB SSD OG FULL HD

ÓTRÚLEGT HELGARTILBOÐ. INTEL ÖRGJÖRVI, 15,6" HÁSKERPUSKJÁR OG OFURHRAÐUR 128GB SSD DISKUR.

AÐEINS ÞESSA HELGI!

**49.995**

ÁÐUR 59.995



GÓÐ Í LEIKINA

nextbook

NEXTBOOK 8" SPJALDTÖLVA

NEX-NXA8QC116

### FJÖGURRA KJARNA INTEL ATOM

VÖNDUÐ SPJALDTÖLVA MEÐ FJÖGURRA KJARNA INTEL ATOM ÖRGJÖRVA OG ANDROID LOLLIPOP 5.1 STÝRIKERFINU.

**11.995**

ÁÐUR 14.995

TOSHIBA



PASSAR Í VASA

**11.995**

ÁÐUR 14.995

TOSHIBA 2TB CANVIO VASAFLAKKARI

TOS-HDTB320EK3CA

### TRAUSTUR MEÐ USB3.0

MEÐFÆRILEGUR OG NETTUR FLAKKARI TIL AÐ TAKA MEÐ SÉR KVIKMYNDIRNAR, LJÓSMYNDIRNAR OG GÖGNIN HVERT SEM ER.

PHILIPS



40" 4K SKJÁR

**139.995**

ÁÐUR 169.995

PHILIPS 40" CURVED 4K TÖLVUSKJÁR

PHS-BDM4037UW

### EINN STÓR Í STAÐ MARGRA

ÓTRÚLEG SKJÁGÆÐI MEÐ ULTRACLEAR UHD UPPLAUSN. SVEIGÐUR FYRIR BETRA SJÓNARHORN

rapoo



SVART EÐA HVÍTT

ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ MEÐ SNERTIMÚS

RAP-E2710IS

### VINSÆLT VIÐ SJÓNVARPIÐ

ULTRA SLIM LYKLABORÐ MEÐ ÍSLENSKUM STÖFUM OG SNERTIMÚS. HENTAR VEL SEM SJÓNVARPSLYKLABORÐ.

**3.995**

ÁÐUR 5.995

TÖLVU LISTINN

## GERÐU ÓTRÚLEG KAUP UM HELGINA!

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | REYKJANESBÆR | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |



**50**
**ára afmæli**

**Hildur Davíðsdóttir**

verður fimmtug þann 2. september 2017.

Eiginmaður Hildar er Hreinn Hafliðason, fæddur 25. ágúst 1970, og búa þau að Háteigsvegi 6, 105 Reykjavík.

Foreldrar Hildar voru Jenný Haraldsdóttir húsmóðir, fædd 12. ágúst 1928, og Davíð Kr. Jensson húsasmíðameistari, fæddur 8. apríl 1926.

---



✝

Bróðir okkar og frændi,
**Jónas Haukur Björnsson**
Gullsmára 7, Kópavogi,
andaðist á Skjóli 28. ágúst sl.
Útförin fer fram frá Áskirkju
þriðjudaginn 5. september kl. 13.00.

**Guðbjörn Björnsson**
**Kristján Helgi Björnsson**
**Björn Guðbjörnsson**

---



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
**Þórarinn Ingi Jónsson**
skrúðgarðyrkjumeistari,
Kópavogi,
lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð
þriðjudaginn 29. ágúst. Útförin fer fram frá
Lindakirkju fimmtudaginn 7. september klukkan 15.00.

**Smári Þórarinsson**
**Rósa Þórarinsdóttir** **Magnús Andrésson**
**Kristinn Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Faðir okkar og tengdafaðir,
**Guðjón Hansen**
tryggingafræðingur,
lést 22. ágúst 2017.
Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Kristján Guðjónsson** **Eva Dagmar Steinsson**
**Birgir Guðjónsson** **Guðrún Þórhallsdóttir**
**Hildur Guðjónsdóttir** **Ólafur Th. Jónsson**
**Steinunn Guðjónsdóttir** **Michael Bown**
**Guðjón Ingvi Guðjónsson** **Ulrika Paija**

---



✝

Innilegar þakkir til allra er sýndu
okkur samúð og hlýhug við andlát
og útför ástkærs eiginmanns, föður,
tengdaföður, afa og sonar,
**Guðna Magnússonar**
húsasmiðs,
Seiðakvísl 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Hlíðabæ, deild L4,
Hjúkrunarheimilinu Mörk og Alzheimersamtökin fyrir
umönnun og stuðning.

**Alma Bergsveinsdóttir**
**Janus Freyr Guðnason** **Nanna Ýr Arnardóttir**
**Magnús Már Guðnason** **Þórunn Sigurðardóttir**
**Kári Guðnason** **Sigurrós B. Sigvaldadóttir**
**barnabörn**
**Margrét Magnúsdóttir**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

---



Hjónin Sólveig Sigríður Einarsdóttir, organisti í Digraneskirkju, og séra Jón Helgi.

# Sextugsafmælið hvatning til að nýta hverja stund

**Séra Jón Helgi Þórarinsson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju, fagnar sextugsafmæli sínu í dag. Í huganum lítur hann með þakklæti til baka og bjartsýni fram á við. Hann er staddur á Norðurlandi núna en er nýlega kominn úr skemmtilegri reisu um sunnanverða Evrópu.**

Hafnarfjarðarklerkurinn Jón Helgi Þórarinsson er í fjallgöngu með frúnni þegar í hann næst í síma. „Við erum á leið upp á Spákonufell ofan við Skagaströnd. Það er heiðskírt en smá þokubakki yfir Húnaflóa,“ segir hann léttur og kippir sér ekkert upp við það þó að áratugaafmæli sé að skella á honum. „Mér líst vel á að verða sextugur. Er þakklátur fyrir árin að baki og fólkið sem ég hef kynnst. Svo eru svona tímamót hvatning til að nýta vel hverja stund, vera glaður og reyna að miðla því í kringum sig,“ segir hann.

Séra Jón Helgi hefur þjónað söfnuði Hafnarfjarðarkirkju í fjögur ár og kveðst vel í sveit settur, umhverfi og aðstaða eins og best verður á kosið og samstarfsfólkið yndislegt. Hvað varð einkum til þess að hann fór í prestskap upphaflega? „Ég er alinn upp við að fara í kirkju. Foreldrar mínir sungu áratugum saman í kirkjukór í Lögmannshlíðarkirkju fyrir ofan Akureyri og við systkinin fylgdum þeim oft. Smám saman fórum við að taka þátt í unglingastarfi í Akureyrarkirkju og bróðir minn Pétur varð prestur. Ég var í tónlistarnámi, lærði á orgel og var að hugsa um að fara þá leiðina á tímabili en eftir stúdentspróf togaði guðfræðin meira í mig. Ég sé ekki eftir því, það er yndislegt og skemmtilegt starf að vera prestur. Í gegnum það hef ég líka fengið að taka þátt í alls konar tónlistarstarfi, syngja í kórum, spila á hljóðfæri og leika mér.“

> **Svo hef ég líka áhuga á sporti og útivist og hef gaman af að ganga um í íslenskri náttúru eins og ég er að gera núna.**

Tónlistin er sem sagt aðal áhugamál séra Jóns Helga. „Svo hef ég líka áhuga á sporti og útivist og hef gaman af að ganga um í íslenskri náttúru eins og ég er að gera núna. Það er bara stórkostlegt.“

Þótt þau hjón séu í góðum gír á Norðurlandi þá er aðalafmælisferðin að baki að sögn séra Jóns Helga. „Við flugum til München í sumar, tókum þar bíl og keyrðum um Ítalíu og Austurríki . Vorum fjórtán daga í ferðinni og fórum víða. Við lentum í hitabylgju en nutum ferðarinnar þrátt fyrir það og þó gaman sé að fara til suðlægra landa og skoða heiminn þá er alltaf gott að koma heim í tæra loftið á Íslandi.“

**gun@frettabladid.is**

---



✝

Ástvinir þakka auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför
ástkærrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,
**Jófríðar Kristjönu Sigurðardóttur**
frá Hoftúnum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar í Borgarnesi.

**Ingólfur Narfason**
**Helga Steina Narfadóttir**
**Kristján Narfason**
**Sigurður Narfason**
**Veronika Narfadóttir**
**Snæbjörn Viðar Narfason**
**tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Elskulega móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Hrefna Steinunn Kristjánsdóttir**
Njarðarvöllum 6,
Njarðvík,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,
þriðjudaginn 29. ágúst. Útförin fer fram frá
Keflavíkurkirkju, föstudaginn 15. september kl. 13.

**Eiríkur Þorbjörnsson** **Svanhildur Þengilsdóttir**
**Hulda María Þorbjörnsdóttir** **Bergþór Sigfússon**
**Kristbjörn Þorbjörnsson** **Guðríður Ingvarsdóttir**
**Birna Rut Þorbjörnsdóttir** **Sverrir Þorgeirsson**
**Ágúst Þorbjörnsson** **Ragnhildur Geirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Áslaug fór á útisýningarnar á Skólavörðuholti með foreldrum sínum þegar hún var barn og heillaðist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Man eftir stóru flugunni

**Útgáfu bókarinnar Útisýningarnar á Skólavörðuholti 1967-1972 verður fagnað í dag, 50 ára afmælis sýninganna minnst og 70 ára afmælis Myndlistaskólans í Reykjavík.**

Bókin er mikilvægt gagn í íslenskri listasögu og góður efniviður til að rannsaka. Hún er búin dýrmætu myndefni og áður óbirtu, meðal annars af verkum sem hafa glatast að eilífu, enda voru sum þeirra úr forgengilegum efnum,“ segir Áslaug Thorlacius skólastjóri um nýja bók, Útisýningarnar á Skólavörðuholti 1967-1972 eftir þær Ingu Ragnarsdóttur myndlistarmann og Kristínu G. Guðnadóttur listfræðing. Útgáfunni verður fagnað í dag klukkan 16 í Ásmundarsal við Freyjugötu.

Sýningarnar á Skólavörðuholti þóttu ögrandi og óheflaðar. Bókin er gefin út í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá þeirri fyrstu og jafnframt fagnar Myndlistaskólinn í Reykjavík 70 ára afmæli sínu, sýningarnar voru einmitt haldnar að frumkvæði hans. „Þarna sýndu bæði nemendur og kennarar. Svona var þetta frjálslegt,“ segir Áslaug sem er skólastjóri Myndlistaskólans nú og var í ritstjórn bókarinnar fyrir hönd hans. Sjálf fór hún á útisýningu með foreldrum sínum þegar hún var barn. „Ég man eftir stóru flugunni hans Magnúsar Tómassonar sem var sýnd 1970,“ nefnir hún og segir myndirnar í bókinni ómetanlega heimild um gróskutíma í þrívíðri myndlist.


Kassi, umslög, dót. Verk eftir Dieter Roth.

„Á þessum tíma er Ísland að tengjast umheiminum í listum. Bæði Dieter Roth og hinn kóreski Nam June Paik urðu eins og vörður á þeim vegi. Við höfðum verið dálítið einangruð. Listamenn höfðu farið til náms í konunglegu akademíurnar en voru ekki þar sem mesta gerjunin var í heiminum,“ útskýrir hún og segir vissulega marga hafa litið niður á þessa nýju list.

„Þetta var líka á þeim tíma sem fólk var með afdráttarlausar skoðanir á hlutunum. Hún varð nú fræg brauðvarðan hans Kristjáns Guðmundssonar sem heilbirgðisyfirvöld bönnuðu. En auðvitað voru einhverjir hrifnir og sáu tjáningarfrelsið sem birtist í verkunum.“

Minningarsjóður um Ragnar Kjartansson, Myndlistaskólinn í Reykjavík og Myndhöggvarafélagið standa að útgáfu bókarinnar. Áslaug segir Ásmundarsal á Freyjugötunni verða opinn líka á morgun, sunnudag, milli klukkan 16 og 18 og að bókin verði á tilboðsverði um helgina.

gun@frettabladid.is


Herskip Breta siglir á varðskip. Landhelgin. Þorskastríð.

ÞETTA GERÐIST: 2. SEPTEMBER 1958

## Íslenskir varðskipsmenn teknir höndum af Bretum

Breska herskipið Eastbourne tók níu varðskipsmenn af Þór og Maríu Júlíu og færði þá um borð. Varðskipsmenn af Þór höfðu áður staðið breska togarann Northern Foam að ólöglegum veiðum út af Austfjörðum og hugðust færa hann til hafnar á Seyðisfirði. Skipherra á Þór var Eiríkur Kristófersson.

Landhelgin hafði verið færð út í tólf mílur úr fjórum fáum sólarhringum fyrr og var sú aðgerð viðurkennd af öllum þjóðum nema Bretum. Fallbyssur Eastbourne voru mannaðar og skipverjar báru kylfur og stálhjálma. Anderson, skipherra á Eastbourne og yfirmaður flotadeildarinnar, kom yfir í Þór og ræddi við Eirík sem hvikaði hvergi, hvorugur vildi beita ofbeldi. Íslensku varðskipsmennirnir níu voru samt umkringdir og fluttir um borð í herskipið og haldið þar í ellefu daga en síðan laumað í land í Keflavík í skjóli nætur.



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,

**Hreinn Úlfarsson**

lést 16. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 7. september kl. 15.00.

**Sigurveig Júlíusdóttir**
**synir og barnabörn.**



†

Ástkær frænka okkar,

**Sigríður Jónasdóttir**
Meistaravöllum 35,

lést á Vífilsstöðum laugardaginn 12. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Fjölskyldan þakkar ættingjum og vinum auðsýnda samúð.

**Aðstandendur**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Agnes Guðnadóttir**
Skálatúni 10, Akureyri,

lést á heimili sínu umvafin fjölskyldu sinni 22. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 4. september kl. 13.30.

**Konráð Alfreðsson**
**Guðni Konráðsson** **Linda Ólafsdóttir**
**Lára Steina Konráðsdóttir** **Friðjón Sigurðsson**
**Valdís Konráðsdóttir** **Ellert Jón Þórarinsson**
**og barnabörn.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, mágkona og tengdadóttir,

**Ásta Kjeldahl Þórsdóttir**
Grønhøjgade 18, Vejen, Jótlandi,

lést mánudaginn 28. ágúst.

Útförin fer fram frá Vejen kirkju þriðjudaginn 5. september kl. 13.30. Minningarathöfn verður haldin í Grensáskirkju laugardaginn 9. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hugarafl.

**Thomas Kjeldahl**
**Þór Kjeldahl**
**Anna Kjeldahl**
**Eva Kjeldahl**
**Þór Aðalsteinsson**
**Bjarnsteinn Þórsson** **Guðfinna Björnsdóttir**
**Brynjólfur Þórsson** **Sigrún Gunnarsdóttir**
**Þröstur Þórsson**
**Jørn Kjeldahl**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Björk Gísladóttir**
Fríholti 4, Garði,
áður búsett í Bræðraborg,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 27. ágúst, verður jarðsungin frá Útskálakirkju þriðjudaginn 5. september klukkan 14.00.

**Gunnar M. Magnússon** **Magnea Inga Víglundsdóttir**
**Unnar Már Magnússon** **Erna Nilssen**
**Sigfús K. Magnússon** **Gyða Minný Nilssen**
**Hreinn R. Magnússon** **Elísabet S. Steinsdóttir**
**Kristvina Magnúsdóttir** **G. Pétur Meekosha**
**Björgvin Magnússon** **Laufey Þorgeirsdóttir**
**Sigurður H. Magnússon** **Birna Björk Skúladóttir**
**Magnea B. Magnúsdóttir** **Sigurjón Sigurðsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



†

Elskulegi sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**Sverrir Örn Sverrisson**

lést fimmtudaginn 24. ágúst. Útförin fer fram í Fríkirkjunni í Reykjavík þann 4. september kl. 13.00.

**Dóróthea S. Róbertsdóttir**
**Sverrir Jensson**
**Heimir Sverrisson**
**Ómar Örn Sverrisson**
**Daníel Örn Heimisson**
**Dagur Leó Ómarsson**
**Helgi Jóhann Ómarsson**
**Lára M. Fleckenstein**
**Brynhildur Guðjónsdóttir**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**HJÁLPARSVEITIR**



**LAUSNARORÐ** Vísbending f. lausnarorð: Ef bókstöfunum er raðað rétt saman birtist hvimleiður kvilli af meinlausara taginu (11). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. sept næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „2. september“.





FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Kviksyndi** eftir **Malin Persson Giolifo** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Linda Leifsdóttir, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

## LÁRÉTT

**1** Lögðum til kirkjuhöfðingja í sunnlenskri sveit (13)
**11** Ræður þessi staða við svo framandi fyrirbæri? (8)
**12** Hljómborð marrar vegna líflegrar tokkötu (11)
**13** Beislar orku tækis eins og fagmenn gera (10)
**14** Færum slösuðum fé frá nískupúkum (9)
**15** Stökkva til og erfiða þótt starf sé ótryggt (11)
**17** Fölleitt gras í fornum bæ mun dreifa hamingju (9)
**19** Úrslitagangurinn var nú meiri mæðan (12)
**23** Flekkirnir eru mislangir aflestrar (9)
**24** Aðeins þau tvö köstuðu með annarri (4)
**26** Er lærisbruni algengur í þessari skóladeild? (9)
**29** Farin eins og fárviðrin (5)
**30** Talið um peninga og valdið sem þeir veita (8)
**31** Einkenni vökva því sá mæti mætir (9)
**33** Gálginn raskar lunga eins og fuglinn (5)
**34** Tunglkoma gleður soninn er bróðir hans kemur í heiminn (8)
**36** Þau sem ekki eru takmörkuð klárast aldrei (9)
**38** Vandi 8 ára sísuðandi trítils (7)
**40** Leitum að lærðum er við ráðum fólk í þessa grein (9)
**43** V fæst fyrir 5X (8)
**44** Þessi skessa er átvagl (3)
**46** Flutti meðlæti á knæpu kálhausa (8)
**47** Rifur kjaft út af sorginni og sárinu (11)
**48** Garðsprotar duga í vegg (10)

## LÓÐRÉTT

**1** Hluti sveipsins tengist ákveðinni tegund glæpa (13)
**2** Vinningsbelja vekur fát hjá purpurarósum (11)
**3** Lausust unnu fyrir ólofuð í uppnámi (11)
**4** Verstu pennarnir voru alltaf að rembast (11)
**5** Baulum um beljaka (5)
**6** Sægur flata um alla Jörð (8)
**7** Taldi fólk frjálst án fæðis (8)
**8** Spyr hvort hann skrökvaði um sundhöll (8)
**9** Krumpaður og brotinn í tvennt (8)
**10** Læt pjakkinn fyrir krypplinginn (6)
**16** Anna er fullt nafn þeirra beggja (10)
**18** Fljót hreinsaði kóng vegna káfs (10)
**20** Um nýtin og nærgætin gildir hið sama (10)
**21** Af stórgrýtinu og öllu sem úr því má vinna (9)
**22** Hvítglóandi kanna gleður ljóskur (8)
**25** Barnið er afkomandi óþekkts aðila (7)
**27** Ertu að kæra glæpadómstólinn? (10)
**28** Val hagleiksmannanna Bens og Bens (10)
**32** Latínuprófessor í svipaðri stöðu og latínan (8)
**35** Dýrslega duglaus hafði það dágott (7)
**37** Hvíla að atviksorði loknu (6)
**39** Hin samandregna beinskel (6)
**41** Afmá írafár hjá vargfuglum (5)
**42** Notaðu þessar til að þefa þær uppi (5)
**45** Stefnu 1 var ætlað að verða ofan á (8)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 3 | 7 | | | | 1 | |
| | 8 | 2 | 5 | | | | | 4 |
| 5 | | | 6 | 2 | 3 | 7 | | |
| 4 | | 1 | | | 2 | 5 | 9 | |
| | | | | 3 | 7 | | 6 | 1 |
| 3 | 9 | | | | | | 2 | |
| | | | 2 | 1 | 5 | | | |
| 8 | 4 | 9 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 8 | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | | | | 4 | | 8 | |
| 2 | 3 | 6 | 9 | | | 1 | | 7 |
| | | 4 | | | 3 | | | |
| 4 | | 2 | | | | | 1 | 6 |
| | 9 | | | | | | 5 | |
| | 6 | | 7 | | | 8 | | |
| | | | 2 | 4 | | 3 | | |
| 3 | | | 5 | 6 | | | 7 | |
| 9 | | | 3 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | 2 | | |
| 9 | 6 | 8 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | 7 | 9 | 1 | | |
| | | 3 | 2 | | | 5 | | |
| | 1 | 6 | | | 5 | | 7 | |
| | | | 4 | | | | 6 | |
| | | | | 9 | 8 | 6 | | |
| | | | 7 | | 1 | | | |
| | 4 | | | | | | | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 |
| 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 8 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 9 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

## Skák Gunnar Björnsson



Jóhann Hjartarson (2.538) átti leik gegn Einari Hjalta Jenssyni á Friðriksmóti Landsbankans í fyrra.

**Hvítur á leik**

**36. Kh3!** Skyndilega er hrókur af og Einar gafst upp.

**www.skak.is:** Heimsbikarmótið.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### NAUMUR SIGUR Á HM-MÓTI

Lið Bandaríkjamanna (USA2) vann mjög nauman sigur í keppninni um Bermúdaskálina í Lyon í úrslitaleik við franska landsliðið um síðustu helgi. Lokatölur voru 278-276 eftir 8 lotu leik (hver lota var 16 spil, spilað á 3 dögum). Nýir heimsmeistarar eru: Martin Fleischer, Joe Grue, Chip Martel, Brad Moss, Jacek Pszczola, Michael Rosenberg og Jan Martel var fyrirliði. Lið Frakka, sem þurfti að bíta í það súra epli að tapa með 2 impum, var: Thomas Bessis, Francois Combescure, Cedric Lorenzini, Jean-Christophe Quantin, Jerome Rombaut, Frederic Volcker og Lionel Sebbane var fyrirliði. Þegar svona litlu munar er auðvelt að finna spil sem hefðu getað farið öðruvísi og breytt úrslitum. Eitt þeirra er þetta spil sem var Frökkum kostnaðarsamt, var 16 impa tap. Það kom fyrir í 7. lotu úrslitaleiksins, vestur var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ 10873
♥ 9764
♦ 83
♣ 976

**Vestur**
♠ DG5
♥ ÁK108
♦ Á
♣ DG1054

**Austur**
♠ Á92
♥ D
♦ KD10954
♣ ÁK2

**Suður**
♠ K64
♥ G532
♦ G762
♣ 83

Bandaríkjamennirnir fetuðu sig í 7 lauf í AV í 11 sögnum. Frakkarnir notuðu álíka margar sagnir (12) en enduðu í 7 gröndum. Það spil lá ekki nægilega vel fyrir Frakkana og 7 grönd fóru 1 niður. Í 7 ♣, sem var miklu betra spil, var hægt að fría tígulinn með því að trompa hann einu sinni og fá þannig 13 slagi.


SÚPER
SUNNUDAGUR
Á STÖÐ 2
NÝTT
KL. 19:55
LANDHELGISGÆSLAN
NÝTT
KL. 20:20
LOCH NESS
SNÝR AFTUR
KL. 21:55
X COMPANY
JESSICA BIEL
THE SINNER
NÝTT
KL. 21:05
ALLIR VITA AÐ HÚN FRAMDI GLÆPINN.
ENGINN VEIT AF HVERJU.
Tryggðu þér áskrift á aðeins 333 kr. á dag
9.990 kr. á mánuði
MARGFALT SKEMMTILEGRI
1817
365.IS
365

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi

265

„Hvaða er nú þetta?“ spurði Lísaloppa í forundran. „Ja, mér sýnist þetta vera mynd af Dýradýri,“ svaraði Konráð. „Heldur þú að það sé nokkuð hættulegt?“ spurði Lísaloppa og var augljóslega ekki alveg rótt. „Nei, það held ég ekki,“ svaraði Konráð hálf hikandi. „Mér sýnist það vera samsett úr nokkuð meinlausum dýrum...eða hvað?“

**Getur þú séð úr hvaða dýrum Dýradýrið er samsett?**





## Leikurinn



### Grettuhringur

Allir leikmenn sitja í hring. Einn byrjar á að gera grettu og gefa frá sér eitthvert hljóð. Næsti við hliðina á að herma eftir og svo koll af kolli. Þegar grettan hefur farið heilan hring má næsti velja grettu með hljóði og þannig er hægt að þróa leikinn áfram.

## Lestrarhestur vikunnar

### Kolbeinn Lárus Petersen

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Það var Rottuborgarinn eftir David Walliams. Hún er um stelpu sem átti pabba og stjúpmóður sem var ekki mjög góð við hana. Eftir skóla eða í frímínútum fengu þau sér hamborgara hjá Borgari. Stelpan fann rottu og hafði hana sem gæludýr og var alltaf að passa að stjúpmóðir sín sæi hana ekki. En stjúpmóðirin áttaði sig á að hún væri með rottu og hringdi í Borgar en þá var hann ekki Borgar heldur meindýraeyðir.

**Hvað finnst þér skemmtilegast við bækur?** Það að þegar maður les þær þá getur maður búið til hvernig persónurnar líta út í alvörunni í huganum.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Ég held að það hafi verið Óvættaför.



Kolbeinn Lárus er tíu ára bókaormur.

**Hvernig bækur finnst þér skemmtilegastar?** Svona fyndnar bækur.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Ég er í Vogaskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já, ég fer bara þegar mig vantar bók.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Það eru örugglega fótbolti og að vera rappari.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Á bókasafninu skrifa þau nafn á áhugaverðri bók sem þau hafa lesið á bókarkjöl ásamt nafni, aldri og símanúmeri. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



„Ég var bara lítill strákur í kórnum og svo allt í einu farinn að syngja einsöng í Eldborg,“ segir Bjartur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Var stressaður á fyrstu tónleikunum

Hinn ellefu ára Bjartur Clausen sló í gegn er hann söng einsöng með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á þrennum stórtónleikum í Hörpu undir sýningu Hringadróttinssögu. Hvernig kom það til?

Álfheiður Björgvinsdóttir, kórstjórinn minn í Skólakór Kársness, var beðin um að finna strák sem væri til í að syngja drengjasólóið, hún spurði mig og ég var til. Ég kom fram tvisvar á hverjum tónleikum.

**Þurftir þú að æfa mikið?** Já, hrikalega mikið. Ég æfði vel heima og svo hjálpaði Álfheiður mér rosalega mikið. Í vikunni fyrir tónleikana komu svo til landsins hljómsveitarstjórarnir Ludwig Wicki og Shih-Hung Young og líka Katlyn Lusk, söngkona sem söng einsöng, og þá æfði ég rosalega mikið með þeim öllum, hljómsveitinni og kórunum.

**Hefur þú sungið einsöng áður?** Nei, aldrei. Ég var bara lítill strákur í kórnum og svo allt í einu farinn að syngja einsöng í Eldborg. Ég var stressaður á fyrstu tónleikunum en ekki eins mikið á hinum – samt svolítið.

> FÓTBOLTI ER AÐALÁHUGAMÁLIÐ, ÉG ÆFI FÓTBOLTA MEÐ BREIÐABLIKI EN HEF LÍKA ÁHUGA Á ALLS KONAR TÓNLIST.

**Þekktir þú Hringadróttinssögu?** Já, rosalega vel og elska hana.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumarfríinu?** Já, ég fór til Egilsstaða með fjölskyldunni á Unglingalandsmót og keppti í fótbolta, körfubolta og götuhjólreiðum. Svo fór ég líka á Draflastaði í Fnjóskadal að heimsækja vini okkar og þangað fer ég aftur eftir nokkra daga til að taka þátt í göngum og réttum. Það verður frábært.

**Áttu mörg áhugamál?** Fótbolti er aðaláhugamálið, ég æfi fótbolta með Breiðabliki en hef líka áhuga á alls konar tónlist. Var að byrja að læra á trommur og mig langar að verða tónlistarmaður þegar ég verð stór.

# ILMANDI ELDHÚS!

## NÝ BÓK EFTIR NÖNNU - ÓMISSANDI Á HVERT HEIMILI!




VILDARVERÐ:
3.999.-
Verð:
4.999.-

ÚTGÁFUHÓF
Í DAG
KL 14:00
Í VERSLUN OKKAR Í
SMÁRALIND



Nanna verður á staðnum, spjallar við gesti og gangandi og býður upp á léttar veitingar.

**ALLIR VELKOMNIR!**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 6. september eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag verða sunnan 5 til 13 metrar á sekúndu, rigning og hiti 10 til 14 stig. Á Austurlandi verður þurrt framan af degi og hitinn gæti náð í 20 stig, en síðan mun fara að rigna þar og kólna.

## Heimurinn

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 17° | 19° | 17° | 19° | 15° | 12° | 5° |
| **London** | **Amsterdam** | **Paris** | **Berlín** | **Madrid** | **Brussel** | **Róm** |
| 18° | 16° | 20° | 18° | 22° | 19° | 26° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 12° | 14° | 24° | 21° | 28° | 18° | 14° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↖8 | 8° →7 | 7° →15 | 11° ↗4 | 12° ←3 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↑8 | 5° ↗9 | 3° ↓6 | 7° →7 | 8° ←7 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 15° ↑6 | 10° →1 | 7° →7 | 7° ↗11 | 9° ↙4 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 15° ↑6 | 14° ↑4 | 8° ↗10 | 8° →8 | 8° ↙3 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↑3 | 10° ↙3 | 9° ↗10 | 9° ↖2 | 9° ←5 |






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Velkomin á opnunarhátíð!

## Draumaverslun föndrarans
## Panduro hefur opnað í Smáralind






Sparaðu 4.500

## Opnunartilboð:

**Föndurbox fyrir krakka**

Sneisafullt box með spennandi föndurvörum fyrir börn frá 3ja ára aldri.

(100 box í boði fyrir fyrstu viðskiptavinina)

**3.999**
(Fullt verð 8.499)




Sparaðu 2.000

Akrýllitir, byrjendasett
(Fullt verð 3.999)

**1.999**
hvort tilboð




Sparaðu 3.000

Pixelhobby, stór pakki
(Fullt verð 4.999)




## Kynning á efni til skrautskrifunar

Brynhildur Björnsdóttir kennari verður á staðnum í dag kl. 14–16 og leiðbeinir með grunnatriði og efni sem tengjast skrautskrift. Hægt verður að prófa áhöld til skrautskrifunar og sýnir Brynhildur aðferðir sem allir geta tileinkað sér.

Panduro Smáralind / www.panduro.is
Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook / Panduro Ísland og Instagram / Pandurooofficial

Panduro® HOBBY




198
kr. 75 g
**Bónus Klettasalat**
Ítalskt, 75 g




249
kr. 400 g
**Wewalka Pizzadeig**
Ferskt, 400 g




398
kr. 100 g
**Ítölsk Þurrskinka**
100 g



198
kr. 150 g
**Bónus Pizzuskinka**
150 g




59
kr. 400 g
**Tómatar**
400 g, 2 tegundir




Matarmikil súpa
**FULLELDUÐ**
Aðeins að hita

1.498
kr. 1 kg
**Íslensk Kjötsúpa**
1 kg




298
kr. 125 g
**Lambhaga Spínatkál**
125 g

**MAGNKAUP**
Betra verð




**4x2 l**

698
kr. 4x2 l
**Egils Kristall kippa**
4 x 2 l, 3 tegundir




Matarmikil súpa
**FULLELDUÐ**
Aðeins að hita

1.598
kr. 1 kg
**Mexíkósk Kjúklingasúpa**
1 kg

**LÁGT VERÐ ALLA DAGA**

Ilmandi góðar
**HANDSÁPUR**




298
kr. 500 ml
**Gunry Premium Handsápa**
500 ml, 4 tegundir




98
kr. 500 ml
**7up Mojito**
500 ml




98
kr. 500 ml
**Mountain Dew**
500 ml

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA




98
kr. 0,5 l
**Pepsi,** 0,5 l
**Pepsi Max,** 0,5 l

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**798** kr. kg

**Bónus Grísahakk**
Ferskt - 1 kg pakkning

FULLELDAÐ
Aðeins að hita

300kr
verðlækkun pr. kg

**798** kr. kg

**Ali Spareribs**
Fullelduð - Verð áður 1.098 kr. kg

## GOTT VERÐ Í BÓNUS

Íslenskur
KJÚKLINGUR
á góðu verði

**1.795** kr. kg

**Bónus Kjúklingabringur**
Ferskar

**695** kr. kg.

**Bónus Kjúklingur**
Ferskur, heill

**695** kr. kg.

**Bónus Kjúklingaleggir**
Ferskir

770g

**259** kr. 770 g

**Bónus Heilkornabrauð**
770 g

SAMA VERÐ
UM LAND ALLT

**279** kr. kg.

**Bónus Kjúklingavængir**
Ferskir

6 BRAUÐ
í pakka

**198** kr. 6 stk.

**Polarbrauð**
250 g, 6 stk. í pakka

Lágkolvetna
BRAUÐ

**459** kr. 420 g

**Gæða Lágkolvetnabrauð**
420 g

NÝBAKAÐ!
4stk.

**259** kr. 4 stk.

**Bónus Kringlur**
4 stk.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Fullveldið í orðum, myndum og athöfnum

**Listahátíðin Cycle hefur rúllað af stað í Kópavogi þriðja árið í röð. Yfirskrift hennar er Fullvalda | Nýlenda. Hátíðin stendur allan september og Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs er heimili hennar.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Hátíðin í ár samanstendur af fastri sýningu út mánuðinn og lifandi dagskrá í Gerðarsafni sem stendur í þrjár vikur. Í dag verður hér fjölskylduhátíð með skákmóti, dansi og pylsupartíi,“ segir Sara Öldudóttir sem er sýningarstjóri listahátíðarinnar Cycle í Kópavogi, ásamt Guðnýju Þóru Guðmundsdóttur.

Yfirskrift hátíðarinnar er Fullvalda | Nýlenda í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands á næsta ári en miðast við Grænland, Færeyjar og Ísland og tengsl þeirra við Danmörku í nútíð og fortíð. „Við nálgumst efnið eftir mörgum leiðum í því augnamiði að örva samskiptin milli lista, fræða og samfélags og styrkja vestnorræn menningartengsl,“ tekur Sara fram.

Fyrst minnist Sara á nokkur verkanna sem verða til sýnis í Gerðarsafni. Eitt þeirra nefnist Stjórnarskrá er ferli og er eftir listamennina Libiu Castro og Ólaf Ólafsson. Þar verða handrit að fimm íslenskum stjórnarskrám til sýnis opinberlega í fyrsta skipti. „Við erum með nýtt verk eftir Darra Lorenzen og eldra verk eftir Ragnar Kjartansson. Svartigaldur í hvíta húsinu er verk eftir dönsku listakonuna Jeannette Ehlers og einnig er áhrifamikið fánaverk eftir Andrew Ranville sem er byggt á áhugaverðri rannsókn.“

Sara segir líka verða efnt til samtals um fullveldið. „Markmið okkar er að fá alla áhugasama um það málefni til leiks, listafólk, fræðafólk og almenna borgara. Við höfum bæði haft samband við fólk sem hefur verið að fást við þetta málefni á lista- og fræðasviði auk þess sem við auglýstum eftir tillögum frá listafólki og fengum góð viðbrögð. Sumt af því fólki verður inni á gólfi hjá okkur í samræðunni.“

**ÁHERSLAN VERÐUR Á HUGMYNDIR UM ÞJÓÐERNI OG SJÁLFSMYND OG HVERNIG ÞÆR MÓTAST Á SJÁLFSTÆÐISBARÁTTUTÍMANUM. LÍKA HVERNIG ÞÆR HUGMYNDIR HAFA ÞRÓAST HÉR Á ÍSLANDI, HVERJAR HEFUR VERIÐ HALDIÐ Í OG HVERSU VEL ÞÆR FALLA AÐ NÚTÍMASAMFÉLAGINU**

Hundrað ára afmæli fullveldis Íslands á næsta ári er stórt tækifæri til sjálfsskoðunar, rýni og sköpunar að mati Söru og annarra stjórnenda Cycle. „Áherslan verður á hugmyndir um þjóðerni og sjálfsmynd og hvernig þær mótast á sjálfstæðisbaráttutímanum. Líka hvernig þær hugmyndir hafa þróast hér á Íslandi, hverjar hefur verið haldið í og hversu vel þær falla að nútímasamfélaginu,“ segir Sara og heldur áfram: „Þar að auki er okkur mikilvægt að tengja umræðuna við Grænland og Færeyjar út frá sameiginlegri sögu, þó að hin löndin séu á allt öðrum tímapunkti í sínu sjálfstæðisferli. Það býður upp á spennandi samræðufleti.“

Sara segir bæði tónlistarmenn og rannsakendur frá Færeyjum, Grænlandi og Danmörku verða virka þátttakendur í hátíðinni í Gerðarsafni. „Við lítum á þetta sem upphafspunkt og viljum rækta frá þessum vettvangi samstarf sem við ætlum að leiða áfram,“ segir hún.

Nú langar mig að vita eitthvað um Söru sjálfa. „Minn bakgrunnur er í félagsvísindum. Ég hef stundað nám og rannsóknir við Háskóla Íslands og í Bretlandi á sviði mannfræði, stjórnmála alþjóðahagkerfisins og félagsfræði en þetta er fyrsta listverkefnið mitt. Guðný Þóra stofnaði Cycle ásamt Tinnu Þorsteinsdóttur og Fjölu Dögg Sverrisdóttur en ég gekk til liðs við verkefnið í upphafi þessa árs,“ tekur hún fram og vísar til þess að þetta er þriðja Cycle hátíðin á jafn mörgum árum.

„Stundum finnst mér fólk vera einangrað á sínum vettvangi en ég hef mikinn áhuga á þverfaglegri nálgun og samræðu milli mismunandi þekkingarheima. Ég hef líka sterka trú á því að listræn aðferð geti haft mikið að segja í samfélaginu,“ segir Sara og bendir á að dagskrá hátíðarinnar sé á www.cycle.is



Darri Lorenzen myndlistarmaður og Sara Öldudóttir sýningarstjóri utan við Gerðarsafn í Kópavogi FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Cycle út um allt

**Hjarta hátíðarinnar Cycle hefur verið í Kópavogi en hún hefur einnig verið í samstarfi við Import Projects í Berlín.**

**Hún er því að hluta til rekin frá Berlín og hefur verið með viðburði þar líka, auk þess sem hún er nýlega komin í tengingu við menningarstofnanir í Hong Kong og hélt vinnustofur þar á vordögum.**

**Það verður samræming á því samstarfi og þessum nýja fasa sem er fullveldisafmæli Íslands á næsta ári.**

Fyrsta uppboð haustsins

Listmunauppboð
í Gallerí Fold
mánudaginn 4. september, kl. 18

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna ásamt fjölda frábærra verka gömlu meistaranna.



Svavar Guðnason

Forsýning í Gallerí Fold alla helgina
laugardag kl. 11–16, sunnudag kl. 12–16, mánudag kl. 10–17
Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


bisgaard
STÍGVÉL
VERÐ 5.995.-
SKÓLABÖRN
ERU SANNAR
ÚTIVISTARHETJUR
HJÁ ELLINGSEN FÆRÐU ALLANN FATNAÐ FYRIR SKÓLANN.
ELLINGSEN, FULLT HÚS ÆVINTÝRA.
DIDRIKSONS
BJORNEM
KULDAGALLI
VERÐ 16.995.-
DIDRIKSONS1913
STORLIEN ÚLPA
VERÐ 12.995.-
DIDRIKSONS
BOARDMAN
VERÐ 11.995.-
WATERMAN POLLAGALLAR
VERÐ 8.995.-
MARGIR LITIR
VIKING FROST FIGHTER
KULDASTÍGVÉL
VERÐ 7.995.-
PIM PEYSA
VERÐ 4.495.-
Í HVAÐA VEÐRI
SEM ER GANGA BÖRN
TIL SKÓLA OG ÞVÍ
MIKILVÆGT
AÐ VERA Í GÓÐUM
FATNAÐI OG SKÓM
MARGIR LITIR
MUCKBOOT HALE
STÍGVÉL
VERÐ 7.995.-
DIDRIKSONS1913
HARJE ÚLPA
VERÐ 10.995.-
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1-3 AKUREYRI / SÍÐAN 1916
Columbia
SKECHERS
TRESPASS
DIDRIKSONS1913
ecco
Champion
MERIDA
SOREL
DEVOLD
zamberlan
Coleman
adidas

# Listaháskólinn og NAIP í Hafnarfirði

Í dag verður haldin hátíð í miðbæ Hafnarfjarðar í tengslum við alþjóðlegt námskeið evrópska NAIP verkefnisins (New Audiences and Innovative Practice).

Námið er ný nálgun í meistaranámi sem tekur mið af síbreytilegum aðstæðum í starfsumhverfi tónlistarmanna í því augnamiði að efla sjálfstæði, aðlögunarhæfni, sköpunarkraft, samstarfs- og samskiptahæfni tónlistarmanna. Samstarfið hefur nú verið útvíkkað í fleiri listgreinar.

Þátttakendur eru 30 meistaranemar í tónlist, sviðslistum, myndlist og tækni og 16 kennarar frá sjö listaháskólum í Evrópu og Asíu. Á námskeiðinu er leitast við að skapa umhverfi þar sem hópur vinnur saman að tilraunum í skapandi samvinnu þvert á listgreinar. Unnið er í samvinnu við ýmsar stofnanir og aðila í Hafnarfirði en Tónlistarskóli Hafnarfjarðar er aðalsamstarfsaðili námskeiðsins.

Hátíðin hefst í Bæjarbíói kl. 13.30 en flyst síðan meðal annars í Tónkvísl, Gaflaraleikhúsið og Íshúsið og stendur til kl. 19.30. – mg



Hópurinn sem stendur að hátíðinni í dag.






# Hugarh
# & sjálf
# þjóðar

## (Þjóðar)sálin hans Jóns míns er ritgerð Birkis Blæs Ingólfssonar sem Partus gefur út með pallborðsumræðum í Safnahúsinu.

Ég bara fékk hugmynd sem mér fannst fyndin, settist niður og skrifaði," segir Birkir Blær Ingólfsson handritshöfundur og fréttamaður um ritgerð sem gefin verður út sem bók í dag af Partusi. „Bókin fjallar um þjóðsöguna Sálin hans Jóns míns, um konuna sem gengur til himna og valtar yfir alla dýrlingana og Guð til að dúndra eiginmanni sínum fram hjá kerfinu inn í Paradís. Ég velti því fyrir mér hvort þetta hugarfar endurspeglist ekki stundum í íslensku þjóðinni sem er oft sannfærð um að hún eigi að fá sérmeðferð í hinu og þessu. Þegar ég byrjaði að skrifa hrönnuðust upp dæmi um þetta viðhorf víða í þjóðfélaginu svo ég gat ekki hætt og allt í einu var ég kominn með ritgerð."

Partus gefur bókina út með viðhöfn sem hefst klukkan 14 í dag í



Birkir Blær er bæði stressaður og spenntur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# eimur
# smynd
# innar

**BÓKIN FJALLAR UM ÞJÓÐSÖGUNA SÁLIN HANS JÓNS MÍNS, UM KONUNA SEM GENGUR TIL HIMNA OG VALTAR YFIR ALLA DÝRLINGANA OG GUÐ.**

Safnahúsinu við Hverfisgötu. Allir eru velkomnir. Þar verður pallborð sem Bryndís Björgvinsdóttir þjóðfræðingur, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Þorleifur Örn Arnarsson leikstjóri og Birkir Blær sitja í og spjalla um efnið sem ritgerðin fjallar um. „Ég er spenntur og stressaður,“ segir Birkir Blær sem skrifaði efnið algerlega af eigin hvötum en ekki í tengslum við nám. „Það virðist vera í tísku, bæði á Íslandi og erlendis, að skrifa ritgerðir, óskáldaðan skáldskap, ég veit ekkert af hverju. Kannski er fólk að reyna að botna í raunveruleikanum sem allt í einu er orðinn svo hraður að maður nær ekki að melta neitt áður en það er fokið út í buskann,“ segir hann.

Þetta er fyrsta efnið sem Partus gefur út í nýrri ritröð sem nefnist Fræ. Þar er stefnan að gefa út stuttar ritgerðir um eitt og annað. „Þetta eru fræði en aðeins afslappaðri en venjuleg akademísk fræði, þau eru oft svo „upp í nef rignandi“ að manni finnst maður ekkert botna í þeim,“ segir Birkir Blær. „Þetta er svona skemmtilegt og afslappað.“

gun@frettabladid.is

# Fegurstu hugmyndir geta orðið ógnvekjandi

Í tilefni Ljósanætur hefur Listasafn Reykjanesbæjar opnað sýninguna Horfur – Prospects í listasal Duushúsa. Þar gerir Helgi Hjaltalín Eyjólfsson myndlistarmaður tilraun til að útskýra fyrir sér ástand heimsins, læra meira um þá veröld sem við byggjum og meta hverjar horfurnar séu. „Ég er svolítið að skoða hvernig við skiptum okkur upp í hópa sem aftur skapar árekstra og ofbeldi. Skipting í þjóðríki er mannanna verk og það eru búnar til hugmyndir kringum þau sem í besta falli eru ýkjusögur,“ segir Helgi.

Í sýningarskrá er texti eftir Helga Þorgils Friðjónsson myndlistarmann. Þar segir meðal annars: „Þrátt fyrir fegurðina og drifkraftinn og framtíðarsýnina, jafn undarlegt og það virðist, er líka undirliggjandi ógn. Frelsi, jafnrétti og bræðralag getur verið steypt í mót sérhópa. Þarna einhvers staðar er gegnumgangandi þráður í verkum Helga.“

Helgi Hjaltalín hefur verið virkur í sýningarhaldi síðan á námsárunum. Þessi sýning hans stendur til 5. nóvember.

– gun




Helgi Hjaltalín gerir tilraun til að skilja og læra meira um þessa veröld í gegnum miðla myndlistarinnar.


TÖLUM SAMAN, TAKTU ÞÁTT

# FUNDUR FÓLKSINS

**8. og 9. september í Menningarhúsinu Hofi Akureyri**

fundurfolksins.is

## STYRKJUM UNDIRSTÖÐUR LÝÐRÆÐISINS, TÖLUM SAMAN OG TÖKUM ÞÁTT Í AÐ MÓTA SAMTALIÐ.

Það er mikils virði að horfast í augu við viðmælendur sína, heyra orð þeirra frá eigin munni, sjá svipbrigði og lesa líkamstjáningu. Með því að hlusta og ræða saman í eigin persónu aukum við traust og skilning milli ólíkra aðila samfélagsins.



## HLUTI DAGSKRÁR

SÝRLENSKUR MATUR FYRIR FÓLK Á FLÓTTA
Fjáröflun til styrktar UNICEF.
Þú kaupir eina máltíð fyrir sjálfan þig og aðra fyrir barn á flótta.

DISKÓSÚPA
Eldað saman úr hráefni sem annars hefði verið sóað, við dillandi tóna DJ Vélarnar.

TRAUST
Verðmætasta auðlind Norðurlanda.

HEILSUGÆSLAN OG SJÚKRAÞJÁLFUN
Þekking sjúkraþjálfara á þessum málefnum er yfirgripsmikil og myndi nýtast afar vel innan heilsugæslunnar.

ÞÁTTTAKENDUR

AFLIÐ- SAMTÖK GEGN KYNFERÐIS- OG HEIMILISOFBELDI | AKUREYRARAKADEMÍAN | AKUREYRARBÆR | ALMANNAHEILL | ALÞJÓÐADAGUR LÆSIS | ALÞÝÐUFYLKINGIN | ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS | BLINDRAFÉLAGIÐ, SAMTÖK BLINDRA OG SJÓNSKERTRA Á ÍSLANDI | DEMOCRACYFESTIVALS | DÍAMAT – FÉLAG UM DÍALEKTÍSKA EFNISHYGGJU | EINHVERFUSAMTÖKIN | EINING IÐJA | FESTA | FÉLAG SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA | FÉLAG SJÚKRAÞJÁLFARA | FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS Á AKUREYRI OG NÁGRENIS | FLOKKUR FÓLKSINS | FRAMSÓKNARFLOKKURINN | GRÓFIN | HÁSKÓLINN Á AKUREYRI | ÍSLANDSDEILD NORÐURLANDARÁÐS | JAFNRÉTTISSTOFA | KENNARASAMBAND ÍSLANDS | LANDSBYGGÐIN LIFI | LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁLP | LEIKFÉLAG AKUREYRAR | LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI | MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR | NEYTENDASAMTÖKIN | NORÐURLÖND Í FÓKUS | NORRÆNA FÉLAGIÐ | PARÍS 1,5 | PÍRATAR | SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA | SAMFYLKINGIN – JAFNAÐARMANNAFLOKKUR ÍSLANDS | SIÐMENNT | SÍM | SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN | SJÓNARHÓLL- RÁÐGJAFAMIÐSTÖÐ | SÓSÍALISTAFLOKKUR ÍSLANDS | STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS | VIÐREISN | VINSTRI GRÆN | VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR | VISTBYGGÐARRÁÐ | ÞINGFLOKKUR JAFNAÐARMANNA Í NORÐURLANDARÁÐI | ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

KK | TÓNLISTARKONURNAR HELGA KVAM, LÁRA SÓLEY JÓHANNSDÓTTIR OG ÞÓRHILDUR ÖRVARSDÓTTIR | LÁRA SÓLEY OG HJALTI | VANDRÆÐASKÁLD

almannaheill | VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ | MAK MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
5%

AMERICAN MADE
SÝND KL. 5, 8, 10.25

LOGAN LUCKY
SÝND KL. 8, 10.30

EMOJI MYNDIN
SÝND KL. 12, 2, 4, 6

ATOMIC BLONDE
SÝND KL. 8

VALERIAN
SÝND KL. 2

SHOT CALLER
SÝND KL. 10.30

AULINN ÉG 3
SÝND KL. 12, 2, 4, 6

SAMBÍÓIN
SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Frábær ný mynd fyrir alla fjölskylduna. Sýnd með íslensku tali.

Hörku spennumynd
ONCE UPON A TIME IN VENICE

Grín-spennumynd ársins!

Byggð á metsölubókinni 'Allt eða Ekkert'

93%

DUNKIRK

**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 1:30 - 2 - 3:40 - 4:20 - 5:50 |
| ONCE UPON A TIME IN VENICE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 6:30 - 8 - 9 - 10:30 |
| HITMAN'S BODYGUARD VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:20 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 2 - 4 - 6 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 |
| PIRATES 2D | KL. 3 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU
KR.950

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| AMERICAN MADE | KL. 1 - 3:10 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 1 - 2 - 3:20 - 5:30 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 3 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 8 - 10:30 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:10 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 1 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| AMERICAN MADE | KL. 8 - (10:30 (SUN)) |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 8 |
| EMOJIMYNDIN ÍSL TAL | KL. 2 - 4 - 6 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 10:10 (SUN) |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 1 - 3:30 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 1:40 - 3:40 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 1:20 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 |
| ONCE UPON A TIME IN VENICE | KL. 10:10 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 5:50 - 8 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 8 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 10:30 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:40 |

# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

**2. SEPTEMBER 2017**

## Uppákomur

**Hvað?** Krossgötur hátíð
**Hvenær?** 13.30
**Hvar?** Bæjarbíó
Hátíð í miðbæ Hafnarfjarðar í tengslum við alþjóðlegt námskeið evrópska NAIP verkefnisins (New Audiences and Innovative Practice) en það er meistaranám sem var þróað fyrir um 10 árum og tónlistardeild Listaháskólans hefur tekið þátt í að móta frá upphafi. Unnið er í samvinnu við ýmsar stofnanir og aðila í Hafnarfirði en Tónlistarskóli Hafnarfjarðar er aðalsamstarfsaðili námskeiðsins.


**Dísa heldur tónleika um helgina og spilar nýtt efni í bland við gamalt.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Fyrsta fjölskyldustund haustsins í Menningarhúsunum í Kópavogi
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs og Gerðarsafn
Nú hefst haustdagskrá húsanna en á hverjum laugardegi yfir vetrartímann er fjölskyldum boðin ókeypis dagskrá í einu Menningarhúsanna. Að þessu sinni er dagskráin veglegri og bæði dagskrá á Bókasafni Kópavogs og í Gerðarsafni þar sem listahátíðin Cycle stendur nú yfir.

## Tónlist

**Hvað?** Ljósanæturballið
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Hjómahöll
Ljósanæturballið 2017 verður haldið með pompi og prakt og dagskráin hefur aldrei verið glæsilegri þar sem rjóminn af bestu og vinsælustu tónlistarmönnum landsins sameinast. Fram koma SSSól, Helgi Björns, Jón Jónsson,


**SSSól spilar á Ljósanæturballinu.**

LAUGARÁSBÍÓ
Ódýrt í bíó
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
EMOJI MYNDIN
SÝND KL. 12 og 2
SÝND KL. 12 og 2 | SÝND Í 2D
ÍSLENSKT TAL
AULINN ÉG 3
SÝND KL. 2
VALERIAN
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SAMBÍÓIN
SAMbio.is
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN
STORKURINN RIKKI
Bílar 3
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA
KR. 950

BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Out Of Thin Air | 17:00 |
| Kongens Nei | 17:30 |
| I, Daniel Blake | 17:45 |
| The Square | 19:00, 22:00 |
| BPM (120 Beats Per Minute) | 20:00 |
| Eg Man Pig | 20:00 |
| The Greasy Strangler | 22:45 |
| Hjartasteinn | 22:15 |

THE SQUARE
KONGENS NEI



**Sýningu Ragnars Kjartanssonar lýkur um helgina.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ingó Veðurguð, Salka Sól og Emmsjé Gauti. Það er því óhætt að segja að það sé nánast eitthvað fyrir alla. Miðaverð 2.900 krónur.

**Hvað?** Dísa Jakobs fagnar útgáfu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hótel Laugarhóll í Bjarnarfirði
Eftir áralanga búsetu erlendis er Dísa Jakobsdóttir flutt aftur heim og fagnar nú útgáfu nýrrar breiðskífu, Reflections, með tónleikum á Hótel Laugarhóli. Dísa flytur tónlist af nýju plötunni í bland við eldra efni og henni til fulltingis verður Hannes Helgason á hljómborð. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Grísalappalísa á KEX
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** KEX Hostel
Grísalappalísa heldur sína fyrstu tónleika í rúmt ár á Sæmundi í sparifötunum á KEX Hosteli. Hljómsveitin er skipuð þeim Albert Finnbogasyni, Baldri Baldurssyni, Bergi Thomasi Anderson, Gunnari Ragnarssyni, Rúnari Erni Marinóssyni, Sigurði Möller Sívertssen og Tuma Árnasyni. Aðgangur er ókeypis og öll velkomin svo lengi sem húsrúm leyfir.

**Hvað?**
**Hvenær?**
**Hvar?**
Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

## 3. SEPTEMBER 2017

### Uppákomur

**Hvað?** Tangóæfing Tangóævintýrafélagsins
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Hressó í Austurstræti
Svanhildur Vals er Dj kvöldsins auk þess að sjá um leiðsögn. Allir sem áhuga hafa á tangó eru velkomnir. Ekki þarf að mæta með dansfélaga. Aðgangseyrir er 700 krónur.

### Sýningar

**Hvað?** Síðasta sýningarhelgi á gjörningnum Kona í e-moll
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Nú fer hver að verða síðastur að sjá gjörninginn Kona í e-moll á sýningunni Guð, hvað mér líður illa eftir Ragnar Kjartansson í Hafnarhúsi. Honum lýkur í dag, sunnudaginn 3. september.

# Claes Bang staddur á Íslandi

Danski leikarinn Claes Bang er staddur á Íslandi í tilefni frumsýningar myndarinnar The Square. Claes fer með aðalhlutverkið í þeirri mynd en stórleikkonan Elizabeth Moss leikur á móti honum.

Í The Square fer Claes með hlutverk Christians, fráskilins föður sem keyrir um á rafmagnsbíl og er virtur sýningarstjóri í nútímalistasafni í Svíþjóð. Claes þykir standa sig vel í hlutverkinu og myndin hlaut gullpálmann á Cannes í vor.

The Square verður frumsýnd í Bíói Paradís í dag, laugardag. – gha

**THE SQUARE HLAUT GULLPÁLMANN Á CANNES Í VOR. MYNDIN VERÐUR FRUMSÝND Í BÍÓI PARADÍS UM HELGINA.**



**Claes Bang (t.v.) ásamt Elizabeth Moss og Terry Notary.** NORDICPHOTOS/AFP









# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Mæja býfluga
**08.00** Stóri og litli
**08.15** Gulla og grænjaxlarnir
**08.25** Með afa
**08.35** Nilli Hólmgeirsson
**09.00** K3
**09.10** Tindur
**09.20** Pingu
**09.25** Víkingurinn Viggó
**09.40** Tommi og Jenni
**10.05** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga
**10.25** Ævintýri Tinna
**10.50** Beware the Batman
**11.15** Ellen
**12.00** Bold and the Beautiful
**13.45** Friends
**14.05** Grey's Anatomy
**15.35** Grand Designs
**16.25** Brother vs. Brother
**17.10** Bomban
**18.00** Sjáðu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.05** Lottó
**19.10** Top 20 Funniest 2
**19.55** A Quiet Passion Dramatísk mynd frá 2016 sem byggð er á sönnum atburðum. Bandaríska ljóðskáldið Emily Dickinson fæddist 1830 og þótt ljóð hennar sum næðu hylli var líf hennar mikil ráðgáta í augum samtíðarfólks hennar.
**22.00** The Interpreter
**01.50** Rudderless
**03.35** Lovelace
**05.05** Knights of Badassdom Ævintýraleg gamanmynd frá 2013 um félagana Joe, Eric og Hung, sem ákveða að taka þátt í lifandi uppfærslu á hlutverkaleik þar sem sögusviðið er Land ódauðleikans.
**06.30** Friends

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15** Undankeppni HM - Tékkland - Þýskaland
**08.55** Formúla 1 - Æfing
**10.10** Undankeppni HM - Malta - England
**11.50** Formúla 1 - Tímataka
**13.30** HM Markasyrpa
**14.00** Premier League Review
**14.55** Pepsímörk kvenna
**15.50** Undankeppni HM - Georgía - Írland
**18.00** 1 á 1
**18.35** Undankeppni HM - Spánn - Ítalía
**20.45** HM Markasyrpa
**21.50** Undankeppni HM - Finnland - Ísland
**23.30** Undankeppni HM - Úkraína - Tyrkland
**01.10** UFC Live Events

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Þór - Keflavík
**08.40** HM Markasyrpa
**09.05** Undankeppni HM - Kasakstan - Svartfjallaland
**10.45** Undankeppni HM - Danmörk - Pólland
**12.25** Undankeppni HM - Tékkland - Þýskaland
**14.10** Undankeppni HM - Malta - England
**15.50** Undankeppni HM - Serbía - Moldóva
**18.05** Premier League World
**18.35** Undankeppni HM - Úkraína - Tyrkland
**20.45** Undankeppni HM - Albanía - Liechtenstein
**22.25** Undankeppni HM - Króatía - Kósóvó
**00.05** Undankeppni HM - Georgía - Írland
**01.45** Undankeppni HM - Spánn - Ítalía

## STÖÐ 3

**16.35** One Born Every Minute
**17.25** New Girl
**17.50** Baby Daddy
**18.15** Mike & Molly
**18.35** The Big Bang Theory
**19.00** Curb Your Enthusiasm
**19.45** Modern Family
**20.10** Grand Designs - Living
**21.00** Significant Mother
**21.25** Smallville
**22.10** NCIS Los Angeles
**22.55** The Capones
**23.20** Band of Brothers
**00.20** Bob's Burgers
**00.45** American Dad
**01.10** Curb Your Enthusiasm
**01.55** Modern Family
**02.20** Grand Designs - Living
**03.10** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Lína langsokkur
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.11** Zigby
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Ljóti andarunginn og ég
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Lína langsokkur
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.11** Zigby
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Ljóti andarunginn og ég
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Lína langsokkur
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.11** Zigby
**17.25** Stóri og Litli
**17.38** Ljóti andarunginn og ég
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Angry Birds



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47**

## GOLFSTÖÐIN

**08.35** Dell Technologies Championship
**12.35** Cambia Portland Classic
**14.35** Dell Technologies Championship
**18.35** Inside the PGA Tour
**19.00** Dell Technologies Championship
**22.30** Cambia Portland Classic

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.55** Earth to Echo
**10.25** And So It Goes
**12.00** Hail, Caesar!
**13.45** Experimenter
**15.25** Earth to Echo
**17.00** And So It Goes
**18.35** Hail, Caesar!
**20.20** Experimenter Dramatísk mynd frá 2015 með Peter Sarsgaard og Winonu Ryder. Myndin er byggð er á sögu hins þekkta geðlæknis Stanley Milgram, sem framkvæmdi röð róttækra tilrauna um hegðun fólks árið 1961, sem prófuðu vilja manna til að fylgja fyrirmælum og gefa rafstuð.
**22.00** In The Heart of the Sea
**00.00** Persecuted
**01.30** Palo Alto Dramatísk mynd frá 2013. Saga af fjórum ólíkum ungmennum, gerð eftir samnefndum og samtvinnuðum smásögum eftir James Franco sem jafnframt leikur eitt af burðarhlutverkunum. Palo Alto er nafn heimabæjar James Franco sem byggir sögurnar að mestu leyti á eigin reynslu og reynslu annarra ungmenna sem ólust upp í bænum á sama tíma og hann. Við fáum hér að kynnast samtvinnuðu lífi nokkurra unglinga sem eru við það að þurfa ein að axla ábyrgð á eigin lífi og gjörðum og takast um leið á við freistingar hversdagsins.
**03.10** In The Heart of the Sea

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**10.00** Bækur og staðir
**10.15** Pólland - Ísland
**12.50** Mótorsport
**13.20** Grikkland - Frakkland
**15.15** Finnland - Ísland
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Ljósan
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.40** Lífið heldur áfram
**20.40** Bíóást: To Kill a Mockingbird
**22.50** Undankeppni HM karla í fótbolta: Samantekt
**23.15** The Adventure of Rocky & Bullwinkle
**00.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** King of Queens
**08.45** King of Queens
**09.05** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.50** American Housewife
**10.15** Parks & Recreation
**10.35** The Great Indoors
**11.00** The Voice USA
**12.30** The Bachelorette
**14.00** Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course
**14.30** Is Binge Drinking Really That Bad?
**15.20** Friends with Benefits
**15.45** Rules of Engagement
**16.10** The Odd Couple
**16.35** King of Queens
**17.00** Man With a Plan
**17.25** The Voice Ísland
**19.05** Friends With Better Lives
**19.30** Glee
**20.15** Dead Poets Society
**22.25** Mad Dog and Glory
**00.05** Unbreakable
**01.55** The Grey
**03.55** '71
**05.35** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


KVÖLDSTUND MEÐ
PAT METHENY
ANTONIO SANCHEZ, LINDA MAY HAN OH & GWILYM SIMCOCK
ELDBORG
17. NÓVEMBER
MIÐASALA HARPA.IS-TIX.IS- SÍMI 528 50 50
JOHN PEDEN 2015




Glænýir heimildarþættir í umsjón Ásgeirs Erlendssonar sem fær einstakan aðgang að Landhelgisgæslunni og fær að fylgjast með störfum þeirra á Íslandi og erlendis. Í þáttunum verður m.a. farið í útköll og eftirlit með þyrlusveit Gæslunnar og á varðskipinu Þór.

GLÆNÝR OG SPENNANDI SUNNUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365




**LOCH NESS**
Magnaðir breskir spennuþættir sem fjalla um rannsóknarlögreglukonuna Annie Redford sem lendir í kröppum dansi þegar hennar fyrsta mál reynist viðureign við raðmorðingja.




**THE SINNER**
Ung móðir reynir að komast að því af hverju hún beitir ítrekuðu ofbeldi án þess að hafa hugmynd um hvers vegna. Getur verið að leyndarmál fortíðar eigi eftir að koma upp á yfirborðið? Hörkuspennandi sakamálasería sem enginn má missa af með Jessicu Biel í aðalhlutverki.




**X COMPANY**
Þriðja sería þessara hörkuspennandi þátta um hóp ungra njósnara í seinni heimsstyrjöldinni sem allir eru með sérstaka hæfileika sem nýtast í stríðinu og ferðast hvert þar sem þeirra er þörf.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Grettir
**08.00** Ævintýraferðin
**08.10** Kormákur
**08.20** Blíða og Blær
**08.45** Pingu
**08.50** Tommi og Jenni
**09.15** Kalli kanína og félagar
**09.40** Lína langsokkur
**10.05** Lukku láki
**10.30** Ninja-skjaldbökurnar
**10.55** Friends
**11.20** Ellen
**12.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** Friends
**14.10** Diana: In Her Own Words
**15.15** Hið blómlega bú
**15.50** Út um víðan völl
**16.25** Feðgar á ferð
**16.55** Hvar er best að búa Við höldum áfram að fylgjast með þessum frábæru þáttum með Lóu Pind.
**17.40** 60 Minutes
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** World of Dance
**19.55** Landhelgisgæslan Glænýir heimildarþættir í umsjón Ásgeirs Erlendssonar og Jóhanns K. Jóhannssonar sem fá einstakan aðgang að Landhelgisgæslunni og fá að fylgjast með störfum þeirra.
**20.20** Loch Ness
**21.10** The Sinner
**21.55** X Company
**22.40** 60 Minutes
**23.25** Vice
**23.55** Suits
**00.45** The Sandhamn Murders
**01.30** Broadchurch
**03.10** Broadchurch
**04.00** James White
**05.25** 100 Code
**06.10** 100 Code

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Undankeppni HM - Finnland - Ísland
**08.40** HM Markasyrpa
**09.05** Pepsi-mörk kvenna
**10.00** Formúla 1 - Tímataka
**11.30** Formúla 1 - Keppni
**14.25** Messan
**15.50** Undankeppni HM- Holland - Búlgaría
**17.55** 1 á 1
**18.35** Undankeppni HM 2018-Frakkland - Lúxemborg
**20.45** HM Markasyrpa
**21.10** Undankeppni HM - Hvíta-Rússland - Svíþjóð
**22.50** Undankeppni HM - Ungverjaland - Portúgal
**00.30** Formúla 1 - Keppni

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Undankeppni HM-Króatía - Kósóvó
**08.40** Undankeppni HM - Úkraína - Tyrkland
**10.20** Undankeppni HM - Serbía - Moldóva
**12.00** Undankeppni HM -Georgía - Írland
**13.40** Undankeppni HM - Spánn - Ítalía
**15.25** HM Markasyrpa
**15.50** Undankeppni HM - Hvíta-Rússland - Svíþjóð
**17.55** 1 á 1
**18.35** Undankeppni HM -Ungverjaland - Portúgal
**20.45** Undankeppni HM - Færeyjar - Andorra
**22.25** Undankeppni HM - Grikkland - Belgía
**00.05** Undankeppni HM - Holland - Búlgaría
**01.45** Undankeppni HM - Frakkland - Lúxemborg

## STÖÐ 3

**15.55** Mayday
**16.40** Last Man Standing
**17.05** Two and a Half Men
**17.30** The Goldbergs
**17.55** New Girl
**18.20** Mike & Molly
**18.35** The Big Bang Theory
**19.00** Curb Your Enthusiasm
**19.35** Modern Family
**20.00** Bob's Burgers
**20.25** American Dad
**20.50** South Park
**21.15** The Newsroom
**22.15** Band of Brothers
**23.10** Grimm
**23.55** Curb Your Enthusiasm
**00.30** Modern Family
**00.55** Bob's Burgers
**01.20** American Dad
**01.45** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Tindur
**07.11** Zigby
**07.25** Stóri og Litli
**07.38** Ljóti andarunginn og ég
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Lína langsokkur
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.11** Zigby
**11.25** Stóri og Litli
**11.38** Ljóti andarunginn og ég
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Lína langsokkur
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.11** Zigby
**15.25** Stóri og Litli
**15.38** Ljóti andarunginn og ég
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Lína langsokkur
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Maddit



**Mörgæsirnar kl. 08.24, 12.24 og 16.24**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Dell Technologies Championship
**11.30** Dell Technologies Championship
**15.00** Cambia Portland Classic
**17.00** Dell Technologies Championship
**22.00** Cambia Portland Classic
**00.00** Cambia Portland Classic

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.05** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**09.35** Hysteria
**11.15** Steve Jobs Dramatísk mynd frá 2015 byggð á sannsögulegum atburðum og fjallar eins og nafnið bendir til um frumkvöðulinn og stofnanda Apple, Steve Jobs. Hún er þrískipt og gerist hver kafli hennar í rauntíma, rétt fyrir kynningu á þremur mikilvægum vörum sem Steve Jobs stóð fyrir.
**13.15** Grace of Monaco
**15.00** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**16.35** Hysteria
**18.15** Grace of Monaco Nicole Kidman leikur hina glæsilegu Grace Kelly.
**20.00** Steve Jobs
**22.00** Mr. Pip
**23.55** The 5th Wave
**01.45** The Voices
**03.30** Mr. Pip

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**10.00** Vísindahorn Ævars
**10.15** Frakkland - Ísland
**13.00** Íþróttaafrek
**13.20** Slóvenía - Grikkland
**15.15** Íþróttaafrek
**15.25** Landakort
**15.30** Menningin - samantekt
**15.55** Walt Disney
**16.50** Í fullorðinna manna tölu
**17.40** Landakort
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** Stundin okkar
**18.25** Basl er búskapur
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Loforð
**20.15** Sögustaðir með Einari Kárasyni
**20.45** Poldark
**21.45** Christopher Jefferies missir æruna
**22.50** Bless, tungumál
**23.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** King of Queens
**08.45** King of Queens
**09.05** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.50** The McCarthys
**10.15** Speechless
**10.35** The Office
**11.00** The Voice USA
**12.30** Survivor
**13.15** Playing House
**13.40** Million Dollar Listing
**14.25** No Tomorrow
**15.10** The Muppets
**15.35** Rules of Engagement
**16.00** The Odd Couple
**16.25** Everybody Loves Raymond
**16.50** King of Queens
**17.15** How I Met Your Mothe
**17.40** Hvíti kóalabjörninn
**19.05** Friends with Benefits
**19.30** This is Us
**20.15** Doubt
**21.00** Law & Order: Special Victims Unit
**21.45** Elementary
**22.30** House of Lies
**23.00** Damien
**23.45** Queen of the South
**00.30** The Walking Dead
**01.15** The Good Fight
**02.00** Taken
**02.45** Happyish
**03.15** Law & Order Special Victims Unit
**04.00** Elementary
**04.45** House of Lies
**05.15** Damien

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# Allt í röð og reglu

**MÚRBÚÐARVERÐ**



## Geymslubox

| | |
|---|---|
| G 804 **2,5** lítra 23x16x14 cm | **290** kr. |
| G 803 **6** lítra 28,5x20x18,5 cm | **390** kr. |
| G 802 **11** lítra 35,5x24x20,5 cm | **590** kr. |
| G 801 **18** lítra 43x28x23,5 cm | **790** kr. |
| G 805 **23** lítra 50x33,5x27 cm | **990** kr. |



## Geymslubox með hjólum

| | |
|---|---|
| G 003 með hjólum **28** lítra 49x36x28 cm | **990** kr. |
| G 002 með hjólum **52** lítra 58x42x34 cm | **1.790** kr. |
| G 201 með hjólum **108** lítra 71x52x44cm | **2.990** kr. |




## Litrík geymslubox

| | |
|---|---|
| G 5807 **52** lítra | **1.790** kr. |
| G 5808 **72** lítra | **2.290** kr. |



## Leo hillueiningar

| | |
|---|---|
| Leo1 75x30x135 **4** hillur | **3.890** kr. |
| Leo3 90x40x165 **4** hillur | **5.890** kr. |
| Leo5 100x30x185 **5** hillur | **5.990** kr. |
| Leo4 100x40x165 **5** hillur | **7.990** kr. |



## Létt box í skápinn

| | |
|---|---|
| 5055 28x18,5x14,4 cm | **490** kr. |
| 5056 41x29x15 cm | **690** kr. |
| 5057 41x29x25,5 cm | **890** kr. |

## Box í barnaherbergið



| | |
|---|---|
| **11** lítra | **630** kr. |
| **23** lítra | **1.290** kr. |

## Plastfötur



| | |
|---|---|
| **13** lítra með loki | **390** kr. |
| **16** lítra með loki | **690** kr. |
| **60** lítra með loki | **2.190** kr. |

## Tactix smáhlutageymslur



Tactix 4 box í pakka **1.799** kr.



12 skúffur **1.890** kr.



39 skúffur **3.790** kr.

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

**MÚRBÚÐIN**

*Gott verð fyrir alla, alltaf!*










FJÖLDI TILBOÐA Í NÝJA BLAÐINU

skoðaðu það á www.byko.is











# Nýtt viðarparket

## MULTIFLOR®

Niðurlímt parket þar sem heildarþykkt borða er 9,8 mm og hentar því einstaklega vel með 10 mm flísum. Hægt að fá bæði olíuborið eða lakkað. Fallegt fiskibeinamynstur er myndað með annað hvort 74 cm borðum með 45 gráða skurði eða 50 cm borðum með 60 gráða skurði. Hægt að blanda saman fiskibeinamynstri og beinum borðum sem fást í lengdunum 120, 180, 220 og 240 cm og í þremur breiddum, 14, 18,2 eða 22,2 cm. Ímyndunaraflið fær að njóta sín með MultiFlor.

Sérpöntuð vara

STEIRER PARKETT



Krono Original® High Quality Made by Kronospan

**Krono Original** er endingargott harðparket sem þolir vel högg, núning, álag og hitakerfi.

Nánar: www.krono-original.com

## Hickory

0113492

**3.595** kr/m²

~~fullt verð **4.596** kr/m²~~

Harðparket - 192x2000 cm, 10 mm.



## Tilboð

**Grohe** | Eurosmart

15323589

**16.995** kr.

~~fullt verð **22.995** kr.~~

Handlaugartæki með lyftitappa.

GROHE



## Múrsteinsflísar

## Tilboð

**Monopole** | Brick flísar

Vnr. 18088900/7

**3.995.-**

verð m²

~~fullt verð **4.952** kr/m²~~

Frostþolnar

Litur: Hvítar eða dökkrauðar

Stærð: 7,5x28 cm



## Tilboð

GROHE

**Grohe** | Grohtherm 1000

15334146

**22.995** kr.

~~fullt verð **27.995** kr/m²~~

Sturtutæki

CoolTouch® brunavörn.

# Vinnur þú 100.000 kr. inneign hjá Hólf & Gólf?



**Svana Lovísa Kristjánsdóttir** hjá *Svart á hvítu* verður gestadómari og verður hægt að fylgjast með leiknum á *www.trendnet.is/svartahvitu/* á facebook síðu BYKO og Instagram.

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalningar, hvort sem það er baðherbergi, stofa, eldhús eða annað.

Settu myndina á Instagram og merktu: *#bykotrend*

Föstudaginn 22. september verður heppinn vinningshafi dreginn úr pottinum.

HÓLF & GÓLF

BYKO BREIDDINNI

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Verð gilda til og með 20. september 2017 eða á meðan birgðir endast.

# Dökki liturinn skapar kósí stemmingu

Fagurkerinn **Sylvía Briem Friðjónsdóttir** segir það vera hálf ávanabindandi að mála veggi heimilisins dökka. Dökk veggmálning skapar kósí stemmingu og lætur húsgögn heimilisins líta út fyrir að vera veglegri að mati Sylvíu.

Sylvía Briem Friðjónsdóttir málaði íbúðina sína í dökkum lit fyrir rúmum fjórum mánuðum. Liturinn Hrafnagrár frá Slippfélaginu varð fyrir valinu en sá litur og aðrir svipaðir hafa náð miklum vinsældum undanfarið.

„Mér fannst ekkert mál að fara í svona dökkan lit, ég er frekar ófeimin þegar það kemur að svona. Í versta falli þá fílar þú ekki breytinguna og þá er hægt að breyta aftur,“ segir Sylvía sem hefur haft gaman af því að mála og breyta í kringum sig alveg frá því hún var barn.

„Þegar ég var yngri fékk ég alltaf að ákveða sjálf hvernig herbergið mitt átti að vera, ég fékk að mála, gera og græja. Ég held að það sé hollt fyrir börn að fá að skapa rýmið sitt.“

Áður fyrr var oft mælt gegn því að mála veggi í dökku, það var sagt geta látið rými virka mun minni en þau eru í raun og veru. En í dag eru dökkmálaðir veggir í tísku. „Þessi mýta um að dökkir litir minnki rýmið, hún átti ekki við í mínu tilfelli. Mér finnst hann stækka rýmið.

**Í VERSTA FALLI ÞÁ FÍLAR ÞÚ EKKI BREYTINGUNA OG ÞÁ ER HÆGT AÐ BREYTA AFTUR.**

Og annað skemmtilegt sem gerist þegar dökki liturinn kemur inn í rýmið, mér finnst húsgögnin líta út fyrir að vera veglegri. Það skapast svo skemmtileg dýpt með dökka litnum. Svo finnst mér þetta svo kósí, eins og að vera í bíósal.“

Fyrir þá sem eru feimnir við að mála veggi heimilisins dökka þá mælir Sylvía með að fara hægt af stað. „Það er hægt að prófa að mála bara einn vegg í einu. Þetta er samt svolítið fyndið, það er eins og það verði ávanabindandi og áður en maður veit af er allt orðið dökkt,“ segir Sylvía.

**gudnyhronn@365.is**



Sylvía Briem var óhrædd við að mála veggi heimilisins í dökkum lit. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Notalegt vinnurými.


Dökkir veggir henta vel í svefnherbergið.



Hvíta kritin nýtur sýn vel á dökkum veggnum.


Liturinn Hrafnagrár gefur stofunni afar hlýlegt og töff yfirbragð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Völuteigi 19 - Mosfellsbæ - Sími 660 0039



# RISA LAGERSPRENGJA

Opið virka daga 12–18:30
Laugard. 12–16
Sunnud. 13–16




AÐEINS NOKKRIR DAGAR – AÐEINS NOKKRIR DAGAR

# 20–70%





af skiptidýnum, sýnishornum, útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum, rúmum, hvíldarsófum og hvíldarstólum, rúmteppum, lökum o.fl.



## MIKIÐ ÚRVAL AF DÝNUM

Þór heilsudýna m/PU leðurbotni og fótum 120x200 cm

Verð áður kr. 134.900.–
Verð nú aðeins kr. 108.675.–

65% af eldri sendingu af Life sængum 140x200 cm
Verð áður kr. 19.900.–
Verð nú aðeins kr. 6.965.–

Ótrúlegt verð

Gömlu og góðu Jersey bómullarlökin
80 cm beige kr. 3000.-
Queen stærð, 153 cm hvít kr. 4000.-

Frábær tilboð í verslun meðan á lagersölu stendur

20% af sængurverasettum – 80 teg.
20% af hlífðardýnum og lökum
10% af Hefel



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa
★★★★★

Fimm stjörnu verslun
Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0039

*3.5% lántökugjald

www.svefnogheilsa.is

Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

## Lífið í vikunni
27.08.17-
2.09.17

### UNGFRÚ ÍSLAND FÓR TIL FLÓRÍDA



Ungfrú Ísland-keppnin fór fram seinustu helgi og það var Ólafía Ósk Finnsdóttir sem hreppti titilinn. Þegar blaðamaður Lífsins náði tali af henni var hún á leiðinni til Flórída til að slaka á eftir mikla vinnutörn sem fylgdi því að keppa í Ungfrú Ísland. „Það verður gott að komast í sólina og slaka á eftir törnina undanfarnar vikur.“

### BROSMILDUSTU ÍSLENDINGARNIR



Fólk er eins misglaðlegt og það er margt, þannig er nú það, en Lífið í Fréttablaðinu tók saman í vikunni lista yfir nokkra glaðlegustu og brosmildustu landsmennina. Ellefu þekktir Íslendingar náðu á listann og voru Ari Eldjárn, Sólmundur Hólm, Dorrit og Marta María Jónasdóttir meðal þeirra sem náðu á lista enda eru þau öll með eindæmum hress.

### BERIR RASSAR EKKI VANDAMÁLIÐ



Myndbandið við lagið Reppa heiminn með Reykjavíkurdætrum og rapparanum Röggu Holm vakti mikla athygli nýverið en það var tekið úr birtingu á YouTube skömmu eftir frumsýningu. „Við fengum víst ekki leyfi fyrir einum tökustað og þurftum því að taka myndbandið út af netinu,“ sagði Ragga.

### EKKERT UM ÞYNGD Í SAMNINGUM



Í kjölfar Ungfrú Ísland-keppninnar um seinustu helgi spratt upp umræða um hvort keppendur í yfirþyngd ættu möguleika á að sigra vegna staðla sem Miss World-keppnin setur. Hafdís Jónsdóttir, einn eigenda Ungfrú Ísland, segir alla keppendur hafa haft jafna möguleika, óháð þyngd. „Það er ekkert í samningum Miss World við Ungfrú Ísland um hæð eða þyngd,“ sagði Hafdís.


Calvin Klein home BOSS HUGO BOSS KENZO PARIS MAISON



RÚMFÖT, BAÐSLOPPAR OG HANDKLÆÐI

Vorum að taka upp nýja sendingu af spennandi vörum frá Calvin Klein, Boss og Kenzo.

KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!



FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK




Hönnuðurinn Birna Karen vill alls ekki ganga í fjöldaframleiddum fatnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kaupir nánast aldrei föt í fatabúðum

Fatahönnuðurinn **Birna Karen Einarsdóttir** hannar og framleiðir föt undir merkinu birna og selur þau í svokölluðum pop up-verslunum, bæði á Íslandi og í Danmörku þar sem hún er búsett. Birna reynir að notast við umhverfisvænar aðferðir í hönnun sinni.

Fyrst og fremst einblíni ég á að hanna og framleiða föt í takmörkuðu í upplagi. Það geri ég nokkrum sinnum á ári og opna svo svona pop up-verslanir, líkt og þá sem ég er með á Eiðistorgi núna,“ útskýrir fatahönnuðurinn Birna Karen Einarsdóttir sem opnaði verslun á fimmtudaginn og verður hún opin til 10. september.

„Öll föt sem ég geri eru búin til úr prufumetrum og restum sem ég fæ í vefnaðarvöruverksmiðjum. Ég fer bara í verksmiðjuna og kaupi það sem verður afgangs. Þannig að ég nýti allt vel. Ég læt ekki framleiða neitt efni fyrir mig.“

**Býr til eigin föt og verslar á flóamörkuðum**

Birna segir ekki koma til greina að vinna á annan hátt en þann sem hún notast við. „Það er til svo mikið af drasli, það er svo mikið magn framleitt og allt er eins. Sjálf kaupi ég eiginlega aldrei föt í fatabúðum, ég náttúrulega bý til mín eigin föt og svo kaupi ég annað á flóamörkuðum.“

**ÞAÐ ER TIL SVO MIKIÐ AF DRASLI, ÞAÐ ER SVO MIKIÐ MAGN FRAMLEITT OG ALLT ER EINS.**

„Ég vil frekar kaupa vandaðar flíkur einstaka sinnum og eiga þær svo bara. Ég er ekkert að eltast við það sem er í tísku. Mér er líka alveg sama hvort ég sé í einhverju nýju eða gömlu, svo lengi sem ég fíla flíkina.“

Birnu þykir gaman að hanna og selja einstök föt í takmörkuðu upplagi því sjálf vill hún alls ekki klæðast því sem margir aðrir eiga. „Mér þykir mikilvægt að geta klæðst því sem enginn eða fáir aðrir eiga. Mér líður bara illa ef það eru einhver hundruð annarra í sama kjól og ég. Ég hef verið þannig alveg frá því að ég var krakki.“

Eins og áður sagði verslar Birna töluvert á flóamörkuðum og hún kveðst vera orðin vör við að fólk sé farið að stunda það í auknum mæli. „Fólk kaupir alveg rosalega mikið magn af fötum nú til dags en „reshop“ er samt held ég að verða vinsæla. Það er skrýtið að fólk sé að framleiða og búa til eitthvað sem engin þörf er á þegar það er vel hægt að endurnýta,“ segir Birna að lokum.

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# NÝJAR SENDINGAR

























habitat SÍÐAN 1964

TEKK COMPANY

**TEKK COMPANY OG HABITAT**
**SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI**
**SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18**
**LAU 11-17 OG SUN 13-17**
**VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS**




## Skógarbraut 919 – Ásbrú

Við bjóðum þér að koma að skoða um helgina, rúmgóðar íbúðir á Ásbrú – sunnudag milli kl. 14-16. Íbúðirnar eru á hagstæðum kjörum, sérstaklega hugsaðar fyrir fjölskyldufólk og fyrstu íbúðarkaupendur. 89-95 fm² að stærð, á verði frá 22 milljónum.

Ásbrú er endurfætt hverfi í kringum ungt, lifandi og kraftmikið háskólasamfélag Keilis með iðandi mannlífi, þjónustu og menningu - mitt á því svæði þar sem íbúafjöldi og atvinnutækifæri vaxa hraðast og mest.

Ekki missa af vænlegum tækifærum á Ásbrú, akkúrat núna – svo er líka Ljósanótt um helgina!

Fjölskylduvænt hverfi



Verð frá 22 milljónum

Grunnskólar í fremstu röð










Örstutt í þjónustu og verslun

235 FASTEIGNIR

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Óttars Guðmundssonar



## Elvis

Elvis Presley var skærasta poppstjarna heims á uppvaxtarárum mínum. Enginn komst með tærnar þar sem hann hafði hælana í bláu rúskinnsskónum sínum. Með árunum hneig sól meistarans til viðar. Hann breyttist í útliti, sukkaði í mat og drykk og varð smámennum að aðhlátursefni. Ræfilslegir og fölleitir Englendingar með rytjulegt hár stálu smám saman senunni.

Nú á dögunum voru 40 ár liðin frá andláti söngvarans. Ég var heilsugæslulæknir úti á landi þegar sú harmafregn barst um hádegisbilið að Elvis væri allur. Mér féll allur ketill í eld enda var meistarinn ódauðlegur í mínum augum. Félagar mínir á stöðinni voru sama sinnis og smám saman urðum við óvinnufærir af harmi. Hver getur skoðað í eyru, hlustað lungu og skrifað vottorð meðan Elvis liggur á líkbörunum? Við ákváðum að loka heilsugæslustöðinni, settum miða á hurðina: „Lokað vegna dauða Elvis,“ fórum og keyptum okkur hvítvín. Spítalinn var opinn en stöðin ómönnuð þar til vaktin tók við. Einhverjir bæjarbúar lásu miðann en létu sér í léttu rúmi liggja.

Í dag hefðu viðbrögðin orðið önnur. Mynd hefði birst af miðanum á Facebook og alda hneykslunar hefði farið yfir samfélagið. Hinir fyrirsjáanlegu álitsgjafar samfélagsmiðlanna hefðu skrifað spekingslega pistla um þetta atvik. Árvökulir fréttamenn RÚV hefðu farið til bæjarins og náð tali af bæjarbúum. Ráðherra og landlæknir hefðu horft alvarlegum augum inn í myndavélina. Öll hugsanleg hagsmunasamtök hefðu komið fram með yfirlýsingar. Allir hefðu hoppað á vagninn í heilagri vandlætingu. Við hefðum allir hrökklast úr landi með skömm og aldrei átt afturkvæmt. Stundum er gott að hafa fæðst fyrir tíma nútímafjölmiðlunar.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland







# Gleðilegt ár!

Við kveðjum farsælt viðskiptaár og fögnum nýju með nýjum vörulista.

Sem fyrr fylgir vörulistanum það loforð okkar til viðskiptavina að verðið sem þar er gefið upp komi ekki til með að hækka í eitt ár.

Nú hefur enginn húsbúnaður í IKEA hækkað í verði í 5 ár og fjölmargar vörur hafa lækkað um tugi prósenta.

**Bara undanfarið ár hefur vöruverð lækkað þrisvar, að meðaltali um rúm 20% samtals.**

Við lítum bjartsýnum augum fram á veginn og vonum að verðlækkanirnar hafi jákvæð áhrif á áframhaldandi stöðugleika og kaupmátt landsmanna.

IKEA

© Inter IKEA Systems B.V. 2017